1. Annars vegar skal eftirlitsstofnun EFTA fylgjast með efndum á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og hins vegar framkvæmdastjórn EB sem starfar samkvæmt stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og samningum þessum.

2. Til að tryggja samræmt eftirlit á öllu Evrópska efnahagssvæðinu skulu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn EB hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra um stefnu í eftirlitsmálum og einstök mál.

3. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu taka við umkvörtunum varðandi beitingu samnings þessa. Þær skulu skiptast á upplýsingum um kvartanir sem borist hafa.

4. Hvor þessara stofnana um sig skal rannsaka allar kvartanir sem falla undir valdsvið hennar og koma kvörtunum sem falla undir valdsvið hinnar stofnunarinnar til hennar.

5. Komi upp ósamkomulag milli þessara tveggja stofnana um það til hvaða aðgerða skuli gripið í tengslum við kvörtun eða um niðurstöðu rannsóknar getur hvor þeirra sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr.

110. gr.

Ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB, samkvæmt samningi þessum, sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar. Hið sama skal eiga við um slíka dóma dómstóls Evrópubandalaganna, dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólsins samkvæmt samningi þessum.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi réttarfsreglur í einkamálum í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formaskilyrði að það að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bærum aðila sé staðfest af því yfirvaldi sem sérhver samningsaðili tilnefnir í þessu skyni og sendir öðrum samningsaðilum, svo og eftirlitsstofnun EFTA, framkvæmdastjórn EB, dómstóli Evrópubandalaganna, dómstóli Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi og EFTA-dómstólum, tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram, í samræmi við lög þess ríkis þar sem fullnustan á að fara fram, með því að fara með málið beint fyrir þar til bært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna hvað varðar ákvarðanir framkvæmdastjórnar EB, úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi eða dómstóls Evrópubandalaganna, eða með úrskurði EFTA-dómstólsins hvað varðar ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA eða úrskurði EFTA-dómstólsins. Dómstólar hlutaðeigandi ríkja hafa þó lögsögu varðandi kvartanir um að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti.

3. ÞÁTTUR

Lausn deilumála.

111. gr.

1. Bandalagið eða EFTA-ríki getur lagt deilumál er varðar túlkun eða beitingu samnings þessa fyrir sameiginlegu EES-nefndina í samræmi við eftirfarandi ákvæði.

2. Sameiginlegu EES-nefndinni er heimilt að leysa deilumálið. Henni skulu gefnar allar upplýsingar sem hún kann að þarfnast til þess að framkvæma nákvæma rannsókn á málinu, með það fyrir augum að finna lausn sem aðilar geta sætt sig við. Í þessum tilgangi skal sameiginlega EES-nefndin rannsaka alla möguleika til að viðhalda góðri framkvæmd samningsins.

3. Varði deilumál túlkun ákvæða samnings þessa, sem eru efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, og hafi deilumálið ekki verið leyst innan þriggja mánaða frá því að það var lagt fyrir sameiginlegu EES-nefndina, geta samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, samþykkt að fara fram á það við dómstól Evrópubandalaganna að hann kveði upp úrskurð um túlkun á viðkomandi reglum.

Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki náð samkomulagi um lausn á slíku deilumáli innan sex mánaða frá þeim degi er þessi málsmeðferð hófst, eða hafi samningsaðilar, sem eiga aðild að deilumálinu, á þeim tíma ekki ákveðið að fara fram á úrskurð dómstóls Evrópubandalaganna, getur samningsaðili, til að draga úr hugsanlegu ójafnvægi,

- annaðhvort gripið til öryggisráðstafana í samræmi við 2. mgr. 112. gr. og fylgt þá málsmeðferð 113. gr.;
- eða beitt 102. gr. að breyttu breytanda.

4. Varði deilumál umfang eða gildistíma öryggisráðstafana, sem gripið er til í samræmi við 3. mgr. 111. gr. eða 112. gr., eða jafngildi jöfnunarráðstafana, sem gerðar eru í samræmi við 114. gr., og hafi sameiginlegu EES-nefndinni ekki tekist að leysa deiluna þremur mánuðum eftir þann dag er málið var lagt fyrir hana getur hver samningsaðila sem er vísað deilumálinu til gerðardóms samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í bókun 33. Óheimilt er að fjalla um túlkun á ákvæðum samnings þessa, sem um getur í 3. mgr., samkvæmt þessari málsmeðferð. Gerðin er bindandi fyrir deiluaðila.

4. KAFLI

Öryggisráðstafanir.

112. gr.

1. Ef upp eru að koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, getur samningsaðili gripið einhliða til viðeigandi ráðstafana með þeim skilyrðum og á þann hátt sem mælt er fyrir um í 113. gr.

2. Slíkar öryggisráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samnings þessa.

3. Öryggisráðstafanirnar skulu gilda gagnvart öllum samningsaðilum.

113. gr.

1. Samningsaðili sem hyggst grípa til öryggisráðstafana í samræmi við 112. gr. skal tilkynna hinum samningsaðilunum það án tafar fyrir milligöngu sameiginlegu EES-nefndarinnar og skal hann veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Samningsaðilar skulu tafarlaust bera saman ráð sín í sameiginlegu EES-nefndinni með það fyrir augum að finna viðunandi lausn fyrir alla aðila.

3. Hlutaðeigandi samningsaðili má ekki grípa til öryggisráðstafana fyrr en einum mánuði eftir dagsetningu tilkynningarinnar samkvæmt 1. mgr. nema samráði samkvæmt 2. mgr. hafi verið lokið áður en umræddur frestur var liðinn. Þegar óvenjulegar aðstæður, sem krefjast tafarlausra aðgerða, útiloka könnun fyrirfram getur hlutaðeigandi samningsaðili strax gripið til þeirra verndarráðstafana sem bráðnauðsynlegar teljast til þess að ráða bót á ástandinu.

Framkvæmdastjórn EB skal grípa til öryggisráðstafana fyrir bandalagið.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili skal án tafar tilkynna ráðstafanirnar, sem gerðar hafa verið, til sameiginlegu EES-nefndarinnar og veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

5. Í sameiginlegu EES-nefndinni skal hafa samráð um öryggisráðstafanirnar á þriggja mánaða fresti frá því að gripið er til þeirra með það fyrir augum að fella þær niður fyrir áætluð lok gildistímabilsins eða takmarka umfang þeirra.

Hver samningsaðilanna um sig getur hvenær sem er farið fram á það við sameiginlegu EES-nefndina að hún endurskoði umræddar ráðstafanir.

114. gr.

1. Ef öryggisráðstöfun, sem samningsaðili hefur gripið til, veldur misvægi milli réttinda og skyldna samkvæmt samningi þessum getur hver hinna samningsaðilanna gripið til jafnumfangsmikilla jöfnunarráðstafana gagnvart fyrrnefndum samningsaðila og bráðnauðsynlegar eru til að jafna umrætt misvægi. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins.

2. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 113. gr., gildir.

VIII. HLUTI FJÁRMAGNSKERFI

115. gr.

Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi milli svæða sinna með það fyrir augum að stuðla að jafnri og stöðugri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila eins og kveðið er á um í 1. gr. Í þessu tilliti hafa þeir í huga ákvæði sem er að finna annars staðar í samningi þessum og bókunum er tengjast honum, að meðtöldum tilteknum þeim ráðstöfunum er varða landbúnað og sjávarútveg.

116. gr.

EFTA-ríkin skulu koma upp fjármagnskerfi í þeim tilgangi að leggja sitt af mörkum, í tengslum við EES og til viðbótar því sem bandalagið gerir þegar á þessu sviði, til framgangs markmiðunum sem sett eru í 115. gr.

117. gr.

Í bókun 38 eru ákvæði um fjármagnskerfið.

IX. HLUTI ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

118. gr.

1. Álíti samningsaðili það öllum samningsaðilum til hagsbóta að þróa tengslin, sem stofnað er til með samningi þessum, með því að láta þau ná til fleiri sviða en þar er gert ráð fyrir skal hann leggja fram rökstudda beiðni til hinna samningsaðilanna í EES-ráðinu. Ráðið getur falið sameiginlegu EES-nefndinni að rannsaka alla þætti beiðninnar og leggja fram skýrslu.

EES-ráðið getur, eftir því sem við á, tekið stjórn mála vegna ákvarðanir með það fyrir augum að hafnar verði samningaviðræður milli samningsaðila.

2. Samningar sem samningaviðræður samkvæmt 1. mgr. leiða til skulu háðir fullgildingu eða samþykki samningsaðila í samræmi við þeirra eigin reglur.

119. gr.

Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

120. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í bókunum 41, 43 og 44 skulu ákvæði samningsins ganga framur ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.

121. gr.

Ákvæði samnings þessa útiloka ekki samstarf:

- a. innan ramma norrænnar samvinnu að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa;
- b. innan ramma svæðissambandsins milli Sviss og Liechtensteins að því leyti sem markmið sambandsins nást ekki með beitingu ákvæða samnings þessa og góð framkvæmd samningsins raskast ekki;
- c. innan ramma samvinnu Austurríkis og Ítalíu varðandi Tíról, Vorarlberg og Trentínó og Suður-Tíról/Altó Adíge að því leyti sem slík samvinna raskar ekki góðri framkvæmd samnings þessa.

122. gr.

Fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn samkvæmt samningi þessum, skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti.

123. gr.

Ekkert í samningi þessum skal hindra samningsaðila í að gera ráðstafanir:

- a. sem hann telur nauðsynlegar til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum;
- b. sem snerta framleiðslu á eða viðskipti með vopn, skotfæri og hergögn eða aðrar framleiðsluvörur, nauðsynlegar til varna, eða varða rannsóknir, þróun eða framleiðslu, nauðsynlega til varna, enda raski þessar ráðstafanir ekki samkeppnisskilyrðum hvað varðar framleiðsluvörur sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;
- c. sem hann telur nauðsynlegar vegna eigin öryggis þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, stríð geisar eða alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum, sem leitt getur til styrjaldar, eða til að uppfylla skyldur sem hann hefur tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

124. gr.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða samnings þessa skulu samningsaðilar sjá til þess að ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sitji við sama borð og eigin ríkisborgarar hvað varðar hlutdeild í fjármagni félaga eða fyrirtækja í skilningi 34. gr.

125. gr.

Samningur þessi hefur engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar.

126. gr.

1. Samningurinn gildir á þeim svæðum sem stofnsáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu taka til, með þeim skilmálum sem þar eru settir, og á yfirráðasvæðum Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Furstadæmisins Liechtensteins, Konungsríkisins Noregs, Konungsríkisins Svíþjóðar og Ríkjasambandsins Sviss.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal samningur þessi ekki gilda um Álandseyjar. Ríkisstjórn Finnlands getur þó gefið út yfirlýsingu, sem lögð skal fram hjá vörsluaðila við fullgildingu samnings þessa og hann skal senda samningsaðilum staðfest endurrit af, þess efnis að samningurinn skuli gilda um þessar eyjar með sömu skilmálum og hann gildir um aðra hluta Finnlands, samanber þó eftirfarandi ákvæði:

- a. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hindra beitingu ákvæða er gilda hverju sinni á Álandseyjum og varða:
 - i. höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, og lögpersóna til að eignast og eiga fasteignir á Álandseyjum án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna;
 - ii. höft á rétti einstaklinga, sem hafa ekki svæðisbundinn borgararétt á Álandseyjum, eða lögpersóna til staðfestu og til að veita þjónustu án heimildar þar til bærra yfirvalda eyjanna.
- b. Samningur þessi hefur ekki á áhrif á réttindi íbúa Álandseyja í Finnlandi.
- c. Yfirvöld á Álandseyjum skulu veita öllum einstaklingum og lögpersónum samningsaðila sömu kjör.

127. gr.

Sérhver samningsaðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum að því tilskildu að hann veiti öðrum samningsaðilum að minnsta kosti tólf mánaða fyrirvara með skriflegum hætti.

Jafnskjótt og fyrirhuguð uppsögn hefur verið tilkynnt skulu hinir samningsaðilarnir boða til ráðstefnu stjórnararindreka til þess að meta hvaða breytingar sé nauðsynlegt að gera á samningnum.

128. gr.

1. Evrópuríki, sem gengur í bandalagið, er skylt, en heimilt gangi það í EFTA, að sækja um að gerast aðili að samningi þessum. Það skal senda EES-ráðinu umsókn sína.

2. Samningsaðilar og ríki sem sækir um skulu gera með sér samkomulag um skilmála og skilyrði fyrir slíkri aðild. Slíkt samkomulag skal lagt fyrir alla samningsaðila til fullgildingar eða samþykktar í samræmi við eigin reglur þeirra.

129. gr.

1. Samningur þessi er gerður í einu frumriti á dönsku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja samning þennan í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Samningnum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingar- og samþykktarskjölunum skal komið í vörslu hjá aðalskrifstofu ráðs Evrópubandalaganna sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að allir samningsaðilar hafi afhent fullgildingar- eða samþykktarskjöl sín til vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag skal samningurinn öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynninguna. Lokafrestur varðandi þá tilkynningu skal vera 30. júní 1993. Eftir þann dag skulu samningsaðilar boða til ráðstefnu stjórnarerindreka til að meta stöðu mála.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Óportó annan dag maímánaðar árið nítján hundruð nítíu og tvö.

Fylgiskjal II.

BÓKUN 1 UM ALTÆKA AÐLÖGUN

Ákvæði gerða, sem vísað er til í viðaukum við samning þennan, skulu gilda í samræmi við samninginn og þessa bókun, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi viðauka. Sérstaka nauðsynlega aðlögun fyrir einstakar gerðir er að finna í þeim viðauka þar sem viðkomandi gerð er skráð.

1. Inngangur að gerðum.

Inngangsorð gerða, sem vísað er til, eru ekki aðhæfð hvað samning þennan varðar. Mikilvægi þeirra fer eftir því hversu nauðsynleg þau eru fyrir rétta túlkun og beitingu, innan ramma samningsins, þeirra ákvæða sem í gerðunum felast.

2. Ákvæði um EB-nefndir.

Í 81., 100. og 101. gr. samningsins og bókun 31 er fjallað um starfshætti, fyrirkomulag stofnana eða önnur ákvæði um EB-nefndir í gerðunum sem vísað er til.

3. Ákvæði um tilhögun aðlögunar/breytinga á gerðum bandalagsins.

Ef gerð, sem vísað er til, gerir ráð fyrir Evrópubandalagstillögun við aðlögun, útvíkkun eða breytingu á gerðinni eða þróun nýrrar stefnu, frumkvæðis og gerða innan bandalagsins gilda viðeigandi reglur um ákvarðanatöku samkvæmt samningnum.

4. Tilhögun varðandi upplýsingaskipti og tilkynningar.

- a. Þegar aðildarríki EB ber að veita framkvæmdastjórn EB upplýsingar skal EFTA-ríki veita eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA-ríkjanna slíkar upplýsingar. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að annast sendingu upplýsinga. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum sem þeim hafa borist frá aðildarríkjum EB og EFTA-ríkjunum eða þar til bærum yfirvöldum.
- b. Þegar aðildarríki EB ber að veita einu eða fleiri aðildarríkjum EB upplýsingar skal það einnig veita framkvæmdastjórn EB þessar upplýsingar og skal hún koma þeim á framfæri við fastanefndina sem dreifir þeim til EFTA-ríkjanna.

EFTA-ríki skal veita einu eða fleiri EFTA-ríkjum samsvarandi upplýsingar og einnig fastanefndinni sem kemur upplýsingunum á framfæri við framkvæmdastjórn

EB er dreifir þeim til aðildarríkja EB. Hið sama gildir þegar þar til bær yfirvöld eiga að veita upplýsingarnar.

- c. Á sviðum þar sem brýn þörf er á skjótvirkri upplýsingamiðlum ber að leita viðeigandi lausna fyrir einstök svið til þess að greiða fyrir beinum upplýsingaskiptum.
- d. Starfsemi framkvæmdastjórnar EB vegna tilhögunar við sannprófun eða samþykki, upplýsingar, tilkynningar eða ráðgjöf og skyld málefni skal að því er EFTA-ríkin varðar fara fram í samræmi við starfsreglur þeirra. Þetta gildir með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 7. tölul. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu skiptast á öllum upplýsingum um þessi málefni. Öllum ágreiningsefnum sem upp koma í þessu samhengi má vísa til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

5. Skýrslugerð.

Þegar framkvæmdastjórn EB eða önnur stofnun EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að vinna að skýrslu eða mati eða öðru slíku, skal eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, nema annað sé ákveðið, samtímis gera, eftir því sem við á, samsvarandi skýrslu eða mat eða annað slíkt, með tilliti til EFTA-ríkjanna. Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir atvikum, skulu hafa samráð sín á milli og skiptast á upplýsingum meðan á skýrslugerðinni stendur, en afrit af skýrslunni skal senda sameiginlegu EES-nefndinni.

6. Birting upplýsinga.

- a. Þegar aðildarríki EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að birta ákveðnar upplýsingar um staðreyndir, málsmeðferð og annað slíkt skulu EFTA-ríkin einnig, samkvæmt samningnum, birta viðkomandi upplýsingar á samsvarandi hátt.
- b. Þegar birta á, samkvæmt gerð sem vísað er til, staðreyndir, málsmeðferð, skýrslugerð og annað slíkt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skal birta þar samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild.¹

7. Réttindi og skyldur.

Líta ber á réttindi og skyldur aðildarríkja Evrópubandalagsins eða opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðru sem réttindi og skyldur samningsaðila, og er með samningsaðilum einnig átt við, eftir atvikum, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

8. Tilvísanir til yferráðasvæða.

Þegar gerðirnar, sem vísað er til, geyma tilvísanir til yferráðasvæða „bandalagsins“ eða „sameiginlega markaðarins“ ber að líta svo á að því er samninginn varðar að þær séu tilvísanir til yferráðasvæða samningsaðila samkvæmt skilgreiningu í 126. gr. samningsins.

9. Tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB.

Þegar gerðirnar, sem vísað er til, geyma tilvísanir til ríkisborgara aðildarríkja EB ber að líta svo á, að því er samninginn varðar, að þær séu einnig tilvísanir til ríkisborgara EFTA-ríkjanna.

10. Tilvísanir til tungumála.

Þegar gerð, sem vísað er til, veitir aðildarríkjum EB eða opinberum stofnunum þeirra, fyrirtækjum eða einstaklingum réttindi eða setur þeim skyldur um notkun einhvers hinna

¹ Í efnisyfirliti EES-deildarinnar yrði einnig vísað til þess hvar umræddar upplýsingar varðandi Evrópubandalagið og aðildarríki þess væri að finna.

opinberu tungumála Evrópubandalaganna ber að líta svo á að samsvarandi réttindi og skyldur um notkun á einhverju opinberu tungumáli allra samningsaðila eigi við um samningsaðila, þar til bær yfirvöld þeirra, opinberar stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

11. Gildistaka og framkvæmd gerða.

Ákvæði um gildistöku eða framkvæmd þeirra gerða sem vísað er til í viðaukum við samninginn eiga ekki við að því er samninginn varðar. Tímamörk og dagsetningar fyrir gildistöku og framkvæmd EFTA-ríkja á þeim gerðum sem vísað er til miðast við 3. mgr. 129. gr. samningsins, svo og ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag.

12. Viðtakendur gerða bandalagsins.

Ákvæði þar sem þess er getið að gerð bandalagsins sé beint til aðildarríkja bandalagsins eiga ekki við að því er samninginn varðar.

Fylgiskjal III.

9. TÖLUL. VIII. VIÐAUKA

Þrátt fyrir 31.–35. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram höftum, sem eru í gildi við undirritun samningsins um staðfestu þeirra sem eru ekki ríkisborgarar og ríkisborgara sem eiga ekki lögheimili á Íslandi, á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Fylgiskjal IV.

G-LIÐUR 1. TÖLUL. XII. VIÐAUKA

Þrátt fyrir 40. gr. samningsins og ákvæði þessa viðauka er Íslandi heimilt að beita áfram þeim höftum sem eru í gildi við undirritun samningsins um eignarrétt erlendra aðila og/eða eignarrétt aðila sem ekki eru búsettir á Íslandi á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Þessi höft skulu ekki koma í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila eða ríkisborgara sem eru ekki með lögheimili á Íslandi í félögum sem taka aðeins á óbeinan hátt þátt í fiskveiðum eða fiskvinnslu. Þó hafa innlend yfirvöld rétt til að skuldbinda fyrirtæki sem hafa að hluta eða að öllu leyti verið keypt af erlendum aðilum eða ríkisborgurum sem ekki eru með lögheimili á Íslandi til að losa sig við fjárfestingar í starfsemi á sviði fiskvinnslu eða í fiskiskipum.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1993 o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Lántökur ríkissjóðs.

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 15.970 m.kr. á árinu 1993.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1993 og þessara laga.

3. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána allt að 5.620 m.kr. af fjárhæð skv. 1. gr. til eftirtalinnna aðila:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, allt að 3.900 m.kr.
2. Atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar, allt að 1.300 m.kr.
3. Alþjóðaflugþjónustan, allt að 290 m.kr.
4. Síldarverksmiðjur ríkisins, allt að 130 m.kr.

II. KAFLI

Ríkisábyrgðir.

4. gr.

Eftirtöldum aðilum, sem heimild hafa í sérlægum til lántöku, er heimilt að nýta þær á árinu 1993 með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í 1.–9. tölul. þessarar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 84/1985, um breytingu á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga:

1. Landsvirkjun, allt að 7.750 m.kr., sbr. 14. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með áorðnum breytingum.
2. Byggingarsjóður ríkisins, allt að 3.860 m.kr., sbr. 9. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
3. Byggingarsjóður verkamanna, allt að 6.870 m.kr., sbr. 64. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.
4. Húsbrefadeild Byggingarsjóðs ríkisins, allt að 8.000 m.kr., sbr. 35. gr. laga nr. 86/1988, um Húsnæðisstofnun ríkisins, með áorðnum breytingum.

5. Stofnlánadeild landbúnaðarins, allt að 700 m.kr., sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum.
6. Byggðastofnun, allt að 650 m.kr., sbr. 18. gr. laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, með áorðnum breytingum.
7. Iðnlánasjóður, allt að 2.600 m.kr., sbr. 6., 10. og 17. gr. laga nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með áorðnum breytingum.
8. Iðnþróunarsjóður, allt að 700 m.kr., sbr. 2. tölul. stofnsamnings um norrænan iðnþróunarsjóð fyrir Ísland og lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með áorðnum breytingum.
9. Ferðamálasjóður, allt að 130 m.kr., sbr. 27. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum.

5. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinnna aðila á árinu 1993:

1. Vatnsleysustrandarhreppur, allt að 55 m.kr. til undirbúningsrannsókna við Flekkuvíkurhöfn.
2. Norræni fjárfestingarbankinn, allt að 22 m.kr. til Norrænu fjárfestingaráætlunarinnar fyrir Eyrstrasaltsríkin.
3. Bæjarveitur Vestmannaeyja, allt að 16,2 m.kr. til skuldbreytingar eldri lána.
4. Póst- og símamálastofnun, allt að 1.280 m.kr. til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lána Byggðastofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 m.kr. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka II við búvörusamning frá 11. mars 1991.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita Íslenska járnblendifélaginu hf. bráðabirgðalán að fjárhæð allt að 150 m.kr. og er heimilt að breyta því láni í víkjandi lán eða hlutafé í félaginu í tengslum við samninga milli eigenda um fjárhagslega skipulagningu þess. Enn fremur er heimilt að semja um frekari aukningu hlutafjár eða víkjandi lán enda hljóti slíkar ráðstafanir staðfestingu Alþingis.

8. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs og að fengnu samþykki fjárlaganefndar Alþingis að semja við Suðureyrarhrepp um yfirtöku á hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrar í tengslum við sölu hreppsins á hitaveitunni til Orkubús Vestfjarða.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði um lánsfjármál.

9. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan eins og kemur fram í viðauka með lögum þessum. Ávallt er þó heimilt að nýta erlenda lántökuheimild til lántöku innan lands. Útgáfa markaðsverðbréfa á Íslandi skal ávallt teljast til innlendrar lántöku.

Standi sérstaklega á er fjármálaráðherra heimilt að víkja frá skiptingu skv. 1. mgr. um lántökur ríkissjóðs og að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs getur heimilað þeim aðilum sem njóta ríkis-ábyrgðar á lántökum sínum:

- a. að taka lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar eldri lána þegar hagstæðari kjör bjóðast;
- b. að stofna til skulda- og vaxtaskipta og nýta aðra möguleika sem bjóðast á markaði til þess að tryggja viðkomandi aðila gegn verulegum vaxtabreytingum;
- c. að taka ný lán til endurgreiðslu skammtímalána sem tekin voru á grundvelli heimilda í II. kafla, að hluta eða öllu leyti, án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

11. gr.

Hyggist aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á lántökum sínum, nýta heimildir II. kafla eða 10. gr. skulu þeir gæta ákvæða 2. mgr. 7. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

12. gr.

Yfirtekin lán, ábyrgðir veittar á lántökum þriðja aðila og milliganga um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytis, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittra einstökum fyrirtækjum teljast til lántöku og skulu rúmast innan þeirra heimilda sem tilgreindar eru í II. kafla.

13. gr.

Erlendar fjárhæðir skulu miðast við kaupgengi íslensku krónunnar samkvæmt gengisskráningu Seðlabanka Íslands á staðfestingardegi lánsfjárlaga.

IV. KAFLI

Ráðstafanir vegna fjárlaga 1993.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1993.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, með áorðnum breytingum, skulu tekjur á árinu 1993 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1993. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiðast úr Húsafriðunarsjóði.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins falla niður á árinu 1993.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 84/1989, búfjárræktarlaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1993.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til launa héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1993.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um kirkjubyggingasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1993.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1993.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjujúkra, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1993.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölusjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1993.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, um Hafnabótasjóð, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1993.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, með áorðnum breytingum, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálasjóðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1993.

28. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. másl. 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með áorðnum breytingum, skulu 344 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögum renna í ríkissjóð á árinu 1993.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, með áorðnum breytingum, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 30,3 m.kr. á árinu 1993.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28,3 m.kr. á árinu 1993. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1993 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan. Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfisráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnnum og stjórnnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1993 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfisráðuneyti auglýsir skv. 4. másl. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram. Í stað „3.000 kr.“ í lokamálslið 13. gr. laganna komi: 4.000 kr.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með áorðnum breytingum, skal framlag til uppgjors á stofnkostnaði við sveitarfélög eigi nema hærri fjárhæð en 405 m.kr. á árinu 1993.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með áorðnum breytingum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, með áorðnum breytingum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.

33. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að yfirtaka skuldbreytingarlán til loðdýrabænda, að fjárhæð allt að 300 m.kr., sem stofnað hefur verið til á grundvelli 1. gr. laga nr. 112/1989, um skuldbreytingar vegna loðdýraræktar, og að aflétta þeim veðtryggingum sem teknar hafa verið í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs, enda taki Stofnlánadeild landbúnaðarins þátt í hliðstæðum aðgerðum.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum.

34. gr.

59. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

35. gr.

Lántökuheimildir og heimildir til ríkisábyrgða, sem tilgreindar eru í I.–III. kafla laga þessara, gilda á árinu 1993. Heimildir verða þó nýttar til 1. apríl 1994 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.**Heimilaðar innlendar og erlendar lántökur hins opinbera 1993.**

Í milljónum króna	Innlend lántaka	Erlend lántaka	Heildar- lántökur
Ríkissjóður Íslands	10.300	5.670	15.970
Landsvirkjun	-	7.750	7.750
Byggingarsjóður ríkisins	3.860	-	3.860
Byggingarsjóður verkamanna	6.870	-	6.870
Húsbrefadeild Byggingarsjóðs ríkisins	8.000	-	8.000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	400	300	700
Byggðastofnun	100	550	650
Iðnlánasjóður	100	2.500	2.600
Iðnþróunarsjóður	100	600	700
Ferðamálasjóður	-	130	130
Vatnsleysustrandarhreppur	-	55	55
Bæjarveitur Vestmannaeyja	-	16	16
Norræni fjárfestingarbankinn	-	22	22
Póst- og símamálastofnun	-	1.280	1.280
Samtals	29.730	18.873	48.603

*Gjört í Reykjavík, 21. janúar 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

Nr. 4

26. janúar 1993

LÖG**um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla,
sbr. og lög nr. 1/1992.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1993 og ekki á skólaárinu 1993–1994:

- a. 3. mgr. 4. gr.
- b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „1992–1993“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: og skólaárið 1993–1994.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu
á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr stafliður (er verður G-liður), svohljóðandi:

Fram til 1. september 1993 getur landbúnaðarráðherra, þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 20. gr., heimilað innheimtu verðskerðingargjalds, enda liggja fyrir ósk um það frá stjórn Stéttarsambands bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, frá 14. janúar 1993 og standi sú frestun til 10. febrúar 1993, nema kveðja þurfi Alþingi saman skv. síðari mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davidð Oddsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1993

9. febrúar 1993

45

Nr. 7

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 10. febrúar 1993 kl. 13.30.

Reykjavík, 9. febrúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

25. febrúar 1993

Nr. 8

SAMKEPPNISLÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið og gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

- a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
- b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
- c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

2. gr.

Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verzlunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði XI. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI

Orðskýringar.

4. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.

Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppyggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo mörg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Neytandi er einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

Sölustig framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heildsölu annað sölustig, smásölu hið þriðja o.s.frv.

Þjónusta er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Vara er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þar með talin skip, loftför, lofttegundir, rafmagn og aðrir orkugjafar.

Verð er andvirði vöru og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.

Virk yfirráð eru yfirráð sem gera aðila kleift að hafa úrslitaáhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

- a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslur eða ákvarðanir fyrirtækisins,
- b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker samkeppnisráð úr þeim ágreiningi.

III. KAFLI Stjórnsýsla.

5. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögín ná til.

Hlutverk samkeppnisráðs er sem hér segir:

- a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,
- b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum,
- c. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,
- d. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði.

6. gr.

Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögín taka til. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins.

Skipunartími samkeppnisráðs er fjögur ár í senn. Látist aðal- eða varamaður í ráðinu eða forfallist varanlega skal skipa nýjan mann til loka skipunartíma ráðsins.

Nú er aðalmaður vanhæfur til meðferðar einstaks máls sökum tengsla við málsaðila og tekur varamaður þá sæti hans. Sé þess ekki kostur getur ráðherra að ósk formanns samkeppnisráðs skipað mann í ráðið til að taka þátt í umfjöllun þess um málið.

7. gr.

Samkeppnisráði til ráðgjafar er fastanefnd, skipuð þremur mönnum.

Nefnist hún auglýsinganefnd og skal fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær veiti ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og brjóti ekki að öðru leyti í bága við ákvæði 21. og 22. gr. laga þessara.

Nefndin skal skipuð af ráðherra og skal formaður og varamaður hans vera úr hópi aðal- og varamanna í samkeppnisráði samkvæmt ákvörðun ráðsins. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila er hlut eiga að máli, þar með talin samtök neytenda. Skipunartími nefndarmanna fellur niður um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur.

Ráðherra setur nánari starfsreglur fyrir nefndina og gerir hún tillögur um afgreiðslu mála til samkeppnisráðs.

8. gr.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Stofnuninni er jafnframt heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða um einstök mál. Skulu slíkar ákvarðanir lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi ráðsins og skal ráðið taka afstöðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.

Ráðherra skipar forstjóra Samkeppnisstofnunar til sex ára að fenginni umsögn samkeppnisráðs og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri eða staðgengill hans sitja fundi samkeppnisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

Ákvörðunum samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar má áfrýja til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Úrskurður áfrýjunarnefndar skal liggja fyrir innan sex vikna frá áfrýjun. Áfrýjun frestar ekki gildistöku ákvarðana samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar.

Í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og viðskiptamála.

Skipunartími áfrýjunarnefndar er hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs.

IV. KAFLI

Bann við samkeppnishömlum.

10. gr.

Samningar og samþykktir, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja á sama sölustigi eru bannaðar þegar þær lúta að eða er ætlað að hafa áhrif á:

- a. verð, afslætti eða álagningu,
- b. skiptingu markaða eftir svæðum, eftir viðskiptavinum eða eftir sölu og magni,
- c. gerð tilboða.

Samvinna á sama sölustigi um leiðsögn við útreikning á verði, afslætti og álagningu er bönnuð.

11. gr.

Óheimilt er að ákveða eða semja um eða á annan hátt að hafa áhrif á verð, afslætti eða álagningu er gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi. Bannið nær einnig til leiðsagnar um útreikning á verði, afslætti og álagningu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur seljandi gefið upp leiðbeinandi endursöluverð, enda láti hann koma skýrt fram í tilkynningum sínum að verðið sé leiðbeinandi. Jafnframt getur seljandi með heimild Samkeppnisstofnunar ákveðið hámarksverð sem endurseljandi getur notað við verðlagningu á vörum, enda komi skýrt fram í öllum tilkynningum seljanda að um hámarksverð sé að ræða. Þess skal gætt að ákvörðun um hámarksverð takmarki ekki óhæfilega svigrúm til álagningar á endursölustigi og valdi ekki hærra verði. Seljanda ber að tilkynna endurseljanda í hverju tilviki að honum sé frjálst að selja vöruna á verði sem sé lægra en hámarksverðið.

12. gr.

Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 17.–19. gr.

Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10., 11. og 12. gr. geta fyrirtæki gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt það leiði til takmörkunar á samkeppni ef takmörkunin hefur að mati samkeppnisráðs aðeins lítil áhrif á þann markað sem um er að ræða. Ákvæðin eru heldur ekki til fyrirstöðu samvinnu milli lítilla fyrirtækja ef samvinnan styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein.

Óski fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eftir því að fá skýra afstöðu Samkeppnisstofnunar til þess hvort samningar eða samvinna þeirra falli undir ákvæði 1. mgr. geta þau sent tilkynningu þar að lútandi til stofnunarinnar. Geri stofnunin ekki athugasemd við tilkynninguna innan tveggja mánaða frá móttöku hennar telst samkomulagið falla undir 1. mgr. Gildir það í þrjú ár frá því að tveggja mánaða fresturinn er liðinn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. geta móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki í sömu grein eða fyrirtæki innan sömu fyrirtækjasamstæðu gert með sér samninga eða haft með sér samvinnu enda þótt af því leiði takmörkun samkeppni.

Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

15. gr.

Bannákvæði skv. a- og b-liðum 1. mgr. 10. gr., sbr. 2. mgr. sömu greinar, tekur ekki til samninga og samþykktu um samkeppnishömlur sem réttihafi og nytjaleyfishafi hafa gert sín á milli um rétt til að nota skráð einkaleyfi eða mynstur á sviði iðnaðar.

16. gr.

Samkeppnisráð getur veitt undanþágu frá bannákvæðunum í 10., 11. og 12. gr. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

- a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir,
- b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamlna vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða,
- c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.

Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja frekari skilyrði fyrir undanþágu.

V. KAFLI

Eftirlit með samkeppnishömlum.

17. gr.

Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

- a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir,
- b. óhagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, t.d. vegna þess að valkostum viðskiptavina fækkar, framleiðsla og sala verður dýrari og keppinautar útilokast frá markaðnum,
- c. óhæfilegri notkun á kaupbæti.

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.

18. gr.

Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirræða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna eða yfirtöku skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Sama á við ef eigendur með virk yfirræð í einu fyrirtæki ná virkum yfirræðum í öðru fyrirtæki þannig að slíkt valdi markaðsyfirræðum, hamli samkeppni og brjóti í bága við markmið laganna. Við mat á lögmæti samruna eða yfirtöku skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis.

Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samkeppnisyfirvöldum varð kunnugt um samrunann eða yfirtökuna.

Aðilar, sem hyggja á samruna eða yfirtöku, geta leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort samruninn eða yfirtakan brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. Hafi samkeppnisráð ekki svarað slíkri fyrirspurn innan sex vikna frá því að samkeppnisyfirvöldum barst hún verður samruninn eða yfirtakan ekki ógilt nema samkeppnisráð hafi verið leynt upplýsingum sem máli skiptu við mat ráðsins á lögmæti athafnarinnar.

Ákvæði 3. mgr. ná einnig til þess þegar eigendur með virk yfirræð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yfirræðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn 1. mgr.

19. gr.

Ef samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því álit. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

VI. KAFLI

Heimilt er að verðbréfasjóður starfi í aðgreindum deildum. Ber þá hver deild ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

10. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum verðbréfasjóðs. Stjórn sjóðsins fer með málefni hans milli aðalfunda.

Aðalfundur skal halda samkvæmt ákvæðum samþykpta. Aðalfundur skal boða með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

11. gr.

Stjórn verðbréfasjóðs skal kjörin á aðalfundi samkvæmt ákvæðum samþykpta og skal vera skipuð þremur mönnum hið fæsta. Stjórnin hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins, þar á meðal að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu.

Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru undanþegnir búsetuskilyrði skv. 2. mgr. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Stjórnarmenn mega ekki jafnframt eiga sæti í stjórn vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags skv. V. kafla.

V. KAFLI

Rekstrarfélög og vörslufyrirtæki.

12. gr.

Rekstur verðbréfasjóðs skal falinn sérstöku rekstrarfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins. Félagið skal vera hlutafélag með aðsetur hér á landi. Það skal vera óháð í störfum sínum og einungis hafa með höndum daglegan rekstur verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum sem ekki falla undir ákvæði laga þessara. Rekstrarfélag má ekki jafnframt vera vörslufyrirtæki skv. 14. gr.

Rekstrarfélagi er óheimilt að eignast hluti með atkvæðisrétti í þeim mæli að það geri félaginu kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun útgefanda verðbréfa.

13. gr.

Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Honum er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja án samþykkis bankaeftirlitsins.

14. gr.

Umsjá og varðveisla verðbréfa verðbréfasjóðs skal falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu bankaeftirlitsins eða lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki. Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal

1. sjá um að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs fari samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. sjá um að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags verðbréfasjóðs nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hans,
4. sjá um að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. sjá um að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

Viðurkenningu sem vörslufyrirtæki geta hlotið

1. verðbréfafyrirtæki,
2. viðskiptabankar og sparisjóðir,
3. aðrar lánastofnanir sem starfa samkvæmt lögum sem um þær gilda,
4. útibú hliðstæðra stofnana sem starfa hér á landi.

15. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að skipta um rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki án samþykkingis bankaeftirlitsins.

VI. KAFLI

Hlutdeildarskírteini.

16. gr.

Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar. Hlutdeildarskírteini skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfalli við eign sína og eru skírteinin staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins.

17. gr.

Í hlutdeildarskírteini skal m.a. getið eftirtalinna atriða:

1. Nafns verðbréfasjóðs, fjárvörslufyrirtækis og rekstrarfélags.
2. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis og númers þess.
3. Hvernig hlutdeildarskírteini verði innleyst og hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
4. Nafns og kennitölu framsalshafa hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess.

Hlutdeildarskírteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnrítunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

18. gr.

Rekstrarfélag verðbréfasjóðs skal halda skrá yfir öll hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Í skránni skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Númer skírteinis og söludagur þess.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags verðbréfasjóðs. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið.

Kjósi eigendur hlutdeildarskírteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gerð nafnaskrá þar sem fram komi nöfn þeirra sem eiga atkvæðisrétt og atkvæðafjöldi. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að fá afrit af þessari skrá eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund sjóðsins.

19. gr.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt nánari ákvæðum samþykpta verðbréfasjóðsins. Þó er verðbréfasjóði heimilt samkvæmt ákvæðum samþykpta að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt bankaeftirliti og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins hafa verið sett á markað. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Bankaefirlitið getur krafist þess að innlausn hlutdeildarskírteina verði frestað krefjast hagsmunir eigenda skírteinnanna eða almennings þess.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins við innlausn, svo sem skuldum hans við innlánsstofnunar, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs skal reiknað daglega og auglýst opinberlega eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Bankaefirlitið getur ákveðið að opinber auglýsing innlausnarvirðis skuli fara fram oftast ef ástæða þykir til.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina.

VII. KAFLI

Fjárfestingarstefna verðbréfasjóða.

20. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:

1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaefirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan Evrópska efnahagssvæðisins skal bankaefirlitið hafa viðurkennt hann.
2. Í nýútfenum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu á opinberum verðbréfamarkaði eða að þau verði látin ganga kaupum og sölum á öðrum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða deild innan hans heimilt að fjárfesta sem svarar allt að 10% af eignum sínum í öðrum verðbréfum en þar getur.

Bankaefirlitinu er heimilt að setja reglur sem heimila verðbréfasjóðum að fjárfesta allt að 10% af eignum sínum í skuldaskjölum sem talin eru jafngilda framseljanlegum verðbréfum, eru auðseljanleg og með verðgildi sem ákvarða má hvenær sem er.

Heildarfjárfesting skv. 2. og 3. mgr. má aldrei fara fram úr 10% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóðum er óheimilt að fjárfesta í eðalmálum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

21. gr.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild innan hans er óheimilt að fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útfenum af sama útfefanda, sbr. þó 22. og 23. gr. Fjárfesti sjóðurinn eða einstök deild hans meira en 5% í verðbréfum útfenum af sama útfefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði eða einstakri deild hans heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur bankaefirlitið heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta allt að 25% af eignum sínum í skuldabréfum útfenum af sama útfefanda, enda sé um að

ræða lánastofnun innan Evrópska efnahagssvæðisins sem lýtur lögbundnu eftirliti. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% af eignum sínum í slíkum skuldabréfum má samantlagt verðmæti þeirra fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Ekki skal tekið tillit til verðbréfa skv. 2. og 3. mgr. þegar fundin er samtala fjárfestinga samkvæmt síðari málslíð 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. mega samanlagðar fjárfestingar verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda aldrei nema meira en 35% af eignum sjóðsins.

22. gr.

Bankaefirlitið getur heimilað verðbréfasjóði eða einstakri deild hans að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum skv. 2. mgr. 21. gr. telji bankaefirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaflokka og má fjárfesting í einum og sama verðbréfaflokki ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakrar deildar hans.

Bankaefirlitið getur sett nánari reglur um fjárfestingu samkvæmt þessu ákvæði.

23. gr.

Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta meira en sem svarar til 5% af eignum sjóðsins eða deildarinnar í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem uppfylla skilyrði laga þessara. Þó er bankaefirlitinu heimilt að setja reglur þar sem kveðið er á um rýmri mörk, enda sé óheimilt að setja hlutdeildarskírteini í hlutaðeigandi sjóði á markað utan Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóði óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða sem hafa sömu stjórn eða rekstrarfélag eða eru að öðru leyti nátengd verðbréfasjóðnum. Bankaefirlitið getur þó heimilað slíka fjárfestingu samkvæmt reglum sem það setur.

Rekstrarfélagi er óheimilt að leggja á gjöld eða kostnað vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs í þeim tilvikum þegar hluti eigna sjóðsins er fjárfestur í hlutdeildarskírteinum í öðrum verðbréfasjóði sem rekinn er af sama rekstrarfélagi eða öðru félagi sem rekstrarfélagið er tengt vegna sameiginlegrar stjórnar eða yfirráða eða vegna verulegrar beinnar eða óbeinnar eignarhlutdeildar.

24. gr.

Verðbréfasjóður má ekki eignast meira en

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda framseljanlegra verðbréfa,
3. 10% hlutdeildarskírteina í einstökum verðbréfasjóðum sem uppfylla skilyrði laga þessara.

Bankaefirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa sem

1. ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þess gefa út eða ábyrgjast,
2. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast,
3. alþjóðastofnanir, sem eitt eða fleiri ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru aðilar að, gefa út.

25. gr.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki jafnan náð innan sex mánaða. Bankaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum mælt fyrir um lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

26. gr.

Verðbréfasjóðir mega ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðbréfasjóðum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan átján mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

27. gr.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka lán nema í þeim tilvikum sem hér greinir:

1. Skammtímalán allt að 10% af eignum sjóðsins til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina.
2. Lán allt að 10% af eignum sjóðsins til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins.

Lán skv. 1. mgr. mega hæst nema 15% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra.

28. gr.

Um viðskipti eigenda, stjórnenda og starfsmanna verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis og rekstrarfélags, svo og maka þeirra, skal gæta eftirtalinna atriða:

1. Að viðskiptin séu sérstaklega skráð.
2. Að stjórnir fyrirtækjanna fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtækin skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

VIII. KAFLI

Ársreikningur og endurskoðun.

29. gr.

Stjórnir verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkt. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár verðbréfasjóðs er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnnum verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbáurur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu verðbréfasjóðs.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi verðbréfasjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu en koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum. Bankaefirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings.

30. gr.

Ársreikningur verðbréfasjóðs skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi má ekki sitja í stjórn verðbréfasjóðs eða rekstrarfélags, vera starfsmaður þessara aðila eða starfa í þágu þeirra að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs. Jafnframt skulu stjórn og starfsmenn veita endurskoðanda allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Ákvæði 2. mgr. tekur einnig til upplýsinga og gagna hjá rekstrarfélagi og vörslufyrirtæki sem nauðsynleg eru vegna endurskoðunar hjá verðbréfasjóði.

31. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningur hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkt. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi komi ekki fram þær upplýsingar sem þær eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef ársskýrsla hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning, skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstrarins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi gera stjórn sjóðsins viðvart, svo og bankaefirlitinu, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur sjóðsins hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

Ákvæði 3. mgr. taka til endurskoðenda rekstrarfélags og vörslufyrirtækis eftir því sem við getur átt.

32. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur bankaefirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningnum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaefirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu vera aðgengilegar almenningi og liggja frammi í starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi sem bankaefirlitið ákveður skal einnig sent því og það liggja frammi á starfsstöð verðbréfasjóðs og rekstrarfélags.

Auk ársreiknings verðbréfasjóðs samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaefirlitinu endurskoðaða ársreikninga vörslufyrirtækis og rekstrarfélags eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Þessum félögum er einnig skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.

IX. KAFLI**Eftirlit.**

33. gr.

Bankaefitirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja sé í samræmi við lög þessi, reglugerðir og reglur settar samkvæmt þeim. Skal bankaefitirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þeim aðilum, sem lögin taka til, sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands, svo og lög um verðbréfavíðskipti.

Telji bankaefitirlitið að starfsemi verðbréfasjóðs, vörslufyrirtækis eða rekstrarfélags brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta nema brot séu alvarleg.

X. KAFLI**Afturköllun leyfa.**

34. gr.

Skylt er ráðherra að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðs

1. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði til að öðlast starfsleyfi,
2. sé bú leyfishafa tekið til gjaldþrotaskipta eða starfsemi hans slitið.

35. gr.

Hafi verðbréfasjóðir, rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki í starfsemi sinni ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga þessara, reglna eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða starfsemi þeirra er að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust og kröfum bankaefitirlitsins skv. 2. mgr. 33. gr. hefur ekki verið sinnt er ráðherra heimilt að afturkalla starfsleyfi verðbréfasjóðsins að fengnum tillögum bankaefitirlitsins.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots verðbréfasjóðs á ákvæðum laga þessara er ráðherra heimilt að svipta sjóðinn starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa hlutaðeigandi umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptamanna.

36. gr.

Afturköllun á starfsleyfi verðbréfasjóðs skal rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi skriflega. Jafnframt skal birta tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi verðbréfasjóðs endanlega skal hann skipa skilanefnd þriggja manna sem sér um slit á sjóðnum eða flutning á starfsemi hans til annars verðbréfasjóðs.

XI. KAFLI**Ýmis ákvæði.**

37. gr.

Hyggist verðbréfasjóður markaðssetja hluteildarskírteini sín eða stofna útíbú í ríki inn- en Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaefitirlitinu og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning eða stofnun útíbús er fyrirhuguð.

Leyfi til starfsemi, er lög þessi taka til, sem veitt hefur verið af lögbærum yfirvöldum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, gildir einnig hér á landi. Um starfsemi slíkra leyfishafa fer samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.

Um gildi leyfa til starfsemi, sem lög þessi taka til, sem veitt eru af lögbærum yfirvöldum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, svo og um starfsemi slíkra leyfishafa hér á landi, fer eftir reglum sem ráðherra setur.

38. gr.

Stjórnendur og starfsmenn verðbréfasjóða, rekstrarfélaga og vörslufyrirtækja eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og allt það er varðar hagi viðskiptamanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

39. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af viðkomandi verðbréfasjóði.

40. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

XII. KAFLI

Viðurlög.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggji við broti samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Um tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

XIII. KAFLI

Gildistaka.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfandi verðbréfasjóðir við gildistöku laga þessara skulu hafa uppfyllt ákvæði þeirra og hlotið starfsleyfi ráðherra eigi síðar en einu ári eftir gildistöku laga þessara.

Verðbréfafyrirtækjum, sem annast rekstur verðbréfasjóða við gildistöku laga þessara og hafa með höndum starfsemi sem lögin taka til, er heimilt að stunda þá starfsemi í eitt ár eftir gildistöku laga þessara. Ráðherra getur veitt lengri frest, þó ekki lengur en í sex mánuði.

Gjört í Reykjavík, 5. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um Verðbréfaþing Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Verðbréfaþing Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur einkarétt á að stunda verðbréfaþingsstarfsemi hér á landi. Önnur starfsemi er Verðbréfaþinginu óheimil, sbr. þó ákvæði 20. gr.

Með verðbréfaþingsstarfsemi er átt við að á reglubundinn hátt séu leidd saman sölu- og kauptilboð í verðbréf til opinberra viðskipta og verðskráningar. Verðbréfin skulu vera úr tilteknum flokkum sem stjórn Verðbréfaþings hefur með formlegum hætti tekið á sérstaka skrá þar sem útgefendur skuldbinda sig meðal annars til að sinna tiltekinni upplýsingaskyldu.

Verðbréfaþingið tekur við öllum réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Verðbréfaþings Íslands sem starfar samkvæmt reglum nr. 26/1992.

Verðbréfaþinginu er skylt og einu heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfaþing“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Heimili og varnarþing Verðbréfaþingsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Verðbréfaþingsins er eftirfarandi:

1. að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi, sbr. VI. kafla,
2. að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila, sbr. IV. kafla,
3. að meta skráningarhæfi verðbréfa, sbr. V. kafla,
4. að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
5. að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem banka- eftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt, sbr. ákvæði VIII. kafla.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins skipa sjö menn. Þeir skulu valdir til tveggja ára í senn fyrir lok febrúarmánaðar. Seðlabankinn tilnefnir formann stjórnar. Aðrir þingaðilar tilnefna tvo menn. Annar þeirra er varaformaður stjórnar. Útgefendur hlutabréfa á skrá þingsins tilnefna tvo menn. Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða tilnefna einn mann sameiginlega og viðskiptaráðherra tilnefnir einn mann sem fulltrúa minni fjárfesta. Jafnmargir varamenn skulu valdir á sama hátt.

Hafi stjórn ekki verið fullskipuð skv. 1. mgr. á þann hátt að Verðbréfaþinginu hafi borist tilnefning hlutaðeigandi aðila með formlegum hætti fyrir lok febrúarmánaðar skipar viðskiptaráðherra þá stjórnarmenn sem á vantar án tilnefningar.

4. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

Reglur, sem settar eru af stjórninni, skulu birtar í Lögbirtingablaðinu.

5. gr.

Aðalfund Verðbréfaþingsins skal halda fyrir febrúarlök ár hvert. Á aðalfundi skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu stjórnar, sbr. 16. og 17. gr.

Rétt til setu á aðalfundi hafa auk stjórnarmanna, varamanna þeirra og framkvæmdastjóra fulltrúar allra þingaðila, sbr. IV. kafla.

Stjórnin getur, þegar hún telur tilefni til, boðað alla þingaðila, sbr. IV. kafla, til fundar. Hver þingaðili, sem ekki hefur fulltrúa í stjórn, á rétt á að senda einn fulltrúa á slíka fundi. Skylt er henni að boða til fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess.

III. KAFLI

Framkvæmdastjóri.

6. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins ræður framkvæmdastjóra þess. Hún ákveður kaup og önnur kjör framkvæmdastjórans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjórinn annast daglegan rekstur þingsins. Framkvæmdastjórinn skal vera búsettur hér á landi. Hann skal hafa óflekkað mannorð, aldrei hafa verið sviptur forræði á búi sínu og hafa til að bera viðtæka reynslu til starfans að mati stjórnar.

Framkvæmdastjóranum og öðrum starfsmönnum er án leyfis stjórnar óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan Verðbréfaþingsins eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Hlutfjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og telst fyrst og fremst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlitið sker úr ágreiningi í einstökum tilvikum. Þegar sérstaklega stendur á getur bankaeftirlitið veitt hlutaðeigandi aðila frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

7. gr.

Framkvæmdastjórinn situr fundi stjórnar og tekur þátt í umræðum nema stjórnin ákveði annað. Hann gefur henni reglulega skýrslur um starfsemi og daglegan rekstur Verðbréfaþingsins.

IV. KAFLI

Þingaðilar.

8. gr.

Þingaðilar eru þeir nefndir sem hafa rétt til þess að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu. Þingaðilar geta orðið:

1. Seðlabanki Íslands.
2. Verðbréfafyrirtæki, viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir, svo og aðrir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti lögum samkvæmt.
3. Erlendir lögaðilar sem heimild hafa til að stunda verðbréfaviðskipti hér á landi.

Þingaðilar einir hafa rétt til að setja fram tilboð og eiga viðskipti með verðbréf á Verðbréfaþinginu.

9. gr.

Umsóknir um aðild frá öðrum en Seðlabankanum, sem er sjálfkrafa aðili án umsóknar, skulu sendar stjórn Verðbréfaþingsins. Hún athugar hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um aðild skv. 8. gr. Auk þess skulu umsækjendur uppfylla eftirgreind skilyrði:

1. að hafa til að bera næga reynslu í verðbréfiðskiptum,
2. að hafa undirritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og í einu og öllu í samræmi við gildandi lög og reglur.

10. gr.

Nú telur stjórn Verðbréfaþingsins að þingaðili hafi hagað sér á þann hátt í starfi sínu að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins og skal hlutaðeigandi þingaðili þá að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar án ástæðulauss dráttar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar en hún skal svipta þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild. Uppfylli þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrði um aðild að þinginu skal stjórnin svipta hann aðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

V. KAFLI

Skráning verðbréfa.

11. gr.

Þingaðilar sækja um skráningu verðbréfa í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins. Skráning er háð samþykki stjórnar þingsins sem setur nánari reglur um verðbréf sem tekin eru til skráningar. Skulu þær m.a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. að stærð og dreifing hvers flokks sé með þeim hætti að verðbréfin geti talist markaðshæf,
2. að birtar séu upplýsingar við skráningu og eftirleiðis um hvern verðbréfaflokk og útgefanda hans sem máli skipta varðandi mat á verðmæti bréfanna samkvæmt reglum sem stjórnin setur,
3. að þingaðila sé tilkynnt ákvörðun stjórnar um umsókn um skráningu að jafnaði eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst. Ákvörðun stjórnar skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

Stjórnin lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um skráð verðbréf er almenningur hefur aðgang að.

12. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði laga þessara og reglna settra af stjórninni. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu einstakra verðbréfaflokka ef ástæða þykir til.

Útgefandi skráðra verðbréfa eða þingaðili fyrir hans hönd getur óskað eftir því skriflega að þau verði felld af skrá Verðbréfaþingsins. Skal stjórn þingsins verða við því að undangenginni athugun á forsendum fyrir slíkri ósk.

Ráðherra getur tímabundið stöðvað öll viðskipti á Verðbréfaþinginu þegar sérstakar aðstæður krefjast þess. Hann skal hafa samráð við stjórn þingsins sé þess nokkur kostur áður en slík ákvörðun er tekin.

VI. KAFLI

Viðskipta- og upplýsingakerfið.

13. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins setur reglur um skipulegt viðskipta- og upplýsingakerfi. Í þeim skal kveðið á um með hvaða hætti tilboð eru sett fram, svo og um söfnun og miðlun upplýsinga um viðskipti með skráð verðbréf, hvort sem viðskiptin eiga sér stað í viðskiptakerfinu eða utan þess.

14. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli samkvæmt reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

Þingaðilar skulu gera stjórn Verðbréfaþingsins grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

15. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfi Verðbréfaþingsins svo fremi að hann geri bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé. Þingaðili skal senda upplýsingar um slík viðskipti til þingsins með þeim hætti sem reglur settar skv. 13. gr. segja til um.

VII. KAFLI

Ársreikningur og endurskoðun.

16. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Verðbréfaþingsins skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og reglna. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild. Reikningsár þingsins er almanaksárið.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórn og framkvæmdastjóra. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbáruð fram að færa gegn ársreikningi skal hann undirrita með fyrirvara og gera grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu Verðbréfaþingsins.

Í ársskýrslu skal koma fram yfirlit yfir starfsemi Verðbréfaþingsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hennar og afkomu á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum. Í ársskýrslu skal jafnframt veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknun eða aðrar greiðslur til starfsmanna, stjórnar og framkvæmdastjóra og annarra í þjónustu þingsins.

17. gr.

Ársreikningur Verðbréfaþingsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi þingsins má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum og fylgiskjölum og öðrum gögnum Verðbréfaþingsins og jafnframt skulu stjórn og starfsmenn hennar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

Endurskoðandi áritar ársreikning og greinir frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann gefur yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna. Endurskoðandi lætur í ljós álit sitt á ársreikningnum og greinir frá niðurstöðum að öðru leyti.

Endurskoðaður ársreikningur ásamt ársskýrslu skal sendur bankaeftirliti Seðlabanka Íslands innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

Birta skal endurskoðaðan ársreikningur ásamt ársskýrslu í B-deild Stjórnartíðinda.

VIII. KAFLI

Eftirlit.

18. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi Verðbréfaþingsins sé í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Skal banka-
eftirlitinu heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi þingsins og þingaðila sem það telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Um eftirlitið gilda, eftir því sem við getur átt, lög um Seðlabanka Íslands, svo og lög um verðbréfavíðskipti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal stjórn Verðbréfaþingsins annast eftirlit með því að verðbréfavíðskipti í þinginu séu í samræmi við lög þessi og reglur eða reglugerðir settar samkvæmt þeim. Stjórn þingsins skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum um starfsemi þingaðila og útgefenda skráðra verðbréfa sem hún telur nauðsynleg vegna eftirlitshlutverks síns. Verði stjórn eða starfsmenn þingsins þess áskynja að brotið hafi verið gegn þeim skal stjórnin þegar grípa til viðeigandi ráðstafana og jafnframt gera bankaeftirlitinu viðvart.

Stjórn og starfsmenn Verðbréfaþingsins skulu þegar gera bankaeftirlitinu viðvart verði þeir í starfi sínu varir við starfsemi sem ætla má að sé í andstöðu við lög, reglugerðir eða reglur og ekki fellur undir ákvæði 2. mgr., enda sé umrædd starfsemi til þess fallin að skaða hagsmunum verðbréfamarkaðarins.

Ákvæði 2. mgr. skerðir í engu rétt bankaeftirlitsins til eftirlits og aðgerða gagnvart þeim sem lög þessi taka til telji bankaeftirlitið slíkt nauðsynlegt.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Kostnaður af rekstri Verðbréfaþingsins greiðist af tekjum þess samkvæmt gjaldskrá sem stjórn þingsins setur.

20. gr.

Stjórn Verðbréfaþingsins getur ákveðið að taka þátt í stofnun og starfrækslu verðbréfamíðstöðvar og greiðslujöfnunarkerfis fyrir verðbréf.

21. gr.

Verðbréfaþinginu er óheimilt að veita lán eða takast á hendur ábyrgð fyrir þriðja aðila. Einnig er þinginu óheimilt að bera á nokkurn hátt ábyrgð sem meðeigandi eða þátttakandi í rekstri annarra stofnana, félaga eða fyrirtækja, sbr. þó ákvæði 20. gr.

22. gr.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Verðbréfaþingsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi víðskiptaaðila þingsins, málefni þess svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Verðbréfaþinginu heimilt að hafa samvinnu við erlendar kauphallir eða lögbær yfirvöld erlendis og láta þeim í té upplýsingar að því tilskildu

að greindir erlendir aðilar uppfylli kröfur um samsvarandi þagnarskyldu í sínu heimalandi. Með upplýsingar, sem Verðbréfaþingið fær ofangreindum erlendum aðilum og einkenndar eru sem trúnaðarmál eða eru það eðli máls samkvæmt, skal fara að hætti 1. mgr.

X. KAFLI

Viðurlög.

23. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

XI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

24. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur, að fengnum tillögum stjórnar Verðbréfaþingsins, sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla úr gildi reglur um Verðbréfaþing Íslands nr. 26/1992.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. situr stjórn Verðbréfaþings Íslands við gildistöku laga þessara til loka febrúar 1994.

II.

Verðbréf, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands við gildistöku laga þessara, skulu halda skráningunni án þess að sótt sé um skráningu fyrir þau að nýju samkvæmt ákvæðum laganna.

III.

Þingaðilar að Verðbréfaþingi Íslands við gildistöku laga þessara skulu vera það áfram án þess að sótt sé um aðild skv. 9. gr. laganna, enda fullnægi þeir skilyrðum IV. kafla laganna um aðild að þinginu.

Gjört í Reykjavík, 5. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1993

9. mars 1993

85

Nr. 12

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda hinn 10. mars 1993.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 9. mars 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

17. mars 1993

Nr. 13

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 17. mars 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

LÖG

um afnám laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, eru úr gildi felld. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 98 31. desember 1974 og lög nr. 79 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um bann við verkfalli og verkþanni á ms. Herjólfí.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfí, svo og verkþönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt.

2. gr.

Hafi Skipstjóraráfélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjóraráfélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn annars vegar og stjórn Herjólfis hf. hins vegar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfí fyrir 1. ágúst 1993.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvaramönnum Herjólfss hf. og eftirtalinna stéttarfélaganna: Skipstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagsins Jötuns, Vestmannaeyjum.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara samkvæmt lögum þessum hafa til hliðsjónar gildandi kjarasamninga á kaupskipum og almenna launaþróun í landinu.

Ákvarðanir gerðardóms skv. 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Kostnaður við störf gerðardóms skv. 2. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða þau sektum ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1993.

Gjört í Reykjavík, 23. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1993

Nr. 16

88

25. mars 1993

LÖG

um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bæta eiginfjárstöðu Landsbanka Íslands á árinu 1993 með allt að 2.000 m.kr. framlagi úr ríkissjóði í reiðufé eða ríkisskuldabréfum, með víkjandi láni eða með öðrum jafngildum hætti. Nánar skal kveðið á um fyrirkomulag á stuðningi ríkissjóðs í samningi milli hans og bankans.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka að láni allt að 2.000 m.kr. á árinu 1993 í því skyni sem ákveðið er í 1. gr.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 51. gr. laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hlutverk hans er annars vegar að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 47. gr. og hins vegar að veita viðskiptabanka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku með samþykki ráðherra. Áður en stjórn sjóðsins veitir víkjandi lán úr honum skal hún leita samþykkis viðskiptaráðherra.

Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs vegna innstæðutrygginga nái 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver viðskiptabanki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

4. gr.

Ný málsgrein, er verður 4. mgr., bætist við 51. gr. laga nr. 87/1985, um sparisjóði, og orðast svo:

Tryggingarsjóði sparisjóða er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að veita sparisjóði víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans.

5. gr.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántöku Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og lántöku Tryggingarsjóðs sparisjóða samtals að fjárhæð allt að 3.000 m.kr.

6. gr.

Það er skilyrði fyrir ráðstöfunum til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana samkvæmt lögum þessum að gerður verði samningur milli viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi stofnunar hins vegar um það til hvaða ráðstafana hún skuldbindur sig til að grípa í því skyni að bæta afkomu sína og eiginfjárstöðu.

7. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd 3., 4. og 6. gr. með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. mars 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við 7. kafla:

Vöruliður 0707 skiptist upp og orðist svo:

Gúrkur og reitargúrkur, nýjar eða kældar:

0707.0001 – Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars 30

0707.0009 – Innfluttar á öðrum tíma 30

2. Við 19. kafla:

Tollskrárnúmer 1905.9050 skiptist upp og orðast svo:

	– – Bökur, þ.m.t. pitsur (pizza):				
1905.9051	– – – Sem innihalda kjöt	20	0	0	W
1905.9059	– – – Aðrar	20	0	0	W

3. Við 24. kafla:

Tollskrárnúmer 2403.9901 skiptist upp og orðast svo:

2403.9901	– – – Neftóbak sem inniheldur solutio ammoniae	10	0	0
2403.9902	– – – Annað neftóbak	10	0	0

4. Við 40. kafla:

a) Vöruliður 4003 orðast svo:

4003 Endurunið gúmmí í frumgerðum eða í plötum, blöðum eða ræmum:

4003.1000	– Gólfefni og veggfóður	0	0
4003.9000	– Annað	0	0

b) Tollskrárnúmerið 4014.1000 skiptist upp og orðast svo:

	– Getnaðarverjur:		
4014.1001	– – Smokkar	0	
4014.1009	– – Aðrar getnaðarverjur	0	

5. Við 85. kafla:

Tollskrárnúmerið 8509.8000 skiptist upp og orðast svo:

	– Önnur tæki:		
8509.8001	– – Rafmagnstannburstar	0	X
8509.8009	– – Annað	15	X

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 24. mars 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Rúna S. Geirsdóttir.

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, og lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breytingar á ákvæðum tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 6. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

- a. 1. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að lækka eða fella niður tolla í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt að láta að öðru leyti koma til framkvæmda ákvæði í slíkum samningum, bókunum og viðaukum við slíka samninga sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra, svo og breytingar sem kunna að verða gerðar á slíkum samningum og bókunum og viðaukum við þá. Þegar heimild þessari er beitt skal jafnframt heimilt að fella niður almennan toll í dálki A í tollskrá af hráefni eða efnivörum til innlendar framleiðslu og lækka toll í allt að 7,5% í öðrum tilvikum. Falli fríverslunar- eða milliríkjasamningur úr gildi eða ákvæðum þeirra er breytt með þeim hætti að forsendur til lækkunar eða niðurfellingar tolla eru ekki lengur til staðar skal almennur tollur í dálki A í tollskrá taka gildi.
- b. 13. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að fella niður eða endurgreiða tolla af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur ef tollar á sams konar erlendri framleiðsluvöru eru jafnháir eða lægri en af efnivörunum. Sama gildir um vélar, vélarhluta og varahluti sem notaðir eru til aðvinnslu slíkra vara.
- c. 16. tölul. 1. mgr. orðast svo: Að fella niður toll af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum sem ætlaðir eru til nota í flugvélum og skipum. Sama gildir um hluti sem ætlaðir eru til viðgerða eða annarrar aðvinnslu flugvéla og skipa.

2. gr.

Við XII. kafla laganna bætist ný grein er verður 120. gr. A og orðast svo:

Heimilt skal að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur sem unnar eru úr hráefnum úr landbúnaði samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, svo og öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum og bókunum við þá. Jafnframt skal heimilt að leggja slík gjöld á vörur sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og skal þá miðað við mismun á verði hliðstæðrar vöru á heimsmarkaði og verði hinnar innlendu vöru eftir því sem við á hverju sinni.

Séu verðjöfnunargjöld lögð á skv. 1. másl. 1. mgr. er óheimilt að leggja jafnframt á gjaldskylda vöru frá samningsaðila tolla eða önnur sambærileg gjöld nema annað leiði af ákvæðum bókunar 3 við EES-samninginn svo og annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga og bókunum við þá.

Innheimta verðjöfnunargjalda samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls samkvæmt tollskrá af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eða ákvæðum annarra fríverslunar- og milliríkjasamninga nema þar sé kveðið á um annað.

Verðjöfnunargjald skal lagt á og innheimt við tollmeðferð vöru.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, flokkun til gjaldskyldu, sönnun um samsetningu gjaldskyldra vara svo og annað sem lýtur að álagningu og innheimtu gjaldanna. Jafnframt getur hann með sama hætti mælt fyrir um niðurfellingu tolla og annarra sambærilegra gjalda þegar verðjöfnunargjald er lagt á vöruna. Um lögvernd verðjöfnunargjalda fer skv. 111. gr.

3. gr.

Á 143. gr. laganna verða eftirfarandi breytingar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að afla verði nauðsynlegra upplýsinga um innflutning og útflutning á einstökum vöruflokkum. Sama gildir vegna framkvæmdar fríverslunar- og milliríkjasamninga en í því tilviki skal jafnframt heimilt að taka upp nýja dálka fyrir tolla eða gjöld sem þar kann að vera kveðið á um.

b. Síðari málsliður 3. mgr. verður 4. mgr. og breytist röð annarra málsgreina í samræmi við það.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tollskrá í viðauka I við tollalög:

1. 1. mgr. í viðauka I orðast svo:

Dálkur A í tollskránni gildir fyrir allar innfluttar vörur nema um þær gildi sérreglur í dálki E. Dálkur E í tollskránni gildir fyrir vörur sem fluttar eru inn samkvæmt ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Ráðherra er heimilt með þeim skilmálum, sem kveðið er á um í samningnum eða öðrum fríverslunar- og milliríkjasamningum, að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sérstaka tollmeðferð á vörum sem flokkast undir 1.–24. kafla tollskrárinnar.

2. Tolltaxti í dálki E í 25.–97. kafla tollskrárinnar verður 0%. Ráðherra er heimilt að lækka almennan toll í dálki A í sömu köflum í allt að 7,5%.

3. Tollur á vörum í tollskrárnúmerunum 8431.4200 og 8431.4300 fellur niður.

4. Tollur á vörum í vörulið 8426 fellur niður.

Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni, öryggi eða aðbúnað áhafna, án þess að fyrir liggja samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem stofnunin hefur veitt umboð. Breytingarnar skulu gerðar undir eftirliti Siglingamálastofnunar og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og tilkynningarskyldu og um nýsmíði.

Sömu reglur um tilkynningarskyldu og eftirlit skulu einnig gilda um meiri háttar viðgerðir sem áhrif geta haft á sjóhæfni skips, öryggi skips og aðbúnað áhafna.

8. gr.

Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki.

Eigi má flytja inn fiskiskip sem er 15 ára eða eldra.

III. KAFLI

Skoðun skipa og framkvæmd eftirlits.**Haffæri skipa.**

9. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð. Eiganda skips, útgerðarmanni og skipstjóra er skylt að sjá um að lögskipaðar skoðunargerðir fari fram á skipi eftir því sem við á.

Um starfsskyldur yfirmanna við skoðunargerð og verkaskiptingu fer skv. III. kafla sjómannalaga, nr. 35/1985.

10. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru þrenns konar: aðalskoðun, aukaskoðun og skyndiskoðun.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar annast alla skoðun samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim eftir nánari ákvörðun siglingamálastjóra. Siglingamálastjóra er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar.

11. gr.

Aðalskoðun skal fara fram við lokaúttekt nýsmíði og á hverju skipi árlega eða samkvæmt alþjóðareglum þegar það á við.

Siglingamálastofnun getur, þegar sérstakar ástæður mæla með því, veitt heimild til frestunar aðalskoðunar í allt að þrjá mánuði. Siglingamálastjóra er heimilt að fela slíka framlengingu öðrum opinberum aðila hverju sinni.

Við aðalskoðun skal athuga búnað skips og annað er lýtur að öryggi þess og áhafnar.

Sé skip í viðurkenndu flokkunarfélagi og gildu flokkunarskírteini er framvísað skal sú skoðun, sem fram fór á því til viðhalds á flokkuninni, talin fullnægjandi um styrkleika bols, eimkatla, vél- og rafbúnaðar, enda fullnægi skipið jafnframt þeim ákvæðum sem sérstaklega er mælt fyrir um í íslenskum lögum eða reglum varðandi þau atriði sem flokkunin tekur til.

12. gr.

Aukaskoðun skal fara fram á skipi sem hér segir:

1. Þegar skip hefur verið til viðgerðar vegna atriða sem varða öryggi skips og/eða áhafnar.
2. Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, yfirvélstjóri, meiri hluti skipverja eða stjórn stéttarfélags krefst skoðunar. Krafa skal vera skrifleg og rökstudd. Starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins eru bundnir þagnarheiti um hver borið hafi fram kröfu nema hún hafi reynst ástæðulaus. Þá skal Siglingamálastofnun gefa upp nafn þess sem bar fram kröfuna ef útgerðarmaður krefst þess.
3. Þegar Siglingamálastofnun telur annars ástæðu til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

13. gr.

Skyndiskoðun er fyrirvaralaus skoðun á haffæri skips, einkum þegar skip kemur til hafnar eða fer úr höfn.

Siglingamálastofnun ríkisins og Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit skv. 1. mgr. og gera með sér samstarfssamning um hvernig þessu eftirliti skuli hagað.

14. gr.

Synji siglingamálastjóri um skoðun þegar hennar er krafist í samræmi við 2. tölul. 12. gr. eða ef einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, getur ekki unað úrslitum skoðunar-gerðar getur sá sem telur sig vanhaldinn kært ágreininginn fyrir farbannsnefnd, sbr. 25. gr.

15. gr.

Hafi skoðun leitt í ljós að ákvæðum laga og reglna um smíði og búnað er fullnægt skal siglingamálastjóri, starfsmaður stofnunarinnar sem til þess hefur heimild frá siglingamálastjóra eða annar viðurkenndur aðili gefa út haffærissskírteini skipi til handa eða önnur jafngild skírteini samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktta eftir því sem við á.

Á haffærissskírteini skal skráð nafn skips, skipaskrárnúmer, heimili, kallmerki, stærð skips samkvæmt gildandi reglum um mælingu skipa, smíðastaður og ár, nafn eiganda, umdæmisbókstafur fiskiskipa, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa sem gerðar eru í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, gildissvið, gildistími og útgáfudagur.

Haffærissskírteini skal eigi gefið út til lengri tíma en eins árs. Siglingamálastofnun er þó heimilt að miða gildistíma skírteinis við almanaksmánuð að ári liðnu frá útgáfudegi skírteinis og gildir skírteinið þá til loka þess mánaðar.

Haffærissskírteini eða skoðunarovottorð skal fylgja skipsskjölum og sýnt við fyrstu árlegu lögskráningu eða við greiðslu slysatryggingagjalds skipverja þegar ekki er skylt að lögskrá á skipið, svo og þegar þess er krafist af starfsmönnum Siglingamálastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands eða lögreglu.

Hafi skoðun leitt í ljós að kröfum um búnað og öryggi skipa er ekki fullnægt skal bætt úr því sem áfátt er. Ef ágallar eru þannig að eigi er unnt að bæta úr þeim þegar í stað en skipið getur þó siglt örugglega getur umdæmisstjóri veitt skipstjóra hæfilegan frest til úrbóta.

16. gr.

Skip skal telja óhaffært:

1. Hafi það ekki gilt haffærissskírteini eða önnur jafngild skírteini samkvæmt alþjóðasamþykktum.
2. Liggi það dýpra en hleðslumerki þess leyfa samkvæmt alþjóðasamþykktum eða reglum.
3. Sé bol þess, búnaði, vélum, tækjum eða skipshöfn svo áfátt eða skipið er af öðrum ástæðum svo á sig komið með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja að telja verður vegna sjóferðar þeirrar er skipið skal fara að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er.

17. gr.

Hafi skip lent í árekstri, tekið grunn eða annað að borið svo ástæða sé til að ætla að skip sé óhaffært er skipstjóra skylt að láta skoða skipið á þeim stað er því verður fyrst við komið. Starfsmenn Siglingamálastofnunar eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, skulu framkvæma þá skoðun.

Purfi að færa skip sem er óhaffært af slysstað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingamálastofnun ríkisins eða aðrir aðilar, sem stofnunin hefur viðurkennt, ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja.

18. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip sem stann er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi til þess að rannsaka það sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Sama gildir um skip í smíðum.

Komi í ljós að ásigkomulag skips eða búnaður þess er ekki í samræmi við lög þessi, reglur eða önnur fyrirmæli getur Siglingamálastofnun fyrirskipað að úr því skuli bætt þegar í stað eða innan ákveðins frests.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu gæta þess að valda ekki óþarfa töfum á skipi né torvelda vinnu umfram nauðsyn.

Starfsmenn Siglingamálastofnunar skulu framvísa starfsskírteinum sé þess óskað.

Eigendur, útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, sem starfa í umboði þeirra, skulu veita Siglingamálastofnun alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er vegna eftirlits og öryggis skips, svo og upplýsingar um ástand skipsins, sem varðar lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim.

19. gr.

Löggæslumenn, hafnaryfirvöld, tollgæslumenn, trúnaðarmenn skipverja, starfsmenn tryggingafélaga eða lögskráningarstjórar, sem fá vitneskju um að lög þessi eða reglur settar samkvæmt þeim eru brotin eða telja sig hafa ástæðu til að ætla að skip sé ekki haffært, skulu tafarlaust gera næsta umdæmisstjóra Siglingamálastofnunar viðvart. Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva og verkstæða er þeir eru að starfi sínu, þó þannig að þeir skulu gera yfirmanni sínum viðvart sem tilkynnir það tafarlaust til næsta umdæmisstjóra.

IV. KAFLI

Farbann.

20. gr.

Eigi að leggja skipi úr höfn án þess að það hafi gilt haffærisskírteini eða skip er annars óhaffært á ferð skal leggja farbann á það.

Enn fremur skal leggja farbann á skip ef starfsmenn Siglingamálastofnunar eru hindradir í störfum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Siglingamálastjóri getur lagt farbann á skip. Einnig geta þeir starfsmenn Siglingamálastofnunar lagt farbann á skip sem siglingamálastjóri hefur sérstaklega veitt til þess umboð. Skulu þeir tilkynna siglingamálastjóra þegar um farbann sem þeir leggja á.

22. gr.

Ákvörðun um farbann skal þegar í stað tilkynna skipstjóra og útgerðarmanni skriflega. Ástæður fyrir farbanni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því að banni verði aflétt. Starfsmenn Siglingamálastofnunar geta óskað eftir því ef nauðsyn krefur að lögreglustjórar, hafnar- og tollyfirvöld á hverjum stað, svo og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands, veiti þeim fulltingi við framkvæmd farbanns og ber þeim að verða við þeirri ósk.

23. gr.

Ef ástæður farbanns eru ekki lengur fyrir hendi skal farbanni aflétt þegar í stað.

Telji siglingamálastjóri að farbann, sem starfsmenn hans hafa lagt á, sé ekki á rök-um reist skal hann þegar í stað fella það úr gildi.

24. gr.

Útgerðarmaður skips og skipstjóri geta kært farbann til farbannsnefndar.

Samgönguráðherra skipar farbannsnefnd til þriggja ára í senn. Farbannsnefnd skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Formaður skal fullnægja almennum dómarskilyrðum. Hinir fjórir nefndarmennirnir skulu búa yfir sérþekkingu á sviði siglinga eða skipatækni í samræmi við verksvið nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

25. gr.

Verkefni farbannsnefndar eru:

1. Að skera úr um hvort farbann skuli lagt á skip og úrskurða um gildi farbanns.
2. Að skera úr um hvort skoðun á skipi skuli fara fram, annast yfirskoðunargerðir og kveðja til yfirskoðunarmenn eins og nánar greinir í 21. gr. laganna.

Málshöfðun til ógildingar á úrskurði farbannsnefndar frestar ekki réttaráhrifum hans.

V. KAFLI

Málsmeðferð fyrir dómi.

26. gr.

Um refsímál, sem höfðað er út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála. Sé þörf sérkunnáttu við úrlausn máls skulu tveir sérfróðir meðdómendur skipa dóm, auk eins héraðsdómara.

Áður en ákærandi höfðar opinbert mál út af brotum á lögnum skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra liggi hún ekki þegar fyrir. Ber siglingamálastjóra að láta í té rökstudda umsögn svo fljótt sem verða má.

Ákærandi skal útvega samgönguráðuneyti og Siglingamálastofnun eftirrit dóma í mál-um út af brotum á lögum þessum.

27. gr.

Málum, sem höfðuð eru til ógildingar á úrskurðum farbannsnefndar skv. 14. eða 20. gr., skal hraða svo sem kostur er. Um mál þessi fer eftir almennri meðferð einkamála.

VI. KAFLI

Gjöld.

28. gr.

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, mælingu á skipum, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra skoðun, sem starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins framkvæma, skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Eigandi skips skal greiða árlega skipagjald sem taki mið af því hvort skip er flokkað hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða viðurkenndu flokkunarfélagi.

Gjöldum skv. 1. mgr. fylgir lögveð í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því er gjald var kræft.

Siglingamálastofnun er heimilt að halda eftir haffæris skírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt alþjóðasamþykktum að lokinni skoðun ef gjöld skv. 1. mgr. eru ekki greidd.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um gjald fyrir skoðun og þjónustu sem aðrir þar til bærir aðilar framkvæma og veita.

VII. KAFLI

Um refsingar, sviptingu réttinda o.fl.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru.

30. gr.

Um brot skv. 29. gr. skal beitt reglum almennra hegningarlaga um hlutdeild.

Nú er brot framið með verknaði sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

31. gr.

Þegar um brot er að ræða og sérstaklega miklar sakir eru má svipta sökunaut rétti til skipstjórnar, stýrimennsku, vélstjórnar eða fjarskiptastarfa um ákveðinn tíma er eigi sé skemmri en þrjú mánuðir.

Nú er brot að öðru leyti sérstaklega stórfellt eða ítrekað og skal þá beita réttinda-sviptingu eigi skemur en sex mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt.

32. gr.

Svipting réttinda skv. 31. gr. skal gerð með dómi. Þó má ljúka máli um sviptingu réttinda með ákvörðun dómara hafi ákærði játað sekt sína og fallist skriflega á slík mála-
lok enda mótmæli ákærandi þeim ekki.

Ákærandi skal tilkynna öllum lögreglustjórum í landinu um réttindasviptingu og senda samgönguráðuneyti réttindaskírteini.

Þegar tvö ár hið fæsta eru liðin frá því réttindasvipting var dæmd getur samgöngu-
ráðherra veitt réttindin á nýjan leik mæli sérstakar ástæður með því, enda þótt sviptingar-
tími sé ekki liðinn.

33. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Dómara er heimilt að ákveða að þeim fylgi lögveð í skipi og búnaði þess, jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

34. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum áfengislaga að því er snertir viðurlög ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

VIII. KAFLI

Um gildistöku laganna o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51 30. mars 1987 og 9. gr. laga nr. 20 30. apríl 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Mál, sem þingfest hafa verið fyrir siglingadómi við gildistöku laga þessara, skulu rek-in fyrir dóminum eftir þeim reglum sem um hann hafa gilt, sbr. lög nr. 51/1987.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um greftrun líka og líkbrennslu.

1. gr.

Skylt er að greftra lík í lögmætum kirkjugarði, sbr. 5. gr., eða brenna þau í viðurkennndri líkbrennslustofnun (bálstofu), sbr. 7. gr.

2. gr.

Skylt er að virða ákvarðanir sjálfráða manns um hvort greftra skuli lík hans eða brenna.

Nú var maður ósjálfráða er hann féll frá og tekur þá lögráðamaður (lögráðamenn) hans ákvörðun um þetta efni.

Nú er ekki vitað um vilja látins manns sem sjálfráða var og ákveða þá eftirlifandi maki (sambúðaraðili) og niðjar (kjörniðjar) hins látna hvort lík skuli greftrað eða brennt.

Nú er þeim vandamönnum eigi til að dreifa er greinir í 3. mgr. og taka foreldrar og systkin hins látna ákvarðanir í þessu efni og fer um það skv. 3. mgr. Ella er ákvörðunarvaldið í höndum þeirra er nákomnastir eru hinum látna. Skal í því sambandi til þess litið hjá hverjum hinn látni hefur dvalist og hver sjái um útförina.

Ef eigi er vitað um afstöðu hins látna, sbr. 1. mgr., né þeirra er greinir í 3. og 4. mgr. má líkbrennsla fara fram, enda verði útförin gerð á stað þar sem aðstaða er til líkbrennslu, sbr. 7. gr.

3. gr.

Óheimilt er að greftra lík eða brenna nema lögmætt dánarvottorð liggi fyrir og vottorð sýslumanns eða umboðsmanns hans um tilkynningu um látið, sbr. skiptalög. Gæta skal og ákvörðunar um líkskoðun eða krufningu líka samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og enn fremur laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

Áður en líkbrennsla fer fram þarf enn fremur að vera fyrir hendi vottorð lögreglustjóra þess efnis að hann sjái ekkert því til fyrirstöðu að líkbrennsla fari fram. Þeim er sér um framkvæmd líkbrennslu ber að afla vottorðs þessa.

4. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn sem hann andaðist eða var síðast heimilisfastur eða þar sem vandamenn hans, sbr. 2. gr., óska legs fyrir hann.

II. KAFLI

Um kirkjugarða og grafreiti og friðhelgi þeirra, svo og líkbrennslustofnanir.

5. gr.

Með kirkjugörðum í lögum þessum er átt við afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið, sbr. 6. gr.

6. gr.

Kirkjugarðar og grafreitir eru friðhelgir, sbr. og almenn hegningarlög.

Kirkjugarða þjóðkirkjunnar skal prestur vígja. Heimilt er að afmarka óvígðan reit innan kirkjugarðssvæðis ef hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn samþykkir.

Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki, sem frá stafar hávaði eða ys, í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.

7. gr.

Líkbrennsla hér á landi má eingöngu fara fram í stofnunum sem dóms- og kirkju-málaráðuneytið lögildir.

Búa ber um öskuna í þar til gerðum duftkerum sem skylt er að varðveita í kirkjugarði eða löggiltum grafreit. Skal grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn, er greinir í 1. mgr. 47. gr., óska þess. Dýpt duftkersgrafar skal vera um 1 metri.

Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Nöfn þeirra sem duft er varðveitt af í kirkjugarði skal rita á legstaðaskrá og kerin og grafirnar tölusettar, sbr. 27. gr.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit.

III. KAFLI

Stjórn, starfslíð og yfirumsjón kirkjugarða.

8. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn prófests (í Reykjavík prófesta) og biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundum, sbr. 9. gr., hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum. Er hún hér eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

9. gr.

Nú hafa tvær eða fleiri sóknir sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann úr hópi aðalmanna og varamanna í nefndinni í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn, svo og varamann með sama hætti. Utanþjóðkirkjusöfnuðum með a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi er heimilt að kjósa einn mann úr sínum hópi og annan til vara í kirkjugarðsstjórn til fjögurra ára í senn. Bálfararfélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn mann og annan til vara til jafnlangs tíma í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurprófastsdæma. Prófastur situr fundi kirkjugarðsstjórnar og hefur atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn eða tilnefnir ella varamann í sinn stað. Prófastar Reykjavíkurprófastsdæma sitja fundi til skiptis sitt árið hvor og eru varamenn hvor fyrir annan.

Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir að því er til kirkjugarða tekur.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð, svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkvæmt erindisbréfi sem kirkjugarðsstjórn setur.

Kirkjugarðsstjórn sér um að láta taka allar grafir í garðinum, sér um árlegt viðhald legstaða og ber kostnað af prestþjónustu vegna útfara.

11. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands eða fulltrúi hans, húsa-meistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins, þjóðminjavörður og fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn maður kosinn af kirkjubingi og annar af kirkjugarðsstjórn Reykjavíkurborgar, báðir til fjögurra ára í senn. Varamenn þessara tveggja manna skulu kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma. Biskup er formaður nefndarinnar. Ef atkvæði verða jöfn í skipulagsnefnd ræður atkvæði formanns.

Skipulagsnefnd ræður framkvæmdastjóra kirkjugarða og setur honum erindisbréf. Hann skal vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða. Laun hans og annar starfskostnaður, svo og kostnaður við störf skipulagsnefndar kirkjugarða, greiðist úr Kirkjugarðasjóði.

IV. KAFLI

**Um skyldur og rétt sveitarfélaga vegna kirkjugarða,
svo og um eignarnám vegna kirkjugarða.**

12. gr.

Skyld er sveitarfélagi því, er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og efni í girðingu, þó þannig að óbreyttar haldist kvaðir þær er þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.

Þar sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins.

13. gr.

Þar sem kirkja er ekki í kirkjugarði leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum, þar á meðal með snjómokstri, ef því er að skipta. Enn fremur leggur sveitarfélagið til ókeypis hæfilegan ofaníbúrd í götur og gangstíga kirkjugarðs ef þess er óskað og greiðir akstur hans.

Í kaupstöðum eða kaupúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum.

14. gr.

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð og skal þá skipta kostnaðinum, sbr. 12. og 13. gr., niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög eða hluta þeirra eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka er getur í 2. mgr. 12. gr., svo og 13. gr., að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því er hann er felldur.

15. gr.

Heimilt er með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að taka eignarnámi hentugt land undir kirkjugarð.

V. KAFLI

Ákvarðanir um nýjan kirkjugarð og stækkun eldri kirkjugarðs.

16. gr.

Lögmætur safnaðarfundur, eða safnaðarfundir ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður hvenær taka skuli upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan en í Reykjavíkúrprófastsdæmum kirkjugarðsstjórn.

Nú er þetta vanrækt og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit prófasts (prófasta) um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan skal leita umsagnar heilbrigðisnefndar og héraðslæknis og skipulagsnefndar sveitarfélagsins um hvort heilbrigðissjónarmið eða skipulagsástæður standi framkvæmdinni í vegi. Gögn þessi ber síðan að senda ásamt uppdrætti af fyrirhuguðum kirkjugarði eða stækkun hans til skipulagsnefndar kirkjugarða til úrlausnar, en ákvörðun hennar má skjóta til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er úrskurðar málið til fullnaðar.

VI. KAFLI

Uppdrættir af kirkjugörðum og framkvæmdir við þá.

17. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim sem í notkun eru og hinum sem hætt er að nota en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa skal markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði sem menn vita hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur framkvæmdastjóri kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

18. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir traustri girðingu með vönduðu sáluhliði. Þegar girða þarf kirkjugarð skal leita um það tillagna skipulagsnefndar sveitarfélagsins og skipulagsnefndar kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur, eða safnaðarfundir ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar, en kirkjugarðsstjórn í Reykjavíkúrprófastsdæmum. Náist eigi samkomulag um girðingu við framkvæmdastjóra kirkjugarða ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

19. gr.

Kirkjugarðsstjórnnum er skylt að láta leggja brautir og gangstíga í kirkjugörðum samkvæmt staðfestum uppdrætti, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn, ef til þess er ætlast, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnnum endurgjaldslaust leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa er vel hæfa kirkjugörðum.

20. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af skipulagsnefnd kirkjugarða og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að taka þátt í kostnaðarsömum framkvæmdum við útfararkirkjur.

Skylt er kirkjugarðsstjórn að annast greftrunarkirkjur og kosta rekstur þeirra, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl.

VII. KAFLI

Um grafir, umhirðu leiða, legstaðaskrá o.fl.

21. gr.

Útfararþjónustu mega þeir einir reka sem hafa til þess leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðherra setur nánari reglur um leyfisveitinguna í reglugerð.

Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar.

22. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um að grefri sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar. Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

23. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað að tvígrafið sé í sömu gröf ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess er grafa á og fyrir liggur samþykki vandamanna þess er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá sem gröf lætur taka er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Kirkjugarðsstjórn er enn fremur heimilt að ákveða að í tilteknum hluta kirkjugarðs, þar sem jarðvegsdýpt leyfir, skuli grafa í tveimur dýptum.

24. gr.

Beinum, sem upp kunna að koma þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný. Sé bálstofa fyrir hendi er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf, sbr. 7. gr.

25. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að úthluta allt að þremur grafarstæðum til sömu fjölskyldu, enda sé eftir því leitað við greftrun þess er fyrst fellur frá. Réttur til grafarstæðanna helst í 50 ár.

26. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá vandamönnum viðvart áður ef kostur er og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurborgarsamtökum við prófafa.

Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum þar sem best þykir á fara að dómi prófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum sem eru eldri en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnnum er heimilt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteinna er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber hlutaðeigandi kirkjugarði að greiða.

27. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, kennitölu og stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, sbr. þó 3. mgr., og enn fremur nöfn þeirra sem fyrir eru greftraðir í garðinum ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur að kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra sem standa í skránni.

Skrá skv. 1. mgr. skal gerð í tveimur eintökum og geymist annað hjá sóknarpresti og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkúrprófastsdæmum og öðrum prófastsdæmum, ef þurfa þykir, skal afhenda afrit skrárinnar héraðslækni, manntalsskrifstofu, þjóðskrárdeild Hagstofu Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi íslenskra lífeyrisjóða og Blóðbankanum í Reykjavík mánaðarlega.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kirkjugarðsstjórn að höfðu samráði við prófast (prófasta) og skipulagsnefnd kirkjugarða heimilt að afmarka sérstakt svæði í kirkjugarði og greftra þar án þess að grafarnúmers innan svæðisins sé getið. Að öðru leyti fer um slíkar greftranir svo sem í 1. mgr. getur.

28. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá, sbr. 3. mgr. 27. gr. Sá sem setja vill minnismerki á leiði skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar sem ber að sjá um að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málm, timbri, plasti eða sambærilegu efni um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

29. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun ef þess er óskað. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði ef þar eru smekklegr minnismerki að mati hennar og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

30. gr.

Legstaðasjóðir, sbr. 20. gr. laga nr. 21/1963, verða eigi stofnaðir eftir gildistöku laga þessara.

Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald legstaðasjóða þeirra, sem myndaðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, undir yfirstjórn prófasts. Hún ávaxtar sjóðina í Kirkjugarðasjóði eða með öðrum þeim hætti sem henni þykir best henta.

Nú er friðunartími legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi prófasts (prófasta) og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

VIII. KAFLI

**Ákvarðanir um að hætt skuli að grafa í kirkjugarði
og um niðurlagningu kirkjugarðs.**

31. gr.

Ákvörðun um að hætta skuli að grafa í kirkjugarði skal gerð á lögmatum safnaðarfundu eða safnaðarfundum, í Reykjavíkurrófastsdæmum í kirkjugarðsstjórn, enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar eru friðhelgir og skulu taldir til fornleifa, sbr. þjóðminjalög. Heimilt er að þinglýsa ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarðs.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og að hirða hann sómasamlega.

Skipulagsnefnd kirkjugarða gerir tillögur í samráði við skipulagsnefnd sveitarfélags og sóknarnefnd (kirkjugarðsstjórn) um hvernig með kirkjugarð skuli fara sem hætt er að grefta í.

32. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a.m.k. frá greftrun í kirkjugarði og getur þá löglegur safnaðarfundur eða safnaðarfundir, í Reykjavíkurrófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og dóms- og kirkjumálaráðuneytið staðfestir. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það að þar hafi kirkjugarður verið.

33. gr.

Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi rófasts (rófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki. Þó getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burtu þaðan.

34. gr.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörslu getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað, sbr. 26. gr.

35. gr.

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurrófastsdæmum kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

36. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir er þurfa þykir.

IX. KAFLI Kirkjugarðsgjöld.

37. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum, sbr. 30. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun reikningshald kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert.

38. gr.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega, reiknaðar af aðstöðugjöldum á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins. Tekjur kirkjugarða samkvæmt þessari málsgrein og 39. gr. nefnast einu nafni kirkjugarðsgjöld.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið af aðstöðugjöldum fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Komi það í ljós að tekjur kirkjugarðs skv. 1. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár getur dóms- og kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af aðstöðugjöldum en í 1. mgr. segir.

Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta þann hluta kirkjugarðsgjaldsins sem reiknast af aðstöðugjöldum og er þeim heimilt að taka 1% í innheimtulaun. Þeim ber að skila gjaldinu mánaðarlega til viðkomandi kirkjugarðsstjórnar.

Gera má aðför fyrir kirkjugarðsgjöldum samkvæmt þessari grein.

Hjón bera sameiginlega ábyrgð á greiðslu kirkjugarðsgjalda samkvæmt þessari grein.

39. gr.

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar af óskiptum tekjuskatti fjárhæð er rennur til kirkjugarða landsins. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1993 skal gjaldið vera 174,9 kr. á einstakling á mánuði, að viðbættri fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1991 og 1992.
2. Á árinu 1994 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli tveggja næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppgreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

Hver kirkjugarður á rétt á gjaldi skv. 1. mgr. fyrir hvern þann sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins gjaldárs og býr á því svæði er rétt á til kirkjugarðsins miðað við 1. desember næst á undan gjaldári. Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins.

Gjald vegna manna, sem eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist til Kirkjugarðasjóðs, sbr. X. kafla.

X. KAFLI Kirkjugarðasjóður.

40. gr.

Til Kirkjugarðasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 21/1963, 27. gr., skulu renna 8% af kirkjugarðsgjöldum.

Ríkisbókhaldið og innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu standa stjórn sjóðsins skil á gjaldi þessu ársfjórðungslega eða eftir nánara samkomulagi.

Kirkjugarðsstjórnir geta ávaxtað í sjóðnum það fé kirkjugarða sem er umfram árlegar þarfir með almennum innlánskjörum lánastofnana.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn kjörnir til fjögurra ára í senn af kirkjuráði, þar af einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti. Kirkjuráð ákveður hverjir vera skuli formaður og varaformaður stjórnarinnar.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar Kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

41. gr.

Meginmarkmið Kirkjugarðasjóðs er að jafna aðstöðu kirkjugarða og veita aðstoð þar sem tekjur kirkjugarða hrökkva ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum.

Úr sjóðnum má veita lán og/eða styrki kirkjugarðsstjórnnum til kirkjugarða og kirkna, svo og til þess að setja upp minnismerki þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænahús.

Sjóðnum er heimilt að kosta viðhald og umhirðu kirkjugarða í sóknum sem eyðst hafa af fólki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins að fengnum tillögum stjórnar hans.

XI. KAFLI Heimagrafreitir.

42. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður ef óðalið gengur úr ættinni.

43. gr.

Nú hefur eigi verið greftrað í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum skal jarðeigandi gera vandamönnum skv. 1. mgr. 47. gr. viðvart um að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

Um niðurlagða heimagrafreiti gilda að öðru leyti ákvæði 2. mgr. 31. gr.

XII. KAFLI Skráning kirkjugarða og heimagrafreita.

44. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu og skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum.

XIII. KAFLI

Grafreitir utanþjóðkirkjusafnaða.

45. gr.

Heimilt er skráðum utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa forstöðumann, að taka upp sérstakan grafreit. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan grafreit, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins meðan þeir halda sínum grafreit sómasamlega við og fylgja settum reglum.

XIV. KAFLI

Tilfærsla líka og flutningur þeirra.

46. gr.

Heimilt er dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að fengnu samþykki kirkjugarðsstjórnar sem hlut á að máli og biskups að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða í grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi, stílaða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

47. gr.

Réttir aðilar til að standa að umsókn skv. 46. gr. eru eftirlifandi maki, sambúðarkona eða sambúðarmaður, börn hins látna eða aðrir niðjar, foreldrar eða systkin. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur ekki fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir eða fulltrúi hans sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða sé líkið í sterkri kistu er héraðslæknir telur fullnægjandi og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla. Við tilfærslu líka innan kirkjugarðs sker héraðslæknir úr um það hvort þörf sé á sérstakri kistu.

48. gr.

Uptaka líks samkvæmt dómsúrlausn fer fram eftir því sem þar greinir.

49. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um að flutningsins sé getið í legstaðaskrá kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við þegar lík er þannig jarðsett.

XV. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, viðurlög, gildistaka og brottfallin lög.

50. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið setur reglugerðir um málefni þau sem lög þessi taka til, þar á meðal um kirkjugarða, þar sem kveðið skal nánar á um rekstur þeirra og stjórn og tilhögun á greftri líka. Þá skal einnig kveðið nánar á um líkbrennslu í reglugerð.

Reglugerðir um kirkjugarða skulu settar í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða. Um reglugerðir varðandi líkbrennslu skal einnig leita tillagna Bálfararfélags Íslands ef því er að skipta.

51. gr.

Kirkjugarðsstjórnnum er rétt að gera tillögur um reglur varðandi einstaka kirkjugarða og leita staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á þeim. Ráðuneytið leitar um-sagnar skipulagsnefndar kirkjugarða um tillögurnar.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

53. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Umboð kjörinna meðlima í skipulagsnefnd kirkjugarða fellur niður 31. desember 1993 og skal kjósa nýja meðlimi í nefndina fyrir þann tíma, sbr. 11. gr.

54. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Lög um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963, svo og 35. gr. laga um ráðstafanir í efnahagsmálum o.fl., nr. 11 28. apríl 1975, svo og lög nr. 89 29. desember 1987 er breyta lögum nr. 21/1963.
2. Lög um líkbrennslu, nr. 41 3. nóvember 1915.
3. Ákvæði kirkjuskipunar Kristjáns fjórða frá 2. júlí 1607, sbr. tilskipun 29. nóvember 1629, II, 13.
4. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík, nr. 38 3. nóvember 1915, svo og lög nr. 11 4. júní 1924 og lög nr. 38 7. maí 1928 er breyta þeim lögum.
5. Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn, nr. 14 8. september 1918.
6. Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o.fl., nr. 13 14. júní 1929.

Þá eru öll önnur ákvæði eldri laga, sem fara í bága við lög þessi, úr lögum numin. Stjórnvaldsreglur, sem settar hafa verið með stoð í lögum nr. 21/1963 og nr. 41/1915, sem ekki fara í bága við lög þessi, halda gildi sínu uns nýjar reglur eru settar.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

STJÓRNSÝSLULÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Þau gilda þó ekki um samningu reglugerða né annarra almennra stjórnvaldsfyrirmæla.

Ákvæði II. kafla um sérstakt hæfi gilda einnig um gerð samninga einkaréttar eðlis.

2. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum lögum.

Lög þessi gilda ekki um þinglýsingu, aðfarargerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu, greiðslustöðvun, nauðasamninga, gjaldþrotaskipti, skipti á dánarbúum eða önnur opinber skipti.

Ákvæði annarra laga, sem hafa að geyma strangari málsmeðferðarreglur en lög þessi mæla fyrir um, halda gildi sínu. Um sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna og annarra þeirra sem starfa við stjórnsýslu sveitarfélaga fer þó eftir sveitarstjórnarlögum.

II. KAFLI

Sérstakt hæfi.

3. gr.

Vanhæfísástaður.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

4. gr.

Áhrif vanhæfis.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

5. gr.

Málsmeðferð.

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnarsýslunefndar á þeim.

Stjórnarsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnarsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

6. gr.

Setning staðgengils.

Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.

III. KAFLI

Almennar reglur.

7. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Stjórnvald skal veita þeim sem til þess leita nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess.

Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Útreikningur frests.

Þar sem kveðið er á um frest í lögum telst sá dagur, sem fresturinn er talinn frá, ekki með í frestinum.

Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta opnunardags þar á eftir. Að öðru leyti ber að telja frídaga með sem eru innan frestsins þegar fresturinn er reiknaður.

9. gr.

Málshraði.

Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.

Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til.

10. gr.

Rannsóknarreglan.

Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

11. gr.

Jafnræðisreglan.

Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti.

Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða, byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.

12. gr.

Meðalhófsreglan.

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmatu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

IV. KAFLI

Andmælaréttur.

13. gr.

Andmælaréttur.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

14. gr.

Tilkynning um meðferð máls.

Eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skal stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

15. gr.

Upplýsingaréttur.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið varða. Fari aðili fram á að fá afrit eða ljósrít af málsskjöllum skal orðið við þeirri beiðni nema skjölin séu þess eðlis eða fjöldi þeirra svo mikill að það sé verulegum vandkvæðum bundið. Forsætisráðherra er heimilt að ákveða með sérstakri gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir afrit og ljósrít sem veitt eru samkvæmt þessari grein.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til rannsókna og saksókna í opinberu máli. Þó getur sakborningur krafist þess að fá að kynna sér gögn málsins eftir að það hefur verið fellt niður eða því lokið með öðrum hætti.

16. gr.

Gögn undanþegin upplýsingarétti.

Réttur aðila máls til aðgangs að gögnum tekur ekki til:

1. Fundargerða ríkisráðs og ríkisstjórnar, minnisgreina á ráðherrafundum eða skjala sem tekin hafa verið saman fyrir slíka fundi.
2. Bréfaskipta stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
3. Vinnuskjala sem stjórnvald hefur ritað til eigin afnota. Þó á aðili aðgang að vinnuskjölum ef þau hafa að geyma endanlega ákvörðun um afgreiðslu máls eða upplýsingar sem ekki verður aflað annars staðar frá.

Ef það sem greinir í 1. mgr. á aðeins við um hluta skjals skal veita aðila aðgang að öðru efni skjalsins.

17. gr.

Takmörkun á upplýsingarétti.

Þegar sérstaklega stendur á er stjórnvaldi heimilt að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnum.

18. gr.

Frestun máls.

Stjórnvaldi er heimilt að setja málsaðila ákveðinn frest til þess að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

Að öðrum kosti getur aðili á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að afgreiðslu málsins sé frestað uns honum hefur gefist tími til þess að kynna sér gögn og gera grein fyrir afstöðu sinni. Máli skal þó ekki frestað ef það hefur í för með sér að farið sé fram úr lögmaeltum fresti til afgreiðslu málsins.

19. gr.

Rökstuðningur synjunar og kæruehimild.

Ákvörðun stjórnvalds um að synja málsaðila um aðgang að gögnum máls eða takmarka hann að nokkru leyti skal tilkynnt aðila og rökstudd í samræmi við V. kafla laga þessara.

Kæra má synjun eða takmörkun til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til. Kæra skal borin fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

V. KAFLI

Birting ákvörðunar, rökstuðningur o.fl.

20. gr.

Birting ákvörðunar og leiðbeiningar.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt aðila máls nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila.

Þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega án þess að henni fylgi rökstuðningur skal veita leiðbeiningar um:

1. heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda,
2. kæruehimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kæru,

3. frest til þess að bera ákvörðun undir dómstóla ef slíkur frestur er lögákveðinn. Fylgi rökstuðningur ákvörðun þegar hún er tilkynnt skal veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. tölul. 2. mgr.

Ekki þarf þó að veita leiðbeiningar skv. 2. og 3. mgr. þegar ákvörðun er tilkynnt hafi umsókn aðila verið tekin til greina að öllu leyti.

21. gr.

Hvenær veita skal rökstuðning.

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

Úrskurðum í kærumálum skal ávallt fylgja rökstuðningur.

22. gr.

Efni rökstuðnings.

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim megin-sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Takmarka má efni rökstuðnings að því leyti sem vísa þarf til gagna sem aðila máls er ekki heimill aðgangur að, sbr. 16. og 17. gr.

Hafi stjórn-sýslunefnd ekki samþykkt rökstuðning með ákvörðun sinni skal formaður færa rök fyrir henni í samræmi við 1.–3. mgr.

VI. KAFLI

Afturköllun ákvörðunar o.fl.

23. gr.

Breyting og leiðrétting.

Stjórnvald getur breytt ákvörðun sinni þar til hún hefur verið tilkynnt aðila máls.

Eftir að aðila hefur verið tilkynnt um ákvörðun er stjórnvaldi heimilt að leiðrétta ber-sýnilegar villur í henni, enda tilkynni stjórnvaldið aðila um leiðréttinguna án tafar og láti þeim sem fengið hefur endurrit af ákvörðuninni nýtt endurrit í té.

24. gr.

Endurupptaka máls.

Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða
2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun skv. 1. tölul. 1. mgr., eða aðila var eða mátti vera kunnugt um breytingu á atvikum þeim sem ákvörð-

un skv. 2. tölul. 1. mgr. var byggð á, verður beiðni um endurupptöku máls þó ekki tekin til greina, nema að fengnu samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál verður þó ekki tekið upp að nýju ef ár er liðið frá fyrrgreindum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því.

25. gr.

Afturköllun.

Stjórnvald getur afturkallað ákvörðun sína að eigin frumkvæði, sem tilkynnt hefur verið aðila máls, þegar:

1. það er ekki til tjóns fyrir aðila, eða
2. ákvörðun er ógildanleg.

VII. KAFLI

Stjórnsýslukæra.

26. gr.

Kæruheimild.

Aðila máls er heimilt að kæra stjórnvaldsákvörðun til æðra stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Ákvörðun, sem ekki bindur enda á mál, verður ekki kærð fyrr en málið hefur verið til lykta leitt.

27. gr.

Kærufrestur.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun, nema lög mæli á annan veg.

Þar sem lögmælt er að birta skuli ákvörðun með opinberum hætti hefst kærufrestur eftir fyrstu birtingu sé ákvörðunin birt oftár.

Þegar aðili fer fram á rökstuðning skv. 21. gr. hefst kærufrestur ekki fyrr en rökstuðningur hefur verið tilkynntur honum.

Þegar aðili óskar eftir endurupptöku máls innan kærufrests rofnar kærufresturinn. Hafni stjórnvald að taka mál til meðferðar á ný heldur kærufrestur áfram að líða að nýju frá þeim tíma þegar sú ákvörðun er tilkynnt aðila.

Kæra telst nógú snemma fram komin ef bréf, sem hefur hana að geyma, er komið til æðra stjórnvalds eða afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Áður en kærufrestur rennur út er æðra stjórnvaldi heimilt í sérstökum tilvikum að lengja kærufrest.

28. gr.

Kæra berst að liðnum kærufresti.

Hafi kæra borist að liðnum kærufresti skal vísa henni frá, nema:

1. afsakanlegt verði talið að kærán hafi ekki borist fyrr, eða
2. veigamiklar ástæður mæla með því að kærán verði tekin til meðferðar.

Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

29. gr.

Réttaráhrif kærðrar ákvörðunar.

Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Æðra stjórnvaldi er þó heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar meðan kæra er til meðferðar þar sem ástæður mæla með því.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda þó ekki þar sem lög mæla fyrir á annan veg.

Ákveða skal svo fljótt sem við verður komið hvort fresta skuli réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar.

30. gr.

Málsmeðferð í kærumáli.

Við meðferð kærumáls skal fylgja ákvæðum II.–VI. og VIII. kafla laganna eftir því sem við getur átt.

Heimilt er að ákveða að mál skuli flutt munnlega ef það er sérstaklega vandasamt og ætla má að það upplýsist betur með þeim hætti.

31. gr.

Form og efni úrskurða í kærumáli.

Úrskurður æðra stjórnvalds í kærumáli skal ávallt vera skriflegur og skulu eftirtalin atriði m.a. koma fram á stuttan og glöggan hátt:

1. Kröfur aðila.
2. Efni það sem til úrlausnar er, þar á meðal hin kærða ákvörðun.
3. Stutt yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni málsins.
4. Rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls skv. 22. gr.
5. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð.

VIII. KAFLI

Stjórnsýslunefndir.

32. gr.

Skipun nefndarmanna.

Þegar skipað er í stjórnsýslunefnd, sem tekur ákvarðanir um rétt eða skyldu manna, skal ávallt skipa aðalmenn og jafnmarga varamenn samtímis. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og aðalmenn.

Þegar aðalmaður í stjórnsýslunefnd forfallast um stundarsakir tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Þegar aðalmaður fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans og skal þá nýr varamaður skipaður, nema sá sem skipað hefur í nefndina ákveði að skipa aðalmann að nýju.

33. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnsýslunefndar boðar til fundar og skal boða til hans með hæfilegum fyrirvara. Formanni er skylt að boða til fundar ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess.

Nefndarmaður skal án tafar tilkynna formanni um forföll. Skal formaður þá boða varamann í hans stað.

34. gr.

Málsmeðferð.

Stjórnsýslunefnd er ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Verði atkvæði jöfn telst tillaga fallin. Þegar atkvæði eru jöfn við kosningu manns í starf ræður hlutkesti.

IX. KAFLI

Gildistaka o.fl.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Beita skal lögum þessum einvörðungu um mál sem koma til meðferðar hjá stjórnvöldum eftir gildistöku laganna. Sé mál tekið upp að nýju eða ákvörðun kærð til æðra stjórnvalds eftir gildistöku laga þessara skal beita lögnum um þau mál upp frá því.

Ákvæðum 27. gr. um kærufrest skal aðeins beita um þau mál þar sem ákvörðun hefur verið tilkynnt eftir gildistöku laganna.

36. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Opið bréf frá 12. mars 1870 handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið fellur niður.
2. 3. másl. 2. mgr. 14. gr. áfengislaga, nr. 82 2. júlí 1969, fellur niður.
3. 25. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 94 20. maí 1976, fellur niður.
4. 2. másl. 2. mgr. 31. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977, fellur niður.
5. Í 1. mgr. 2. gr. þinglýsingalaga, nr. 39 10. maí 1978, falla niður orðin „ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða fyrrnefnda venslamenn hans verulega fjárhagslega“. Í þeirra stað kemur: ef hann er vanhæfur samkvæmt stjórnvísulögum.
6. 3. mgr. 8. gr. byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, fellur niður.
7. 4. mgr. 29. gr. og 3. másl. 1. mgr. 30. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81 3. ágúst 1988, falla niður.
8. 2. másl. 74. gr. barnalaga, nr. 20 22. maí 1992, fellur niður og í stað hans kemur: Sýslumaður getur ákveðið í úrskurði að kæra fresti réttaráhrifum hans.
9. Við 5. gr. laga um yfirséttanefnd, nr. 30 27. maí 1992, bætist svohljóðandi málsgrein: Kæra til yfirséttanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

nr. 38

4. maí 1993

LÖG

**um breyting á lögum um meðferð opinberra mála,
nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna falla brott orðin „falin eru“.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 28. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

1. Lögreglustjórum er heimilt að höfða opinber mál að fenginni almennri ákvörðun ríkissaksóknara enda liggi ekki þyngri viðurlög við broti en sektir, upptaka eigna, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Heimild þessi tekur einnig til málshöfðunar vegna brota:

- a. gegn lögum um ávana- og fíkniefni,
 - b. gegn áfengislögum,
 - c. gegn tollalögum,
 - d. gegn lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda,
 - e. gegn lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun,
 - f. gegn 219. gr. almennra hegningarlaga ef brot tengist umferðarlagabroti og 1. mgr. 259. gr. sömu laga að því er tekur til nytjastuldar á bifreið og öðrum vélknúnum farartækjum en skipi og flugfari.
3. mgr. 28. gr. laganna verður 2. mgr. og á undan henni kemur: 2.

3. gr.

Í 1. mgr. 85. gr. laganna fellur brott orðið „ákærandi“, en í stað þess kemur: sá sem rannsókn stýrir, svo og ríkissaksóknari.

4. gr.

Í 1. másl. 2. mgr. 115. gr. laganna falla brott orðin „hann hefur“, en í stað þeirra kemur: honum hefur verið falið.

5. gr.

2. másl. 1. mgr. 120. gr. laganna orðast svo: Jafnframt gefur hann svo fljótt sem verða má, og eigi síðar en þremur vikum eftir að hann fær í hendur ákæru, út fyrir kall á hendur ákærða sem greini stað og stund þingfestingar ásamt áskorun til hans um að sækja þing.

6. gr.

3. mgr. 120. gr. laganna orðast svo:

3. Við birtingu ákæru og fyrir kalls skal ákærði spurður hvort hann óski eftir verjanda og þá hverjum ef því er að skipta. Skal afstöðu ákærða getið í vottorði um birtinguna. Ákærði getur þó frestað að taka ákvörðun um verjanda þar til málið er þingfest.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ný grein, 173. gr. b laganna, orðast svo:

Hver, sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti gegn 173. gr. a, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.***LÖG****um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 64/1958,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. másl. 3. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum og greiðist hún af eigendum hinna útfluttu hrossa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Blöndal.

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1993

7. maí 1993

189

Nr. 41

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, frá 7. maí 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

7. maí 1993

Nr. 42

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 7. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

L Ö G

um viðskiptabanka og sparisjóði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar, viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar, og sparisjóði.

2. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einungis heimilt, nema annað leiði af lögum, að stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laga þessara.

3. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki“ eða „sparisjóður“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum, sbr. þó 5. mgr. 83. gr.

Viðskiptabanki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

II. KAFLI

Stofnun, starfsleyfi o.fl.

4. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning hlutafélagsbanka í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi. Ráðherra getur bundið starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs því skilyrði að hefjist starfsemi hlutaðeigandi stofnunar ekki innan tiltekins tíma eftir veitingu leyfisins falli það úr gildi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir hlutafélagsbanka eða sparisjóðs. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig og aðrar upplýsingar og gögn sem viðskiptaráðherra ákveður.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi viðskiptabanka og sparisjóða í Lögbirtingablaði.

5. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjóðs, sbr. þó 8. gr.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

6. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður verður ekki stofnaður með lægra hlutfé eða stofnfé en 400 milljónum króna og skal hlutfé eða stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

Ráðherra er heimilt að víkja frá lágmarkskröfum 1. mgr. um fjárhæð stofnfjár í sparisjóði að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og Tryggingarsjóðs sparisjóða. Þó skal stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð en 80 milljónum króna og vera bundið gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Viðskiptabanka eða sparisjóði er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutfé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé. Allt hlutfé hlutafélagsbanka skal vera greitt áður en bankinn er skráður í hlutafélagaskrá. Ekki skal skrá hækkun hlutafjár fyrr en hlutafjárauki er að fullu greiddur.

7. gr.

Starfandi viðskiptabönkum eða sparisjóðum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutfé eða stofnfé sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutadeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

A. Ríkisviðskiptabankar.

8. gr.

Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Þeir verða einungis stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík nema annað leiði af lögum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 75. gr. laga þessara.

Nánar skal kveðið á um starfsemi ríkisviðskiptabanka í reglugerð.

B. Hlutafélagsbankar.

9. gr.

Einungis hlutafélögum er heimilt að reka viðskiptabanka aðra en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutafélög gilda um hlutafélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

10. gr.

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutafélagsbanka, sbr. þó 99. gr. um Lánastofnun sparisjóðanna hf.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutafélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipa hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Peir hluthafar, sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka, skulu fyrir fram tilkynna bankaeftirlitinu þar um. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar. Einnig skal hlutaðeigandi tilkynna bankaeftirlitinu ef hann hyggst auka við hlutafjáreign sína það mikið að hlutur hans í hlutafélagsbanka eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að hlutafélagsbanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 3. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs hlutaðeigandi stofnunar. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 3. mgr. berst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hrint í framkvæmd, enda hafi henni ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á 10% eða meira af hlutafé í hlutafélagsbanka, draga úr hlutafjáreign sinni skal hann tilkynna það bankaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi, sbr. 3. mgr., skal það einnig tilkynnt.

11. gr.

Þegar tilkynning hefur borist um kaup eða eigendaskipti hlutabréfa í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjáreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3., 4. eða 5. mgr. 10. gr. skal bankaráð eða bankastjórn tilkynna bankaeftirlitinu þar um án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal hlutafélagsbanki tilkynna bankaeftirlitinu um þá hluthafa sem eiga 10% eða meira af hlutafé bankans og hlutafjáreign hvers þeirra.

12. gr.

Fari aðili, sem á svo mikinn hlut í hlutafélagsbanka sem segir í 3. mgr. 10. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur ráðherra að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að eignarhlutum, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 3. mgr. 10. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi um að eignast hlut eða auka við hann skv. 4. og 5. mgr. 10. gr. fá þessir hlutir atkvæðisrétt að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve miklum hluta atkvæða mælt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

13. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga sjálfur eða taka að veði meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist stofnunin meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað fram-
sal, skal hún hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

14. gr.

Ákvæði 10.–12. gr. eiga einnig við um sparisjóði, eftir því sem við getur átt.

C. Sparisjóðir.

15. gr.

Stofnfjáreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur spari-
sjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi spari-
sjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum sparisjóðs verður því aðeins gild að hún hljóti
samþykki $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir
minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjáreigendur vera
búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.

16. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af
sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf
skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagn-
vart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreigenda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 18. gr. og 20.–21. gr. laga þessara og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreigenda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

17. gr.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram
stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram
það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 70. gr.

18. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Veðsetning stofnfjárlutar í sparisjóði er óheimil.

19. gr.

Sparisjóði er óheimilt að eiga sjálfur meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist sparisjóður meira af stofnfénu vegna ákvæða 20. og 21. gr. skal hann hafa selt stofnfjárhlut þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

20. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði þegar svo stendur á sem hér segir:

1. við andlát stofnfjáreiganda,
2. við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárlit fara fram milli hjóna og
3. við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hún lögð niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda.

21. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 18. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 20. gr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milli-göngu um sölu hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 19. gr.

Fari innlausn stofnfjárhlutar fram skal hlutur innlestur á nafnverði að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

22. gr.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárhluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbættri ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

23. gr.

Frá ársbyrjun 1993 er sparisjóðum heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

1. verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1992 miðað við lánskjaravísitölu og
2. stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

III. KAFLI

Synjun umsókna um starfsleyfi.

24. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður, eftir því sem við á, ekki skilyrði 2. mgr. 4. um form umsóknar, 5. gr. um stofnendur, 6. gr. um stofnfé, 8. gr. um stofnun ríkisviðskiptabanka, 9. gr. um stofnun hlutafélagsbanka, 1.–3. mgr. 10. gr. um hluti í hluta-

félagsbanka, 2. mgr. 15. gr. um stofnun sparisjóðs og 38. gr. um stjórn viðskiptabanka eða sparisjóðs skal umsókn um starfsleyfi synjað.

25. gr.

Ráðherra er heimilt að synja umsókn um starfsleyfi, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, sé eignarhlutur hluthafa í hlutafélagsbanka eða stofnfjáreiganda í sparisjóði skv. 10. gr. talinn ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar.

26. gr.

Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega, að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra. Ákvörðun ráðherra skal þó ávallt liggja fyrir innan sex mánaða.

IV. KAFLI

Stjórn.

A. Ríkisviðskiptabankar.

27. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt hefur verið kjörið.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

28. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka.

29. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um stöður bankastjóra með hæfilegum fyrirvara.

B. Hlutafélagsbankar.

30. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða.

31. gr.

Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjörið af hluthöfum á aðalfundi.

C. Sparisjóðir.

32. gr.

Fundur stofnfjáreigenda fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðs samkvæmt því sem lög og samþykktir sparisjóðsins ákveða. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda.

Aðalfund skal halda samkvæmt ákvæðum samþykktu, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs.

Aukafund skal halda ef stofnfjáreigendur, sem fara með minnst $\frac{1}{3}$ hluta stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Aukafund skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

33. gr.

Fundir stofnfjáreigenda skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykktir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Stofnfjáreigenda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á framangreindum fundum nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 35. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver stofnfjáreigandi á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á fundum stofnfjáreigenda sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

34. gr.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

1. skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
2. staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 59. gr.,
3. kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 36. gr., og endurskoðanda, sbr. 60. gr.,
4. þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun endurskoðanda, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,
5. breytingar á samþykktum sparisjóðs og
6. önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

35. gr.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 97. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 19. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

36. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjäreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Séu sveitarstjórnir einu stofnfjäreigendurnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Nú eru stofnfjäreigendur í sparisjóði fleiri en 150 og er þá heimilt að ákveða í samþykktum sparisjóðs að aðalfundur kjósi fulltrúaráð skipað að minnsta kosti 21 fulltrúa. Fulltrúaráð skal kosið til þriggja ára og þriðjungur árlega nema í fyrsta skipti. Fulltrúaráð kys stjórn sparisjóðsins samkvæmt reglum 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Stjórnarmenn, sem eru ekki kosnir af stofnfjäreigendum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

37. gr.

Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákveða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstöku fulltrúaráði.

Fulltrúaráð skal þannig skipað:

1. að $\frac{3}{5}$ hlutum af stofnfjäreigendum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,
2. að $\frac{2}{5}$ hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákveða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, þriggja til fimm manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar skv. 36. gr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á fundi stofnfjäreigenda.

D. Sameiginleg ákvæði.

38. gr.

Bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð og aldrei hafa verið sviptir forræði yfir búi sínu.

Auk þess að fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal menntun eða starfsreynsla og starfsferill bankastjóra og sparisjóðsstjóra vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs skulu einnig uppfylla skilyrði 1. mgr. Ríkisborgarar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að eiga sæti í bankaráði eða stjórn sparisjóðs.

39. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða samþykktir. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri hlutaðeigandi stofnunar.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, ákveða laun og ráðningarkjör þeirra og verkaskiptingu samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem gildir í ákveðinn tíma,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar, sbr. 7. mgr. 62. gr.,
3. að staðfesta ráðningu staðgengla bankastjóra eða sparisjóðsstjóra samkvæmt tillögum bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra,
4. að staðfesta tillögur bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar,
5. að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðsstjóra,
6. að setja að fenginni tillögu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila sem hafa slík áhrif,
7. að ákveða hvaða starfsmenn, auk bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, hafa heimild til að skuldbinda hlutaðeigandi stofnun og setja reglur þar um,
8. að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu viðskiptabanka eða sparisjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað,
9. að taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða ríkisviðskiptabanka eða leggja tillögur um þessi atriði fyrir hluthafafund eða aðalfund hlutafélagsbanka eða aðalfund sparisjóðs,
10. að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú,
11. að taka ákvörðun um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum stofnunarinnar,
12. að ákveða kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum eða stofnunum sem viðskiptabanki eða sparisjóður á aðild að og
13. að taka ákvörðun um samruna hlutaðeigandi stofnunar við aðra viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 72. og 74. gr.

Áður en ákvörðun er tekin skv. 7.–13. tölul. 1. mgr. skal leitað tillagna bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn fjalla einnig um önnur mál sem þau skulu annast samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum hlutaðeigandi stofnana, svo og þau mál sem bankastjórar og sparisjóðsstjórar leggja fyrir bankaráð eða sparisjóðsstjórn.

40. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerðum eða samþykktum. Bankaráðsfundi og stjórnarfundi sparisjóðs skal ætíð halda ef einn eða fleiri bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs óska þess eða telji banka- eða sparisjóðsstjórar þess þörf. Bankastjórar og sparisjóðsstjórar sitja bankaráðsfundi eða stjórnarfundi sparisjóðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð eða sparisjóðsstjórn ákveði annað.

Fundir eru lögmætir ef meiri hluti bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs er á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Um það sem gerist á bankaráðsfundum og stjórnarfundum sparisjóðs skal haldin gerðabók og fundargerðir staðfestar á þann hátt sem bankaráð eða stjórn sparisjóðs ákveður.

Bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra, endurskoðendur og aðrir starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart hlutaðeigandi stofnun.

41. gr.

Bankastjórar og sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Þeim ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar.

42. gr.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan viðskiptabanka eða sparisjóðs eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að.

Um heimildir annarra starfsmanna skv. 1. mgr. fer samkvæmt reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setja að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

43. gr.

Bankaráðsmenn, stjórnarmenn sparisjóðs, bankastjórar og sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eða sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

V. KAFLI

Starfsemi.

44. gr.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfavíðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
 - a. neytendalán,
 - b. langtímaveðlán,
 - c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
 - d. viðskiptalán.
3. Fjármögnunarleiga.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla).

6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
 - a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
 - b. erlenda gjaldeyri,
 - c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
 - d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
 - e. verðbréf.
8. Þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Varsla og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánstraust (láns hæfni).
14. Útleiga geymsluhóla.

Um verðbréfavíðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda váttryggingarstarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðsstarfsemi. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

45. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef það er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaeftirlitinu.

46. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir mega ekki eiga eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en þá sem getið er í 44. gr. og nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skulu vera innan þeirra marka sem getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

Samtala virkra eignarhluta, sbr. skilgreiningu skv. 3. mgr. 10. gr., má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta, sem viðskipta-

banki eða sparisjóður hefur eignast, má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eigin fé þeirra. Eignarhlutir sem dregnir skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu með viðskiptabanka eða sparisjóði, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. másl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtæki skv. 45. gr. skal ekki tekinn með við útreikning skv. 1. mgr. og 2. másl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóða fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð, sem umfram er, dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu gefa bankaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum sem þeir hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 18. gr.

Veiti viðskiptabanki eða sparisjóður lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár eða stofnfjár hlutaðeigandi stofnunar skulu settar óumdeildar tryggingar fyrir lánnum sem eru umfram framangreint hlutfall.

47. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að veita bankastjórum eða sparisjóðsstjórum lán eða ganga í ábyrgðir fyrir þá nema fyrirgreiðsla til þeirra sé samþykkt af bankaráði eða sparisjóðsstjórn, bókuð í gerðabók og sé á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að vera ábyrgðarmenn gagnvart hlutaðeigandi stofnun. Ákvæði þessarar greinar gildir einnig um maka þeirra.

Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð eftir reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

48. gr.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Sömu upplýsinga skal einnig aflað við stofnun annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnunar og viðskiptamanna hennar, eftir því sem unnt er.

49. gr.

Glatist innláns skilríki eða viðtökuskírteini er viðskiptabanki eða sparisjóður hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur bankaráð eða sparisjóðsstjórn stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt innláns skilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal viðskiptabanki eða sparisjóður þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innláns skilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi stofnun, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

50. gr.

Innlánsskilyrki viðskiptabanka eða sparisjóða, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni þeirra, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við um aðrar stofnanir eða sjóði sem lög þessi taka til.

51. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður má ekki eiga fasteignir eða hluti í félögum um fasteignir fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 20% af eigin fé. Fasteignir sem viðskiptabanki eða sparisjóður notar vegna starfseminnar og fasteignir, sem hlutaðeigandi stofnun hefur yfirtekið til lúkningar kröfu skv. 1. mgr. 45. gr., reiknast þó ekki með.

52. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabönkum og sparisjóðum óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Sparisjóðum er þó heimilt að fela Lánastofnun sparisjóðanna eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr., að leggja fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

VI. KAFLI

Um laust fé og eigið fé.

53. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi stofnana fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum eða Lánastofnun sparisjóðanna, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir.

54. gr.

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 8% af áhættugrunni, þ.e. heildareignum hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs og liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af tveimur þáttum, eiginfjárfætti A og eiginfjárfætti B og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eiginfjárfáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.

Eiginfjárfáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutfé eða stofnfé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutfjár eða stofnfjár og óráðstafað eigið fé að frádrögnum tapi ársins.
3. Sá hluti afskriftareiknings sem endurspeglar ekki rýrnun á verðmæti útlána, þó að hámarki 1,25% af áhættugrunni, og er umfram almenn og sérstök tillög í reikninginn.
4. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum.
5. Frá eiginfjárfætti A skal draga eigin hlutabréf eða stofnfjárlhuti, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárfáttur B telst vera:

Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skulda-
viðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri
en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans
fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða spari-
sjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskipta-
banka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir
hvert ár sem líður af þessum fimm árum nema um sé að ræða lán sem greiðist niður með
jöfnum afborgunum á tímabilinu. Heildarfjárhæð víkjandi lána má hæst nema 50% af
eiginfjárfætti A.

55. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 54. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi
lánnum viðskiptabanka eða sparisjóða hjá öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem
talin er upp í 44. gr. í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul., sbr. þó 2. mgr.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi viðskiptabanka eða spari-
sjóðs nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá
sömu félögum. Eignarhlutur sparisjóðs í Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi
sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr., er undanskilinn.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið
vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóðs nema allt
að 10% af hlutafé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur sparisjóðs í Lánastofnun
sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr. Frádrátturinn tak-
markast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af
eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 54. gr.
fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá öðrum félögum, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í sam-
stæðureikningi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs, dragast ekki frá eigin fé hlut-
aðeigandi stofnunar.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá dótturfélögum, sem reka váttryggingarstarfsemi skv.
3. mgr. 44. gr. eða starfsemi skv. 4. mgr. sömu greinar, dragast frá eigin fé við útreikn-
ing á eiginfjárlutfalli skv. 2. mgr. 54. gr.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem
greinir í 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða að aðrir efnahagsliðir en greindir eru í 3. og 4. mgr.
54. gr. skuli teljast með eigin fé að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

Ákvæði þessarar greinar og 54. gr. skulu einnig gilda fyrir Lánastofnun sparisjóðanna
eða félag það sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.

VII. KAFLI

Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningsskil.

56. gr.

Bankaráð og bankastjórar eða sparisjóðsstjórn og sparisjóðsstjórar skulu semja árs-
reikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár viðskiptabanka og sparisjóða er almanaksárið.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar skulu undirrituð af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórum eða sparisjóðsstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbáruð fram að færa gegn ársreikningi skal viðkomandi undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í skýrslu stjórnar hvers eðlis fyrirvarinn er.

57. gr.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reiknings-skilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Bankaefirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árs hlutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða.

Almennar leiðbeinandi reglur um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.

58. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi stofnunar og afkomu hennar á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun stofnunarinnar og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hennar.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, bankaráðs, bankastjóra, sparisjóðsstjórnar, sparisjóðsstjóra og annarra í þjónustu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs. Sé um ágóðahlut að að ræða til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar og bankastjóra eða sparisjóðsstjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjáreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn skulu í skýrslu stjórnar gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi stofnana eða jöfnun taps.

59. gr.

Hagnaði sparisjóðs skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, að greiða stofnfjáreigendum arð af stofnfé. Tryggingarsjóður sparisjóða ákveður árlega hámarks hlutfall arðgreiðslu. Óheimilt er að flytja arðgreiðsluheimild milli ára.
2. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. tölul., skal leggja í varasjóð.

60. gr.

Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoð-

aður af Ríkisendurskoðun og löggiltum endurskoðanda sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Endurskoðandi skv. 1. málsl. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi viðskiptabanka eða sparisjóðs til eins árs í senn.

Kjósa skal endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum viðskiptabanka og sparisjóðs. Jafnframt skulu bankaráð eða sparisjóðsstjórn og starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

61. gr.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

62. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykpta og góða reikningsskilavenju.

Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi vill koma á framfæri við bankaráð og sparisjóðsstjórn eða bankastjóra og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæfilegan frest til þess að svara.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit þeirra, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar skal endurskoðandi gera stjórn hennar viðvart og bankaeftirlitinu og stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða þegar um sparisjóð er að ræða hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur stofnunarinnar hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

Endurskoðandi hefur rétt til að sitja bankaráðsfundi og stjórnarfundum sparisjóðs þar sem fjallað er um ársreikning. Einnig hefur hann rétt til að sitja aðalfundi viðskiptabanka og sparisjóðs.

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Banka- eftirlitið getur veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun slíkrar endurskoðunardeildar.

Bankaefirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggja fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun skulu liggja fyrir á aðgengilegan hátt.

63. gr.

Bankaefirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaefirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

64. gr.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur viðskiptabanka eða sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaefirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur bankaefirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur viðskiptabanka og sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá staðfestingu ráðherra þegar um ríkisviðskiptabanka er að ræða eða samþykkt aðalfundar þegar um aðra viðskiptabanka eða sparisjóði er að ræða.

65. gr.

Bankaefirlitið setur reglur um:

1. mánaðarleg efnahagsyfirlit,
2. árshlutauppgjör á eiginfjárhlutfalli, sbr. 54. gr.,
3. árshlutarekstraruppgjör og efnahagsuppgjör og
4. lausafjáruppgjör, sbr. 53. gr.

Árshlutauppgjör, sem viðskiptabankar og sparisjóðir birta opinberlega, skulu vera á samræmdu formi sem bankaefirlitið ákveður.

Bankaefirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

66. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður, sem er móðurfyrirtæki, myndar ásamt dótturfyrirtæki samstaðu.

Viðskiptabanki eða sparisjóður telst vera móðurfyrirtæki þegar hlutaðeigandi stofnun:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykta fyrirtækisins eða sammings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli sammings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við móðurfyrirtæki sem lýst er í 2. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfélögum þess.

Bankaefirlitið setur nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila.

Ákvæði 46. gr. um eignarhluti o.fl., 51. gr. um fasteignir og 53.–55. gr. um lánveitingar, ábyrgðir og laust fé og eigið fé skulu einnig gilda þegar um samstæðu er að ræða. Bankaráð, sparisjóðsstjórn, bankastjórar og sparisjóðsstjórar móðurfyrirtækisins skulu sjá um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ákvæði 56.–58. gr. um ársreikning og skýrslu stjórnar, 1. og 4. mgr. 60. gr. um endurskoðun ársreikninga, 1. mgr. 61. gr. og 62. gr. um endurskoðendur, 1. og 2. mgr. 64. gr. um ársreikninga og 2. mgr. 92. gr. um eftirlitsskyldu bankaefirlitsins gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðuna og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar. Ákvæði 3. mgr. 64. gr. um skil á ársreikningi til bankaefirlitsins og 65. gr. um hvernig standa skuli að upplýsingaskyldu viðskiptabanka og sparisjóða gilda einnig fyrir samstæðuna.

Bankaefirlitið getur ákveðið að ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða viðskiptabanka eða sparisjóð sem einn og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum reglum.

Ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gilda ekki um fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis. Bankaefirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Bankaefirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 7. og 8. mgr. þessarar greinar.

VIII. KAFLI

Slit viðskiptabanka og sparisjóða.

67. gr.

Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn eða bankastjórar eða sparisjóðsstjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé hennar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaefirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur hennar hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Er bankaefirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 54. gr. skal bankaráð eða sparisjóðsstjórn án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjäreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan bankaefirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaefirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar ásamt umsögn sinni. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur einnig til ríkisviðskiptabanka eftir því sem við getur átt. Í slíkum tilvikum skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 54. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framleggja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar. Ráðherra er heimilt að stytta áður

ákveðinn frest eða fella hann niður ef honum þykir sýnt að viðleitni viðskiptabankans eða sparisjóðsins til úrbóta muni ekki bera árangur.

68. gr.

Bú viðskiptabanka eða sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber viðskiptabanka eða sparisjóði í eftirtöldum tilvikum:

1. ef ráðherra synjar viðskiptabanka eða sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 67. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að stofnuninni hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 54. gr.,
2. ef skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi stofnunar,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjäreigenda ákveður að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á sama hátt og skv. 2. mgr. 67. gr. og afhenda það honum ásamt álitserð sinni um hvort eignir viðskiptabankans eða sparisjóðsins hrökkvi fyrir skuldum.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjäreigenda sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjäreigenda.

69. gr.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 1. tölul. 2. mgr. 68. gr. eða þegar fram kemur af álitserð bankaeftirlitsins, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir viðskiptabanka eða sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda stofnunarinnar skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi stofnunar kröfu um að bú hennar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 68. gr. og bankaeftirlitið telur sýnt að eignir hlutaðeigandi stofnunar hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi stofnunarinnar kröfu um að bú hennar verði tekið til skipta til slíta á viðskiptabankanum eða sparisjóðnum.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 68. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

70. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 69. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 67. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa ráðherra skv. 1. eða 2. mgr. 69. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykktu sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 17. gr.

71. gr.

Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal ráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mót mælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

IX. KAFLI

Samruni.

72. gr.

Samruni viðskiptabanka eða sparisjóða er því aðeins heimill að ákvörðum þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda að fengnu samþykki ráðherra og umsögn bankaeftirlitsins. Um samruna hlutafélagabanka gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Við samruna viðskiptabanka eða sparisjóða við einstaka rekstrarhluta annarra stofnana skal fara að hætti 1. mgr.

Við samruna skv. 1. og 2. mgr. tekur hin sameinaða stofnun við allri starfsemi, réttindum og skyldum hlutaðeigandi stofnana.

Viðskiptabanka eða sparisjóði, sem er slitið vegna samruna skv. 1. mgr., er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna viðskiptabanka eða sparisjóða er undanþegin stimpilgjöldum.

Auglýsa skal samruna viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi stofnana, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngerá þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

73. gr.

Við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. ekki verið náð.

74. gr.

Samruni ríkisviðskiptabanka við annan viðskiptabanka eða sparisjóð er aðeins heimill að fengnu leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda ákvæði 72. gr. um slíkan samruna eftir því sem við getur átt.

X. KAFLI

Tryggingarsjóðir viðskiptabanka og sparisjóða.

A. Viðskiptabankar.

75. gr.

Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins með sérstakan fjárhag. Hann starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar.

Hlutverk Tryggingarsjóðs er tvíþætt:

1. Að tryggja full skil á innlánsfé þegar skipti á búi viðskiptabanka ber að skv. 1. mgr. 69. gr. að því leyti sem eignir innstæðudeildar sjóðsins hrökkva til.
2. Að veita viðskiptabanka víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku og með samþykki ráðherra. Áður en stjórn sjóðsins veitir víkjandi lán úr lánadeild skal leitað samþykkis ráðherra.

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánum viðskiptamanna bankanna á innlánsreikningum. Í þessu skyni skal hver banki greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til deildarinnar er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánum samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stjórn Tryggingarsjóðs skal skipuð sex mönnum til þriggja ára í senn og jafnmörgum til vara. Þrír stjórnarmanna skulu skipaðir af ráðherra samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra viðskiptabanka, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður stjórnar.

Ráðherra setur nánari ákvæði um Tryggingarsjóð í reglugerð, svo sem um verksvið stjórnar, ávöxtun á eignum sjóðsins og tilhögun greiðslna úr innstæðudeild er tryggi eigendum innlánsfjár sem skjótasta endurgreiðslu innlána þegar úrskurður um upphaf skipta meðferðar banka er fallinn.

B. Sparisjóðir.

76. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að.

Meginhlutverk Tryggingarsjóðs er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðs, sbr. VIII. og IX. kafla laga þessara. Stjórn Tryggingarsjóðs getur eftir atvikum ákveðið að tryggja skil á öðrum skuldbindingum sparisjóðs. Í þessu skyni er stjórn Tryggingarsjóðs heimilt:

1. að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs,
2. að ganga í ábyrgð fyrir sparisjóð,
3. að bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og
4. að veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn Tryggingarsjóðs ákveður í samræmi við lög þessi og samþykktir sjóðsins.

Stjórn Tryggingarsjóðs getur sett tiltekin skilyrði fyrir aðstoð sem sparisjóði er veitt samkvæmt heimildarákvæðum þessum.

77. gr.

Hver sparisjóður skal eigi síðar en 1. mars ár hvert greiða framlag til Tryggingarsjóðs er nemi allt að 0,15% af heildarinnlánsfé sparisjóðsins um næstu áramót á undan. Aðal-

fundur ákveður hlutfallið en það skal vera hið sama fyrir alla sparisjóðina. Stefnt skal að því að heildareign Tryggingarsjóðs nái a.m.k. 1% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna á innlánsreikningum. Þegar því hlutfalli er náð og ábyrgðir skv. 2. mgr. eru fallnar niður er aðal- eða aukafundi heimilt að ákveða að greiðslum til Tryggingarsjóðs verði hætt. Verði ráðstöfunarfé minna en 1% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna skulu greiðslur teknar upp að nýju samkvæmt nánari ákvörðun aðal- eða aukafundar.

Þar til heildareign Tryggingarsjóðs hefur náð lágmarki skv. 3. mgr. 75. gr. skal hver sparisjóður ganga í ábyrgð fyrir Tryggingarsjóð með upphæð er nema skal 0,4% af heildarinnlánsfé sjóðsins á hverjum tíma. Þessi ábyrgð lækkar hlutfallslega eftir að eigið fé Tryggingarsjóðs hefur náð 0,6% af heildarinnlánsfé sparisjóðanna. Sparisjóðirnir skulu leggja fram formlegar tryggingar fyrir ábyrgð sinni eftir nánari ákvörðun stjórnar Tryggingarsjóðs.

Tryggingarsjóði sparisjóða er heimilt að taka lán með samþykki ráðherra í því skyni að veita sparisjóði víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu hans.

78. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs.

Hver sparisjóður fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfall innborgaðs ársframlags hans af heildarársframlögum í sjóðinn síðasta reikningsár fyrir aðalfund. Enginn sparisjóður má þó fara með meira en $\frac{1}{10}$ hluta heildaratkvæðamagns í Tryggingarsjóðnum.

Aðalfundur staðfestir ársreikning sjóðsins.

Um boðun og lögmati aðalfundar fer skv. 1. mgr. 33. gr. laga þessara.

79. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs fer með málefni hans milli aðalfunda. Stjórnin skal skipuð fimm mönnum. Fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Forstöðumaður bankaeftirlitsins eða varamaður hans á fast sæti í stjórn Tryggingarsjóðs. Stjórn Tryggingarsjóðs kýs sér formann og skiptir með sér verkum.

80. gr.

Stjórn Tryggingarsjóðs hefur heimild til að rannsaka eða láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs, þar með talda framkvæmd endurskoðunar. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá sparisjóði.

Stjórn og starfsmenn Tryggingarsjóðs eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

81. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

82. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og greiðslu aðstöðugjalds samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

XI. KAFLI

Um starfsemi erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi.

83. gr.

Erlendir viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimiluð slík þjónusta í heimaríki hennar.

Bankaeftirlitið aflar upplýsinga hjá eftirlitsaðila í heimaríki erlends viðskiptabanka eða sparisjóðs um:

1. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulag og fyrirhugaða starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríkinu,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda útibúsins,
5. upphæð eigin fjár og eiginfjárhlutfall viðskiptabankans eða sparisjóðsins og
6. upplýsingar um tryggingar í heimaríkinu á innlánnum í útibúinu sé um þær að ræða.

Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 1.–4. og 6. tölul. í 2. mgr. skal hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður tilkynna þær bankaeftirlitinu eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

Viðskiptabanki og sparisjóður skv. 1. mgr. geta notað sama heiti og notað er í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Sé hætt á að villst verði á nöfnum erlendra og innlendra viðskiptabanka eða sparisjóða sem starfa hér á landi getur bankaeftirlitið farið fram á að nöfn hinna fyrrnefndu verði auðkennd sérstaklega.

84. gr.

Erlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa hlotið starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, er heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Framangreindum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 44. gr. laga þessara, enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

85. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um þá starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem um getur í 1. mgr. 83. gr.

Um heimildir erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, annarra en um ræðir í 1. mgr. 83. gr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum sem viðskiptaráðherra setur að fengnum tilögum bankaeftirlitsins.

XII. KAFLI

Um starfsemi innlendra viðskiptabanka og sparisjóða erlendis.

86. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 4. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirlitinu ásamt eftirfarandi upplýsingum:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfangi útibúsins og
4. nöfnum stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur móttakið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda þær til eftirlitsaðila í gistiríkinu ásamt upplýsingum um eigið fé hlutaðeigandi stofnunar, gjaldfærni og tryggingar innlána. Tilkynning hér að lútandi skal einnig send viðkomandi stofnun. Bankaeftirlitið skal samtímis einnig senda hlutaðeigandi eftirlitsaðilum staðfestingu þess efnis að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi viðskiptabankans eða sparisjóðsins.

Bankaeftirlitið getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Tilkynna skal hlutaðeigandi stofnun svo fljótt sem auðið er um afstöðu bankaeftirlitsins og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu tilkynna bankaeftirlitinu og lögbærum eftirlitsaðila í því ríki þar sem þeir starfrækja útibú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

87. gr.

Óski viðskiptabanki eða sparisjóður að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að stofna þar útibú, skal tilkynna það bankaeftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá því að bankaeftirlitið hefur móttakið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það þessar upplýsingar til lögbærra eftirlitsaðila í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs heimili fyrirhugaða starfsemi.

88. gr.

Hyggist viðskiptabanki eða sparisjóður hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaeftirlitinu fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar þar að lútandi.

XIII. KAFLI

Afturköllun starfsleyfa.

89. gr.

Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóða að fengnum tilögum bankaeftirlitsins:

1. uppfylli hlutaðeigandi stofnanir ekki ákvæði 6. gr. um stofnfé, 7. gr. um eigið fé eða 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda eftir því sem við á,
2. hefji hlutaðeigandi stofnun ekki starfsemi innan þeirra tímamarka sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. 4. gr.,
3. brjóti hlutaðeigandi stofnun með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða
4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 4. mgr. 10. gr. um hæfi hluthafa eða 38. gr. um hæfi bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs og stjórnenda viðkomandi stofnana.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi stofnun veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.

90. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skilyrði 54. gr. um eigið fé skal ráðherra afturkalla starfsleyfi hlutaðeigandi stofnunar að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 4. mgr. 67. gr.

91. gr.

Afturköllun á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tilkynnt bankaráði eða sparisjóðsstjórn og rökstudd skriflega. Tilkynning um afturköllun skal birt í Lögbirtinga-
blaði og auglýst í fjölmiðlum. Starfræki hlutaðeigandi stofnun útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki um afturköllunina.

Komi til afturköllunar á starfsleyfi viðskiptabanka eða sparisjóðs skal hlutaðeigandi stofnun slitið.

XIV. KAFLI

Eftirlit.

92. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með að starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði þeirra, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara og laga um Seðlabanka Íslands.

Bankaeftirlitið skal rannsaka fjárhag viðskiptabanka og sparisjóða sem skulu veita allar þær upplýsingar sem eftirlitið telur nauðsynlegar. Í þeim mæli, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu viðskiptabanka eða sparisjóðs, hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsathugun hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

93. gr.

Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þarlendrar stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til bankaeftirlitsins.

94. gr.

Bankaeftirlitinu er heimilt að banna erlendum viðskiptabanka eða sparisjóði með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreiðnd brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

95. gr.

Bankaeftirlitið skal halda skrá yfir starfandi viðskiptabanka og sparisjóði og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar bankaeftirlitinu fyrir fram.

XV. KAFLI Ýmis ákvæði.

96. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

97. gr.

Ákvæði 1. mgr. 15. gr. um fjölda stofnfjáreigenda í sparisjóði og 2. mgr. 35. gr. um tilhögun atkvæðisréttar í sparisjóði taka hvorki til þeirra sparisjóða þar sem sveitarfélög og héraðsnefndir eru ein stofnfjáreigenda við gildistöku laga þessara né til samruna þeirra, sbr. 72. gr. Sé héraðsnefnd ein stofnfjáreigandi takmarkast atkvæðisréttur hvers aðila við 1/5 hluta af atkvæðamagni í sparisjóði.

98. gr.

Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

99. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hluti í banka sem stofnaður er af sparisjóðunum og ætlað er m.a. að taka við hlutverki Lánastofnunar sparisjóðanna, sbr. ákvæði til bráðabirgða III.

XVI. KAFLI Viðurlög.

100. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða varðhaldi liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

XVII. KAFLI Gildistaka o.fl.

101. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Jafnframt falla þá úr gildi eftirtalin lög:

1. lög nr. 86 frá 1985, um viðskiptabanka, með síðari breytingum,
2. lög nr. 87 frá 1985, um sparisjóði, með síðari breytingum,
3. lög nr. 1 frá 1900, um stofnun veðdeildar Landsbanka Íslands,
4. lög nr. 34 frá 1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum,
5. lög nr. 30 frá 1902, viðaukalög við lög nr. 1 frá 1900,
6. lög nr. 60 frá 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa,
7. lög nr. 122 frá 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa,

8. lög nr. 94 frá 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa,
9. lög nr. 55 frá 1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, og
10. lög nr. 73 frá 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Viðskiptabankar og sparisjóðir sem starfandi eru við gildistöku laga þessara skulu samræma samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ákvæði laga þessara, sem fjalla um stofnfjáreigendur í sparisjóði, taka einnig til ábyrgðaraðila eftir því sem við getur átt þar til fullnægt hefur verið ákvæðum 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Í starfandi sparisjóði, þar sem stofnfé hefur ekki verið lagt fram heldur einungis ábyrgðir, skal aðalfundur innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara ákveða að í stað ábyrgða komi stofnfé.

Leggi ábyrgðarmaður ekki fram stofnfé samkvæmt ákvæðum þessarar greinar fellur hann úr aðilahlópi.

Stofnfé, sem innborgað er skv. 1. mgr., má ekki nema lægri fjárhæð en samanlagðri upphæð ábyrgða í sparisjóði. Ábyrgðaraðilar eiga rétt til stofnfjárins í hlutfalli við ábyrgðarfjárhæð sína.

Inneign stofnfjáreigenda í séreignarsjóði stofnfjáreigenda í sparisjóði skal við gildistöku laga þessara færa til aukningar á stofnfé viðkomandi stofnfjáreigenda og skal hlutverki séreignarsjóðs þar með vera lokið.

II.

Fyrri Tryggingarsjóður sparisjóða, sbr. lög nr. 69/1941, skal, að fengnu samþykki hlutáðeigandi sparisjóðs, lagður til Tryggingarsjóðs sem aukaárgjald að lokinni jöfnun fram-laga miðað við heildarinnlánsfé sparisjóðs í árslok 1992. Miðað skal við að eftir jöfnun nemi aukaframlagið bókuðum innignum fyrri Tryggingarsjóðs 31. desember 1992.

III.

Heimilt er að starfrækja Lánastofnun sparisjóðanna hf. í allt að sex mánuði frá gildistöku laga þessara. Um starfsemi hennar á þeim tíma gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Lánastofnun sparisjóðanna hf. er hlutafélag að fullu í eigu sparisjóðanna og gilda um hana ákvæði laga um hlutafélög nema annað sé boðið í lögum þessum.
2. Lánastofnun sparisjóðanna hf. greiðir skatta og önnur gjöld samkvæmt sömu ákvæðum og gilda um innlánsstofnanir.
3. Meginhlutverk Lánastofnunar sparisjóðanna hf. er að annast starfsemi í þágu sameiginlegra hagsmuna sparisjóðanna. Í því skyni er stofnuninni heimilt að stunda starfsemi skv. V. kafla laga þessara. Stofnuninni er þó óheimilt að eiga innlánsviðskipti við almenning.
4. Lánastofnun sparisjóðanna hf. tekur við innlánnum frá sparisjóðum, Tryggingarsjóði sparisjóða og fyrirtækjum í eigu sparisjóðanna. Einnig aflar stofnunin sér starfsfjár með öðrum þeim hætti sem stjórn hennar ákveður og samrýmist fyrirmælum laga þessara.

5. Sala eða annað framsal hluta í Lánastofnun sparisjóðanna hf. er óheimilt nema til annars sparisjóðs. Veðsetning hluta er óheimil. Stjórn Lánastofnunar sparisjóðanna hf. er skylt að innleysa hlutafé sparisjóðs í eftirgreindum tilvikum:
- við slit sparisjóðs skv. VIII. kafla laga þessara eða samruna hans við annars konar innlánsstofnun,
 - við fjárnám skuldheimtumanna sparisjóðs í hlut hans í stofnuninni.
- Innlausnarverð hlutar skal miðast við reiknað verðgildi hlutarins samkvæmt síðasta ársreikningi að teknu tilliti til skattskuldbindinga sem kunna að hvíla á stofnuninni.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L.S)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

**um breyting á umferðarlögum,
nr. 50 30. mars 1987.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað liðarins „Öxulþungi“ í 2. gr. laganna kemur í rétttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:

Áspungi:

Þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ás ökutækis.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist: og þá sem teyma eða reka búfé.

3. gr.

a. Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, 5. gr. a, svohljóðandi:

Í þéttbýli má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um akstur vegna óhjákvæmilegrar þjónustu, sjúkraflutninga eða annarrar á móta óhjákvæmilegrar umferðar sem upp kemur.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Akstur utan vega.**

4. gr.

Í stað „Afrein“ í 4. mgr. 17. gr. laganna kemur: Frárein.

5. gr.

1. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim.

Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og

- a. ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
- b. aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
- c. umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
- d. umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr.

6. gr.

Í stað „hjólreiðamönnum og öikumönnum léttra bifhjóla“ í 6. mgr. 25. gr. laganna kemur: og hjólreiðamönnum.

7. gr.

32. gr. laganna breytist þannig:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Við akstur vélknúins ökutækis skulu lögboðin ljós eða önnur viðurkennd ökuljós jafnan vera tendruð.

- b. 2. mgr. orðast svo:

Við akstur ökutækis í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum og þegar birta er vegna veðurs eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, hvort heldur er til að ökumaður sjái nægilega vel fram á veginn eða til að aðrir vegfarendur sjái ökutækið, skulu lögboðin ljós vera tendruð. Ökutæki, sem eigi skal búið ljósum, skal þá auðkennt samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

- c. 6. mgr. orðast svo:

Í þoku, þéttri úrkomu eða skafrenningi má nota þokuljós í stað eða ásamt lágum ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

8. gr.

33. gr. laganna breytist þannig:

- a. Orðin „og afturljós“ í 1. másl. 3. mgr. falla niður.

- b. 2. másl. 3. mgr. fellur niður.

9. gr.

34. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á undan 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um akstursþróttir á sérstökum afmörkuðum svæðum utan vega. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um ökskrifteini og um lágmarksaldur ökumanns.

- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Akstursþróttir og aksturskeppni.**

10. gr.

38. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað „fólksbifreiðar“ í 1. mgr. kemur: hópbifreiðar.

- b. Í stað „30“ í 4. mgr. kemur: 50.

- c. 5. mgr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að ákveða megi sérstakan lægri hámarks-
hraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1.–4. mgr. þessarar greinar ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

11. gr.

47. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir „þessara laga“ í b-lið 1. mgr. kemur: eða reglna sem settar eru samkvæmt þeim.
- b. D-liður 1. mgr. orðast svo: hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit.

12. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þar á meðal um aldur, kennslu og próf, til að mega stjórna:

- a. vörubifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd,
- b. hópbifreið,
- c. bifreið sem dregur eftirvagn eða tengitæki sem gert er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd, þó ekki ef ökutækið, sem dregið er, er gert fyrir þá heildarþyngd og samantölgð leyfð heildarþyngd beggja ökutækjanna er innan við 3.500 kg og
- d. tilteknum bifhjólum.

Með sama hætti getur dómsmálaráðherra sett reglur um frekari skilyrði til að mega stjórna:

- a. bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni,
- b. bifreið sem flytur hættulegan farm og
- c. bifreið til fólks- eða vöruflutninga í alþjóðlegri umferð.

Í reglum þessum má ákveða að við tilteknar aðstæður þurfi eigi aukin réttindi til að stjórna ökutæki sem fellur undir a–c-liði 1. mgr.

Heimilt er að synja manni um réttindi til að mega stjórna bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

13. gr.

57. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað „þremur“ í 1. málsli. 4. mgr. kemur: sex; og í stað „ökuréttindum“ í sömu málsgrein kemur: ökurétti.
- b. Við 5. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Má þar ákveða að sá æfingaakstur fari fram án þess að löggiltur ökukennari sitji við hlið nemanda.
- c. Á eftir 5. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur án löggilts ökukennara, þar á meðal um lágmarkspjálfun nemanda, enda hafi leiðbeinandinn náð 24 ára aldri, hafi gild réttindi til að stjórna þeim flokki ökutækja og hafi a.m.k. fimm ára reynslu af að aka þannig ökutæki. Ákvæði 1.–5. mgr. eiga við um akstur þennan eftir því sem við á.

14. gr.

59. gr. laganna breytist þannig:

- a. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ökutæki skal svo gert og því haldið í þannig ástandi að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

- b. Í stað „lagi“ í 1. málsli. 2. mgr. (verður 3. mgr.) kemur: ástandi.

15. gr.

63. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað „sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: bifreiðar eða dráttarvélar sem gerður er fyrir a.m.k. 750 kg heildarþyngd.
- b. Á eftir 2. másl. 1. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Eigi þarf þó að skrá eftirvagn bifreiðar á beltum eða dráttarvélar sem nær eingöngu er notaður utan opinberra vega.
- c. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Dómsmálaráðherra getur og ákveðið að eigi þurfi að skrá önnur skráningarskyld ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega.

16. gr.

Fyrirsögn á undan 65. gr. laganna fellur niður.

17. gr.

65. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að Bifreiðaskoðun Íslands hf.

18. gr.

67. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðun skráningarskyldra ökutækja, þar á meðal um það hverjir annist skoðun þeirra, hve oft, hvar og hvenær almenn skoðun skuli fara fram og að öðru leyti um framkvæmd hennar.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir skoðun ökutækja.

19. gr.

Orðin „eða bifreiðaeftirliti“ í 2. mgr. 68. gr. laganna falla brott.

20. gr.

71. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem notar sæti bifreiðar sem búíð er öryggisbelti, skal nota beltíð þegar bifreiðin er á ferð.

Barn yngra en 6 ára skal í stað öryggisbeltis eða ásamt með öryggisbelti nota barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal barnið nota öryggisbelti ef það er unnt.

Eigi er skylt að nota öryggis- og verndarbúnað þegar ekið er aftur á bak eða við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur er undanþiggja tiltekna einstaklinga skyldu til að nota öryggis- og verndarbúnað. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um undanþágu frá skyldu til að nota slíkan búnað við sérstakan akstur.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað í samræmi við 1.–4. mgr.

21. gr.

72. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð, skal nota hlífðarhjál. Sama er um þann sem er á hliðarvagni bifhjóls eða eftirvagni torfærutækis.

Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjál.

Eigi er skylt að nota hlífðarhjálms við akstur á bifreiðastæði, við bensínstöð, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

22. gr.

Á eftir 72. gr. laganna kemur ný grein, 72. gr. a, er orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar.

23. gr.

76. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað „öxulpunga“ í 1. mgr. og tvisvar í 2. mgr. kemur: áspunga.
- b. Í stað „**Öxulpungi**“ í fyrirsögn á undan greininni kemur: **Áspungi**.

24. gr.

Á eftir „eigandi“ í 1. mgr. 90. gr. laganna kemur: (umráðamaður).

25. gr.

- a. 101. gr. laganna orðast svo:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns vélknúins ökutækis, varhugavert að hann stjórni vélknúnu ökutæki.

Svipting ökuréttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en einn mánuð, eða ævilangt ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting ökuréttar felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini.

- b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Svipting ökuréttar**.

26. gr.

102. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr. og skal hann þá sviptur ökurétti. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður má sleppa sviptingu ökuréttar vegna brota á ákvæðum 1., sbr. 2., mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr., og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en eitt ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. gr. og skal svipting ökuréttar þá vera eigi skemur en tvö ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1., sbr. 3., mgr. 45. gr. skal svipting þó eigi vera skemur en þrjú ár.

27. gr.

Í stað „ökuréttinda“ í 1. mgr. 103. gr. laganna kemur: ökuréttar; og í stað „ökuréttindum“ í sömu málsgrein kemur: ökurétti.

28. gr.

Í stað „ökuréttinda“ í 104. gr. laganna kemur: ökuréttar.

29. gr.

Í stað „ökuréttinda“ tvisvar í 105. gr. laganna kemur: ökuréttar; og í stað „réttindum“ í sömu grein kemur: rétti.

30. gr.

a. 1. mgr. 106. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur maður verið sviptur ökurétti um lengri tíma en þrjú ár og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í þrjú ár, heimilað að honum skuli veittur ökuréttur að nýju. Hafi maður verið sviptur ökurétti ævilangt má þó eigi veita ökurétt að nýju fyrr en svipting hefur staðið í fimm ár.

b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: **Endurveiting ökuréttar.**

31. gr.

112. gr. laganna, sbr. lög nr. 12/1992, breytist þannig:

a. Í stað orðanna „sviði, og“ í i-lið 1. mgr. kemur: sviði.

b. Á eftir orðinu „ökupróf“ í k-lið 1. mgr. kemur: og.

c. Á eftir k-lið 1. mgr. kemur nýr liður, l-liður, og orðast svo: að annast önnur verk-efni samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

d. Í stað orðsins „árlega“ í 3. mgr. kemur: a.m.k. annað hvert ár.

32. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða fellur niður.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Porsteinn Pálsson.

LÖG

um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags undir nafninu Íslensk endurtrygging hf. er taki við núverandi rekstri, eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Hlutfé hins nýja félags skal nema 338.353.200 kr. og fá eigendur áhættufjár í Íslenskri endurtryggingu 1 kr. að nafnverði í hlutfé í hinu nýja félagi fyrir hverja 1 kr. sem þeir eiga af áhættufé. Skipti á áhættufjárskírteinum og hlutabréfum hafa ekki í för með sér skattskyldu hjá eigendum þeirra og gilda ákvæði 56. og 57. gr laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, um skiptin eftir því sem við á.

Hlutfélagið tekur við eignum og skuldum Íslenskrar endurtryggingar á bókfærðu verði eins og þær voru 1. janúar 1993 og frá sama tíma tekur félagið við hvers konar skuldbindingum, réttindum og skyldum Íslenskrar endurtryggingar. Stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal vera bókfært verð þessara eigna 1. janúar 1993.

Mismunur hinna yfirteknu eigna og skulda skal vera eigið fé hlutfélagsins og skiptist það í hlutfé, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, og áhættusjóð sem yfirfærast óbreyttur, en það sem umfram verður leggst í varasjóð, sbr. 108 gr. laga nr. 32/1978, um hlutfélög.

3. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í hinu nýja hlutfélagi önnur en forgangsréttur að nýjum hlutum og skulu engar hömlur lagðar á meðferð hlutabréfa í félaginu.

4. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Tilgangur félagsins er að annast endurtryggingu fyrir íslensk og erlend váttryggingafélög.

Heimilt er að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Íslenskrar endurtryggingar skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutfélagi við yfirtökuna og skal þeim boðin sambærileg staða og þeir gegndu áður.

7. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning og stofnun hins nýja hlutfélags og fer með hlutabréf ríkisins í því við stofnun þess. Ráðherranum skal heimilt að fela stjórn Íslenskrar endurtryggingar að annast stofnun félagsins, undirritun stofnsamnings þess og samþykka og fara með stjórn þess til næsta aðalfundar þess. Félagið skal taka til starfa 15. júní 1993 og fyrsti aðalfundur þess skal haldinn eigi síðar en 30. júní 1993.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi 1.–14. gr. og 28. gr. laga nr. 43/1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o.fl., með síðari breytingum.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um heimild til þess að fullgilda Norðurlandasamning um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um almannatryggingar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 15. júní 1992 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur öðlast gildi, að því er Ísland varðar, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku samningsins falla úr gildi lög nr. 66/1981 og nr. 53/1956, sbr lög nr. 21/1962.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal.

NORÐURLANDASAMNINGUR UM ALMANNATRYGGINGAR

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar,

sem álíta að Norðurlandasamningurinn frá 1981 um félagslegt öryggi, sem kom í stað upprunalegs samnings frá 1955, hafi átt mikilvægan þátt í að tryggja norrænum ríkisborgurum, sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi, sama félagslegt öryggi og ríkisborgurum landsins,

sem gera sér ljóst að samkvæmt EES-samningnum verði það reglur þess samnings um almannatryggingar sem munu gilda um norræna ríkisborgara sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi,

sem álíta að þörf sé á norrænum reglum um almannatryggingar fyrir þá einstaklinga sem falla ekki undir reglur EES, þ.e. afmarkaðan hóp norrænna ríkisborgara og ríkisborgara frá þriðja landi,

sem álíta að jafnframt sé þörf á því að halda í gildi tilteknum norrænum reglum um almannatryggingar sem viðbót við reglur EES um almannatryggingar,

hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um almannatryggingar svohljóðandi:

I. HLUTI Almenn ákvæði.

1. gr.

Í samningi þessum merkja orðin:

- a. *norrænt land*
sérhvert samningsríkjanna,
- b. *norrænn ríkisborgari*
ríkisborgara norræns lands,
- c. *löggjöf*
lög, reglugerðir og aðrar stjórnvaldsákvæðanir um þær greinar félagslegs öryggis sem um ræðir í 1. mgr. 2. gr., þó ekki að því leyti sem í þeim felast reglur um samskipti eins norræns lands eða fleiri annars vegar og eins eða fleiri annarra landa hins vegar,
- d. *þar til bært stjórnvald*
í Danmörku:
 1. félagsmálaráðherra,
 2. atvinnumálaráðherra,
 3. heilbrigðismálaráðherra,
 í Finnlandi:
félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
á Íslandi:
 1. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
 2. félagsmálaráðherra,
 3. fjármálaráðherra,
 í Noregi:
 1. félagsmálaráðuneytið,
 2. atvinnu- og stjórnsýslumálaráðuneytið,
 3. barna- og fjölskyldumálaráðuneytið,
 í Svíþjóð:
ríkisstjórnina (félagsmálaráðuneytið)
eða það stjórnvald sem nefnd stjórnvöld kveða á um,
- e. *stofnun*
stjórnvald eða stofnun sem veitir bætur,
- f. *aðstoð*
annars vegar undanþágu frá greiðslu, eftirgjöf eða endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrahjálpar, þar með taldar tannlækningar, hjálp vegna meðgöngu og fæðingar, lyf, gervilimir og önnur stoðtæki, og hins vegar greiðslur vegna ferða sem farnar eru vegna slíkrar sjúkrahjálpar,
- g. *grunnlífeyrir*
almennan lífeyri sem ekki miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,
- h. *viðbótarlífeyrir*
almennan lífeyri sem miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

- i. *búseta*
að maður sé búsettur í landi samkvæmt þjóðskrá þess ef sérstakar ástæður leiða ekki til annars,
- j. *EES-samningurinn*
samninginn um Evrópskt efnahagssvæði frá 2. maí 1992,
- k. *EES-land*
land sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði nær til,
- l. *reglugerðin*
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn,
- m. *framkvæmdareglugerðin*
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja, með þeim breytingum og viðbótum sem fram koma í viðauka VI við EES-samninginn.

2. gr.

1. Samningur þessi tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem á hverjum tíma gildir um eftirtaldar greinar félagslegs öryggis:

- a. bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,
- b. bætur vegna örorku, elli eða dauða,
- c. bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,
- d. bætur vegna atvinnuleysis,
- e. almennar bætur í peningum til barna.

2. Þegar samningur þessi er samþykktur skal hvert Norðurlandanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf um þær greinar félagslegs öryggis sem getið er um í 1. mgr. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu þær breytingar á skránni sem verða vegna löggjafar sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

3. gr.

1. Samningurinn tekur til eftirfarandi einstaklinga svo framarlega sem þeir falla ekki undir reglugerðina:

- a. norrænna ríkisborgara,
- b. flóttamanna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna og bókun með þeim samningi frá 31. janúar 1967,
- c. ríkisfangslausra manna sem um ræðir í 1. gr. samnings frá 28. september 1954 um réttarstöðu ríkisfangslausra manna,
- d. annarra einstaklinga sem löggjöf norræns lands tekur eða hefur tekið til,
- e. einstaklinga sem rekja rétt sinn til einhvers þeirra einstaklinga sem nefndir eru í staflíðum a til d.

2. Að svo miklu leyti sem það leiðir af ákvæðum samningsins skal hann enn fremur gilda um einstaklinga sem reglugerðin tekur til.

4. gr.

Við framkvæmd löggjafar í norrænu landi njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa sama réttar og eigin borgarar landsins að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum 11.–13. gr.

5. gr.

Nú ber samkvæmt löggjöf norræns lands að lækka bætur ef þær lenda með öðrum bótum og skal þá einnig unnt að lækka bæturnar ef þær lenda með samsvarandi bótum sem greiddar eru samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

II. HLUTI

Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beita.

6. gr.

Sá sem búsettur er í norrænu landi fellur undir löggjöf búsetulandsins, að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessa hluta.

7. gr.

1. Ákvæði II. bálks reglugerðarinnar og III. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda á sama hátt um þá sem starfa í öðru norrænu landi en búsetulandinu eða sem starfa í tveim eða fleiri norrænum löndum eða um starfslið í ferðum hjá fyrirtæki sem annast flutninga í lofti eða á landi eða þá sem vinnuveitandi í einu norrænu landi sendir tíma-bundið til starfa í öðru norrænu landi.

2. Það skal einnig talið starf í norrænu landi þegar unnið er við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni þess lands eins og það er skilgreint í Genfarsamþykktinni frá 29. apríl 1958 um landgrunnið.

3. Ákvæði 2. mgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

8. gr.

Að því er varðar tiltekna hópa manna eða einstaklinga geta þar til bær stjórnvöld tveggja eða fleiri norrænna landa gert samning um undantekningar frá ákvæðum þessa hluta.

III. HLUTI

Sérstök ákvæði um bótarétt.**I. kafli.****Aðstoð og dagpeningar vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga.**

9. gr.

Ákvæði 1. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1. og 2. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gilda um einstaklinga sem flytjast frá einu norrænu landi til annars eða eru búsettir í norrænu landi og eiga þar rétt á aðstoð og við dvöl í öðru norrænu landi þarfnast sjúkrahjálpar, eða sem vinna í öðru norrænu landi en því sem þeir eiga búsetu í, og um aðstandendur þessara einstaklinga.

10. gr.

1. Nú er einstaklingur búsettur í norrænu landi og á rétt á aðstoð þar, en fær sjúkrahjálp meðan hann dvelur tímabundið í öðru norrænu landi og skal þá dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði við heimferð til búsetulandsins sem leiðir af því að viðkomandi vegna sjúkdómsins verður að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

2. Ákvæði 1. mgr. taka einnig til einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um einstakling sem fær leyfi til að fara til annars norræns lands til þess að fá þar þá meðferð sem nauðsynleg er vegna ástands hans.

2. kafli.**Bætur vegna örorku, elli og dauða.****Grunnlífeyrir.**

11. gr.

1. Ríkisborgari í norrænu landi á rétt á grunnlífeyri frá öðru norrænu landi hafi hann öðlast rétt til lífeyris í því land á grundvelli a.m.k. þriggja ára búsetu.

2. Tímabil, sem viðkomandi hefur fengið lífeyri fyrir frá öðru EES-landi, skal ekki telja með við ákvörðun um það hvort búsetuskilyrðum skv. 1. mgr. er fullnægt.

3. Skilyrði 1. mgr. telst ekki fullnægt með því að taka til greina búsetu- og tryggingatímabil í öðrum löndum. Ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar skal að öðru leyti beitt við útreikning á grunnlífeyri samkvæmt þessari grein gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

12. gr.

Meðan ríkisborgari norræns lands er búsettur í EES-landi á hann rétt til þess grunnlífeyris sem hann hefur áunnið sér rétt til í norrænu landi.

13. gr.

1. Sé fyrir hendi, við útreikning grunnlífeyris, réttur til þess að fá meðtalin framtíðar-búsetutímabil eftir lífeyrisatburð í fleiri en einu norrænu landi og skal þá í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta framtíðarbúsetutímabilsins. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegs búsetutíma sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegs búsetutíma í viðkomandi landi og samanlagðs raunverulegs búsetutíma í löndunum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

Viðbótarlífeyrir.

14. gr.

Þegar ákveðinn er réttur til viðbótarlífeyris skal beita ákvæðum 2., 3. og 8. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 1., 3. og 8. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar gagnvart löggjöf annarra norrænna landa.

15. gr.

1. Hafi skilyrðum fyrir því, að viðbótarlífeyrir sé einnig reiknaður út á grundvelli ætlaðra tryggingatímabila sem til hefðu komið hefði lífeyrisatburður ekki gerst, verið fullnægt í fleiri en einu norrænu landi skal við útreikning í hverju einstöku landi eingöngu taka tillit til hluta ætlaðra tryggingatímabila. Þennan hluta skal ákveða á grundvelli raunverulegra tryggingatímabila sem nota skal við lífeyrisútreikninginn út frá hlutfallinu milli raunverulegra tryggingatímabila í viðkomandi landi og samanlagðra raunverulegra tryggingatímabila í löndunum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

3. kafli.**Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.**

16. gr.

Við ákvörðun bótaréttar vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma og við útreikning þessara bóta skal beita ákvæðum 4. kafla III. bálks reglugerðarinnar og 4. kafla IV. bálks framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norrænna landa.

4. kafli.**Bætur vegna atvinnuleysis.**

17. gr.

1. Við samlagningu trygginga- eða starfstímabila, ákvörðun bótaréttar og útreikning bóta vegna atvinnuleysis skal beita ákvæðum 6. kafla III. bóls reglugerðarinnar og 6. kafla IV. bóls framkvæmdareglugerðarinnar í samskiptum norræna landa. Ákvæðum 69. og 70. gr. reglugerðarinnar skal þó ekki beitt eftir ákvæðum þessarar málsgreinar.

2. Skilyrði 3. mgr. 67. gr. reglugerðarinnar um trygginga- eða starfstímabil eiga ekki við um þá einstaklinga sem hafa annaðhvort starfað í þeim mæli að viðkomandi hafi fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis eða hafi tekið við atvinnuleysisbótum í því norræna landi þar sem kröfur um bætur eru settar fram. Starfið skal þó hafa verið leyst af hendi eða greiðslur vegna atvinnuleysis móttekna innan fimm ára frá þeim degi sem skráning vegna atvinnuleitar hjá opinberri atvinnumiðlun átti sér stað eða til vara frá félagaskráningu í viðkomandi atvinnuleysisstryggingasjóði.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um þá sem falla undir reglugerðina.

IV. HLUTI

Önnur ákvæði.

18. gr.

Þar til bær stjórnvöld skulu í samvinnu setja þær reglur sem þurfa þykir til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

19. gr.

Við framkvæmd samnings þessa skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af þar til bæru stjórnvaldi sem sérstakur tengiliður.

20. gr.

Ákvæðum 86. gr. reglugerðarinnar skal beitt að því er varðar erindi ýmiss konar, yfirlýsingar, kærur eða áfrýjanir sem berast stjórnvaldi í öðru norrænu landi en því sem þar til bært stjórnvald er í.

21. gr.

Ákvæðum 111. gr. framkvæmdareglugerðarinnar skal beitt milli norrænna landa við endurheimtu óréttmætra greiðslna og við endurkröfu á veittri aðstoð.

22. gr.

Samningur þessi veitir þeim sem ekki hafa búsetu í EES-landi ekki rétt til greiðslu grunnlífeyris. Samningurinn veitir heldur ekki rétt til þess að ávinna sér réttindi utan EES-landanna.

23. gr.

1. Nema um annað sé samið milli tveggja eða fleiri norrænna landa afsala þau sér skv. 36., 63. og 70. gr. reglugerðarinnar og 105. gr. framkvæmdareglugerðarinnar allri endurgreiðslu sín í milli vegna útgjalda við aðstoð vegna veikinda og barnsburðar og vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, vegna bóta til atvinnulausra sem leita atvinnu utan lögbærs lands og vegna útgjalda við eftirlit stjórnsýslu- og læknisfræðilegs eðlis.

2. Afsal endurgreiðslu nær ekki til aðstoðar við þann sem fær leyfi hjá þar til bærrí stofnun samkvæmt staflið c í 1. mgr. 22. gr. og staflið c í 1. mgr. 55. gr. reglugerðar-

innar til að ferðast til annars norræns lands og fá þar þá meðferð sem nauðsyn ber til vegna ástands hans.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda bæði um bætur til þeirra sem falla undir reglugerðina og bætur til þeirra sem falla undir samning þennan, en ekki reglugerðina.

24. gr.

1. Samningur þessi tekur ekki til bóta og iðgjalda vegna tímans fyrir gildistöku hans.
2. Við ákvörðun réttar til bóta samkvæmt samningi þessum skal einnig taka tillit til trygginga-, starfs- og búsetutímabila fyrir gildistöku samningsins.

25. gr.

Samningur þessi skal ekki hafa í för með sér lækkun bóta sem greiddar eru þegar hann tekur gildi.

26. gr.

1. Nú hefur einstaklingur áunnið sér rétt til grunnlífeyris frá norrænu landi vegna búsetu í landinu á tímabili fyrir gildistöku samnings þessa, en hefur á sama tíma áunnið sér rétt til viðbótarlífeyris í öðru norrænu landi, og skal þá reikna grunnlífeyri fyrir þennan tíma frá síðarnefnda landinu einu saman eins og hann hefði verið búsettur þar.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

27. gr.

1. Grunnlífeyri til handa norrænum ríkisborgara, sem greiddur hefur verið samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi eða samkvæmt lög-
gjöf eins eða fleiri norræna landa fram að gildistöku samnings þessa, skal endurreikna samkvæmt reglum reglugerðarinnar eða samningsins að beiðni hlutaðeiganda eða samkvæmt ákvörðun stjórnvalds þess er greiða á lífeyrinn.

2. Hafi hlutaðeigandi beiði um að lífeyririnn yrði endurreiknaður innan tveggja ára frá gildistöku samningsins skal greiða endurreiknaðan lífeyri frá og með gildistöku samningsins. Þetta á einnig við þegar lífeyrisstjórnvald innan sama frests hefur tilkynnt lífeyrisstjórnvaldi í öðru norrænu landi um ákvörðun sína um að endurreikna lífeyrinn.

3. Ákvarða skal lífeyrinn samkvæmt reglum þeim sem gilda frá því að samningurinn tekur gildi út frá aldri hlutaðeiganda og búsetutíma þegar lífeyrisatburðurinn gerðist.

4. Sé samanlagður grunnlífeyrir lægri eftir endurreikning skv. 1. mgr. en grunnlífeyrir sá, sem hlutaðeigandi ætti rétt á frá sama tíma samkvæmt reglum Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, skal greiða viðbót við lífeyrinn sem svarar til mismunar endurreiknaðs grunnlífeyris og grunnlífeyris samkvæmt þeim reglum sem áður giltu. Viðbótina skal endurskoða ár hvert miðað við 1. janúar út frá lífeyrisfjárhæðum þeim sem þá eru í gildi og skulu upphæðir vera óbreyttar allt árið. Það land, sem greiddi grunnlífeyri samkvæmt eldri reglum, skal greiða viðbótina.

5. Varðandi einstakling, sem flutt hefur frá einu norrænu landi til annars við gildistöku samningsins og þiggur eftir það grunnlífeyri frá landinu sem flutt var frá samkvæmt ákvæðum 20. gr. Norðurlandasamnings frá 5. mars 1981 um félagslegt öryggi, þá má ekki greiða viðbótina lengur en fram til þess tíma sem rétti til grunnlífeyris frá landinu sem flutt var frá er lokið skv. 3. mgr. nefndrar greinar.

6. Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um einstaklinga sem falla undir reglugerðina.

28. gr.

1. Samningurinn gengur í gildi sama dag og EES-samningurinn gengur í gildi hjá norrænu löndunum með því skilyrði að allir aðilar hafi gert danska utanríkisráðuneytinu viðvart um að þeir hafi samþykkt samninginn.

2. Hvað varðar Færeyjar, Grænland og Álandseyjar gengur samningurinn ekki í gildi fyrr en 30 dögum eftir að ríkisstjórnir Danmerkur og Finnlands hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að færeyska landstjórnin, grænlenska landstjórnin og landstjórn Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda fyrir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar.

3. Danska utanríkisráðuneytið lætur aðra aðila og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar vita um viðtöku tilkynninga þessara og hvenær samningurinn tekur gildi.

29. gr.

1. Einn aðili getur sagt upp samningnum með skriflegri tilkynningu þar að lútandi til danska utanríkisráðuneytisins sem gerir öðrum aðilum viðvart um viðtöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann aðila sem segir upp og gildir hún frá og með byrjun þess almanaksárs sem hefst að liðnum sex mánuðum hið minnsta frá þeim degi er danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

3. Sé samningnum sagt upp haldast réttindi sem fengist hafa samkvæmt honum.

30. gr.

Við gildistöku sammings þessa fellur úr gildi samningur frá 5. mars 1981 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi með síðari breytingum. Á sama tíma fellur úr gildi samningur frá 12. nóvember 1985 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um atvinnuleysisbætur. Ákvæðin um félagslega aðstoð og fyrirframgreiðslu meðlags í samningi frá 5. mars 1981 gilda þó áfram.

31. gr.

Frumtexta sammings þessa skal geyma í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum aðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 15. júní 1992 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

LÖG

um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE, sbr. reglugerð nr. 312/76/EBE, eins og henni var breytt með ákvæðum sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, skulu hafa lagagildi hér á landi.

Reglugerðin, eins og hún hefur verið aðlöguð, sbr. 1. mgr., er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd þessara laga og getur hún beint tilmælum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Alþýðusamband Íslands skal tilnefna einn fulltrúa, Vinnuveitendasamband Íslands annan fulltrúa og þriðji fulltrúinn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Skipunartími nefndar skal vera fjögur ár.

Komi upp ágreiningur um hvort ákvæði 7. gr. reglugerðar 1612/68 séu haldin er heimilt að vísa þeim ágreiningi til nefndarinnar, sbr. 1. mgr., sem leitast skal við að leysa þann ágreining. Í þessum tilgangi getur nefndin leitað eftir upplýsingum hjá stofnunum, samtökum eða einstökum fyrirtækjum sem veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar um almenn ráðningar- og starfskjör í atvinnugreinum og fyrirtækjum. Verði sátt eigi komið á með aðilum er heimilt að leita til dómstóla.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varðar sérstaklega opinbera starfsmenn er falla undir atvinnu- og búseturéttindi Evrópska efnahagssvæðisins skulu auk fulltrúa skv. 1. mgr. tveir fulltrúar taka sæti í nefndinni. Skal annar þeirra tilnefndur af hlutaðeigandi heildarsamtökum opinberra starfsmanna og hinn af fjármálaráðherra eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga eftir því sem við á.

Þegar nefndin fjallar um mál sem varða sérstaklega önnur heildarsamtök launþega eða atvinnurekenda en þau sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. skulu fulltrúar þeirra samtaka taka sæti í nefndinni.

3. gr.

Ráðherra getur með reglugerð gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd eftirlits skv. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkeldsdóttir.

Þór Vilhjálmsson.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

Fylgiskjal.

Ákvæði reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE eins og henni var breytt með reglugerð nr. 312/76/EBE, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af V. viðauka, bókun 1 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum ákvæðum hans.*

* Aðlögun reglugerðarinnar er með fyrirvara um framkvæmd EFTA-ríkjanna á einstökum þáttum hennar, sbr. t.d. d-lið 4. tölul. bókunar 1.

I. HLUTI

ATVINNA OG FJÖLSKYLDUR LAUNÞEGA

I. BÁLKUR

Aðgangur að vinnumarkaði.

1. gr.

1. Sérhver ríkisborgari EES-ríkis skal, óháð búsetu, hafa rétt til að ráða sig til vinnu sem launþegi og rækja það starf á yfirráðasvæði annars EES-ríkis í samræmi við þau ákvæði í lögum eða stjórnslufyrirmælum er taka til atvinnamála ríkisborgara aðildarríkisins.

2. Hann skal m.a. njóta þeirra réttinda að ráða sig til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis með sama forgangsrétti og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Sérhver ríkisborgari EES-ríkis og sérhver vinnuveit-

andi sem rekur starfsemi á yfirráðasvæði EES-ríkis geta skipt á umsóknum og tilboðum um atvinnu og geta komið sér saman um og framkvæmt ráðningarsamninga í samræmi við ákvæði gildandi laga eða stjórnslufyrirmæla án þess að það leiði til nokkurrar mismununar.

3. gr.

1. Samkvæmt þessari reglugerð skulu ákvæði í lögum eða stjórnslufyrirmælum EES-ríkis ekki gilda í þeim tilvikum:

- þar sem þau takmarka umsóknir og framboð á atvinnu, eða rétt erlendra ríkisborgara til að fá og stunda atvinnu eða setja þeim önnur skilyrði en þau sem gilda um þeirra eigin ríkisborgara, eða
- þar sem meginmarkmið eða áhrif þeirra eru að halda ríkisborgurum annarra EES-ríkja frá atvinnu sem til boða stendur, enda þótt það taki ekki til þjóðernis.

Þetta ákvæði á ekki við í þeim tilvikum þar sem tungumálakunnátta skiptir máli vegna eðlis starfsins sem um er að ræða.

2. Þetta skal einkum og sér í lagi ná til þeirra ákvæða eða venju EES-ríkis, samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr., sem:

- a) mæla fyrir um sérstakar reglur um ráðningar erlendra ríkisborgara;
- b) takmarka eða draga úr auglýsingum í blöðum eða öðrum fjölmiðlum á lausum störfum eða binda þau öðrum skilmálum en þeim sem gilda fyrir atvinnurekendur á yfirráðasvæði aðildarríkisins;
- c) binda aðgang að vinnurmarkaðinum við skráningu á ráðningarskrifstofum eða hindra ráðningu einstakra launþega þegar um er að ræða fólk sem ekki býr á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem í hlut á.

4. gr.

1. Ákvæði í lögum eða stjórnisýslufyrirmælum EES-ríkis sem takmarka fjölda eða hundradshluta erlendra ríkisborgara í fyrirtækjum, starfsgrein eða á tilteknu svæði, eða á landsmælikvarða, skulu ekki gilda um ríkisborgara annarra EES-ríkja.

2. Þegar ívilnun til fyrirtækja í EES-ríki er bundin við ákveðið lágmarkshlutfall innlendra launþega skal litið á ríkisborgara annarra EES-ríkja sem innlenda, samkvæmt ákvæði í tilskipun ráðsins frá 15. október 1963¹⁾.

¹⁾ Stjórn. EB nr. 159, 2. 11. 1963, bls. 2661/63.

5. gr.

Ríkisborgari aðildarríkis sem sækir um atvinnu í öðru EES-ríki skal njóta sömu aðstoðar þar og vinnumiðlun þess ríkis veitir innlendum ríkisborgurum sem eru í atvinnuleit.

6. gr.

1. Ráðning og skráning ríkisborgara eins EES-ríkis í stöðu í öðru EES-ríki skal ekki vera háð neinum skilyrðum er varða heilsufar, sérþekkingu eða annað það sem gerir honum lægra undir höfði í samanburði við innlenda ríkisborgara sem gegna sama starfi í hinu EES-ríkinu.

2. Engu að síður getur ríkisborgari, sem hefur undir höndum persónulegt starfstilboð frá vinnuveitanda í öðru EES-ríki en sínu eigin, þurft að fara í hæfnispróf hafi vinnuveitandinn sett það sem skilyrði með tilboðinu.

II. BÁLKUR

Atvinna og jafnræði við málsmeðferð.

7. gr.

1. Ekki er heimilt að láta launþega, sem er ríkisborgari annars EES-ríkis en þess sem hann starfar í, gjalda þjóðernis síns hvað viðvíkur ráðningar- og vinnuskilyrðum, einkum og sér í lagi hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og, komi til atvinnu-missis, endurskipun eða endurráðningu.

2. Hann skal njóta sömu félagslegra réttinda og skattaívilnana og innlendir launþegar.

3. Hann skal einnig í krafti sama réttar og með sömu skilyrðum hafa sama aðgang og innlendir launþegar að þjálfun í skólum er tengjast atvinnu-lífínu og endurmenntunarstöðvum.

4. Öll ákvæði í kjarasamningum eða ráðningar-samningum eða öðrum almennum reglugerðum sem varða aðgang að atvinnu og öll önnur starfsskilyrði eða uppsagnarákvæði eru ógild og að engu hafandi að svo miklu leyti sem þau mæla fyrir um eða heimila mismunum launþega sem eru ríkisborgarar annarra EES-ríkja.

8. gr.

Launþegi, sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skal njóta jafnræðis við málsmeðferð hvað varðar aðild að stéttarfélagum og njóta þess réttar er hún veitir, að meðtöldum réttinum til að greiða atkvæði og til að gegna stjórnar- og stjórnunarstörfum fyrir stéttarfélagið¹⁾; það má meina honum að eiga sæti í stjórn nefnda sem lúta ríkisrétti eða að gegna stöðu sem er bundin af ríkisrétti. Enn fremur á hann rétt á að taka sæti í fulltrúaráði launþega við fyrirtæki. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á lög eða reglugerðir í tilteknum EES-ríkjum sem veita launþegum sem koma frá öðrum EES-ríkjum meiri rétt.

¹⁾ Reglugerð (EBE) nr. 312/76.

9. gr.

1. Launþegi sem er ríkisborgari EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis skal njóta allra sömu réttinda og ívilnana og innlendir launþegar hvað viðvíkur húsnæði, það á einnig við um eignarrétt á húsnæði sem hann þarf á að halda.

2. Slíkur launþegi getur, með sama rétti og innlendir ríkisborgarar, látið skrá sig hjá húsnæðismíðlun á því svæði þar sem hann starfar, fari slík skráning fram, og skal hann njóta viðeigandi ívilnana og forréttinda.

Hafi fjölskylda hans orðið eftir í landinu sem hann kom frá skal einnig tekið tillit til hennar í þessu sambandi, eins og hún væri búsett á viðkomandi svæði, að því tilskildu að innlendir launþegar njóti svipaðra fríðinda.

III. BÁLKUR Fjölskyldur launþega.

10. gr.

1. Eftirfarandi skulu, óháð þjóðerni þeirra, hafa rétt til að koma sér fyrir hjá launþega sem er ríkisborgari eins EES-ríkis og starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis:

- a) maki hans ásamt afkomendum þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á þeirra framfæri;
- b) ættmenn launþega og maka hans að feðgatali sem eru á þeirra framfæri.

2. EES-ríkin skulu auðvelda þeim aðstandendum, sem ekki heyra undir ákvæði 1. mgr. en eru á framfæri launþega sem að framan er getið eða hafa búið undir sama þaki í landinu sem hann kom frá, að koma til ríkisins.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. verður launþeginn að hafa yfir að ráða húsnæði fyrir fjölskyldu sína sem talið er hæfa innlendum launþegum á því svæði þar sem hann hefur ráðið sig til vinnu; þetta ákvæði má hins vegar ekki leiða til þess að launþegum frá öðrum EES-ríkjum sé mismunað á kostnað innlendra launþega.

11. gr.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisborgari EES-ríkis hefur ráðið sig til vinnu eða er sjálfstætt starfandi á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu maki hans og þau barnanna, sem eru yngri en 21 árs eða eru á hans framfæri, hafa rétt til að ráða sig í hvaða vinnu sem er, hvar sem er á yfirráðasvæði þess ríkis, jafnvel þó að þau séu ekki ríkisborgarar neins EES-ríkis.

12. gr.

Börn ríkisborgara EES-ríkis, sem er eða hefur verið ráðinn til vinnu á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, skulu eiga rétt á almennri skólagöngu í því ríki, námsvist og starfsþjálfunarnámskeiðum með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess ríkis, að því tilskildu að börnin búi þar.

EES-ríkin skulu leggja sig fram um að gera þessum börnum kleift að stunda námið við ákjósanlegustu skilyrði.

II. HLUÐI

ATVINNUFRAMBOD OG ATVINNUMSÓKNIR

I. BÁLKUR Samvinna á milli EFTA-ríkja og við fastanefnd EFTA.

13. gr.

1. EFTA-ríkin eða Fastanefnd EFTA skulu stofna til eða í sameiningu gera hverjar þær kannanir á

atvinnutækifærum eða atvinnuleysi sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja frelsi launþega til flutninga innan EES.

Aðalvinnumiðlanirnar í EFTA-ríkjunum skulu eiga náð samstarf sín á milli og við fastanefnd EFTA með það að markmiði að hafa samráð um ráðningu í lausar stöður og meðferð atvinnuumsókna innan EES og yfirlit um hverjir hljóta stöður.

2. Í þessu skyni skulu EFTA-ríkin tilnefna sérstakar þjónustuskristofur og ber þeim að skipuleggja þá starfsemi sem að ofan er getið og hafa samráð sín á milli og við fastanefnd EFTA.

EFTA-ríkjunum ber að tilkynna fastanefnd EFTA um allar breytingar sem verða á tilnefningu aðila til slíkrar þjónustu og skal fastanefnd EFTA birta nákvæmar upplýsingar um þær í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

14. gr.

1. EFTA-ríkin skulu senda fastanefnd EFTA og eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um vandamál sem upp kunna að koma í sambandi við frelsi til flutninga og atvinnumál launþega og nákvæmt yfirlit yfir stöðu og þróun atvinnulífs á tilteknum svæðum og í tilteknum greinum.

2. Í samvinnu við umsjónarnefndina skal fastanefnd EFTA ákvarða hvernig farið skuli með gögnin sem greint er frá í 1. mgr. og hve oft skuli skipst á upplýsingum. Til að meta ástand á vinnumarkaði skulu EFTA-ríkin nota samræmdar viðmiðanir, sem fastanefnd EFTA setur fram í samræmi við störf umsjónarnefndarinnar samkvæmt d-lið 33. gr., að fengnu álit ráðgjafarnefndarinnar.

3. Í samræmi við þær starfsaðferðir, sem fastanefnd EFTA ákveður í samráði við umsjónarnefndina, skal þjónustuskristofa hvers EFTA-ríkis senda til þjónustuskristofa hinna EFTA-ríkjana og til fastanefndar EFTA upplýsingar um lífskjör og vinnuskilyrði og ástand vinnumarkaðar sem líklegar eru til að koma launþegum frá öðrum EFTA-ríkjum að gagni. Upplýsingarnar skal endurskoða reglulega.

Þjónustuskristofurnar í hinum EFTA-ríkjunum skulu tryggja að slíkar upplýsingar séu vel kynntar, m.a. með því að dreifa þeim á meðal videigandi vinnumiðlana og koma þeim á framfæri, með öllum tiltækum ráðum, við þá launþega sem hlut eiga að máli.

II. BÁLKUR Ráðstöfun lausra starfa.

15. gr.

1. Þjónustuskristofa hvers EFTA-ríkis skal senda mánaðarlega hið minnsta skýrslu til þjónustuskristof-

stofa hinna EFTA-ríkjanna og til fastanefndar EFTA sem sýnir eftir starfsgreinum og svæðum:

- a) störf sem ekki hefur verið ráðið í eða ólíklegt er að ráðið verði í með mannafla af innlendum vinnumarkaði;
- b) starfsumsóknir fólks sem hefur lýst sig reiðubúið og hæft til að þiggja launaða vinnu í öðru landi.

Þjónustuskristofa hvers EFTA-ríkis skal senda slíkar upplýsingar áfram til hlutaðeigandi vinnumiðlana og vinnumálaskristofa.

2. Skýrslunum sem um getur í 1. mgr. skal dreift samkvæmt samræmdu heildarkerfi sem fastanefnd EFTA skal setja upp, í samvinnu við umsjónar-nefndina.

16. gr.

1. Til kynna skal um sérhvert laust starf, sem skráð hefur verið hjá vinnumiðlunum EFTA-ríkis og ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafli af innlendum vinnumarkaði en manna má innan EES á grundvelli skýrslanna sem getið er í 15. gr., þar til bærum vinnumiðlunum EES-ríkis sem hefur gefið til kynna að það hafi mannafla á lausu í sömu starfsgrein í samræmi við b- eða c-lið 4. tölul. bóknar 1.

2. Vinnumiðlanirnar skulu senda upplýsingar um gildar umsóknir til vinnumiðlana fyrra EFTA-ríkisins í samræmi við b- eða c-lið 4. tölul. bóknar 1. Á 18 daga tímabili frá því að tilkynning hefur borist um laust starf til vinnumiðlana síðara EFTA-ríkisins skulu umsóknirnar lagðar fyrir vinnuveitendur með sama forgangi og innlendir launþegar hafa umfram ríkisborgara frá ríkjum utan EES. Á ofangreindu tímabili skal því aðeins senda tilkynningar um laus störf til ríkja utan EES að EES-ríkið sem í hlut á telji að ekki sé nægilegt vinnuafli að fá innan EES-ríkjanna í viðkomandi störf.

3. Ákvæði 1. mgr. ná ekki til starfa sem hafa verið boðin launþegum frá ríkjum utan EES þegar:

- a) slíkt tilboð er gert ákveðnum launþega og er í eðli sínu sérstakt vegna þess að um er að ræða:
 - i) sérstakar hæfniskröfur eða trúnaðarstarf eða fyrri starfstengsl;
 - ii) fjölskyldutengsl, annaðhvort milli vinnuveitanda og launþegans sem í hlut á, eða milli hins síðarnefnda og launþega sem hefur verið í fastri vinnu við fyrirtækið í eitt ár hið minnsta.

Líðum i) og ii) skal beita í samræmi við ákvæðin sem sett eru í viðaukanum;

b) ráðið er í slík störf úr tiltölulega einsleitum hópi árstíðabundins vinnuafli þar sem að minnsta kosti einum tilteknum aðila hefur verið boðið starf;

c) vinnuveitendur bjóða slík störf launþegum sem búa á svæðum sem liggja sitt hvorum megin við landamæri EES-ríkis og ríkis sem ekki er EES-ríki;

d) vinnuveitendur bjóða skýlaust launþegum frá ríkjum utan EES störf með tilliti til þess að starfsemi fyrirtækisins raskist ekki og vinnumiðlanirnar, sem hafa látið málið til sín taka til að tryggja rétt innlendra launþega eða launþega frá hinum EES-ríkjunum, hafi komist að þeirri niðurstöðu að um réttlætanager ástæður sé að ræða.

17. gr.

1. Þjónustuskristofurnar skulu annast framkvæmd ákvæða 16. gr. Hins vegar, að svo miklu leyti sem höfuðstöðvagnar heimila og að svo miklu leyti sem skipulag vinnumiðlana í EFTA-ríki og úthlutunar-aðferðir leyfa:

a) skulu svæðisbundnar vinnumiðlanir EFTA-ríkis:

i) á grundvelli skýrslanna sem getið er í 15. gr. og viðeigandi aðgerðir byggjast á, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

ii) koma á beinum tengslum við ráðstöfun:

— starfa sem boðin hafa verið tilteknum launþega;

— einstakra atvinnuumsókna sem sendar hafa verið annaðhvort til sérstakra vinnumiðlana eða til vinnuveitanda sem rækir starfsemi á því svæði sem miðlunin nær til;

— starfa til handa árstíðabundnu vinnuafli sem ráða verður eins skjótt og auðið er;

b) skulu vinnumiðlanir, sem ná til svæða sem liggja að landamærum tveggja eða fleiri EFTA-ríkja, skiptast reglulega á gögnum sem varða laus störf og óafgreiddar atvinnuumsóknir á þeirra svæði og, með sama hætti og gert er gagnvart öðrum vinnumiðlunum í löndum þeirra, safna saman og ráðstafa lausum störfum og atvinnuumsóknum;

c) skulu opinberar vinnumiðlanir, sem sérhæfa sig í tilteknum starfsgreinum eða láta sig varða sérstaka hópa fólks, eiga beina samvinnu hver við aðra.

2. EFTA-ríkin sem hlut eiga að máli skulu senda fastanefnd EFTA skrá, sem samráð er haft um, yfir

þær stofnanir sem um getur í 1. mgr.; fastanefnd EFTA skal birta þessa skrá, ásamt þeim breytingum sem kunna að verða á henni, í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

18. gr.

Ekki er skylt að taka upp þær ráðningaraðferðir sem framkvæmdaraðilar beita og kveðið er á um í samkomulagi sem tvö eða fleiri EES-ríki gera sín á milli.

III. BÁLKUR

Leiðir til að hafa eftirlit með jafnvægi á vinnumarkaðinum.

19. gr.

1. Á grundvelli skýrslu frá fastanefnd EFTA, sem unnin er upp úr upplýsingum frá EFTA-ríkjum, skulu EFTA-ríkin og fastanefnd EFTA kanna sameiginlega tvisvar á ári:

- árangur aðgerða EES við ráðstöfun lausra starfa;
- hve margir ríkisborgarar ríkja utan EES hafa verið ráðnir;
- fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði og, að svo miklu leyti sem kostur er, tilflutning mannafla innan EES.

2. EES-ríkin skulu ásamt fastanefnd EFTA kanna öll tiltæk ráð til að veita ríkisborgurum EES-ríkjanna forgang þegar ráðið er í lausar stöður til að leitast við að koma á jafnvægi milli framboðs og umsókna um störf innan EES. Þau skulu beita öllum tiltækum ráðum í þessu skyni.

20. gr.

1. Þegar röskun, sem getur stefnt lífskjörum og atvinnutækifærum á tilteknu svæði eða í tiltekinni atvinnugrein í hættu, er fyrir hendi eða fyrirsjáanleg á vinnumarkaði EFTA-ríkis ber því ríki að tilkynna um það til eftirlitsstofnunar EFTA og hinna aðildarríkjanna og veita þeim nánari upplýsingar um málsatvik.

2. EFTA-ríkin og eftirlitsstofnun EFTA skulu grípa til allra tilheyrilegra ráðstafana til að koma slíkum upplýsingum á framfæri innan EES svo að menn sæki ekki um störf á því svæði eða í þeirri atvinnugrein.

3. Með fyrirvara um beitingu sáttmálans og bókana sem honum fylgja geta EFTA-ríkin sem um getur í 1. mgr. farið fram á það við eftirlitsstofnun EFTA að hún lýsi því yfir, til að koma aftur á eðlilegu ástandi á því svæði eða í þeirri atvinnugrein,

að starfsemi ráðningarkerfisins sem kveðið er á um í 15., 16. og 17. gr. skuli felld niður að hluta eða að öllu leyti.

Ekki seinna en tveimur vikum eftir að slík beiðni berst skal eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun um niðurfellinguna og hve lengi hún skuli standa. Hvaða EFTA-ríki sem er getur farið fram á það við fastanefnd EFTA, þó aðeins innan tveggja vikna, að það ógildi eða breyti slíkri ákvörðun. Fastanefnd EFTA skal bregðast við beiðni af þessu tagi innan tveggja vikna.

4. Hafi slík niðurfelling orðið skulu vinnumiðlanir annarra EES-ríkja, sem hafa gefið til kynna að þær hafi launþega á sínum snærum, ekki grípa til neinna ráðstafana til að manna laus störf sem tilkynning hefur borist um til þeirra beint frá vinnuveitendum í EES-ríkjum sem getið er um í 1. mgr.

IV. BÁLKUR

Evrópska samráðsskrifstofan.¹⁾

21. gr.

Evrópska skrifstofan sem samræmir ráðstafanir vegna atvinnutækifæra og atvinnuumsókna og stofnuð var á vegum framkvæmdastjórnarinnar (í þessari reglugerð nefnd „evrópska samráðsskrifstofan“), skal almennt gegna því hlutverki að miðla upplýsingum um atvinnutækifæri innan bandalagsins. Hún skal einkum bera ábyrgð á öllum formsatriðum er varða þennan málaflokk sem, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, falla undir framkvæmdastjórnina, og ekki síst aðstoða innlendir vinnumiðlanir.

Henni ber að taka saman þær upplýsingar sem um getur í 14. og 15. gr. ásamt niðurstöðum kannana og rannsókna sem gerðar eru samkvæmt 13. gr., í því skyni að varpa ljósi á gagnlegar staðreyndir um fyrirsjáanlega þróun á vinnumarkaði bandalagsins. Slíkum staðreyndum skal komið á framfæri við þjónustuskrifstofur aðildarríkjanna og við ráðgjafar- og umsjónarnefndirnar.

¹⁾ Af hálfu EFTA-ríkjanna skal fastanefnd EFTA sinna þessu hlutverki innan EES.

22. gr.

1. Evrópska samráðsskrifstofan skal einkum sjá um að:

- a) samræma þær aðferðir sem þörf er á til að manna laus störf innan bandalagsins og hafa yfirlit yfir þá flutninga launþega sem af hljótast;
- b) vinna að þessum markmiðum með því að stuðla að því, í samvinnu við umsjónarnefndina, að sambærilegar aðferðir séu notaðar bæði á stjórnunar- og framkvæmdastigi;

c) þegar sérstaka nauðsyn ber til, safna saman í samvinnu við þjónustuskrifstofurnar upplýsingum um laus störf og atvinnuumsóknnum svo að unnt sé að ráðstafa þeim hjá þjónustuskrifstofunum.

2. Henni ber að tilkynna þjónustuskrifstofunum um laus störf og atvinnuumsóknir sem sendar hafa verið beint til framkvæmdastjórnarinnar og fá upplýsingar um viðbrögð við þeim.

23. gr.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við lögbært yfirvald í hverju aðildarríki fyrir sig og í samræmi við þá skilmála og þær aðferðir sem hún skal ákveða á grundvelli álitserðar umsjónarnefndarinnar, skipulagt heimsóknir og verkefni fyrir embættismenn annarra aðildarríkja og einnig framhaldsnámskeið fyrir sérmenntað starfsfólk.

III. HLUTI

NEFNDIR SEM EIGA AÐ TRYGGJA NÁNA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA Í MÁLEFNUM ER VARÐA FRJÁLSA FLUTNINGA LAUNÞEGA OG ATVINNUMÁL ÞEIRRA

I. BÁLKUR

Ráðgjafarnefndin.¹⁾

24. gr.

Ráðgjafarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að athuga vafamál sem upp kunna að koma við beitingu sáttmálans og í sambandi við ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli hans og varða frelsi launþega til flutninga og störf þeirra.

¹⁾ Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

25. gr.

Ráðgjafarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

- rannsaka mál er varða frjálsa flutninga launþega og atvinnumál innan ramma innlendrar vinnu-málastefnu, með það að leiðarljósi að samræma vinnu-málastefnu aðildarríkjanna á bandalagsgrundvelli og á þann hátt stuðla að aukinni efnahagslegri þróun og jafnvægi á vinnumarkaði;
- gera almenna úttekt á þeim áhrifum sem framkvæmd þessarar reglugerðar og aðrar viðbótar-ráðstafanir hafa;

c) koma til framkvæmdastjórnarinnar rökstuddum tillögum um endurskoðun á þessari reglugerð;

d) láta í té, hvort heldur sem er að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, rökstudda álitserð um almenn atriði eða meginreglur, einkum og sér í lagi hvað varðar upplýsingaskipti um þróun mála á vinnumarkaðinum, um flutninga launþega milli aðildarríkja, um áætlanir eða ráðstafanir til eflingar starfsleiðbeiningum eða starfsþjálfun sem er líkleg til að efla frelsi til flutninga og atvinnuskipta, jafnframt um alla þá aðstoð sem launþegar og fjölskyldur þeirra eiga kost á, að meðtalinni félagslegri aðstoð og húsnæðisöflun launþega.

26. gr.

1. Ráðgjafarnefndin skal skipuð sex fulltrúum frá hverju aðildarríki, tveir eru ríkisstjórnarfulltrúar, tveir eru frá launþegasamtökum og tveir frá samtökum vinnuveitenda.

2. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn varamann fyrir hvern hóp sem tilgreindur er í 1. mgr.

3. Starfstími fulltrúanna og varamanna þeirra skal vera tvö ár. Heimilt er að endurskipa þá.

Er starfstíminn rennur út skulu bæði aðal- og varamenn sitja þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað eða skipanir þeirra endurnýjaðar.

27. gr.

Ráðið skal skipa bæði aðal- og varamenn í ráðgjafarnefndina og kappkosta, þegar fulltrúar launþegasamtakanna og samtaka vinnuveitenda eru valdir, að þeir komi frá hinum ýmsu geirum efnahagslífsins.

Ráðið skal láta birta til upplýsingar skrá yfir aðal- og varamenn í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

28. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður ráðgjafarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Nefndin skal koma saman tvisvar á ári hið minnsta. Formaðurinn kallar hana saman, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni að minnsta kosti þriðjungs nefndarmanna. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

29. gr.

Formaðurinn getur boðið einstaklingum eða fulltrúum aðila sem hafa viðtæka reynslu af atvinnu- eða flutningsmálum launþega að taka þátt í fundum sem áheyrnarfulltrúar eða sem sérfræðingar. Formaðurinn getur leitað ráða hjá sérfræðingum.

30. gr.

1. Álitsgerð nefndarinnar telst ekki gild nema að minnsta kosti tveir þriðju hlutar fulltrúanna séu viðstaddir.

2. Álitsgerðir skulu vera rökstuddar og þær teljast samþykktar þegar fyrir þeim er hreinn meirihluti gildra atkvæða. Þeim skal fylgja skrifleg greinargerð með álitni minnihlutans, fari hann fram á það.

31. gr.

Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu álitni framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

II. BÁLKUR Umsjónarnefndin.¹⁾

32. gr.

Umsjónarnefndin ber ábyrgð á að aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa, stuðla að og fylgja eftir öllum formsatriðum og ráðstöfunum sem miða að því að koma þessari reglugerð ásamt viðbótarráðstöfunum í framkvæmd.

¹⁾ Fastanefnd EFTA getur komið á fót undirnefndum til að sinna þessum verkefnum.

33. gr.

Umsjónarnefndin ber einkum ábyrgð á að:

- a) koma á og bæta samvinnu milli þeirra yfirvalda sem hlut eiga að máli í aðildarríkjunum varðandi öll formsatriði í tengslum við frjálsa flutninga launþega og atvinnumál þeirra;
- b) móta aðferðir við skipulag sameiginlegra aðgerða opinberra yfirvalda sem í hlut eiga;
- c) auðvelda söfnun upplýsinga, sem líklegar eru til að koma framkvæmdastjórninni að gagni og sem nota má í þeim könnunum og rannsóknum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og hvetja stjórnsýsluaðila sem málið varðar til að skiptast á upplýsingum og miðla reynslu;
- d) kanna formsatriði er varða samhfæingu viðmiðana sem aðildarríki nota til að meta stöðu vinnumarkaðarins.

34. gr.

1. Umsjónarnefndin skal skipuð fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna. Hver ríkisstjórn skal tilnefna í umsjónarnefndina einn af fulltrúum sínum í ráðgjafarnefndinni.

2. Sérhver ríkisstjórn skal tilnefna varamann úr hópi annarra fulltrúa — aðal- eða varamanna — í ráðgjafarnefndina.

35. gr.

Fulltrúi úr framkvæmdastjórninni, eða varamaður hans, skal vera formaður umsjónarnefndarinnar. Formaðurinn hefur ekki atkvæðisrétt. Formaðurinn og meðlimir nefndarinnar geta leitað ráða hjá sérfræðingum.

Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuþjónustu.

36. gr.

Tillögur og álitsgerðir umsjónarnefndarinnar skulu berast til framkvæmdastjórnarinnar og skal tilkynna það ráðgjafarnefndinni. Skrifleg greinargerð með álitsgerð einstakra nefndarmanna umsjónarnefndarinnar skal fylgja öllum tillögum og álitsgerðum fari þeir fram á það.

37. gr.

Umsjónarnefndin skal setja sér starfsreglur samkvæmt reglum um málsmeðferð sem skulu taka gildi þegar ráðið, að fengnu álitni framkvæmdastjórnarinnar, hefur gefið samþykki sitt. Gildistaka breytinga sem nefndin kann að gera á þessum starfsreglum skal háð sömu málsmeðferð.

IV. HLUTI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

I. BÁLKUR

Bráðabirgðaákvæði.

38. gr.

Þar til fastanefnd EFTA hefur komið á samræmda heildarkerfinu sem greint er frá í 2. mgr. 15. gr. skal samráðsskrifstofan koma með tillögur um leiðir sem líklegar eru til að koma að haldi við að semja og dreifa skýrslunum sem getið er í 1. mgr. 15. gr.

39. gr.

Reglur ráðgjafar- og umsjónarnefndarinnar um málsmeðferð sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar eiga áfram við.

40. gr.

[Gildir ekki.]

41. gr.

[Gildir ekki.]

II. BÁLKUR Lokaákvæði.

42. gr.

1. [1. mgr. gildir ekki.]

Engu að síður skal þessi reglugerð ná til þeirra hópa launþega sem um getur í fyrstu undirgrein og til aðstandenda þeirra, að svo miklu leyti sem réttarstaða þeirra ræðst ekki af ofangreindum sáttmálum eða ráðstöfunum.

2. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 29. gr. EES-samningsins.

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif skuldbindingar EES-ríkjanna vegna:

— sérstakra sambanda eða komandi samninga við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana sem eru til staðar við gildistöku þessarar reglugerðar, eða

— samninga sem eru í gildi við gildistöku þessarar reglugerðar við tiltekin lönd eða yfirráðasvæði utan Evrópu, er byggjast á tengslum milli stofnana þeirra.

Launþegar frá slíkum löndum eða yfirráðasvæðum sem, í samræmi við þetta ákvæði, stunda vinnu á yfirráðasvæði einhvers þessara EES-ríkja geta ekki borið fyrir sig eða notið ákvæða þessarar reglugerðar á yfirráðasvæðum hinna EES-ríkjanna.

43. gr.

EFTA-ríkin skulu í upplýsingaskyni senda fastanefnd EFTA texta samkomulags, samninga eða samþykktu sem þau hafa gert sín á milli varðandi launþega, á tímabilinu frá undirritun þeirra til gildistöku.

44. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gera tilheyrandi ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð svo að hún komist til framkvæmdar. Hún skal í þessu skyni eiga náið samstarf við opinber stjórnvöld í aðildarríkjunum.

45. gr.

Framkvæmdastjórnin skal koma til ráðsins tillögum sem miða að því að afnema, í samræmi við skilmála

sáttmálans, takmarkanir á aðgangi launþega sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna að vinnumarkaðinum, í þeim tilvikum þar sem skortur á gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum eða öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi getur hindrað frelsi launþega til flutninga.

46. gr.

Stjórnsýsluútgjöld nefndanna sem um getur í III. hluta skulu talin með í þeim hluta fjárhagsáætlunar Evrópubandalagsins sem tilheyrir framkvæmdastjórninni.

47. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir yfirráðasvæði aðildarríkjanna og ríkisborgara þeirra, samanber þó 2., 3., 10. og 11. gr.

48. gr.

[Gildir ekki.]

Gjört í Lúxemborg 15. október 1968.

Fyrir hönd ráðsins,
G. SEDATI forseti.

VIÐAUKI

Til skýringar við a-lið 3. mgr. 16. gr.:

- 1) Með orðunum „sérstakar hæfniskröfur“ er átt við æðri eða óvenjulega menntun og hæfi innan verk-sviðs eða starfsgreinar þar sem sérhæfðrar tækniþekkingar er krafist. Þegar um er að ræða árstíðabundið vinnuafli, sem ráðið er í hópum, skal þessi skilgreining gilda um verkstjóra.
- 2) Með orðinu „trúnaðarstarf“ er átt við starf þar sem venjulega er krafist í gistilandinu sérstaks trúnaðartrausts milli vinnuveitanda og launþega.
- 3) Með orðunum „fyrri starfstengsl“ er átt við það þegar vinnuveitandi óskar eftir að ráða til sín launþega sem hefur áður starfað hjá honum á því yfirráðasvæði aðildarríkis í að minnsta kosti tólf mánuði á síðustu fjórum árum.
- 4) Með orðinu „fjölskyldutengsl“ er átt við tengsl vegna hjúskapar eða skyldleika í fyrsta og annan lið á milli vinnuveitanda og launþega og skyldleika í fyrsta lið á milli tveggja launþega.

LÖG

um hönnunarvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hönnun samkvæmt lögum þessum merkir útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar í tví- eða þrívídd. Lögín taka ekki til hönnunar þegar aðeins er af tæknilegum ástæðum völ á einum möguleika varðandi útlit eða gerð vöru.

Hönnuður eða sá sem sækir rétt sinn til hans getur samkvæmt lögnum öðlast einkarétt til hönnunar sem hagnýtt verður í atvinnulífi.

2. gr.

Einungis sérstæð hönnun nýtur verndar samkvæmt lögum þessum.

Sérstæð telst sú hönnun sem ekki hefur fyrir upphafsdag, sbr. 6. gr., verið gerð aðgengileg kunnáttumönnum á viðkomandi sviði og frá sjónarhóli notenda er, að heildarútliti, verulega frábrugðin hönnun sem þeir þekkja.

3. gr.

Hönnun nýtur ekki verndar:

1. ef hún eða notkun hennar brýtur gegn siðgæði eða allsherjarreglu,
2. ef hún:
 - a. felur heimildarlaust í sér einkenni eða merki sem um getur í 117. gr. almennra hegningarlaga eða einkenni sem eru svo lík öðrum merkjum eða einkennum sem aðrir eiga löglegt tilkall til að villast má á þeim og hönnuninni.
 - b. felur heimildarlaust í sér ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenskra bæjar- og sveitarfélaga eða opinber skoðunar- og gæðamerki.

4. gr.

Hönnunarvernd verður til með tvennum hætti:

- a. með skráningu á grundvelli umsóknar, sbr. 14. gr.,
- b. með því að gera vöru, sem hönnunin einkennir, aðgengilega almenningi.

5. gr.

Í skráðri hönnunarvernd felst að aðrir en rétthafi mega ekki heimildarlaust framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, bjóða til sölu eða leigu, stunda útflutning á, flytja inn eða safna birgðum af vöru sem frá sjónarhóli notenda er, að heildarútliti, eins eða mjög lík hinni skráðu hönnun.

Í óskráðri hönnunarvernd felst að beina eftirlíkingu af hönnun má ekki framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, bjóða til sölu eða leigu, stunda útflutning á, safna birgðum af né flytja inn án heimildar rétthafa.

6. gr.

Upphafsdagur skráðrar hönnunarverndar er umsóknardagur hér á landi, sbr. þó 4. mgr. 19. gr.

Upphafsdagur óskráðrar hönnunarverndar er sá dagur þegar hönnun verður fyrst aðgengileg almenningi.

7. gr.

Hafi sá er sækir um hönnunarvernd hér á landi á síðustu sex mánuðum fyrir umsóknardag sótt um vernd á sömu hönnun á grundvelli hönnunarlaga (mynsturlaga) eða laga um smáeinkaleyfi í öðru landi sem er aðili að Parísarsamþykktinni um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar skal litið svo á að umsóknin hafi verið lögð inn samtímis hinni fyrri, enda leggi umsækjandi fram kröfu þar að lútandi. Sama rétt eiga þeir sem sótt hafa um vernd á hönnun í ríki sem ekki er aðili að Parísarsamþykktinni ef það ríki viðurkennir samsvarandi forgangsrétt íslenskra umsókna og lög þess um hönnunarvernd eða vernd smáeinkaleyfa eru í aðalatriðum í samræmi við samþykktina.

8. gr.

Hönnun getur talist sérstæð, sbr. 2. gr., þótt hún hafi birst almenningi allt að 12 mánuðum fyrir umsóknardag (gríðtími), enda sé hún birt fyrir atbeina:

1. hönnuðar eða þess sem öðlast hefur rétt hans,
2. aðila sem byggir á upplýsingum frá hönnuði eða upplýsingum sem raktar verða til gjörða hans.

9. gr.

Réttur til hönnunarverndar (hönnunarréttur) tilheyrir hönnuði eða þeim sem öðlast hefur rétt hans.

Hafi tveir eða fleiri aðilar unnið sameiginlega að hönnun tilheyrir hönnunarverndin þeim sameiginlega.

Hafi tveir eða fleiri sjálfstæðir aðilar án þess að vita hver af öðrum unnið að sams konar eða mjög svipaðri hönnun sem hver í sínu lagi uppfyllir skilyrði 2. gr. skal:

- a. hver hönnun njóta óskráðrar verndar, en
- b. réttur til skráðrar verndar tilheyrja þeim er fyrstur leggur inn umsókn um skráningu.

Sé krafist forgangsréttar skv. 7. gr. skal taka mið af forgangsréttardegi varðandi mat á rétti til skráðrar verndar, sbr. b-lið 3. mgr.

10. gr.

Nú hefur aðili notað í atvinnuskyni hér á landi sömu eða mjög svipaða hönnun er annar hefur fengið verndaða með skráningu. Er honum þá heimilt að halda sömu hagnýtingu áfram að því tilskildu að hann hafi verið í góðri trú og að hagnýting hafi hafist áður en umsókn um vernd á hinni skráðu hönnun var lögð inn. Sama á við um þann sem undir sömu kringumstæðum hafði gert verulegar ráðstafanir til að hagnýta hönnunina í atvinnuskyni hér á landi.

Réttur skv. 1. mgr. telst hluti af viðkomandi atvinnustarfsemi og verður ekki fram-seldur einn sér.

11. gr.

Sá sem telur sig eiga tilkall til hönnunarverndar, sbr. 9. gr., er sótt hefur verið um skráningu á eða skráð hefur verið á nafn annars aðila getur krafist þess fyrir dómi að

skráningin verði færð á hans nafn. Sá sem á rétt á að vera skráður sem meðeigandi hönnunarverndar getur krafist þess að vera skráður sem slíkur.

Mál skv. 1. mgr. skal höfðað innan tveggja ára frá því skráning er birt í riti skráningaryfirvalda, sbr. 5. mgr. 13. gr. Frestur þessi á ekki við ef eiganda skráðrar hönnunar var kunnugt um að hann ætti ekki löglegt tilkall til hönnunarverndarinnar er hún var skráð eða framseld honum.

Í hönnunarskrá, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal getið um málshöfðun skv. 2. mgr. og niðurstöðu máls.

Verði eigendaskipti á skráðri hönnunarvernd á grundvelli dóms, sbr. 1. mgr., falla nytjaleyfi og önnur réttindi niður við skráningu hins nýja réttshafa. Eigendaskipta skal getið í hönnunarskrá.

Hafi skráður réttshafi hönnunarverndar eða nytjaleyfishafi notað hönnunina eða gert ráðstafanir þar að lútandi áður en mál skv. 1. mgr. er höfðað er viðkomandi heimilt að halda áfram notkun að því tilskildu að hann innan tveggja mánaða óski eftir almennu nytjaleyfi hjá hinum nýja, skráða réttshafa. Nytjaleyfið skal veita í sanngjarnan tíma með sanngjörnum skilmálum.

Nú hefur skráður réttshafi eða nytjaleyfishafi hafið notkun eða undirbúning notkunar gegn betri vitund um rétt annars aðila til hönnunarverndar og á ákvæði 5. mgr. þá ekki við.

12. gr.

Hafi réttshafi hönnunarverndar eða einhver með samþykki hans markaðssett vöru er nýtur hönnunarverndar eða heimilað slíkt getur hann ekki hindrað notkun, sölu, leigu, innflutning, útflutning eða annars konar dreifingu á vörunni.

II. KAFLI

Skráningaryfirvöld o.fl.

13. gr.

Málefni samkvæmt lögum þessum falla undir iðnaðarráðherra.

Einkaleyfastofan fer með framkvæmd laganna. Með skráningaryfirvöldum er átt við þá stofnun nema annað sé tekið fram.

Einkaleyfastofan heldur hönnunarskrá og tekur hún til skráðrar hönnunarverndar fyrir landið allt. Skráin skal vera aðgengileg almenningi.

Iðnaðarráðherra skipar áfrýjunarnefnd í málum er varða hönnunarvernd. Nefndin úrskurðar í málum er til hennar verður skotið og varða ákvarðanir skráningaryfirvalda. Í reglugerð verður nánar kveðið á um nefndina.

Í riti, sem Einkaleyfastofan gefur út, skal birta skráningar og tilkynningar samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI

Umsókn, skráning o.fl.

14. gr.

Umsókn um hönnunarvernd skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar. Umsókn skulu fylgja myndir (teikningar eða ljósmyndir) er greinilega sýni hönnun þá er óskast vernduð.

Nafn hönnuðar skal tilgreint í umsókn. Sé umsækjandi annar en hönnuður skal umsækjandi sanna rétt sinn til hönnunar.

Umsækjandi skal greiða tilskilin gjöld vegna umsóknar.

Umsókn má hafa að geyma stutta lýsingu á hönnuninni. Einnig geta skráningaryfirvöld óskað eftir því að slík lýsing sé lögð fram. Lýsingin hefur ekki áhrif á umfang hönnunarverndar.

Heimilt er að leggja fram líkan af hönnun. Hafi líkan verið lagt fram telst það ákvarðandi varðandi útlit eða gerð hönnunar.

Nánar skal kveðið á um innihald og frágang umsóknar í reglugerð.

15. gr.

Rétthafi hönnunarverndar, sem ekki hefur lögheimili hér á landi, skal hafa umboðsmann búsettan hérlendis sem getur komið fram fyrir hans hönd í öllu því sem viðkemur umsókn og skráningu.

Nafn og heimilisfang umboðsmanns skal skrá í hönnunarskrá.

16. gr.

Skráningaryfirvöld skulu flokka hönnun samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi í viðauka Locarno-sáttmálans sem upphaflega var gerður 8. október 1968. Slík flokkun hefur ekki áhrif á umfang verndar.

17. gr.

Í einni og sömu umsókn er heimilt að sækja um vernd á fleiri en einni hönnun er mynda samstæðu. Hver hluti hönnunarsamstæðu verður að tilheyra sama undirflokki samkvæmt Locarno-sáttmálanum, sbr. 16. gr. Nánari reglur um slíka samskráningu skal setja í reglugerð.

18. gr.

Krefjast má rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu á og orðin er almenningi aðgengileg.

Ef krafa um rannsókn skv. 1. mgr. kemur fram við innlagningu umsóknar skulu skráningaryfirvöld framkvæma rannsókn svo fljótt sem verða má og láta umsækjanda í té niðurstöður hennar. Nú eru þau tilvik, sem nefnd eru í 1. mgr., fyrir hendi og skal þá hafna umsókninni. Umsókn verður þó ekki afskrifuð fyrr en umsækjanda hefur, innan tilskilins frests, gefist kostur á að tjá sig um synjunina.

Fyrir rannsókn samkvæmt þessari grein skal greiða tilskilið gjald.

19. gr.

Skráningaryfirvöld skulu rannsaka:

- a. hvort umsókn uppfyllir skilyrði 1. og 3. gr.,
- b. hvort umsókn uppfyllir skilyrði 14., 15. og 17. gr.

Telji skráningaryfirvöld að umsókn uppfylli ekki skilyrði skv. a-lið 1. mgr. skal henni hafnað. Hönnun verður þó ekki afmáð úr hönnunarskrá fyrr en umsækjanda hefur innan tilskilins frests gefist kostur á að tjá sig um ákvörðun skráningaryfirvalda.

Teljast umsókn ekki uppfylla skilyrði skv. b-lið 1. mgr. skal umsækjanda gert viðvart og honum gefinn kostur á að tjá sig eða lagfæra umsóknina innan tilskilins frests. Ef umsækjandi tjáir sig ekki eða gerir nauðsynlegar ráðstafanir til að lagfæra umsóknina áður en fresturinn rennur út skal hún afskrifuð.

Ef umsækjandi í framhaldi af ábendingu skv. 3. mgr. gerir þær lagfæringar á umsókn sinni sem skráningaryfirvöld telja að breyti umsókn efnislega skal upphafsdagur hennar teljast sá dagur er breytingarnar bárust yfirvöldum.

20. gr.

Þegar umsókn er í samræmi við settar reglur skal hönnun sú, sem umsóknin tekur til, skráð og umsækjanda látin í té staðfesting um að svo hafi verið gert.

Skráning hönnunarverndar skal birt í sérstöku riti er skráningaryfirvöld gefa út.

21. gr.

Umsókn um hönnunarvernd skal ávallt vera aðgengileg almenningi þegar sex mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist.

Frá skráningu hönnunarverndar er umsókn aðgengileg almenningi.

Samkvæmt beiðni umsækjanda má fresta skráningu í allt að sex mánuði frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist.

IV. KAFLI

Gildistími og endurnýjun.

22. gr.

Hönnun, sem uppfyllir skilyrði 2. gr., nýtur verndar án skráningar í tvö ár frá upphafsdegi skv. 2. mgr. 6. gr. hafi hún komið fyrir almenningssjónir fyrir tilstilli hönnuðar eða þess sem öðlast hefur rétt hans. Sama á við ef þriðji aðili birtir hönnun á grundvelli upplýsinga frá hönnuði eða upplýsinga sem raktar verða til gjörða hans.

Um leið og hönnunarvernd er skráð fellur úr gildi vernd á sams konar eða líkri hönnun sem sami aðili er eigandi að.

Ef skráð hönnunarvernd fellur síðar úr gildi eða sætir ógildingu öðlast óskráð vernd ekki gildi á ný.

23. gr.

Skráð hönnunarvernd gildir í fimm ár frá því umsókn var lögð inn, sbr. þó 4. mgr. 19. gr. Skráningu má endurnýja til fimm ára í senn þar til 25 ára verndartíma er náð.

24. gr.

Umsókn um endurnýjun ásamt tilskildu endurnýjunargjaldi skal lögð inn hjá skráningaryfirvöldum í fyrsta lagi þremur mánuðum áður en skráningartímabili lýkur og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess.

Berist skráningaryfirvöldum ekki umsókn um endurnýjun á því tímabili sem um getur í 1. mgr. skal skráningin afmáð úr hönnunarskrá.

Í riti skráningaryfirvalda skal birta tilkynningu um að skráning hafi verið afmáð.

V. KAFLI

Ógilding skráningar og réttur til áfrýjunar.

25. gr.

Ógilda má hönnunarvernd með dómi:

1. ef hún uppfyllir ekki skilyrði 1. eða 2. gr.,
2. ef ákvæði 3. gr. eiga við,
3. ef hönnun brýtur í bága við eldri hugverkaréttindi.

26. gr.

Skráningaryfirvöld geta lýst skráða hönnunarvernd ógilda samkvæmt kröfu sem grundvallast á ákvæðum 1.–3. tölul. 25. gr. og berst skráningaryfirvöldum innan tveggja ára frá skráningardegi.

Krafa skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og rökstudd. Greiða skal tilskilið gjald vegna slíkrar kröfu.

Komi fram krafa um ógildingu skal réttthafa hinnar skráðu hönnunarverndar tilkynnt um það og honum gefið tækifæri til að tjá sig um kröfuna.

27. gr.

Hverjum þeim, sem hefur lögmatra hagsmuna að gæta, er heimilt að höfða mál skv. 25. gr. eða gera kröfu um ógildingu skv. 26. gr.

28. gr.

Ef höfðað hefur verið mál þar sem gerð er krafa um að skráning hönnunarverndar verði færð á nafn annars aðila, sbr. 1. mgr. 11. gr., eða um ógildingu skráðrar hönnunar, sbr. 25. gr., verður skráning ekki afmáð fyrir en meðferð málsins fyrir dómstólum er lokið og afrit dóms hefur borist Einkaleyfastofunni.

Komist skráningaryfirvöld að þeirri niðurstöðu að skráning skuli ógilt skal hún afmáð. Tilkynna skal málsaðilum um ógildingu hönnunarverndar þegar í stað.

Tilkynni réttthafi skráðrar hönnunarverndar bréflaga að hann afsali sér hönnunarvernd ber að afmá skráninguna.

29. gr.

Hönnunarvernd, sem er ógilt með dómi eða af skráningaryfirvöldum, telst ógild frá upphafi.

30. gr.

Aðilar máls geta skotið endanlegri ákvörðun skráningaryfirvalda til áfrýjunarnefndar, sbr. 4. mgr. 13. gr. Tilkynning um áfrýjun skal berast áfrýjunarnefnd innan tveggja mánaða frá því að skráningaryfirvöld tilkynntu viðkomandi um ákvörðunina. Innan sama frests skal greiða tilskilið áfrýjunargjald. Sé gjaldið ekki greitt skal vísa áfrýjun frá.

VI. KAFLI

Framsal, nytjaleyfi o.fl.

31. gr.

Rétt til hönnunarverndar má framselja ásamt atvinnurekstri þeim sem hönnunin er notuð í eða einan sér.

Nú framselur einhver atvinnurekstur sinn og eignast framsalshafi þá rétt til hönnunarverndar sem rekstrinum tilheyrir nema um annað hafi verið samið.

32. gr.

Hafi réttthafi hönnunarverndar veitt öðrum leyfi til að nota hönnun sína í atvinnuskyni má nytjaleyfishafi ekki framselja rétt sinn nema sérstaklega hafi verið um það samið.

Sé nytjaleyfi veitt fyrirtæki má framselja leyfið ásamt fyrirtækinu nema um annað sé samið.

33. gr.

Nytjaleyfishafa er, að fengnu samþykki réttthafa verndarinnar, heimilt að höfða mál vegna brota á hönnunarvernd.

Nytjaleyfishafa er heimilt að gerast aðili að réttaraðgerðum sem réttthafi hönnunarverndar á frumkvæði að, enda eigi nytjaleyfishafi rétt á bótum vegna tjóns sem hann hefur orðið fyrir eða gæti orðið fyrir vegna brots.

34. gr.

Hvers kyns aðilaskipti að skráðri hönnunarvernd skal færa í hönnunarskrá samkvæmt tilkynningu aðila og gegn tilskildu gjaldi.

Framsal á skráðu nytjaleyfi skal því aðeins fært í hönnunarskrá að nytaleyfishafi sanni að hann hafi samþykki eiganda hönnunarverndarinnar fyrir framsalinu.

Ef færðar eru sönnur á að skráð nytjaleyfi sé fallið úr gildi skal það afmáð úr hönnunarskrá.

Sé um samskráningu að ræða verða aðilaskipti ekki færð í hönnunarskrá nema þau nái til hönnunarsamstæðu í heild sinni.

Mál varðandi hönnunarvernd má jafnan höfða gegn þeim sem er skráður réttihafi í hönnunarskrá og tilkynningar skráningaryfirvalda skal senda honum og málsaðilum.

Breytingar í hönnunarskrá varðandi réttihafa eða nytjaleyfishafa skal birta í riti skráningaryfirvalda.

VII. KAFLI

Refsing, viðurlög o.fl.

35. gr.

Unnt er að krefjast lögbanns við athöfn sem þegar hefur hafist eða er sannanlega yfirvofandi og brýtur eða mun brjóta gegn hönnunarrétti.

36. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn einkarétti þeim, er hönnunarvernd veitir, skal sæta sektum. Eftir aðstæðum getur refsing verið varðhald eða fangelsi í allt að þrjú mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

Dæma má upptöku eigna samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Mál samkvæmt þessari grein skulu rekin í samræmi við reglur um meðferð opinberra mála.

37. gr.

Sá sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn hönnunarrétti skal greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu hönnunar og skaðabætur fyrir annað tjón sem brot hans hefur haft í för með sér.

Sá sem hagnast hefur af broti gegn hönnunarrétti án þess þó að um ásetning eða gáleysi sé að ræða skal greiða hæfilegt endurgjald. Bætur þessar skulu þó ekki vera hærri en ætla má að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

38. gr.

Hafi hönnunarréttur verið skertur getur dómstóll mælt fyrir um ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari misnotkun hönnunarverndar. Unnt er að ákveða að vöru, sem hönnun einkennir, verði breytt á tiltekinn hátt, hún ónýtt eða afhent réttihafa hönnunarverndar. Þetta á þó ekki við gagnvart þeim sem í góðri trú hefur eignast viðkomandi vöru eða öðlast umráðarétt yfir henni og ekki hefur sjálfur framið brot gegn hönnunarrétti.

39. gr.

Rétt til að höfða mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur sá sem telur hagsmuni sína skerta.

Mál skv. 37. og 38. gr. skulu rekin sem almenn einkamál en kröfur skv. 37. gr. er einnig heimilt að setja fram í opinberu máli.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara og gjöld samkvæmt þeim. Gjöldin skulu taka mið af kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá staðfestingu þeirra.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG**um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni,
nr. 65 21. maí 1974.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Refsingu skv. 1. mgr. skal sá sæta sem af ásetningi tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti gegn lögum þessum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

SKAÐABÓTALÖG.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Bætur fyrir líkamstjón.

Líkamstjón sem veldur ekki dauða.

1. gr.

Sá sem bótaábyrgð ber á líkamstjóni skal greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkra-kostnað og annað fjártjón sem af því hlýst og enn fremur þjáningabætur.

Ef líkamstjón hefur varanlegar afleiðingar skal einnig greiða bætur fyrir miska og bætur fyrir örorku, þ.e. varanlegan missi eða skerðingu á getu til að afla vinnutekna.

Verðmæti vinnu við heimilisstörf skal lagt að jöfnu við launatekjur, sbr. 2. gr., 2. mgr. 7. gr. og 8. gr.

Tímabundið atvinnutjón.

2. gr.

Bætur fyrir atvinnutjón skal ákveða fyrir tímann frá því að tjón varð þangað til tjónþoli getur hafið vinnu að nýju eða þar til ekki er að vænta frekari bata.

Frá skaðabótum skal draga laun í veikinda- eða slysaforföllum, dagpeninga og aðrar bætur frá opinberum tryggingum fyrir tímabundið atvinnutjón og váttryggingabætur þegar greiðsla váttryggingafélags er raunveruleg skaðabót, svo og sambærilegar greiðslur sem tjónþoli fær vegna þess að hann er ekki fullvinnufær.

Þjáningar.

3. gr.

Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til ekki er að vænta frekari bata, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Nemi bætur meira en 200.000 kr. er heimilt að víkja frá fjárhæðum þeim sem greinir í 1. málsl.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. málsl. 4. mgr. 5. gr.

Varanlegur miski.

4. gr.

Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfiðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við ástand tjónþola eins og það er þegar ekki er að vænta frekari bata. Þegar miski er metinn alger (100%) skulu bætur vera 4.000.000 kr. Við lægra miskastig lækkar fjárhæð þessi í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, þó ekki meiri en 6.000.000 kr. Engar bætur skal greiða þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%.

Hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur sem ákveðnar eru eftir 1. mgr. um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár. Bætur lækka þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 1., 3. og 4. másl. 4. mgr. 5. gr.

Varanleg örorka.

5. gr.

Valdi líkamstjón, eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata, varanlegri skerðingu á getu til að afla vinnutekna á tjónþoli rétt á bótum fyrir varanlega örorku.

Þegar tjón vegna örorku er metið skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við.

Örorka tjónþola reiknast í hundradshlutum (örorkustigum).

Greiðslur, sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem almannaþryggingum, lífeyrissjóði eða vátryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysþryggingu launþega skulu þó dregnar frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysþrygginguna keypti. Bætur frá slysþryggingu ökumanns eftir umferðarlögum skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Sama gildir um bætur frá sams konar slysþryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki.

6. gr.

Bætur skal meta til fjárhæðar sem nemur 7,5-földum árslaunum tjónþola, sbr. 7. gr., margfölduðum með örorkustigi, sbr. 3. mgr. 5. gr.

Bótafjárhæðin skal greidd í einu lagi.

7. gr.

Árslaun teljast vera heildarvinnutekjur tjónþola á næstliðnu ári fyrir þann dag er tjón varð.

Árslaun skulu þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. breytingar á tekjum eða atvinnuhögum.

EKKI skal miða við hærri árslaun en 4.500.000 kr.

8. gr.

Bætur til barna og tjónþola, sem að verulegu leyti nýta vinnugetu sína þannig að þeir hafa engar eða takmarkaðar vinnutekjur, skal ákvarða á grundvelli miskastigs skv. 4. gr. Bætur skulu ákveðnar sem hundradshluti af bótum fyrir varanlegan miska eftir reglum 1.–4. másl. 1. mgr. 4. gr.

Þegar miskastig er minna en 15% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 15%, 18% eða 20% skulu örorkubætur vera 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 25% eru örorkubætur 150% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 30%, 35%, 40%, 45% eða 50% skulu örorkubætur vera 160%, 170%, 180%, 190% eða 200% af bótum fyrir varanlegan miska.

Þegar miskastig er 55% eru örorkubætur 225% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 60%, 65%, 70%, 75%, 80% eða 85% skulu örorkubætur vera 250%, 275%, 300%, 325%, 350% eða 375% af bótum fyrir varanlegan miska. Þegar miskastig er 90%, 95% eða 100% skulu örorkubætur vera 400% af bótum fyrir varanlegan miska.

9. gr.

Ef tjónþoli var 26 ára eða eldri þegar tjón varð lækka örorkubætur skv. 6. og 8. gr. um 1% af bótafjárhæð, sem þar er ákveðin, fyrir hvert aldursár frá 26 til 45, um 2% fyrir hvert aldursár frá 46 til 55 og um 4% fyrir hvert aldursár frá 56 til 70.

Ef ætla má að tjónþoli hefði verið vinnufær og stundað vinnu eftir að hann er orðinn fullra 70 ára að aldri má víkja frá reglu 1. mgr. að nokkru eða öllu.

Örorkunefnd.

10. gr.

Tjónþoli eða sá sem ábyrgð ber á tjóni getur hvor um sig óskað álits um ákvörðun miskastigs og örorkustigs hjá örorkunefnd.

Í örorkunefnd eiga sæti þrír menn sem skipaðir eru af dómsmálaráðherra til sex ára í senn. Skulu tveir nefndarmanna vera læknar, en einn lögfræðingur og er hann formaður nefndarinnar. Formaður skal fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í embætti hæstaréttardómara. Ráðherra skipar varamenn eftir sömu reglum og aðalmenn. Um hæfi nefndarmanna til að fara með mál skal fara eftir reglum laga um sérstakt hæfi dómara.

Örorkunefnd skal semja töflur um miskastig.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu örorkunefndar. Í reglugerðinni skal m.a. vera heimild fyrir nefndina til þess að kveðja lækna og aðra sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar. Í reglugerð skal og kveða á um gjald fyrir matsgerðir sem nefndin gerir.

Endurupptaka.

11. gr.

Að kröfu tjónþola er heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur. Skilyrði endurupptöku er að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Ef mál er endurupptekið er heimilt að skjóta ákvörðun um miskastig eða örorkustig aftur til úrlausnar örorkunefndar, sbr. 10. gr.

Missir framfæranda o.fl.

12. gr.

Sá sem skaðabótaábyrgð ber á dauða annars manns skal greiða hæfilegan útfararkostnað. Auk þess skal hann greiða þeim sem misst hefur framfæranda bætur fyrir tjón það er ætla má að af því leiði fyrir hann. Til framfærslu telst einnig verðmæti vinnu hins látna við heimilisstörf.

Um greiðslur frá þriðja manni fer eftir ákvæðum 4. mgr. 5. gr.

Bætur til maka eða sambúðarmaka.

13. gr.

Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. Bætur skulu þó nema ekki minni fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á.

Hafi framfærandi verið orðinn 26 ára gamall lækka bætur eftir reglum 9. gr.

Bætur til barns.

14. gr.

Bætur fyrir missi framfæranda til eftirlifandi barns, sem hinum látna var lögskilyt að framfæra, skulu vera jafnháar heildarfjárhæð þeirra barnalífeyrisgreiðslna er barnið á rétt á eftir lögum um almannatryggingar frá því að tjón varð til 18 ára aldurs. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns hækka bætur um 100%.

Reikna skal fjárhæð barnalífeyris eins og hann er við andlát framfæranda.

Verðlagsbreytingar.

15. gr.

Fjárhæðir bóta, sem greindar eru í 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 7. gr. og 2. másl. 1. mgr. 13. gr., breytast mánaðarlega í hlutfalli við breytingar sem verða á lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna. Fjárhæð skal hverju sinni hækka eða lækka þannig að hún standi á heilu eða hálfu þúsundi króna. Bótafjárhæðir þær, sem greinir í 1. másl. 3. gr., skulu þó hækka eða lækka svo að fjárhæð standi á heilum tug króna.

Bætur skv. 1. mgr. skal ákveða á grundvelli fjárhæða sem gilda þegar bótafjárhæð er ákveðin. Bætur fyrir varanlega örorku skal umreikna miðað við breytingar á lánskjaravísitölu frá því að tjón varð og þar til bótafjárhæð er ákveðin.

Vextir.

16. gr.

Bætur fyrir þjáningar, varanlegan miska, örorku og missi framfæranda bera vexti frá því að tjón varð. Vextirnir skulu nema 2% á ári, en dómsmálaráðherra getur í samráði við Seðlabanka Íslands breytt vaxtafætinum. Ákvörðun um slíka breytingu skal gilda í a.m.k. tvö ár.

Um dráttarvexti fer eftir reglum vaxtalaga.

Endurkrafa.

17. gr.

Endurkrafa vegna greiðslu bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar verður ekki gerð á hendur þeim sem er skaðabótaskyldur. Sama á við um bótagreiðslur lífeyrissjóða eða váttrygginga og skiptir ekki máli hvers eðlis váttryggingin er, sbr. 2. mgr. 22. gr.

Vinnuveitandi, sem greitt hefur slasaða eða þeim sem misst hefur framfæranda laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, getur krafist hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandi hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna.

Aðilaskipti að bótakröfu.

18. gr.

Ekki er heimilt að framselja kröfu um bætur fyrir líkamstjón nema hún sé viðurkennd eða dæmd.

Krafa um bætur fyrir þjáningar eða varanlegan miska erfist hafi hún verið viðurkennd, einkamál verið höfðað til heimtu hennar eða viðurkenningar eða hún hefur verið gerð fyrir dómi í opinberu máli.

Bætur, sem greindar eru í 1. mgr. og telja má að ekki hafi verið eytt, koma ekki til skipta við fjárslit milli hjóna. Bæturnar teljast hjúskapareign þegar eigandi bótanna andast nema þær séu séreign samkvæmt kaupmála.

Reglur 1. og 3. mgr. eiga ekki við um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón.

II. KAFLI

Skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem váttrygging tekur til.

19. gr.

Skaðabótaréttur stofnast ekki vegna tjóns sem munatrygging eða rekstrarstöðvunartrygging tekur til.

Regla 1. mgr. á ekki við ef

1. hinn skaðabótaskyldi hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi eða
2. tjóninu er valdið í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri.

Hafi starfsmaður valdið tjóni sem munatrygging, rekstrarstöðvunartrygging eða ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til er starfsmaðurinn ekki skaðabótaskyldur nema tjónið verði rakið til ásetnings eða stórfellds gáleysis.

20. gr.

Um skaðabótarétt ríkissjóðs, sveitarfélags eða annars opinbers aðila, sem kaupir almennt ekki váttryggingu og hefur því hagsmuni sína í eigin áhættu, fer með sama hætti og váttrygging hefði verið keypt, sbr. 19. gr.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga ekki við um skaðabótakröfur samkvæmt

1. skaðabótareglum umferðarlaga,
2. lögum um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi,
3. lögum um loftferðir,
4. siglingalögum eða
5. alþjóðasamningi um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, gerðum í Brussel 29. nóvember 1969.

22. gr.

Stofnist skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem skaðatrygging tekur til öðlast váttryggingafélagið rétt tjónþola á hendur hinum skaðabótaskylda að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur.

Sé um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu að ræða á félagið enga kröfu á hendur hinum skaðabótaskylda og skiptir ekki máli hvers eðlis váttryggingin er.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.*Bótaábyrgð starfsmanns.*

23. gr.

Bætur, sem vinnuveitandi hefur greitt vegna saknæmrar hegðunar starfsmanns, er aðeins unnt að krefja starfsmanninn um að því marki sem telja má sanngjarnt þegar litið er til sakar og stöðu starfsmannsins og atvika að öðru leyti.

Skaðabótaábyrgð starfsmanns gagnvart tjónþola má skerða eða fella niður ef það verður talið sanngjarnt þegar litið er til atvika sem getið er í 1. mgr. og hagsmuna tjónþola. Bætur, sem starfsmaður hefur greitt, getur hann krafist úr hendi vinnuveitanda að því marki sem bótaábyrgð hvílir endanlega á vinnuveitanda eftir 1. mgr.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um kröfu vinnuveitanda á hendur starfsmanni vegna tjóns sem starfsmaðurinn veldur vinnuveitanda í starfi sínu.

Almenn lækkunarregla.

24. gr.

Lækka má bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgðin yrði hinum bóta-skylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti skerðingu eða niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar metið er hvort ástæða sé til að beita heimildinni skal líta til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra atvika.

Þegar skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi má að nokkru eða öllu líta fram hjá því að tjónþoli er meðvaldur að tjóni. Regla þessi á einnig við um kröfu manns er misst hefur framfæranda sem var meðvaldur að dauða sínum.

Fleiri en einn bótaábyrgir.

25. gr.

Beri tveir eða fleiri óskipta bótaábyrgð skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því sem sanngjarnt þykir þegar litið er til eðlis skaðabótaábyrgðar þeirra og atvika að öðru leyti.

Taki ábyrgðartrygging eins eða fleiri hinna bótaábyrgu til tjónsins skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr. 19. gr. og 21. gr. Í tilvikum, sem nefnd eru í 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 19. gr. eða 21. gr., má, þegar bótaábyrgð er deilt á hina bótaábyrgu, taka tillit til ábyrgðartrygginga sem þeir höfðu. Þetta gildir einnig þegar ákvæði 20. gr. eiga við.

Bætur fyrir miska.

26. gr.

Sá sem ábyrgð ber á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skal greiða þeim sem misgert er við miskabætur. Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. eiga einnig við um miskabætur skv. 1. másl. þessarar greinar.

Bann gegn því að víkja frá lögum með samningi.

27. gr.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá reglum 1.–16. gr., 2. mgr. 24. gr. eða 26. gr. laga þessara ef það er í óhag þeim sem á skaðabótarétt.

Eigi má, áður en tjón verður, víkja með samningi frá reglum 1. mgr. 17. gr., 1. eða 3. mgr. 19. gr., 20. gr., 2. mgr. 22. gr., 23. gr., 1. mgr. 24. gr. eða 25. gr. laga þessara ef það er í óhag hinum skaðabótaskylda. Þó má víkja frá 25. gr. að því er varðar tjón sem valdið er í opinberri starfsemi eða í einkaatvinnurekstri eða sambærilegum rekstri.

IV. KAFLI**Gildistaka o.fl.**

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993 og eiga við um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem verður eftir gildistöku laganna.

Brottfall lagaákvæða.

29. gr.

Eftirtalin lagaákvæði falla brott við gildistöku laganna:

1. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. 25. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.
3. 3. og 4. mgr. 133. gr. og 136. gr. loftferðalaga, nr. 34/1964.

4. 59. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
5. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1987 og 2. gr. laga nr. 64/1989.
6. 16. gr. siglingalaga, nr. 34/1985.
7. 1. mgr. 60. gr. sjómannaalaga, nr. 35/1985.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara er umhverfisráðherra heimilt, að fenginni um-sögn eiturefnaeftirlits Hollustuverndar ríkisins og í samráði við heilbrigðis- og trygginga-málaráðherra, að setja reglugerð um innflutning, sölu, notkun, örugga meðhöndlun og förg-un eiturefna og hættulegra efna sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1990.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1990 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1990

A-HLUTI

Tekjur	Reikningur 1990
Beinir skattar	18.968.797
Óbeinir skattar	68.654.428
Aðrar tekjur	521.870
Tekjur samtals	88.145.095
Fjármunatekjur	6.592.081
Tekjur alls	94.737.176
Gjöld	
Launagjöld	29.832.994
Ýmis rekstrargjöld	20.298.291
Eignakaup	2.059.937
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	50.324.655
Rekstrargjöld, ósundurliðuð í fjárukalögum	-
Sértekjur stofnunar	-7.794.762
Gjöld samtals	94.721.115
Fjármagnskostnaður	11.303.028
Gjöld alls	106.024.143
TEKJUR UMFRAM GJÖLD	-11.286.967

Sundurliðun gjalda á ráðuneyti

00 Æðsta stjórn ríkisins	1.096.488
01 Forsætisráðuneyti	733.933
02 Menntamálaráðuneyti	14.829.062
03 Utanríkisráðuneyti	1.352.152
04 Landbúnaðarráðuneyti	4.026.167
05 Sjávarútvegsráðuneyti	2.894.566
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	4.519.031
07 Félagsmálaráðuneyti	3.780.530
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	39.391.558
09 Fjármálaráðuneyti	6.704.573
10 Samgönguráðuneyti	7.536.973
11 Iðnaðarráðuneyti	2.492.438
12 Viðskiptaráðuneyti	5.511.295
13 Hagstofa Íslands	111.932
14 Umhverfisráðuneyti	33.867
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	11.009.578
Samtals	106.024.143

EFNAHAGSREIHINGUR 31. DESEMBER 1990
A-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1990
<hr/>	
Veltufjármunir	
Sjóður	308.382
Ríkisféhirðir	200.908
Aðrir ríkisaðilar	107.474
Bankainnstæður	1.774.383
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	511.323
Innlendar innlánsstofnanir	758.785
Erlendar innlánsstofnanir	504.275
Skammtímakröfur	
Önnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	20.826.867
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	19.010.795
Markaðar ríkistekjur	1.629.168
Innheimtufé fyrir aðra	142.844
Fyrirframgreiddar, geymdar, markaðar tekjur	44.060
Skammtímakröfur, aðrar	8.011.916
Fyrirframgreidd gjöld	25.315
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur	1.705.280
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán	6.028.640
Veitt stutt lán	252.681
Sjóður og skammtímakröfur samtals	28.838.783
Vöru- og efnisbirgðir	150.091
Veltufjármunir samtals	31.071.639
<hr/>	
Langtímakröfur og áhættufjármunir	
Langtímakröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	18.259.695
Stofnanir í A-hluta	22.257
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	10.958.592
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.700.121
Lánastofnanir	297.275
Sveitarfélög	191.310
Aðrir	3.090.140
Veitt löng lán, innlend, gengisbundin	15.480.698
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	7.563.590
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	3.635.118
Sveitarfélög	2.967.751
Lánastofnanir	204.625
Aðrir	1.109.614
Veitt löng lán til erlendra aðila	28.880
Langtímakröfur samtals	33.769.273
Áhættufjármunir	2.769.904
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.716.303
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög	1.053.601
Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals	36.539.177
EIGNIR ALLS	67.610.816

SKULDIR:	Reikningur 1990
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	758.734
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningar	379.421
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar	336.197
Innlánsstofnanir	43.116
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimtufé	317.415
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	174.580
Innheimtufé fyrir aðra	142.835
Geymdar, markaðar ríkistekjur, innheimtufé	95.944
Markaðar ríkistekjur	37.980
Innheimtufé fyrir aðra	57.964
Ríkisvixlar	8.142.598
Skammtímaskuldir, aðrar	10.099.652
Ógreidd gjöld	1.164.932
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar	4.806.536
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	3.416.970
Tekin stutt lán, innlend, önnur	711.214
Skammtímaskuldir samtals	19.414.343
Langtímaskuldir	
Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	41.964.842
Stofnanir í A-hluta	231.208
Seðlabanki Íslands	24.988
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	85.630
Innlánsstofnanir	6.254.114
Lánastofnanir, innlendar	2.380.393
Sveitarfélög	1.114.759
Aðrir	31.873.750
Tekin löng lán, innlend, gengisbundin	2.186.471
Seðlabanki Íslands	1.457.441
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	5.343
Innlánsstofnanir	28.390
Lánastofnanir	598.231
Aðrir	97.066
Tekin löng lán, erlend	59.778.769
Ýmsar langtímaskuldbindingar	57.604.227
Langtímaskuldir samtals	161.534.309
Skuldir alls	180.948.652
Höfuðstóll	
Höfuðstóll í ársbyrjun	-97.909.914
Endurmat veltufjármunir/skammtímaskuldir	-448.894
Endurmat langtímakröfur/langtímaskuldir	-3.692.061
Tekjur umfram gjöld 1990	-11.286.967
Höfuðstóll í árslok samtals	-113.337.836
SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS	67.610.816

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1990 samþykkt með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1990
B-HLUTI

	Reikningur 1990
<hr/>	
Rekstrartekjur	
Seldar vörur og þjónusta	32.849.076
Seldir happdrættismiðar	1.512.316
Aðrar rekstrartekjur	159.492
Rekstrartekjur samtals	34.520.884
<hr/>	
Rekstrargjöld	
Hráefni og vörur til endursölu	9.015.845
Laun og launatengd gjöld	7.446.607
Happdrættisvinningar	933.666
Önnur rekstrargjöld	8.820.198
Afskriftir	3.012.184
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag	-581.918
Rekstrargjöld samtals	28.646.582
<hr/>	
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	5.874.302
<hr/>	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	
Vaxtatekjur	8.594.953
Vaxtagjöld	-8.394.188
Arður af hlutabréfum	1.231
Endurmat, tekjufært	7.459.660
Endurmat, gjaldfært	-4.396.832
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga	916.228
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga	-3.394.545
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	786.507
<hr/>	
Hagnaður af reglulegri starfsemi	6.660.809
<hr/>	
Óreglulegar tekjur	182.459
<hr/>	
Óregluleg gjöld	-4.303.549
<hr/>	
Framlög og tilfærslur	4.588.659
<hr/>	
Hagnaður til ráðstöfunar	7.128.378
<hr/>	

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1990
B-HLUTI

EIGNIR:	Reikningur 1990
Veltufjármunir	
Sjóður og bankainnstæður	4.235.305
Sjóður	211.652
Banki	4.023.653
Skammtímakröfur	22.159.086
Fyrirframgreiddur kostnaður	212.229
Viðskiptareikningar	13.759.569
Veitt stutt lán	8.187.288
Vöru- og efnisbirgðir	2.122.620
Veltufjármunir samtals	28.517.011
Fastafjármunir	
Áhættufjármunir og langtímakröfur	119.746.894
Langtímakröfur/veitt löng lán	120.342.975
Hlutfé og stofnfjárframlög	360.299
Afskriftareikningur útlána	-956.380
Varanlegir rekstrarfjármunir	38.839.438
Vélar, tæki og áhöld	9.963.171
Fasteignir	20.598.429
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir	8.122.757
Aðrar eignir	155.081
Fastafjármunir samtals	158.586.332
EIGNIR ALLS	187.103.343

SKULDIR:	Reikningur 1990
Skammtímaskuldir	
Bankareikningar, hlaupareikningaskuldir	317.535
Aðrar skammtímaskuldir	17.316.829
Ógreidd gjöld	1.446.058
Viðskiptareikningar	13.492.310
Tryggingastofnun ríkisins, viðskiptareikningar innbyrðis	205.370
Tekin stutt lán	2.173.091
Skammtímaskuldir samtals	<u>17.634.364</u>
Langtímaskuldir	
Langtímaskuldir / tekin löng lán samtals	90.531.650
Skuldir samtals	<u>108.166.014</u>
Eigið fé	
Ýmsir eiginfjárreikningar	-135.988
Endurmatsreikningar	49.455.452
Höfuðstóll	29.617.865
Eigið fé alls	<u>78.937.329</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	<u>187.103.343</u>

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

L Ö G

um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu vinnulaunakröfu launþega og kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna lífeyrисиðgjalda á hendur vinnuveitanda við gjaldþrotaskipti eða þegar dánarbú hans er til opinberra skipta og erfingjar hans ábyrgjast ekki skuldbindingar hans.

2. gr.

Með framkvæmd laga þessara fer félagsmálaráðherra. Ábyrgðasjóðurinn lýtur þriggja manna stjórn sem skipuð er af félagsmálaráðherra til fjögurra ára samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og sá þriðji án tilnefningar.

Ábyrgðasjóður launa skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytis sem sér um daglega afgreiðslu og reikningshald sjóðsins í umboði sjóðstjórnar. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Ábyrgðasjóðurinn skal fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi hvaða nafni sem nefnist sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, auk vaxtatekna sjóðsins.

Ábyrgðargjaldið skal vera allt að 0,2% af gjaldstofni. Hlutfallið skal ákveðið með reglugerð sem félagsmálaráðherra setur fyrir eitt ár í senn að fengnum tillögum stjórnar ábyrgðasjóðsins. Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu.

Ábyrgðargjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem það er ákvarðað af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.

Skorti ábyrgðasjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins þegar tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal þá leggja sjóðnum til þá fjármuni sem til þarf og skoðast það sem lántaka. Nemi uppsöfnuð skuld ábyrgðasjóðsins við ríkissjóð í árslok hærrí fjárhæð en svarar til helmings áætlaðra árs-tekna af ábyrgðargjaldi er félagsmálaráðherra heimilt með reglugerð, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, að hækka gjaldið tímabundið um allt að 0,1% þar til jafnvægi er náð.

Kostnaður af rekstri ábyrgðasjóðsins greiðist af tekjum hans.

4. gr.

Með hugtakinu vinnulaun er átt við endurgjald fyrir starf hjá vinnuveitanda með stoð í gildandi kjarasamningi eða vinnusamningi milli aðila er rýmri rétt veitir launþega.

Með hugtakinu launþegi er í lögum þessum átt við hvern þann sem þegið hefur tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusamningi við vinnuveitanda og gegnt hefur starfi sem veitir rétt til launa í uppsagnarfresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi.

II. KAFLI

5. gr.

Ábyrgð sjóðsins tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum:

- a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, þar með talinn hluti launa sem haldið var eftir af vinnuveitanda skv. VIII. kafla laga nr. 86/1988,
- b. kröfu launþega um orlofslaun sem koma áttu til útborgunar á síðustu þremur starfsmánuðum hans hjá vinnuveitanda,
- c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsiðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frest dag að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga þessara; ábyrgðin takmarkast þó við lágmark 4. gr. laga nr. 55/1980,
- d. bóta vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings, enda skal sá sem krefst bóta samkvæmt þessum lið sýna fram á með vottorði vinnumiðlunar að hann hafi leitað eftir annarri atvinnu þann tíma sem bóta er krafist,
- e. bóta til launþega sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss eða til þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launþega, enda fylgi bótakröfunni forgangsréttur í bú vinnuveitandans,
- f. vaxta skv. 5. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, af kröfum samkvæmt stafliðum a–e frá gjalddaga þeirra til þess dags er krafan fæst greidd úr ábyrgðasjóði,
- g. skiptatryggingar sem launþegar eða lífeyrissjóður hafa greitt. Sama gildir um óhjákvæmilegan kostnað sem launþegi eða sá sem krefst bóta skv. e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, þó að hámarki samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar.

Ábyrgð sjóðsins skv. a- og d-liðum 1. mgr. þessarar greinar skal þó ekki nema hærri fjárhæð miðað við einn mánuð en sem nemur þreföldum atvinnuleysisbótum eins og þær eru ákveðnar hæstar á hverjum mánuði án tillits til barnafjölda.

Ábyrgð sjóðsins nær til greiðslna skv. f- og g-liðum 1. mgr. þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í bú vinnuveitanda.

Sjóðstjórn er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt, til þess að takmarka tjón sjóðsins, að ábyrgjast kröfur skv. a–f-liðum þessarar greinar án undangenginna gjaldþrotaskipta, enda liggja fyrir að viðkomandi fyrirtæki hafi sannanlega hætt rekstri og kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

6. gr.

Eftirtaldir launþegar geta þó ekki krafist sjóðinn um greiðslu krafna skv. a–d-liðum 1. mgr. 5. gr.:

- a. Þeir sem sæti áttu í stjórn gjaldþrota félags eftir að fjárhag þess tók verulega að halla. Þetta á þó ekki við um þá sem sæti eiga í varastjórn félags nema þeir hafi gegnt stjórnarstörfum á umræddu tímabili.
- b. Þeir sem átt hafa 5% hlutafjár eða meira í gjaldþrota hlutafélagi.
- c. Forstjóri, framkvæmdastjóri og þeir aðrir sem vegna starfa sinna hjá hinum gjaldþrota vinnuveitanda áttu að hafa þá yfirsýn yfir fjárhag fyrirtækisins að þeim mátti ekki dyljast að gjaldþrot þess væri yfirvofandi á þeim tíma sem unnið var fyrir vinnulaununum.

- d. Maki þess sem ástatt er um sem segir í a–c-liðum, svo og skyldmenni hans í beinan legg og maki skyldmennis í beinan legg. Leiði ákvæði þetta til mjög ósanngjarnrar niðurstöðu að mati sjóðstjórnar getur stjórnin ákveðið að heimila greiðslu til þessara launþega úr ríkissjóði á grundvelli laganna, enda þótt launakrafa hafi ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga, nr. 21/1991.

Sjóðstjórn úrskurðar um ágreining um greiðsluskyldu.

III. KAFLI

7. gr.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóðs er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs og lífeyrissjóðurinn hafi tvisvar ár hvert, 1. mars og 1. september, sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Komi athugasemd ekki fram skv. 8. gr. laga þessara er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

8. gr.

Til þess að iðgjöld launþega njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs skulu launþegar innan 60 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits frá lífeyrissjóði, sbr. 7. gr., ganga úr skugga um skil vinnuveitanda til lífeyrissjóðs sem greind eru á launaseðli hans. Séu vanskil á iðgjöldum skal launþegi innan sömu tímamarka leggja lífeyrissjóði til afrit launaseðla fyrir það tímabil sem er í vanskilum.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa kafla að fengnum til-lögum sjóðstjórnar og sambanda lífeyrissjóða.

IV. KAFLI

9. gr.

Ef innköllun hefur verið gefin út í bú vinnuveitanda verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði því aðeins tekin til greina að hún berist sjóðnum innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búíð. Sjóðstjórn er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

10. gr.

Greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði skal vera skrifleg. Í henni skal greina eftirfarandi svo glöggst sem við verður komið:

- a. Nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir.
- b. Nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda og hvenær bú hans var tekið til skipta.
- c. Hverjum störfum launþegi gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, hver launakjör hans hafi verið og eftir hverjum samningum þau fóru, sundurliðun kröfu, svo sem í vinnulaun, orlof, bætur, vexti, kostnað og til hvaða tímabils krafan nær.
- d. Yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að atvik þau, er í 6. gr. getur, séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfubrési til ábyrgðasjóðs skulu fylgja afrit kröfulýsingar í bú vinnuveitandans og gögn sem varða meðferð kröfunnar við búskiptin.

Nú brestur á að fullnægt sé framangreindum atriðum og skal þeim er kröfuna gerir á sannanlegan hátt vera gefinn kostur á úrbótum innan tiltekins frests, að því viðlögðu að krafa hans á hendur ábyrgðasjóði teljist ella afturkölluð.

Sá sem gerir greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði á grundvelli laga þessara má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt ábyrgðasjóðs á hendur búi. Er honum óheimilt án sérstaks leyfis sjóðstjórnar að samþykkja að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti launþegi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð ábyrgðasjóðs á kröfu hans fellur niður.

11. gr.

Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi skal svo fljótt sem auðið er láta ábyrgðasjóði í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í þrotabúið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar ábyrgðasjóðs eftir lögum þessum. Í umsögninni skulu eftirfarandi atriði tilgreind:

- a. hvenær bú hafi verið tekið til skipta og hver fari með málefni þess,
- b. hvenær kröfulýsingarfresti í búið hafi lokið,
- c. hvaða kröfum hafi verið lýst í búið sem ábyrgð kunni að fylgja samkvæmt lögum þessum,
- d. hvort eða að hverju marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur kröfunnar í búið,
- e. hvort skilað hafi verið til innheimtuaðila ríkissjóðs þeim hluta launa sem vinnuveitanda bar að halda eftir samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda; ef það hefur ekki verið gert skal enn fremur eftir föngum gerð grein fyrir þeim fjárhæðum sem vinnuveitanda bar að halda eftir af launum launþega,
- f. hvort ákvæði 6. gr. eigi við um kröfuna eða ekki.

Nú hefur skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitandans til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna en skiptastjóri í búinu lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar greiðslukröfunnar í búið að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu og er þá sjóðstjórn heimilt að fara með greiðslukröfu á hendur ábyrgðasjóði eins og fullnægt væri skilyrðum a-liðar 1. mgr. Hafi krafa verið greidd úr ábyrgðasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptastjóra, en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið, verður sú fjárhæð, sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin.

12. gr.

Nú hefur skiptum á dánarbúi vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta og verður greiðslukrafa á hendur ábyrgðasjóði þá að berast innan sex mánaða frá þeim málalokum. Sjóðstjórn er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrr.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 10. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélag, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur ábyrgðasjóður lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal ábyrgðasjóður umsagnar sýslumanns, sem skiptin áttu undir, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

13. gr.

Ef launþegi hefur framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitandans var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar eftir lögum þessum. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans, né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

14. gr.

Innan fjögurra vikna, frá því að fengin hefur verið umsögn skiptastjóra um kröfuna, ber sjóðstjórn að taka ákvörðun um hvort hún verði greidd úr ábyrgðasjóði. Þegar sjóðstjórn ákveður greiðslu kröfu samkvæmt lögum þessum skal jafnframt tilkynna viðkomandi innheimtuaðila ríkissjóðs hvaða fjárhæð hefur verið dregin frá kröfu launþega vegna ákvæða laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um kröfuna í bú vinnuveitandans hefst frestur þessi þann dag sem sjóðstjórn verður kunnugt um lyktir ágreiningsins.

Telji sjóðstjórn að skilyrðum laga þessara sé ekki fullnægt til þess að krafa verði greidd úr ábyrgðasjóði skal ákvörðun um synjun á greiðsluskyldu vera rökstudd. Er þeim er kröfuna gerir heimilt að leita úrlausnar dómstóla um greiðsluskylduna.

15. gr.

Áður en greiðsla á kröfu verður innt af hendi úr ábyrgðasjóði skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr bú vinnuveitandans og skulu þær greiðslur dragast að fullu frá greiðslu úr ábyrgðasjóði.

16. gr.

Ábyrgðasjóður skal tilkynna bréflaga þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í bú vinnuveitandans um niðurstöðu sína um greiðsluskyldu ábyrgðasjóðs. Í tilkynningu skal sundurliða þá fjárhæð sem greiða á.

Frá því að skiptastjóra í bú vinnuveitandans berst tilkynning ábyrgðasjóðs um fyrirhugaða greiðslu kröfunnar úr ábyrgðasjóði fer stjórn sjóðsins með fyrirvar fyrir kröfunni að því leyti sem ábyrgðasjóður leysir hana til sín. Nýtur krafa ábyrgðasjóðs sömu stöðu í skuldaröð í búinu og krafa sú, sem hann hefur leyst til sín, hefði ella notið.

17. gr.

Hafi greiðslu samkvæmt lögum þessum verið aflað úr ábyrgðasjóði með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar um atriði eða leynt hafi verið atriðum sem leitt hefðu til að synjað hefði verið um greiðslu úr ábyrgðasjóði ef ljós hefðu verið ber þeim er greiðslu fékk að endurgreiða ábyrgðasjóði þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Telji stjórn sjóðsins að sá er greiðslu fékk hafi af ásetningi veitt rangar upplýsingar eða leynt upplýsingum og þannig fengið greiðslu úr ábyrgðasjóði skal stjórn sjóðsins tilkynna það ríkissaksóknara og skal um slíkt brot fjalla í opinberu máli. Varða slík brot sektum til ríkissjóðs er numið geta allt að tífadri þeirri fjárhæð sem ranglega hefur fengist greidd nema þyngri refsing liggi við að lögum.

18. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi lög nr. 52/1992.

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfur sem hlotið hafa umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 til 30. júní 1992 en skiptastjóra 1. júlí 1992 eða síðar.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

L Ö G

**um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 96/1990,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Launamenn, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hættir eru eigin atvinnurekstri og eru atvinnulausir og í atvinnuleit, skulu eiga sama rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði og launamenn, enda fullnægi þeir skilyrðum reglna sem ráðherra setur að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs veitir stéttarfélögum aðild að sjóðnum eftir umsókn þar um. Lögini taka ekki til þeirra sem tryggður er réttur til atvinnuleysisbóta með öðrum lögum.

2. gr.

2., 3. og 4. gr. laganna falla niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. Tekjur af tryggingagjaldi samkvæmt lögum um tryggingagjald.
- b. Framlag ríkissjóðs skv. 15. gr.
- c. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

4. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá hennar. Ráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að fenginni umsögn sjóðstjórnar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila.

Handbært fé sjóðsins skal ávaxta eftir því sem við verður komið í lánastofnunum á þeim stöðum þar sem fé sjóðsins fellur til.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á III. kafla laganna:

1. Heiti III. kafla verður: **Um tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.**

2. 9., 11., 12. og 13. gr. falla niður.

3. 10. gr. orðast svo:

Til Atvinnuleysistryggingasjóðs rennur hlutfall af tekjum af tryggingagjaldi í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald.

4. 15. gr. orðast svo:

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi skv. 10. gr.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist mánaðarlega en fullnaðarskil skulu gerð þegar tekjur af tryggingagjaldi skv. 10. gr. liggja fyrir.

6. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem eru atvinnulausir og í atvinnuleit og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.

2. Dvelja hér á landi.

3. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu. Til að finna dagvinnustundir sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu 12 mánuði áður en sjálfstæðri starfsemi var hætt. Til að finna dagvinnustundir sjómanna skal margfalda fjölda skráningardaga með 8. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri öðlast hann rétt til bóta ef hann hefur unnið í tryggingaskyldri vinnu a.m.k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma eftir að hann varð 16 ára.

4. Sanna með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu samkvæmt lögum um vinnumiðlun að hann hafi í upphafi bótatímabils verið atvinnulaus þrjá eða fleiri heila vinnudaga, að jafnaði samfellt.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbannt tekur til.

7. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 8 vikur ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á nám-

skeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir þegar bótaþegi sækir námskeið verkalýðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, allt að 8 vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans samkvæmt framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um þá sem taka að stunda námskeið eða annað nám sem varir lengur en 8 vikur.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans. Styrkur þessi má nema allt að þeim atvinnuleysisbótum sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhjákvæmilegs ferðakostnaðar sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

8. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftár en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar skal gera á 21. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo:

4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulíð fellur niður í 40 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótafímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunarskrifstofu að hann hafi stundað vinnu í samfelld 6 vikur eftir að hann missti bótaréttinn.

b. 6. tölul. orðast svo:

6. Þeir sem neita starfi sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem hefur notið bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vösbúð en þeim störfum sem hann hefur áður stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili eða af öðrum ástæðum metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda. Um missi bótaréttar samkvæmt þessum tölulíð gilda ákvæði 4. tölul.

10. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Maður, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga sem hann er atvinnulaus frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 5. mgr. 24. gr., enda hafi tekjur hans síðustu 6 mánuði fyrir skráningu eigi verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði.

Nú voru tekjur viðkomandi síðustu 6 mánuði fyrir skráningu hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði og frestast þá réttur til atvinnuleysis-

bóta þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnuleysisbótum. Nánari reglur um útreikning biðtíma skal ráðherra setja með reglugerð að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

Atvinnuleysisbætur skulu greiddast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar.

Nú fær bótaþegi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda, þó aldrei meira en miðað við 8 klst. fyrir hvern sólarhring. Þessi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt bótaþegans til atvinnuleysisbóta.

Gefa skal atvinnulausum kost á að sækja endurmenntunar- og starfsþjálfunarnámskeið eða taka þátt í átaksverkefnum í a.m.k. 8 vikur á hverju bótatímabili. Sinni hinn atvinnulausi ekki slíkum tilboðum fellur hann af bótum að loknu hverju bótatímabili í 16 vikur. Þátttaka í námskeiðum eða átaksverkefnum í skemmri tíma en 8 vikur skerðir biðtímann að loknu hverju bótatímabili hlutfallslega.

11. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ellí- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum.

12. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs ákveður með hvaða hætti skuli úthlutað til bótaþega sem ekki eru í stéttarfélagi og sjálfstætt starfandi.

13. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 26. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð sem ráðuneytið lætur gera.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd eða stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs eftir því sem við á.

14. gr.

2. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi og er þá stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t.d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

15. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir fatlaða. Ekki mega slík lán þó nema meira en 40% stofnkostnaðar. Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjung rekstrarhalla slíkra stöðva, enda mæli stjórnarnefnd um málefni fatlaðra með því að slíkur styrkur verði veittur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til eftirtalinna verkefna:

1. endurþjálfunar starfsmannahópa sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnu-hátta,
2. að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni,
3. þróunarverkefna til varanlegrar atvinnusköpunar.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar skulu gerðar á VIII. kafla laganna:

- a. 39. gr. orðast svo:

Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda.

- b. Í lok 40. gr. kemur tilvísun í lög um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota í stað laga nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

- c. 41. gr. orðast svo:

Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði, en ítrekað brot í 1–2 ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins sem úrskurðar endanlega um málið. Úthlutunarnefnd skal tilkynna sjóðstjórn um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein.

Nú hefur bótaþegi aflað sér bóta með sviksamlegu athæfi, sbr. 1. mgr., og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 2. mgr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. laganna skulu þó ekki taka gildi fyrr en 1. október 1993. Þegar löggin hafa hlotið staðfestingu er heimilt að fella þau ásamt öðrum breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar inn í meginmál laganna og gefa þau út að nýju svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda,
og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ákvæði VI. kafla laga þessara taka einnig til framkvæmda á vegum sveitarstjórna, samtaka þeirra og stofnana. Sama gildir um framkvæmdir annarra aðila sem reknir eru að mestu leyti á kostnað ríkis eða sveitarstjórna eða annarra opinberra aðila eða lúta yfirstjórn þessara aðila eða ef rekstur þeirra er undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríki eða sveitarstjórn eða öðrum opinberum aðilum.

Ef þeir opinberu aðilar, sem getið er um í 1., 2. og 4. mgr., starfa á sviði viðskipta eða iðnaðar skulu þeir ekki háðir ákvæðum VI. kafla, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

2. gr.

Á eftir 20. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, með 11 nýjum greinum. Fyrirsögn kaflans verður: **Opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu.** Töluröð annarra kafla og greina breytist samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (21. gr.)

Ákvæði þessa kafla taka til verksamninga þar sem útboðsverðmæti er jafnt eða hærra en þau mörk sem getið er um í 22. gr. og gerðir eru af þeim aðilum sem getið er um í 1. gr. Ákvæði kaflans gilda einnig þegar aðilar skv. 1. gr. greiða meira en helming kostnaðar við verk sem annar aðili býður út og semur um. Jafnframt gilda ákvæði kaflans um verksamninga fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, fjarskiptum eða flutningum með almenningsvögnum á grundvelli sérleyfa eða annars konar einkaréttar sem veitt eru af opinberum aðilum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir verksamninga séu ekki háðar ákvæðum þessa kafla.

b. (22. gr.)

Skýlt er að bjóða út á hinu Evrópska efnahagssvæði verk sem áætlað er að nemi 5 milljónum evrópskra mynteininga (ECU) eða meira án virðisaukaskatts.

Við mat á verðmæti verksins skal miða við það gengi sem í gildi er þann dag er auglýsing skv. 24. gr. er send til birtingar.

Við útreikning fjárhæðar verks skal ekki eingöngu byggja á heildarfjárhæð þess heldur skal einnig taka með í þann útreikning verðmæti aðfanga sem nauðsynleg eru við framkvæmdir og verkkaupi lætur verktaka í té.

c. (23. gr.)

Nú er verki skipt í áfanga þar sem hver áfangi er viðfangsefni sérstaks verksamnings og skal þá við mat á verðmæti verksins miða við samanlagða fjárhæð einstakra áfanga. Ekki þarf að taka með í þann útreikning áfanga sem að verðmæti nema allt að 1 milljón ECU án virðisaukaskatts, enda nái verðmæti þessa hluta ekki 20% af áætlaðri heildarfjárhæð allra verkáfanganna.

Óheimilt er að skipta verki í áfanga í því skyni að koma í veg fyrir skyldu til að bjóða út verk skv. 22 gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um mat á útboðsverðmæti.

d. (24. gr.)

Verkkaupi skal í sérstakri kynningarauglýsingu lýsa meginiekennum þeirra verka sem hann hyggst bjóða út. Jafnframt er verkkaupa skylt að auglýsa þau verk sem hann hefur ákveðið að bjóða út. Þá er verkkaupa, sem gert hefur verksamning, skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær, sem getið er um í 1. mgr., skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð verksamnings hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. mgr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Sendingardagur skal koma fram í auglýsingu. Jafnframt er óheimilt að birta í þess konar auglýsingum aðrar upplýsingar um útboðið en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

e. (25. gr.)

Nú telur verktaki að stjórnvald eða annar verkkaupi, sem lög þessi taka til, hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings sem felur í sér brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

f. (26. gr.)

Fjármálaráðuneytið getur, eftir að hafa fengið kæru til meðferðar, gripið til eftirfarandi aðgerða fram að þeim tíma er tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt:

1. Stöðvað um stundarsakir útboð og gerð verksamnings.
2. Breytt ákvörðun verkkaupa, m.a. með því að auglýsa útboð á nýjan leik, breyta útboðsauglýsingu, útboðsgögnum og útboðsskilmálum.

Nú vill kærandi ekki una úrlausn fjármálaráðuneytis skv. 1. mgr. og getur hann þá borið ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings undir dómstóla, sbr. þó 29. gr.

g. (27. gr.)

Verkkaupi er bótaskyldur vegna þess tjóns sem brot á ákvæðum VI. kafla laga þessara hefur í för með sér fyrir verktaka. Bótafjárhæð skal miðast við kostnað við að undirbúa tilboð og að taka þátt í útboði.

h. (28. gr.)

Telji eftirlitsstofnun EFTA áður en tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt að við gerð verksamnings hafi verið brotið gegn ákvæðum EES-samningsins á sviði opinberra innkaupa getur hún hafið rannsókn á meintu broti.

Eftir að verkkaupa hefur borist tilkynning frá eftirlitsstofnun EFTA eða fjármálaráðuneyti um að stofnunin telji að um brot hafi verið að ræða skal verkkaupi innan viku frá því að fyrri tilkynningin berst senda fjármálaráðuneyti:

- a. staðfestingu á að bætt hafi verið úr brotinu eða
- b. rökstudda greinargerð um ástæður fyrir því að úrbót hafi ekki verið gerð.

Fjármálaráðherra getur beitt heimildum þeim sem getið er um í 26. gr. ef eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt að hún telji að um brot hafi verið að ræða.

i. (29. gr.)

Ákvörðun verkkaupa í sambandi við framkvæmd útboðs eða gerð verksamnings verður ekki breytt eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

Ákvörðun verður ekki kærð til fjármálaráðuneytis eftir að tilboð frá bjóðanda hefur verið samþykkt.

j. (30. gr.)

Verkkaupa er skylt að veita fjármálaráðuneyti upplýsingar um þá verksamninga sem hann hefur gert og eru yfir þeim mörkum sem getið er um í 22. gr.

k. (31. gr.)

Fjármálaráðuneytið skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara. Innkaupastofnun ríkisins skal annast útboð á Evrópsku efnahagssvæði fyrir þau sveitarfélög sem þess óska. Einnig skal hún vera sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis varðandi framkvæmd útboða á Evrópska efnahagssvæðinu.

3. gr.

Við lögina bætist ný grein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi verktaka og val á tilboðum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup.

4. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ákvæði 9.–14. gr. laga þessara gilda eingöngu um útboð og innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

5. gr.

Á eftir 8. gr. laganna koma sex nýjar greinar og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (9. gr.)

Á hinu Evrópska efnahagssvæði skulu boðin út innkaup þeirra aðila sem getið er um í 3. gr., svo og sveitarfélaga, samtaka þeirra, stofnana og fyrirtækja. Jafnframt skulu boðin út innkaup annarra opinberra aðila sem eru undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af opinberum aðilum. Starfi þessir aðilar á sviði viðskipta eða iðnaðar er þeim það þó ekki skylt, enda sinni þeir ekki vatnsveitu, orkuveitu, flutningum eða fjarskiptum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að einstakar tegundir samninga um innkaup verði ekki boðnir út á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. (10. gr.)

Skylda til útboðs tekur til innkaupa á vörum sem áætlað er að nemi a.m.k. því verðmæti án virðisaukaskatts sem getið er um í 1.–4. tölul. þessarar greinar. Með innkaupum er átt við kaup, leigu, fjármögnunarleigu og kaupleigu. Samningur telst vera samningur um innkaup, jafnvel þótt hann feli í sér flutning á ákvörðunarstað og uppsetningu.

1. 200.000 evrópskum mynteiningum (ECU) enda sé ekki um að ræða innkaup sem falla undir 2.–4. tölul.
2. 130.000 ECU vegna innkaupa á vörum sem getið er um í viðauka við lög þessi enda séu innkaupin ekki á vegum sveitarfélaga.
3. 400.000 ECU ef innkaupin eru gerð af aðila sem sinnir flutningum með almenningsvögnum, orkuveitu, vatnsveitu, flugvallar- eða hafnargerð.
4. 600.000 ECU ef innkaupin eru gerð af Pósti og síma eða öðrum sambærilegum stofnunum sem reka fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu. Með innkaupum samkvæmt þessum tölulíð er einnig átt við kaup á hugbúnaðarþjónustu sem sérstaklega er ætluð til notkunar í fjarskiptum.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda einnig um innkaup þeirra fyrirtækja sem stunda þá starfsemi sem þar greinir á grundvelli sérleyfa eða annars konar einkaréttar sem veitt eru af opinberum aðilum.

Við mat á verðmæti innkaupa skal miða við það gengi sem í gildi er þann dag er auglýsing skv. 12. gr. er send til birtingar.

c. (11. gr.)

Þegar gerðir eru samningar um leigu, fjármögnunarleigu eða kaupleigu skal við mat á verðmæti samningsins taka mið af heildarkostnaði út samningstímann. Ef samningur er ótímabundinn skal við það miðað að hann hafi verið til 48 mánaða.

Þegar gerður er samningur sem endurnýja á innan ákveðins tíma skal við mat á verðmæti hans taka mið af sambærilegum samningum sem gerðir voru annaðhvort á síðasta reikningsári eða síðustu 12 mánuðum fyrir samningsgerð.

Þegar innkaupum á sambærilegri vöru er deilt í nokkra hluta skal við mat á verðmæti innkaupanna tekið mið af samanlagðri fjárhæð einstakra hluta.

Óheimilt er að skipta innkaupum á ákveðnu magni vöru í hluta í því skyni að koma í veg fyrir skyldu til að bjóða innkaupin út.

Í reglugerð er heimilt að kveða nánar á um mat á útboðsverðmæti.

d. (12. gr.)

Í sérstakri kynningarauglýsingu í upphafi hvers reikningsárs skal tilkynnt um heildarvörukaup eftir vöruflokkum ef áætluð fjárhæð þeirra innkaupa sem ráðgert er að bjóða út á næstu 12 mánuðum er jöfn eða hærri en 750.000 ECU án virðisaukaskatts. Jafn-

framt er skylt að auglýsa þau innkaup sem ákveðið hefur verið að bjóða út. Þá er kaupanda, sem gert hefur samning um innkaup, skylt að auglýsa það.

Auglýsingar þær, sem getið er um í 1. mgr., skulu sendar útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar eins fljótt og unnt er eftir að ákvörðun um útboð eða gerð samnings um innkaup hefur verið tekin.

Hvers konar birting hér á landi á auglýsingu skv. 1. gr. er óheimil þar til hún hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins til birtingar. Sendingardagur skal koma fram í auglýsingu. Jafnframt er óheimilt að birta í þess konar auglýsingum aðrar upplýsingar um innkaupin en þær sem koma fram í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

e. (13. gr.)

Nú telur bjóðandi að stjórnvöld hafi tekið ákvörðun í tengslum við framkvæmd útboðs eða gerð samnings um innkaup sem felur í sér brot á ákvæðum laga þessara um útboð á Evrópska efnahagssvæðinu og getur hann þá kært þá ákvörðun til fjármálaráðuneytis.

Kæra skal vera skrifleg og rökstudd og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að krefja kæranda um frekari upplýsingar ef það telur ástæðu til.

f. (14. gr.)

Um meðferð kæru, úrræði vegna kæru, bótaskyldu, valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA, eftirlit og hlutverk Innkaupastofnunar ríkisins fer skv. 26.–31. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

6. gr.

Við lögin bætist ný grein sem orðast svo:

Fjármálaráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um framkvæmd laga þessara, svo sem um efni auglýsinga, útboðsgögn, útboðsaðferðir, tilboðsfresti, hæfi bjóðenda og val á tilboðum.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á viðauka til samræmis við þær breytingar sem verða á þeim köflum í tollskrá sem viðaukinn vísar til. Breytingar samkvæmt þessari málsgrein skulu birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

VIÐAUKI

Í viðauka þessum er kveðið á um þær vörur sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga þessara. Við flokkun á vörunum er fylgt flokkunarreglum tollalaga, nr. 55/1987. Kaflaheiti vísar til samsvarandi kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.

25. kafli: Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gipsefni, kalk og sement
26. kafli: Málmgryti, gjall og aska
27. kafli: Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; jarðbiksefni; jarðvax
nema:
úr 2710: Eldsneyti fyrir sérstakar vélar
28. kafli: Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna
nema:
úr 2808: Sprengiefni
úr 2811: Sprengiefni
úr 2812: Táragas
úr 2825: Sprengiefni
úr 2829: Sprengiefni
úr 2834: Sprengiefni
úr 2844: Eiturefni
úr 2845: Eiturefni
úr 2847: Sprengiefni
29. kafli: Lífræn efni
nema:
úr 2904: Sprengiefni
úr 2905: Sprengiefni
úr 2908: Sprengiefni
úr 2909: Sprengiefni
úr 2912: Sprengiefni
úr 2913: Sprengiefni
úr 2914: Eiturefni
úr 2915: Eiturefni
úr 2917: Eiturefni
úr 2920: Eiturefni
úr 2921: Eiturefni
úr 2922: Eiturefni
úr 2925: Sprengiefni
úr 2926: Eiturefni
úr 2928: Sprengiefni
30. kafli: Vörur til lækninga
31. kafli: Áburður
32. kafli: Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifilitir (pigment) og önnur litunarefni; málning og lökk; kítti og önnur þéttiefni; blek

33. kafli: Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmörur og snyrtivörur eða hreinlætisvörur
34. kafli: Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi- eða ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni, tannvax og tannlækningavörur að meginstofni úr gipsefnum
35. kafli: Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím
37. kafli: Ljósmynda- og kvikmyndavörur
38. kafli: Ýmsar kemískar vörur
nema:
úr 3823: Eiturefni
39. kafli: Plast og vörur úr því
nema:
úr 3912: Sprengiefni
40. kafli: Gúmmí og vörur úr því
nema:
úr 4011: Skotheldir hjólbarðar
41. kafli: Óunnar húðir og skinn (þó ekki loðskinn) og leður
42. kafli: Vörur úr leðri; reiðtygi og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur og áþekkar hirslur; vörur úr dýraþörmum (þó ekki silkiormaþörmum)
43. kafli: Loðskinn og loðskinnsgervi; framleiðsla úr þeim
44. kafli: Viður og vörur úr viði; viðarkol
45. kafli: Korkur og vörur úr korki
46. kafli: Framleiðsla úr stráí, úr espartó eða öðrum fléttiefnum; körfugerðarvörur og tágasmíði
47. kafli: Deig úr viði eða öðru trefjakenndu sellulósaeefni; úrgangur og rusl úr pappír eða pappa
48. kafli: Pappír eða pappi; vörur úr pappírsdeigi, pappír eða pappa
49. kafli: Prentaðar bækur, blöð, myndir og aðrar vörur prentiðnaðar; handrit, vélrit og uppdrættir
65. kafli: Höfuðfatnaður og hlutar til hans
66. kafli: Regnhlífur, sóhlífur, göngustafir, setustafir, svipur, keyri og hlutar til þeirra
67. kafli: Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum eða dún; gerviblóm; vörur úr mannshári
68. kafli: Vörur úr steini, gipsefni, sementi, asbesti, gljásteyni eða áþekktum efnum
69. kafli: Leirvörur
70. kafli: Gler og glervörur
71. kafli: Náttúrulegar eða ræktaðar perlur, eðalsteinar eða hálféðalsteinar, góðmálmar, málmar klæddir góðmálmi, og vörur úr þessum efnum; glysvarningur; mynt
73. kafli: Vörur úr jární eða stáli
74. kafli: Kopar og vörur úr honum
75. kafli: Nikkill og vörur úr honum
76. kafli: Ál og vörur úr því
78. kafli: Blý og vörur úr því
79. kafli: Sink og vörur úr því
80. kafli: Tin og vörur úr því

81. kafli: Aðrir ódýrir málmar; keramíkmelmi; vörur úr þeim
82. kafli: Verkfæri, áhöld, eggjárn, skeiðar og gafflar, úr ódýrum málm; hlutar til þeirra úr ódýrum málm
nema:
úr 8207: Verkfæri
úr 8209: Verkfæri, hlutar
83. kafli: Ýmsar vörur úr ódýrum málm
84. kafli: Kjarnakljúfar, katlar, vélbúnaður og vélræn tæki; hlutar til þeirra
nema:
úr 8401: Kjarnakljúfar
úr 8407 og úr 8408: Brunahreyflar
úr 8411 og úr 8412: Hverflar og aðrir hreyflar
úr 8456, úr 8457, úr 8458, úr 8459, úr 8460, úr 8461, úr 8462 og
úr 8463: Smíðavélar
úr 8471: Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar
úr 8473: Hlutar og fylgihlutar til véla í nr. 8471
85. kafli: Rafbúnaður og -tæki og hlutar til þeirra; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp og hlutar og fylgihlutar til þess konar vara
nema:
úr 8517: Fjarskiptabúnaður á línu
úr 8525: Senditæki
86. kafli: Eimreiðar, vagnar og hlutar til þeirra fyrir járnbrautir eða sporbrautir; sporbúnaður og tengihlutar fyrir járnbrautir eða sporbrautir og hlutar til þeirra; hvers konar vélrænn umferðarmerkjabúnaður (þar með talinn rafknúinn)
nema:
úr 8601: Brynvarðar rafmagnseimreiðar
úr 8602: Aðrar brynvarðar eimreiðar
úr 8604: Viðgerðarvagnar fyrir járnbrautir eða sporbrautir
úr 8604 og 8605: Brynvarðir járnbrautar- eða sporbrautarvagnar
úr 8606: Vöruflutningavagnar fyrir járnbrautir eða sporbrautir
87. kafli: Ökutæki, þó ekki járnbrautar- eða sporbrautarvagnar, og hlutar og fylgihlutar til þeirra
nema:
úr 8701: Dráttarvélar
úr 8702, 8703 og 8704: Ökutæki til hernaðarnota
úr 8705: Gálgabifreiðar til að lyfta biluðum ökutækjum og flytja þau
úr 8710: Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja
úr 8711: Mótorhjól
úr 8716: Tengivagnar
89. kafli: Skip, bátar og fljótandi mannvirki
nema:
úr 8906: Herskip
90. kafli: Áhöld og tækjabúnaður til optískra nota, ljósmyndunar, kvikmyndunar, mælinga, prófunar, nákvæmnisvinnu, lyflækninga eða skurðlækninga; hlutar og fylgihlutar til þeirra

nema:

úr 9005: Sjónaukar

úr 9012: Smásjár

úr 9013: Leysitæki; önnur optísk tæki og áhöld ót. a. í þessum kafla

úr 9015: Fjarmælar

úr 9018: Áhöld og tæki til lækninga

úr 9019: Tæki til mekanóterapí

úr 9021: Búnaður til réttlækninga

úr 9022 Tækjabúnaður sem byggir á notkun röntgengeisla

úr 9030: Mælar til að mæla og prófa rafmagnsstærðir

91. kafli: Klukkur og úr og hlutar til þeirra

92. kafli: Hljóðfæri; hlutar og fylgihlutir til þess konar vara

94. kafli: Húsgögn, rekkjubúnaður, dýnur, rúmbotnar, púðar og áþekkur stoppaður húsbúnaður; lampar og ljósabúnaður, ót. a.; ljósaskilti, ljósanafnskilti og þess háttar; forsmíðaðar byggingar

nema:

9401.1000: Sæti til nota í flugvélum

96. kafli: Ýmsar framleiddar vörur

LÖG

um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsídóma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. HLUTI GILDISSVIÐ LAGANNA

1. gr.

Samkvæmt tvíhliða eða marghliða samningum, sem Ísland hefur gert við önnur ríki og með heimild í lögum þessum, má fullnægja hér á landi eftirtöldum viðurlagaákvörðunum:

- a. Ákvörðunum dómstóla um fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki með dómi eða annarri úrlausn að lokinni málsmeðferð samkvæmt lögum um réttarfar í sakamálum.
- b. Ákvörðunum stjórnvalda um fésektir, réttindasviptingar eða upptöku eigna sem teknar eru í öðru ríki.

Í samræmi við samninga skv. 1. mgr. ákveður dómsmálaráðuneytið hvort fullnusta á ákvörðunum íslenskra dómstóla um fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar eða upptöku eigna verði falin stjórnvöldum í öðrum ríkjum. Sama gildir um innheimtu sektar, framkvæmd réttindasviptingar eða upptöku eignar samkvæmt lögreglustjórásátt sem sakborningur hefur samþykkt.

2. gr.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um alþjóðlegt gildi refsídóma frá 28. maí 1970 gilda ákvæði 5.–21., 28.–37. og 40.–42. gr. laga þessara.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt samningi um flutning dæmdra manna, frá 21. mars 1983, gilda ákvæði 22.–25., 28.–34., 38. og 40.–42. gr. laga þessara.

Heimilt er að gera tvíhliða eða marghliða samninga við ríki, sem fullgilt hafa samninga skv. 1. eða 2. mgr., um viðbætur við þá til þess að auðvelda framkvæmd meginreglna þeirra.

Þegar fullnusta fer fram samkvæmt öðrum samningum en tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. ákveður dómismálaráðuneytið hvernig fari um könnun þess hvort fullnægja megi erlend- um viðurlagaákvörðunum hér á landi eða íslenskum viðurlagaákvörðunum erlendis. Ákvæði 26.–34. og 39.–42. gr. gilda eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því getur dómismálaráðuneytið ákveðið, þótt ekki sé í gildi samningur skv. 1. gr., að fullnægja megi hér á landi samkvæmt lögum þess- um viðurlagaákvörðun um sektir, frjálrsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna sem íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur hlotið samkvæmt dómi eða annarri ákvörðun dómstóls í öðru ríki. Með sama hætti er heimilt, þegar sérstakar ástæð- ur mæla með því, að ákveða að fullnusta á viðurlagaákvörðun íslensks dómstóls um sekt- ir, frjálrsræðissviptingu, réttindasviptingu eða upptöku eigna, sem maður með ríkisborg- ararétt eða fasta búsetu í öðru ríki hefur hlotið hér á landi, verði falin stjórnvöldum í því ríki.

Þegar ákveðið er að flytja fullnustu samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 4. mgr. 2. gr. eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Ákvæði laga þessara gilda ekki um fullnustu viðurlaga eða aðrar aðgerðir sem falla undir ákvæði laga um fullnustu refsídóma sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finn- landi, Noregi eða Svíþjóð o.fl.

5. gr.

Með evrópskum refsídómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun sem fullnægja má samkvæmt samningnum um alþjóðlegt gildi refsídóma.

Með útivistardómi er í lögum þessum átt við dóm eða aðra ákvörðun skv. 1. mgr. sem tekin er án þess að dómþoli eða sá sem sætir viðurlögum samkvæmt ákvörðuninni hafi komið sjálfur fyrir dóm við meðferð málsins.

Þegar í lögum þessum er fjallað um viðurlög er, nema annað sé tekið fram, átt við fésektir, frjálrsræðissviptingar, réttindasviptingar og upptöku eigna.

2. HLUTI

FULLNUSTA ERLENDRA VIÐURLAGAÁKVARÐANA HÉR Á LANDI

I. KAFLI

Fullnusta evrópskra refsídóma hér á landi.

A. Skilyrði fyrir fullnustu.

6. gr.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsídómi, nema samkvæmt beiðni stjórnvalda í öðru ríki.

Ekki er heimilt að fullnægja hér á landi evrópskum refsídómi ef:

- a. dómurinn er ekki endanlegur eða ef ekki er unnt að fullnægja honum að lögum þess ríkis sem biður um fullnustu,

- b. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, er ekki refsiverður að íslenskum lögum eða dómþoli hefði ekki, af öðrum ástæðum en greinir í g-lið 1. mgr. 7. gr., bakað sér refsíabyrgð hér á landi ef verknaðurinn hefði verið framinn hér,
- c. dómþoli er ekki búsettur hér á landi nema fullnusta hér auki líkur á félagslegri endurhæfingu hans eða um frjálsræðissviptingarviðurlög sé að ræða sem unnt er að fullnægja í framhaldi af fullnustu annarra slíkra viðurlaga hér á landi eða dómþolinn sé frá Íslandi,
- d. fullnusta hér á landi væri andstæð grundvallarreglum íslenskra laga,
- e. fullnusta hér á landi væri andstæð þjóðréttarskuldbindingum íslenska ríkisins,
- f. dómur fyrir sama afbrot hefur þegar gengið hér á landi eða sakborningur þegar gengist undir lögreglustjórásátt fyrir það,
- g. dómþoli hefur með endanlegum dómi, sem kveðinn hefur verið upp í öðru ríki en því sem biður um fullnustu, verið sýknaður eða dæmdur til viðurlaga fyrir sama verknað sem þegar hefur verið fullnægt eða verið er að fullnægja eða viðurlög hafa fallið niður vegna fyrningar, náðunar eða sakaruppgjafar í því ríki; sama gildir ef dómþoli hefur í slíkum dómi verið sakfelldur en honum ekki gerð sérstök refsing,
- h. fullnusta hér á landi væri að öðru leyti andstæð samningnum um alþjóðlegt gildi refsidóma.

7. gr.

Heimilt er að hafna beiðni um fullnustu á evrópskum refsíðómi ef:

- a. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, telst stjórn málaafbrot eða varðar við herlög,
- b. gild ástæða er til að ætla að dómur hafi gengið eða viðurlög orðið þyngri en ella vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar eða stjórn málaaskoðana dómþola,
- c. rannsókn stendur yfir hér á landi vegna verknaðar sem leiddi til viðurlaganna, ákæra hefur verið gefin út, ákveðið hefur verið að bjóða sakborningi að ljúka máli með lögreglustjórásátt eða tekin hefur verið ákvörðun um að höfða ekki mál vegna verknaðarins,
- d. verknaðurinn, sem leiddi til viðurlaganna, var ekki framinn í því ríki sem biður um fullnustu,
- e. ekki er talið unnt að fullnægja viðurlögunum hér á landi,
- f. telja má að ríki, sem biður um fullnustu, geti fullnægt viðurlögunum,
- g. dómþoli var ekki orðinn 15 ára gamall þegar afbrotið var framið,
- h. viðurlög teldust fyrnd ef beitt væri ákvæðum 83. og 83. gr. a almennra hegningarlaga.

Hafi í því ríki, sem biður um fullnustu, verið framkvæmd aðgerð sem rýfur fyrningu samkvæmt lögum þess ríkis skal sú aðgerð hafa sömu áhrif hér á landi þegar metið er hvort h-liður 1. mgr. eigi við.

8. gr.

Ef viðurlög í erlendum dómi eru ákvörðuð fyrir tvö eða fleiri afbrot og eigi er heimilt að fullnægja þeim vegna þeirra allra skal fallist á beiðni varðandi þau afbrot sem heimilt er að fullnægja, enda sé í dómnum eða í beiðni um fullnustu tilgreint hvaða hluti viðurlaganna eigi við um það eða þau afbrot sem fullnægja skilyrðum um fullnustu viðurlaga hér á landi.

B. Könnun á beiðni um fullnustu.

9. gr.

Beiðni um fullnustu erlendra viðurлагаákvörðunar skal send dómsmálaráðuneytinu.

Telji ráðuneytið augljóst að beiðnin varði ekki evrópskan refsisdóm eða að ekki sé heimilt að fullnægja dómnum hér á landi vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. skal þegar hafna beiðninni. Ef um útvistardóm er að ræða skal þó ekki hafna beiðni af þeirri ástæðu einni að hann sé ekki endanlegur.

Dómsmálaráðuneytið kannar hvort hafna beri beiðni vegna ástæðna er greinir í einstökum liðum 1. mgr. 7. gr.

Sé beiðni ekki þegar hafnað skal hún send ríkissaksóknara til frekari meðferðar.

10. gr.

Ríkissaksóknari leggur málið fyrir héraðsdóm nema annað leiði af 16. eða 19.–21. gr. Ef beiðnin lýtur að upptöku á eignum annars manns en dómþola skal höfðað sérstakt mál gegn þeim manni nema hann hafi komið fyrir dóm við meðferð málsins í erlenda ríkinu.

Dómþola skal gefinn kostur á að tjá sig um fullnustubeiðni og skal hann yfirheyrður fyrir dómi ef hann óskar þess. Ef dómþoli er sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu skal dómurinn þó, að honum fjarstöddum, meta hvort hafna beri beiðni, sbr. 1. mgr. 11. gr., þótt hann hafi óskað eftir því að koma fyrir dóm.

11. gr.

Í málum, sem lögð eru fyrir héraðsdóm skv. 10. gr., ákveður hann hvort hafna beri beiðni vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. eða b- eða h-liða 1. mgr. 7. gr.

Dómstóllinn metur ekki að nýju hvort dómþoli uppfylli skilyrði refsíbyrgðar vegna verknaðarins.

12. gr.

Telji dómurinn að heimilt sé að fullnægja viðurlögunum hér á landi ákveður hann, í samræmi við ákvæði 13.–15. gr. laga þessara, ný viðurlög fyrir verknaðinn sem samkvæmt íslenskum lögum yrðu dæmd fyrir sambærilegt afbrot.

Hafi dómurinn metið hvort skilyrði séu til þess að fallast á beiðni að dómþola fjarstöddum, vegna þess að hann var sviptur frelsi í því landi sem biður um fullnustu, skal þó ekki ákvarða ný viðurlög fyrr en honum hefur verið gefinn kostur á að koma fyrir dóm.

13. gr.

Hafi frjálrsræðissvipting verið dæmd í erlenda dómnum má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en í þeim dómi. Þetta á við þótt frjálrsræðissviptingin sé styttri en stysta frjálrsræðissvipting sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegt afbrot samkvæmt íslenskum lögum.

Séu viðurlögin sektir ákveður dómstóllinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, sektarfjárhæð sem í íslenskum krónum samsvarar þeirri sekt sem dæmd var. Fjárhæðin skal þó ekki fara fram úr þeirri hámarkssektarfjárhæð sem liggur við sambærilegu afbroti samkvæmt íslenskum lögum.

Í stað fésekta samkvæmt erlendri viðurлагаákvörðun má ekki ákvarða þyngri viðurlög hér á landi en fésektir.

14. gr.

Þegar viðurlög eru ákvörðuð skv. 13. gr. skal, að því leyti sem unnt er, taka tillit til þess hluta viðurlaganna sem þegar hefur verið fullnægt, þar með talið þess tíma sem dómþoli hefur verið í haldi eða gæsluvarðhaldi vegna afbrotsins í erlenda ríkinu eða hér á landi. Að teknu tilliti til þessa tíma er heimilt að ákveða vægari viðurlög en ella yrðu ákveðin fyrir afbrotið eða að viðurlög verði að öllu leyti felld niður.

15. gr.

Hafi tiltekin fjárhæð eða verðmæti verið gerð upptæk í erlenda dómnum ákveður dómurinn, með hliðsjón af því kaupgengi er gildir þegar ákvörðun er tekin, samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Ef upptæka fjárhæðin er hærri en sú fjárhæð sem gerð yrði upptæk samkvæmt íslenskum lögum ef málið væri rekið hér á landi skal dómurinn lækka fjárhæðina til samræmis við réttarframkvæmd hér á landi.

Hafi munur verið gerður upptækur í erlenda dómnum skal hann því aðeins gerður upptækur hér að íslensk lög heimili slíka eignaupptöku vegna sambærilegs afbrots.

Hlutverk Menningarsjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til útgáfu þeirra bóka á íslenskri tungu sem verða mega til eflingar íslenskri menningu. Sérstök áhersla skal lögð á að efla útgáfu fræðiritra, handbóka, orðabóka og menningarsögulegra rita. Jafnframt veitir sjóðurinn fjárhagslegan stuðning annarri skyldri starfsemi eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Stjórn Menningarsjóðs er skipuð þremur mönnum. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi hinna kjörnu stjórnarmanna.

Stjórn Menningarsjóðs hefur með höndum árlega úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Stjórn Menningarsjóðs gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins og skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins greiðist úr Menningarsjóði.

3. gr.

Til Menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

- a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmynda- og skuggamyndasýningum og dansleikjum skv. 8. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt.
- b. Fjárveiting sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Samtímis falla úr gildi lög nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1993 skulu 15 milljónir króna frá uppgjöri Bókaútgáfu Menningarsjóðs renna til Menningarsjóðs í stað framlags á fjárlögum.

Á árinu 1993 skal a-liður 3. gr. ekki koma til framkvæmda.

Menntamálaráð, sem kosið var af Alþingi samkvæmt lögum nr. 50/1957, með síðari breytingum, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal leyst frá störfum við gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

L Ö G**um aðgerðir gegn peningþvætti.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI**Gildissvið o.fl.**

1. gr.

Lög þessi gilda um fyrirtæki og stofnanir sem veita almenningi fjármálaþjónustu, hér eftir nefndar fjármalastofnanir. Þær eru samkvæmt lögum þessum:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og dótturfélög þeirra.
2. Stofnanir samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
3. Líftryggingafélög og séreignalífeyrissjóðir.
4. Verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóðir.
5. Hérlend útibú erlendra fjármalastofnana sem hafa með höndum starfsemi skv. 1.–4. tölul.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ákvæði 7. og 8. gr. laganna gildi einnig um aðra aðila sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að notuð verði til að þvætta peninga.

2. gr.

Fjármálastofnun skal ekki í starfsemi sinni taka þátt í að varðveita, yfirfæra eða hagnýta eign eða breyta henni úr einu eignarformi í annað þegar vitneskja eða rökstuddur grunur er til staðar um að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

II. KAFLI

Hlutverk fjármálastofnana.

3. gr.

Við upphaf viðskiptasambands skal starfsmaður fjármálastofnunar krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja.

Einnig skal krefjast þess að viðskiptamaður, sem ekki er í föstu viðskiptasambandi skv. 1. mgr., framvísi persónuskilríkjum þegar hann á í viðskiptum með hærri fjárhæð en 1.100.000 kr. Ef fjárhæðin er ekki þekkt á þeim tíma er viðskiptin eiga sér stað eða viðskiptin fara fram í einni eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri skal krefjast framvísunar persónuskilríkja um leið og vitneskja fæst um fjárhæðina og ljóst er að hún er hærri en að framan greinir.

Ef grunur leikur á að rekja megi uppruna eignar til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni skal krefjast þess af viðskiptamanni að hann framvísi persónuskilríkjum þótt um sé að ræða viðskipti með lægri fjárhæð en skv. 2. mgr.

4. gr.

Þegar viðskiptaaðili er fjármálastofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf ekki að krefjast persónuskilríkja skv. 3. gr. Það sama gildir þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskiptin verði færð til skuldar á viðskiptareikningi í nafni viðskiptaaðila í sambærilegri stofnun sem starfar innan Evrópska efnahagssvæðisins nema grunur leiki á að viðskiptin tengist broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

5. gr.

Hafi starfsmaður fjármálastofnunar vitneskju eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

6. gr.

Fjármálastofnun skal varðveita ljósrit af persónuskilríkjum þeim sem krafist er skv. 3. gr. eða fullnægjandi upplýsingar úr þeim í a.m.k. fimm ár frá því að viðskiptum eða viðskiptasambandi lýkur.

7. gr.

Fjármálastofnun skal láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni og tilkynna ríkissaksóknara um viðskipti þar sem slík tengsl eru talin vera fyrir hendi. Samkvæmt beiðni ríkissaksóknara eða lögreglu, sem rannsakar peningaþvættismál, skal láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru taldar vegna rannsóknarinnar.

Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til brots á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni þar til ríkissaksóknara hefur verið tilkynnt um viðskiptin. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal ríkissaksóknara tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

8. gr.

Stjórnendur, starfsmenn og aðrir, sem vinna í þágu fjármálastofnunar, eru skyldir til að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki frá stofnuninni vitneskju um að ríkissaksóknara hafi verið sendar upplýsingar skv. 7. gr. eða að rannsókn sé hafin vegna gruns um brot á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni.

9. gr.

Fjármálastofnun skal hafa innra eftirlit sem miðar að því að hindra að stofnunin sé notuð til viðskipta sem tengjast afbrotum. Í þeim tilgangi skal stofnunin m.a. sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Fái bankaeftirlit Seðlabanka Íslands eða Tryggingaeftirlit í störfum sínum vitneskju um viðskipti sem tengjast broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni eða upplýsingar um viðskipti sem grunur leikur á að tengist broti á almennum hegningarlögum eða lögum um ávana- og fíkniefni skal það tilkynnt til ríkissaksóknara.

11. gr.

Þegar stjórnandi eða starfsmaður fjármálastofnunar veitir ríkissaksóknara eða lögreglu upplýsingar í góðri trú samkvæmt lögum þessum telst það ekki brot á þagnarskyldu sem hann er bundinn samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi stofnunum, stjórnendum þeirra eða starfsmönnum.

12. gr.

Fjárhæð skv. 2. mgr. 3. gr. skal bundin gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU. Seðlabanki Íslands auglýsir fjárhæðina í Lögbirtingablaði, miðað við 1. janúar ár hvert.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Brot á ákvæðum 3., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. varða sektum. Vanræksla á að láta ríkissaksóknara eða lögreglu í té upplýsingar skv. 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. varðar einnig sektum.

Þegar brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1993. Ákvæði 9. gr. öðlast gildi sex mánuðum síðar.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkeldsdóttir.

Þór Vilhjálmsson.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

A 23

LÖG

um breyting á lögum nr. 57/1988, um framhaldsskóla,
sbr. lög nr. 107/1988 og nr. 72/1989.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 39. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Menntamálaráðherra er heimilt að efna til tilraunastarfs í starfsnámi í samráði við einstaka skóla og víkja þá frá ákvæðum þessara laga ef nauðsyn krefur. Slíkt tilraunastarf skal að jafnaði ekki skilgreint til lengri tíma en tveggja ára í senn og skal skipulagt í samvinnu við fulltrúa atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkeldsdóttir.
(L. S.)

Þór Vilhjálmsson.

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi eru sett með hliðsjón af lögum um fjarskipti, nr. 73/1984, hvað varðar tæknilega eiginleika.

Með *útværpi*, hljóðvarpi eða sjónvarpi, er í lögum þessum átt við hvers konar útsendingu dagskárefnis innan íslenskrar lögsögu sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með rafsegulöldum hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst.

Ákvæði þessara laga ná ekki til dreifingar útvarpsdagskrár eða útsendinga sem eingöngu eru ætlaðar þröngum hóp og takmarkast við byggingar eða húsakynni á samfelldri lóð, svo sem einstök íbúðarhús, sjúkrahús, gistihús, skóla og verksmiðju.

Útvarpsstöð er sá aðili sem leyfi hefur til útvarps samkvæmt lögum þessum.

Útvarpsdagskrá í skilningi laga þessara er heildarsamsetning dagskárliða í útvarpi.

Auglýsing er hvers konar tilkynning sem útvarpað er gegn endurgjaldi og felur í sér kynningu vöru eða þjónustu.

Dulin auglýsing er sýning eða önnur kynning í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu í útvarpsdagskrám utan afmarkaðra auglýsingatíma sé slík sýning til þess ætluð af hálfu útvarpsstöðvar að þjóna auglýsingamarkmiðum og villa um fyrir notendum.

Kostun er hvers konar framlag lögaðila eða einstaklinga til framleiðslu eða sýningar dagskrárliða í útvarpi, með það fyrir augum að vekja athygli á nafni sínu, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Öðrum aðilum má veita leyfi til útvarps. Skal starfa sérstök nefnd, útvarpsréttarnefnd, sem veitir slík leyfi skv. 3.–6. gr. laga þessara og fylgist með að reglum þeirra sé fylgt. Útvarpsréttarnefnd veitir einnig leyfi til starfrækslu útvarps þar sem einvörðungu er dreift viðstöðulaust óstyttri og óbreyttri heildardagskrá útvarpsstöðva. Slík leyfi eru einvörðungu háð ákvæðum 5. og 6. gr. eftir því sem við á.

3. gr.

1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Fjarskiptæftirlit ríkisins úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir og gefur út leyfisbréf til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps. Í leyfisbréfi skal kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um þráð og/eða þráðlaust um örbylgju. Í síðara tilfallinu skal hafa samráð við samgönguráðuneytið.

4. gr.

3. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna skiptist í tvo stafliði og orðast svo:

(3. a.)

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þær skulu kosta kapps um að meiri hluti útsendrar dagskrár sé íslenskt dagskrárefni og dagskrárefni frá Evrópu.

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausum íslensku máli.

Ákvæði lagagreinar þessarar eiga ekki við þegar um er að ræða endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum, enda sé um að ræða viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðva.

(3. b.)

Útvarpsstöðvar, sem leyfi fá til útvarps, skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum.

Þeir aðilar, einstaklingar, félög eða stofnanir, sem telja að lögmatir hagsmunir þeirra, einkum orðspor og mannorð, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með stað-

reyndir í útvarpsdagskrá, hafa rétt til andsvara í viðkomandi útvarpsstöð eða til annarra jafngildra úrræða.

Telji þessir aðilar að útvarpsstöð hafi ekki uppfyllt framangreind skilyrði gagnvart þeim og þeim er synjað um að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í dagskrá með þeim hætti sem þeir vilja við una geta þeir lagt málið fyrir útvarpsréttarnefnd. Nefndin skal þá, eins fljótt og við verður komið, fella úrskurð um kæruefni og er sá úrskurður bindandi fyrir aðila.

5. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla tekna með auglýsingum, afnotagjaldi eða sérstöku gjaldi vegna framleiðslu fræðslu- og skýringarefnis.

Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárlíða.

Heimilt er að rjúfa einstaka dagskrárlíði með auglýsingatíma, enda leiði það ekki til afbökunar á dagskrárefni eða verulegrar röskunar á samfelldum flutningi eða skerði rétt rétthafa svo sem hér segir:

- a. Útsendingu dagskrárlíða sem samsettir eru úr sjálfstæðum þáttum, íþróttadagskrár eða sambærilega dagskrárlíði, sem svipaðir eru að uppbyggingu, er heimilt að rjúfa með auglýsingatíma á þann veg að auglýsingum sé aðeins skotið inn á milli þátta eða í hléum.
- b. Útsendingu kvikmynda, þar með talinna kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp og eru lengri en 45 mínútur í dagskrá, má rjúfa einu sinni fyrir hvert 45 mínútna tímaskeið með auglýsingatíma. Heimilt er að rjúfa útsendingu öðru sinni ef sýningartími er meira en 20 mínútum lengri en tvö eða fleiri full 45 mínútna tímaskeið.
- c. Ef dagskrárlíðir, aðrir en þeir sem fjallað er um í a-lið, eru rofnir með auglýsingum skulu líða a.m.k. 20 mínútur milli auglýsingahléa í sama dagskrárlíð.

Óheimilt er að skjóta auglýsingum inn í útsendingu á guðsþjónustu eða trúarlegri dagskrá, fréttum eða fréttatengdum dagskrárlíðum eða dagskrá fyrir börn.

Í sjónvarpsdagskrám skal hlutfall auglýsingatíma ekki fara yfir 15% daglegs útsendingartíma. Þó má auka þetta hlutfall í 20% ef með eru talin bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða veitingu þjónustu. Hlutfall auglýsinga innan tiltekins klukkutímaskeiðs má ekki fara yfir 20%. Auglýsingar á borð við bein tilboð til almennings um sölu, kaup eða leigu á vörum eða þjónustu skulu ekki fara fram yfir eina klukkustund á dag, án þess þó að skerða ákvæði þessarar málsgreinar.

Duldar auglýsingar eru bannaðar.

Í auglýsingum skal ekki beita tækni til að hafa áhrif á fólk neðan marka meðvitaðrar skynjunar.

6. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, er orðast svo:

Heimilt er útvarpsstöð að afla kostunar við gerð einstakra dagskrárlíða, þó aldrei fréttu eða fréttatengdra þátta, svo framarlega sem kostunaraðili hefur ekki áhrif á innihald eða efnistöð við gerð kostaðs dagskrárlíðar og raskar ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar. Nú er dagskrárlíður kostaður og má þá efni hans ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostunaraðila. Heimilt er að ákveða með reglugerð að sérstakar reglur skuli gilda um dagskrárlíði sem kostaðir eru af góðgerðar- eða líknarfélögum.

Kostaðar sjónvarpsdagskrár skulu vera ljóslega auðkenndar sem slíkar með nafni og/ eða vörumerki kostunaraðila í upphafi og/eða lok dagskrár.

7. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Fyrir útlarp um þráð gilda eftirtalðar reglur sérstaklega:

1. Leyfi til útlarps um þráð er háð því að sveitarstjórnir heimili lagningu þráðar um lönd sín.
2. Lagning og not þráðar í því skyni eingöngu að dreifa viðstöðulaust dagskrárefni útlarpsstöðva óbreyttu og óstyttu er aðeins háð skilyrðum 1. tölul. þessarar greinar, sjá þó 2. mgr. 2. gr. Samgönguráðuneytið setur reglur um gerð og notkun slíkra kerfa og eftirlit með þeim. Áskilja má að notkun þessara kerfa sé háð leyfi FjarSKIPTA-
eftirlits ríkisins.

8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Heimil er öllum móttaka útlarpsdagskrár sem send er um gervitungl og ætluð almenn-
ingi til beinnar móttöku, enda verði henni ekki endurvarpað. Samgönguráðuneytið setur
reglur um móttöku frá fjarSKIPTATUNGlum.

Um flutning útlarpsfenis um fjarSKIPTATUNGli milli fastra stöðva, þegar ekki er um til-
búna dagskrá að ræða sem ætluð er almenningi, gilda eingöngu ákvæði fjarSKIPTALAGA.

Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp um þráð og/eða þráðlaust á dagskrá, sem
komin er til móttökustöðvar um gervitungl, er háð samþykki útlarpsstöðvarinnar sem dag-
skrána sendir og samþykki samgönguráðuneytisins ef um fjarSKIPTATUNGli er að ræða.

9. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði 2.–7. mgr. 4. gr. og 4. gr. a eiga einnig við um starfsemi Ríkisútlarpsins.

10. gr.

Við 15. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein:

Efni á erlendu máli, sem sýnt er í sjónvarpsdagskrá Ríkisútlarpsins, skal jafnan fylgja
íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar
ar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og mót-
tökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í
sömu andrá. Við þær aðstæður skal Ríkisútlarpið – sjónvarp, eftir því sem kostur er, láta
fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem gerst hafa. Skal lögð
áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausú íslensku máli.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Salome Þorkelsdóttir.

Þór Vilhjálmsson.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipun 89/48EBE sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið nær til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

Lög þessi gilda einnig um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir samninga sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og öðlast hafa gildi að því er Ísland varðar og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

2. gr.

Ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, svo og norrænir ríkisborgarar sem uppfylla skilyrði þeirrar tilskipunar eða samninga sem falla undir 1. gr., eiga rétt á að gegna hér á landi starfi sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til, hvort heldur er sjálfstætt eða sem launþegar, með sömu skilmálum og gilda um íslenska ríkisborgara.

3. gr.

Þau stjórnvöld, sem fara með málefni er varða hlutaðeigandi starf, skulu sjá um að skilyrði þau sem greinir í 2. gr. til að gegna starfinu hafi verið uppfyllt.

4. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, getur með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum í lögum að því er varðar ríkisfang, búsetu eða viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er felast í tilskipun þeirri eða samningum sem falla undir 1. gr.

Ráðherra, sem í hlut á, setur reglur um hæfnispróf eða viðbótarmenntun eftir því sem við á. Hann getur einnig ákveðið að umsækjandi skuli greiða kostnað vegna prófs eða viðbótarmenntunar. Ráðherra setur og reglur um gjöld er krefja má vegna umsóknar um heimild til að gegna starfi hér á landi.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið skal sjá um og samræma framkvæmd þeirrar tilskipunar og samninga sem falla undir 1. gr. Nánari ákvæði um þá framkvæmd skulu sett í reglugerð.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið, svo og stjórnvöld sem í hlut eiga, sbr. 4. gr., geta krafist umsækjanda um upplýsingar, sem þörf er á, til að taka megi afstöðu til umsóknar um heimild til að gegna lögvernduðu starfi hér á landi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

18. maí 1993

Nr. 84

LÖG**um breytingu á lögum nr. 22 27. mars 1991, um samvinnufélög.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein, 2. gr. a, svohljóðandi:

Heimilt er samvinnufélagi, að fullnægðum skilyrðum sem talin eru upp í 2. mgr., að starfrækja innlánsdeild sem tekur við innlögum frá félagsmönnum og viðskiptaaðilum til ávöxtunar sem rekstrarfé félagsins. Um útborganir á innlögum fer eftir ákvæðum félags-samþykta.

Skilyrði fyrir því að samvinnufélag megi starfrækja innlánsdeild eru:

1. Að eigið fé félagsins sé minnst 100 milljónir króna og hlutfall eigin fjár þess af heildareignum eigi lægra en 18% — átján af hundraði —. Fyrrgreind lágmarksfjárhæð er miðuð við verðlag í byrjun árs 1993 og skal breytast í upphafi hvers árs í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu.

Fullnægi samvinnufélag ekki þessum skilyrðum er viðskiptaráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi félagi frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að fyrrgreindum lágmarkum. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að þrjá mánuði.

2. Að endurskoðun á reikningum félagsins sé í höndum löggilts endurskoðanda, sbr. 2. mgr. 68. gr.
3. Að félagið sé aðili að Tryggingarsjóði innlánsdeilda. Samþykktir sjóðsins skulu staðfestar af viðskiptaráðherra.

Til tryggingar fyrir fé því, sem lagt er í innlánsdeild, eru eignir félagsins, þar með talin eign í Tryggingarsjóði innlánsdeilda og ábyrgð félagsmanna skv. 18. gr.

Óheimilt er innlánsdeild að veita lán í eigin nafni eða reka aðra fjármálastarfsemi en um getur í 1. mgr. og hún telst hvorki innláns- né lánastofnun í skilningi laga um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Í stað síðari málsgreinar ákvæðis til bráðabirgða komi tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þeim samvinnufélögum, sem starfrækja innlánsdeildir við gildistöku laga þessara og ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 2. gr. a, ber að fullnægja skilyrðunum eigi síðar en 31.

desember 1994. Að öðrum kosti skulu þau leggja niður innlánsdeildir sínar frá og með 1. janúar 1995.

Ákvæði 2. gr. a skal taka til endurskoðunar eigi síðar en 1. janúar 2000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 29. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 85

18. maí 1993

LÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og að staðfesta breytingar á samþykktum bankans.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja aukningu á hlutfé Norræna fjárfestingarbankans úr 1.600 milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) í 2.400 milljónir SDR. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum, sbr. 2. og 3. gr. samþykktu bankans, um 7,2 milljónir SDR og leggja þar af fram allt að jafnvirði 243 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu) á árunum 1993–1995.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 6. gr. samþykktu bankans og bæta við þær grein 6b sem fjalli um sérstaka lánaþyrirgreiðslu til Eystrasaltsríkja (BIL-lán) og takast á hendur ábyrgðir í því sambandi að fjárhæð allt að jafnvirði 300 þúsunda evrópskra mynteininga (ecu).

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 2., 4. og 9. gr. samþykktu bankans, þess eðlis að bankinn miði framvegis reikningshald sitt við evrópsku mynteininguna ecu.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1993.

Davíð Oddsson. Salome Þorkelsdóttir. Þór Vilhjálmsson.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að við gerð kjarasamninga milli aðildarfélaganna Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga hafi ríkisstjórnin lýst sig reiðubúna að greiða fyrir gerð kjarasamninga til lengri tíma. Mikilvægt sé að eyða óvissu í kjaramálum, tryggja frið á vinnumarkaði og treysta þannig stöðugleika í efnahagsmálum með víðtækri samstöðu um kjarasamninga til loka næsta árs.

Til að ná þessum markmiðum beri brýna nauðsyn til að grípa til aðgerða til styrktar útflutningsgreinum atvinnulífsins, treysta atvinnuástand og lækka verð á tilteknum matvælum.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

I. KAFLI

Um aðgerðir í atvinnu- og verðlagsmálum.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að verja á árinu 1993 allt að 1 000 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestinga og viðhalds, og allt að 300 millj. kr. til tímabundinnar niðurgreiðslu á kjötvörum og mjólkurafurðum.

II. KAFLI

Um tímabundna endurgreiðslu tryggingagjalds.

2. gr.

Heimilt er að endurgreiða tryggingagjald sem lagt er á aðila sem stunda útflutning á tímabilinu frá júní til desember 1993 samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Til aðila samkvæmt 1. mgr. teljast:

1. Aðilar í fiskveiðum, fiskeldi og fiskvinnslu.
2. Aðilar í atvinnugreinum samkvæmt 2. og 3. flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

3. gr.

Aðilar samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. 2. gr. geta fengið endurgreitt tryggingagjald af öllum tryggingagjaldsstofni á framangreindu tímabili, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Endurgreiðsla til aðila samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. skal miðuð við þann hluta tryggingagjaldsstofns, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, sem tengist þeim hluta framleiðslu á framangreindu tímabili sem fluttur er úr landi eða er ætlaður til útflutnings. Koma skal fram í bókhaldi þessara aðila sundurliðun á því hvernig tryggingagjaldsstofn skiptist milli þess hluta framleiðslu sem ætlaður er til útflutnings annars vegar og til sölu innanlands hins vegar.

Ef aðili sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. hefur annan rekstur með höndum en þar greinir, skal hann haga bókhaldi sínu í samræmi við ákvæði 4. mgr. 2. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

4. gr.

Skýri aðili sem endurgreiðslu beiðist vísitandi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um endurgreiðslubeiðni skal hann greiða sekt er nemi tífundri þeirri fjárhæð sem beiðist er endurgreiðslu á eða allt að þeirri fjárhæð ef háttsemi má rekja til stórkostlegs gáleysis, enda liggi ekki við brotinu þyngri refsing eftir öðrum lögum. Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögðila sem einstaklingi. Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurgreiðslu tryggingagjalds samkvæmt lögum þessum. Skal þar m.a. kveðið nánar á um fyrirkomulag endurgreiðslu, kærur og fresti.

III. KAFLI

Um breyting á hafnalögum, nr. 69/1984, með síðari breytingum.

6. gr.

Við 13. gr. bætist ný málsgrein, 5. mgr., sem orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar er einstökum hafnarstjórnnum heimiluð frávik til lækkunar á hinni almennu gjaldskrá fyrir hafnir vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávaraflla.

IV. KAFLI

Um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins.

7. gr.

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna yfirstandandi fiskveiðiárs, samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem óráðstafað er við gildistöku laga þessara, skal úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem urðu fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir meira en sem nemur 6,9% skerðingu aflamarks, í þorskígildum talið, á milli fiskveiðiáranna sbr. 8. gr.

þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

8. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið er hófst 1. september 1991 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips af hverri tegund eins og hún var hinn 21. maí 1993. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvers fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs á árinu 1992 sbr. lög nr. 4/1992, um breyting á lögum nr. 40/1990, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 290/1992, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur skal lögð til grundvallar við úthlutun samkvæmt 7. gr.

V. KAFLI

Gildistaka.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1993.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 19. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1993

Nr. 88

344

14. júní 1993

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Davíð Oddsson fer með forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands.

Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.

Fríðrik Sophusson fer með fjármálaráðuneytið.

Guðmundur Árni Stefánsson fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Halldór Blöndal fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.

Ólafur G. Einarsson fer með menntamálaráðuneytið.

Sighvatur Björgvinsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Þorsteinn Pálsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið.

Össur Skarphéðinsson fer með umhverfisráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 14. júní 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1993

24. júní 1993

345

Nr. 89

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987
með síðari breytingum.

1. gr.

Á 15. kafla tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:
Tollskrárnúmerin 1517.1001 og 1517.1009 skiptist upp og orðist svo:

	– Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:	
	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þunga:	
1517.1011	– – – Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	0
1517.1019	– – – Annars	0
	– – Annað:	
1517.1021	– – – Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	0
1517.1029	– – – Annars	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. laga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Auglýsing þessi tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 24. júní 1993.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1993

Nr. 90

346

30. júní 1993

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.

1.gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Tollur
A E

1. Við 49. kafla:

Vöruliður nr. 4902 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

Tollur
A E

**4902 Fréttablöð, dagblöð og tímarit, einnig með myndum
eða með auglýsingaefni:**

– Útgefin a.m.k. fjórum sinnum í viku:

4902.1001 -- Dagblöð, tímarit og landsmála- og héraðsfréttablöð 0

4902.1009 -- Annars 0

– Önnur:

4902.9001 -- Dagblöð, tímarit og landsmála- og héraðsfréttablöð 0

4902.9009 -- Annars 0

2. Við 85. kafla:

Tollskrárnúmerin 8524.2101 til 8524.2109, 8524.2301 til 8524.2309 og 8524.9001 til 8524.9009
ásamt undirliðum orðist svo:

Tollur
A E

– Segulbönd:

-- Ekki meira en 4 mm að breidd:

8524.2110 --- Fyrir vélar í nr. 8471, þó ekki tónlist, leikir spil
o.þ.h..... 0

	----	Önnur:		
	-----	Með íslensku efni:		
8524.2121	-----	Með tónlist	10	0
8524.2122	-----	Með leikjum	10	0
8524.2123	-----	Með kennsluefni	10	0
8524.2129	-----	Annars	10	0
	-----	Með erlendu efni:		
8524.2131	-----	Með tónlist	10	0
8524.2132	-----	Með leikjum	10	0
8524.2133	-----	Með kennsluefni	10	0
8524.2139	-----	Annars	10	0
	--	Meira en 6,5 mm að breidd:		
8524.2310	----	Fyrir vélar í nr. 8471, þó ekki tónlist, leikir, spil o.þ.h.....	0	
	----	Önnur:		
	-----	Myndbönd:		
8524.2321	-----	Með íslensku efni	10	0
8524.2329	-----	Með erlendu efni	10	0
	-----	Önnur en myndbönd:		
8524.2391	-----	Með íslensku efni	10	0
8524.2399	-----	Með erlendu efni	10	0
	-	Annað:		
	--	Seguldiskar:		
8524.9010	----	Fyrir vélar í nr. 8471, þó ekki tónlist, leikir spil o.þ.h.....	0	
	----	Aðrir:		
	-----	Með íslensku efni:		
8524.9021	-----	Með tónlist	10	0
8524.9022	-----	Með leikjum	10	0
8524.9023	-----	Með kennsluefni	10	0
8524.9029	-----	Aðrir	10	0
	-----	Með erlendu efni:		
8524.9031	-----	Með tónlist	10	0
8524.9032	-----	Með leikjum	10	0
8524.9033	-----	Með kennsluefni	10	0
8524.9039	-----	Aðrir	10	0
	--	Annars:		
8524.9091	----	Fyrir vélar í nr. 8471, þó ekki tónlist, leikir, spil o.þ.h.....	0	
8524.9099	----	Annað	10	0

3. Við 87. kafla:

a. Vöruliðir 8701 til 8704 ásamt tollskárnúmerum orðist svo:

		Tollur
		A E
8701	Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):	
8701.1000	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	0
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
8701.2001	-- Nýjar	0
8701.2009	-- Notaðar	0
8701.3000	– Beltadráttarvélar	0
8701.9000	– Aðrar	0
8702	Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu farþegum eða fleiri að meðtöldum öikumanni:	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum öikumanni:	
8702.1011	---- Ný	0
8702.1019	---- Notuð	0
	-- Önnur:	
8702.1021	---- Ný	0
8702.1029	---- Notuð	0
	– Önnur:	
8702.9010	-- Rafknúin	0
	-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum öikumanni:	
8702.9021	---- Ný	0
8702.9029	---- Notuð	0
	-- Önnur:	
8702.9091	---- Ný	0
8702.9099	---- Notuð	0
8703	Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:	
	– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golfbifreiðar og áþekk ökutæki:	
	-- Á beltum:	
8703.1010	---- Rafknúin	0
	---- Vélsleðar (beltabifhjól):	
8703.1021	---- Nýir	0
8703.1029	---- Notaðir	0
	---- Önnur, þó ekki vélsleðar:	
8703.1031	---- Með 1400 sm ³ sprengirými, eða minna	0
8703.1032	---- Með meira en 1400 sm ³ til og með 2000 sm ³ sprengirými	0
8703.1033	---- Með meira en 2000 sm ³ til og með 2500 sm ³ sprengirými	0

8703.1039	-----	Með meira en 2500 sm ³ sprengirými	0
	--	Önnur:	
8703.1091	----	Rafknúin	0
8703.1092	----	Fjórhjól	0
8703.1099	----	Annars	0
	-	Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neista- kveikju:	
	--	Með 1000 sm ³ sprengirými eða minna:	
8703.2110	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.2121	-----	Ný	0
8703.2129	-----	Notuð	0
	--	Með meira en 1000 sm ³ til og með 1500 sm ³ sprengirými:	
	----	Með meira en 1000 sm ³ til og með 1400 sm ³ sprengirými:	
8703.2210	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.2221	-----	Ný	0
8703.2229	-----	Notuð	0
	----	Með meira en 1400 sm ³ til og með 1500 sm ³ sprengirými:	
8703.2230	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.2291	-----	Ný	0
8703.2299	-----	Notuð	0
	--	Með meira en 1500 sm ³ til og með 3000 sm ³ sprengirými:	
	----	Með meira en 1500 sm ³ til og með 2000 sm ³ sprengirými:	
8703.2310	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.2321	-----	Ný	0
8703.2329	-----	Notuð	0
	----	Með meira en 2000 sm ³ til og með 2500 sm ³ sprengirými:	
8703.2330	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.2341	-----	Ný	0
8703.2349	-----	Notuð	0
	----	Með meira en 2500 sm ³ sprengirými:	
8703.2350	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.2391	-----	Ný	0
8703.2399	-----	Notuð	0
	--	Með meira en 3000 sm ³ sprengirými:	
8703.2410	----	Fjórhjól	0

	----	Önnur:	
8703.2491	-----	Ný	0
8703.2499	-----	Notuð	0
	-	Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýsti- kveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	--	Með 1500 sm ³ sprengirými eða minna:	
	----	Með 1400 sm ³ sprengirými eða minna:	
8703.3110	-----	Fjórhjól	0
	-----	Önnur:	
8703.3121	-----	Ný	0
8703.3129	-----	Notuð	0
	----	Með meira en 1400 sm ³ til og með 1500 sm ³ sprengirými:	
8703.3130	-----	Fjórhjól	0
	-----	Önnur:	
8703.3191	-----	Ný	0
8703.3199	-----	Notuð	0
	--	Með meira en 1500 sm ³ til og með 2500 sm ³ sprengirými:	
	----	Með meira en 1500 sm ³ til og með 2000 sm ³ sprengirými:	
8703.3210	-----	Fjórhjól	0
	-----	Önnur:	
8703.3221	-----	Ný	0
8703.3229	-----	Notuð	0
	----	Með meira en 2000 sm ³ til og með 2500 sm ³ sprengirými:	
8703.3230	-----	Fjórhjól	0
	-----	Önnur:	
8703.3291	-----	Ný	0
8703.3299	-----	Notuð	0
	--	Með meira en 2500 sm ³ sprengirými:	
8703.3310	----	Fjórhjól	0
	----	Önnur:	
8703.3391	-----	Ný	0
8703.3399	-----	Notuð	0
	-	Önnur:	
	--	Rafknúin:	
8703.9011	----	Ný	0
8703.9019	----	Notuð	0
	--	Önnur en rafknúin:	
8703.9091	----	Ný	0
8703.9099	----	Notuð	0
8704		Ökutæki til vöruflutninga:	
8704.1000	-	Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega ..	0
	-	Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	--	Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	

	---	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:	
8704.2111	-----	Nýjar	0
8704.2119	-----	Notaðar	0
	---	Með vörupalli:	
8704.2121	-----	Ný	0
8704.2129	-----	Notuð	0
	---	Með vörurými:	
8704.2191	-----	Ný	0
8704.2199	-----	Notuð	0
	--	Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
	---	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	-----	Nýjar	0
8704.2219	-----	Notaðar	0
	---	Með vörupalli:	
8704.2221	-----	Ný	0
8704.2229	-----	Notuð	0
	---	Með vörurými:	
8704.2291	-----	Ný	0
8704.2299	-----	Notuð	0
	--	Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
	---	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	-----	Nýjar	0
8704.2319	-----	Notaðar	0
	---	Með vörupalli:	
8704.2321	-----	Ný	0
8704.2329	-----	Notuð	0
	---	Með vörurými:	
8704.2391	-----	Ný	0
8704.2399	-----	Notuð	0
	-	Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	--	Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	---	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	-----	Nýjar	0
8704.3119	-----	Notaðar	0
	---	Með vörupalli:	
8704.3121	-----	Ný	0
8704.3129	-----	Notuð	0
	---	Með vörurými:	
8704.3191	-----	Ný	0
8704.3199	-----	Notuð	0
	--	Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
	---	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3211	-----	Nýjar	0
8704.3219	-----	Notaðar	0
	---	Með vörupalli:	
8704.3221	-----	Ný	0
8704.3229	-----	Notuð	0

	----	Með vörurými:	
8704.3291	-----	Ný	0
8704.3299	-----	Notuð	0
	-	Önnur:	
	--	Rafknúin:	
8704.9011	----	Ný	0
8704.9019	----	Notuð	0
	--	Önnur en rafknúin:	
	----	Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.9021	-----	Ný	0
8704.9029	-----	Notuð	0
	----	Með vörupalli:	
8704.9031	-----	Ný	0
8704.9039	-----	Notuð	0
	----	Með vörurými:	
8704.9091	-----	Ný	0
8703.9099	-----	Notuð	0

b. Við vörulið nr. 8705 bætist tollskrárnúmerið 8705.9002 er orðist svo:

		Tollur	
		<u>A</u> <u>E</u>	
8705.9002	--	Gálgabifreiðar	0

c. Tollskrárnúmerin 8711.9001 til 8711.9009 ásamt undirliðum orðist svo:

		Tollur	
		<u>A</u> <u>E</u>	
	-	Annað:	
8711.9010	--	Hliðarvagnar	0
	--	Annars:	
8711.9091	----	Rafknúin vélhjól	0
8711.9092	----	Bifhjól ót. a.	0
8711.9099	----	Annað	0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1993 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Fjármálaráðuneytið, 30. júní 1993.

F.h.r.
Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 25. maí s.l. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla orðist svo:

Stjórn háskólans.

A. Almenn ákvæði um starfssvið háskólaráðs, rektors, deildarforseta og framkvæmdastjóra stjórnáslusviða.

2. gr.

2. gr. orðist svo: Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnáslusviða.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírátt tekið fram í lögum og reglugerðum.

Háskólaráði er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi háskólaráðs.

Rektor er yfirmaður stjórnáslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Í umboði rektors, og svo sem lög mæla, hafa framkvæmdastjórar stjórnáslusviða yfirumsjón og eftirlit með hinni almennu stjórnáslu háskólans, en deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnáslu deilda.

Svið hinnar almennu stjórnáslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið. Nánar er kveðið á um sviðin í 13. gr.

Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjórar stjórnáslusviða leysa úr þeim málum sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

3. gr.

12. gr. orðist svo: Háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnáslusviða til fimm ára í senn. Verði skipaður eða fastráðinn starfsmaður háskólans ráðinn í starf framkvæmdastjóra, á hann rétt á launalausum leyfi frá starfi sínu. Verði hann endurráðinn sem framkvæmdastjóri, fellur þessi réttur niður.

Rektor ræður aðra starfsmenn almennrar stjórnáslu eftir því sem fé er veitt til.

Deildarforsetar eða formenn námsbrautarstjórna ráða starfslið einstakra deilda eða námsbrauta að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.

4. gr.

13. gr. orðist svo: Svið hinnar almennu stjórnáslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið.

Fjármálasvið nær til málefna, er lúta að sameiginlegri fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum og bókhaldi. Samskiptasvið nær til málefna, er lúta að sameiginlegri öflun og miðlun upplýsinga um háskólann, og greiðir fyrir samskiptum aðila innan hans og utan og við erlendar stofnanir í nafni háskólans. Starfsmannasvið nær til sameiginlegra starfsmannamála háskólans og eru launamál þar með talin. Bygginga- og tæknisvið nær til málefna, er lúta að byggingum háskólans og byggingartæknilegum þáttum. Rannsóknasvið nær til sameiginlegra málefna, er lúta að rannsóknum innan háskólans. Kennslusvið nær til sameiginlegra málefna, er lúta að kennslu, prófhaldi og skrásetningu stúdenta.

5. gr.

14. gr. orðist svo: Framkvæmdastjóri hvers stjórnáslusviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón og eftirlit með málefnum sviðsins. Hann leysir úr málum sviðsins, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða venju. Framkvæmdastjóri hvers stjórnáslusviðs starfar í nánnum tengslum við starfsnefndir háskólaráðs á sviðinu. Hann hefur ásamt háskólaráði, rektor og starfsnefndum háskólaráðs frumkvæði að stefnumörkun innan sviðsins, samstarfi og samræmingu verkefna við önnur svið. Hann stjórnar skrifstofurekstri og þjónustu sviðsins.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber heitið háskólaritari. Hann hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans.

6. gr.

15. gr. falli niður.

7. gr.

Síðari málsgrein 119. gr. (í XVII. kafla, um raunvísindadeild,) orðist svo:

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdents í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Hver skor ákveður að tillögu kennara vægi hluteinkunnar og skal það tilgreint í kennsluskrá. Við birtingu einkunna skulu prófseinkunn og hluteinkunn einnig sýndar hvor um sig. Í prófgrein, þar sem hluteinkunn er gefin, er skor heimilt að tillögu kennara að áskilja fyrir hvora einkunnina sem er, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf, ef hún er lægri en lágmarkseinkunn prófgreinarinnar í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

8. gr.

Aftan við 107 gr. (í XV. kafla, um tannlæknadeild,) bætast tvær málsgreinar svohljóðandi:

Deildarfundir er heimilt að ákveða að dósentar og lektorar, í hlutastarfi, megi sitja deildarfundir en án atkvæðisréttar.

Stúdentar, sem sæti eiga á deildarfundum og í deildarráði, hafa ekki atkvæðisrétt, þegar fjallað er um erindi frá heilbrigðisyfirvöldum.

9. gr.

Í 109. gr., a)-lið, falli niður orðið „uppeldisfræði“ og í stað þess komi orðin „uppeldis- og menntunarfræði“. Í c)-lið sömu gr. falli niður orðin „Uppeldis- og kennslufræði“ og í stað þeirra komi orðið „Kennslufræði“.

10. gr.

Í 112. gr. falli niður orðin „Nám í uppeldis- og kennslufræðum“, bæði sem fyrirsögn og sem upphafsorð fyrstu málsgreinar og í stað þeirra komi á báðum stöðum „Kennslufræði til kennsluréttinda“.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. júní 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

Alþingi hefur hinn 8. maí 1993 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1993–1996.

Alþingi ályktar skv. III. kafla vegalaga, nr. 6/1977, að árin 1993–1996 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í m.kr.)

	1993	1994	1995	1996
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	4150	4368	4456	4545
2. Þungaskattur, árgjald	520	552	562	573
3. Þungaskattur, km-gjald	1390	1444	1473	1502
4. Bætt innheimta þungaskatts	0	52	52	52
1.2. Fært í ríkissjóð	-344	-143	-125	-139
	5716	6273	6418	6533
1.3. Framkvæmdaáttak í atvinnumálum	1550	927	463	0
Samtals	7266	7200	6881	6533

II. SKIPTING ÚTGJALDA (Fjárhæðir í m.kr.)

	1993	1994	1995	1996
2.1. Stjórn og undirbúningur:				
1. Skrifstofukostnaður	129	133	133	133
2. Tæknilegur undirbúningur	98	101	101	101
3. Umferðartalningar og vegæftirlit	35	36	36	36
4. Eftirlaunagreiðslur	7	7	7	7
	— 269	— 277	— 277	— 277
2.2. Viðhald þjóðvega:				
1. Almenn þjónusta				
1. Sameiginlegt	261	273	283	288
2. Malarvegir	284	298	304	309
3. Vegir með bundnu slitlagi	157	170	174	182
4. Brýr	28	31	32	34
	— 730	— 772	— 793	— 813
2. Vetrarþjónusta	530	597	618	638
3. Viðhald				
1. Endurnýjun bundinna slitlaga	370	453	473	484
2. Endurnýjun malarlitlaga	180	206	216	216
3. Styrkingar og endurbætur	230	278	278	288
4. Viðhald brúa og varnargarða	90	103	103	103
5. Vegmerkingar og öryggisaðgerðir	90	103	103	103
6. Vatnaskemmdir	80	92	93	93
	— 1040	— 1235	— 1266	— 1287
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir				
1. Almenn verkefni og bundin slitlög	537	509	752	950
2. Sérstök verkefni	271	219		
3. Höfuðborgarsvæðið	413	373	385	475
4. Stórverkefni	669	726	708	430
5. Framkvæmdáttak í atvinnumálum	1550	926	463	0
	3440	2753	2308	1855
2. Þjóðbrautir	283	277	295	343
3. Girðingar og uppgræðsla	25	26	27	27
	— 3748	— 3056	— 2630	— 2225
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	132	139	139	139
2. Smábrýr	11	15	15	15
	— 143	— 154	— 154	— 154
2.5. Til fjallvega o.fl.:				
1. Aðalfjallvegir	21	27	29	29
2. Aðrir fjallvegir	12	14	15	15
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	15	22	24	24
4. Vegir á Þingvöllum	1	1	0	0
5. Reiðvegir	7	8	9	9
	— 56	— 72	— 77	— 77
2.6. Til sýsluvega:	160	186	186	186
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum:	232	268	278	288
- c. Stjórn félagsins getur ákveðið að afla félaginu fjár með frjálsu framlagi hvers félagsmanns í stofnsjóð er nemur minnst $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis þess húsnæðis sem ákveðið verður að félagið komi upp fyrir hann og færist á nafn hans og er séreign hans. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins eða innlánsstofnunum. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum innlánsstofnana á innstæðutímum. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki sem þeir eiga aðild að og ganga þá ásamt vöxtunum upp í byggingarkostnað. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það.

96. gr.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m.a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjú menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk og hafa rétt til að vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar. Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna og skal þá umsækjendum ráðað eftir því í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði um stofnsjóðseign, þannig að þeir sem fyrr uppfylltu skilyrðið gangi hinum sem fullnægðu því síðar. Næst á eftir þeim, sem fullnægt hafa settum skilyrðum, koma þeir sem að vísu hafa lagt í stofnsjóð en ekki enn eignast tilskilinn $\frac{1}{5}$ hluta andvirðis húsnæðis í sjóðnum, þannig að þeir sem eiga meiri stofnsjóðseign ganga fyrir hinum sem minna eiga í stofnsjóði. Annars ganga að öðru jöfnu þeir fyrir um rétt til húsnæðis sem fyrr gengu í félagið.

Nú hættir þátttakandi í byggingarflokki við að byggja íbúð á framkvæmdatímanum eða þarf að selja íbúðina áður en 5 ár eru liðin frá lóðarúthlutun og yfirtekur þá félagið eignarhluta hans í framkvæmdunum og endurgreiðir framlag hans að viðbættum innlánsvöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma.

Skal þá sá félagsmaður sem næstur er á umsóknarlista um íbúðir taka við byggingar-réttinum á kostnaðarverði að viðbættum fjármagnskostnaði sem leiða kann af eigenda-skiptunum.

97. gr.

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutað-eigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareiganda í málum sem rísa kunna í sam-bandinu við framkvæmdirnar uns íbúðirnar hafa verið afhentar og heimilt er henni að taka að sér málarekstur á síðara stigi ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlut-aðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heim-ilt er þó að ákveða að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði allt að þeirri fjár-hæð sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

98. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin frá lóðarúthlutun nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, enda hafi lokauppgjör farið fram. Sölu-verð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættu verðhækkun samkvæmt vísitölu bygg-ingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar og er þá eiganda heim-ilt að selja eignina hverjum þeim manni sem félagsstjórn samþykkir, en þó verður kaup-andi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja eða ekill látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda ger-ist þau félagsmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingar-flokks og að fenginni umsögn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrir en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

99. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnun byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra enda komi gjald fyrir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbýggingum bygg-ingarsamvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra.

VIII. KAFLI
Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur.

100. gr.

Markmið húsnæðissamvinnufélaga er að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té sem félagslegar eða almennar kaup-leiguíbúðir með búseturétti er tryggir þeim ótímabundin afnot af íbúðunum gegn kaupum á eignarhlut í þeim, sbr. 76. gr.

Auk höfuðmarkmiða skv. 1. mgr. skulu húsnæðissamvinnufélög:

- a. taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti,
- b. eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnufélög,
- c. útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem félögin annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal hafa orðið *húsnæðissamvinnufélag* sem skammstafa má *hsf.* í nafni sínu. Jafnframt er öðrum óheimilt að bera slík heiti.

101. gr.

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags skal fara, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði m.a. að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðla að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

102. gr.

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið enda fullnægi þeir skilyrðum 64.–66. gr. laganna um rétt einstaklinga til félagslegra íbúða og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins.

Þegar félagsmaður notar rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna búseturéttargjald af hendi, sbr. 103. gr. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til næsta félagsmanns, sbr. 1. mgr.

Búseturétt geta þeir einir keypt sem eru orðnir fjárráða.

103. gr.

Búseturétt kaupa menn með búseturéttargjaldi sem er tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem búseti vill tryggja sér rétt til. Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfé til langs tíma.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveður fjárhæð búseturéttargjalds, sbr. 1. mgr., og hvenær það skuli innt af hendi.

Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni, allt samkvæmt samkomulagi eða mati.

104. gr.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins af íbúðinni. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann umráðarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörðun áður en til slíks kemur.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema hann búi jafnframt í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði 105. gr. um rétt til afnota og 111. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem hafa haft sameiginlegt heimilishald í a.m.k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almennasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags og skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 20% íbúða félagsins.

105. gr.

Réttur búseturéttshafa til íbúðar er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Húsnæðissamvinnufélagið getur þó heimilað að réttur til afnota af íbúð færist yfir til maka við andlát félagsmanns, hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða setu í óskiptu búi. Sá sem þannig eignast búseturétt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseta, enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess.

106. gr.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 108. gr. Búseta er óheimilt að veðsetja búseturétt sinn.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins enda hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörðun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

107. gr.

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að búseturéttshafar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir, sem þar hafa keypt sér búseturétt, mynda með sér sérstaka deild innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist *búsetufélag*. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrir eða fljótlega eftir úthlutun óski búseturéttshafar í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði eftir því. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Óski búseturéttshafar í tilteknum byggingaráfanga, þar sem íbúðir eru tíu eða færri, ekki eftir því að mynda sérstakt búsetufélag skulu þeir eigi að síður skoðast sem deild í húsnæðissamvinnufélaginu. Á meðan svo er fer stjórn húsnæðissamvinnufélagsins með þau verkefni sem annars væru í höndum búsetufélagsins, en deildin skal hafa sjálfstæðan fjárhag. Óski meiri hluti búseturéttshafa í deild eftir stofnun sérstaks búsetufélags skal stjórn húsnæðissamvinnufélagsins verða við því.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð, bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélagið og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form fyrir samþykktir búsetufélaga.

108. gr.

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. mgr. Ákvörðun um fjárhæð búsetugjalds getur hver félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði af íbúðum þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

109. gr.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur, án samþykkis búsetufélags, veðsett íbúðir fyrir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna sem tekin eru til byggingar á þeim.

Óheimilt er að veðsetja íbúðirnar fyrr en áhvílandi lán úr Byggingarsjóði verkamanna eru orðin lægri en 75% af uppfærðu verði þeirra, sbr. 71. gr.

Stjórn búsetufélags þarf að samþykkja veðsetningar vegna lána, sem tekin kunna að verða síðar, til endurbóta og viðhalds á fasteignum. Með reglugerð má takmarka þær veðsetningarheimildir.

110. gr.

Hver sá, sem hefur fengið keyptan búseturétt, skal gera búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Samningurinn er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseti geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum, svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinnna vanskila. Uppsagnarfræstur af hálfu búseta er hins vegar sex mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé enginn slíkur félagsmaður hefur seljandi búseturéttar heimild til að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan sex mánaða er húsnæðissamvinnufélaginu heimilt að endurgreiða seljanda andvirði búseturéttar á næstu sex mánuðum frá lokum uppsagnarfrests.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu rekstrarskostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o.fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat á íbúðinni.

111. gr.

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðissamvinnufélags. Óski búseti eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags gefa svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseti hafi brýna þörf fyrir það, svo sem vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu. Leigusamningur, sem eigi er áritaður af húsnæðissamvinnufélagi, er ógildur. Nú verður leigutaki fyrir tjóni sökum ógilds leigusamnings og er þá leigusali bótaskyldur.

Húsnæðissamvinnufélag getur rift leigusamningi sem er ógildur samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og krafist útburðar leigutaka.

112. gr.

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur ákveður gjöld til hverju sinni. Framlag í viðhaldssjóð er hluti búsetugjalds skv. 108. gr.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af viðhaldi fasteignar utan húss, sem félagið annast, og viðhaldi íbúða sem búseti hverrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagismaður fær fé úr viðhaldssjóðnum til viðhalds íbúðar sinnar samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur.

113. gr.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

- a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
- b. Með lánum skv. 50. gr. þessara laga, sbr. 52. gr. varðandi lánskjör. Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt þessum staflið, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
- c. Með varasjóðstillagi af byggingarkostnaði hverrar íbúðar er svarar til greiðslu í Tryggingasjóð, sbr. 81. gr. Í varasjóð skal einnig greiða árlegt fjárframlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins, sbr. 102. gr. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna, eða hluti framlaga þeirra, til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá viðurkenndri innlánsstofnun. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum og verðbótum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu enda hafi félagismaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.

114. gr.

Þegar húsnæðissamvinnufélag sækir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdartími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun ríkisins geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna. Einnig skal fylgja greinargerð um útvegum nauðsynlegs viðbótarfjár samkvæmt reglum um tryggingar sem húsnæðismálastjórn setur, sbr. 2. mgr. 58. gr.

115. gr.

Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um hvort framkvæmdin falli undir 36. gr. þessara laga og skal sérstaklega hugað að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð, sbr. 59. gr.

Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að gera framkvæmdarlánssamning við húsnæðissamvinnufélög, sbr. 58. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum húsnæðissamvinnufélaga og hafa aðgang að bókhald þeirra. Skylt er húsnæðissamvinnufélögum að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína.

116. gr.

Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á húsnæði sem síðan er ráðstafað með búseturétti skv. 76. gr. þessara laga. Húsnæðið þarf að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má eigi vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum.

Lánshlutfall má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó aldrei hærra en 90% af þeim kostnaðargrundvelli fyrir lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt, sbr. 52. gr.

Oheimilt er húsnæðissamvinnufélögum að selja íbúðir með búseturétti sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

IX. KAFLI Ýmis ákvæði.

117. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

118. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Ríkisstjórninni er heimilt að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að lækka vexti af hlutaverðtryggðum lánum Byggingarsjóðs ríkisins sem veitt voru á árunum 1974 til 1979. Við ákvörðun um vaxtalækkun skal við það miðað að greiðslubyrði lánsins verði ekki meiri en ef lánið hefði verið veitt með þeim kjörum sem gilda um lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar ákvörðun er tekin um vaxtalækkun.

II.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna um starfstíma framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins á ekki við um þann sem gegnir störfum við gildistöku laga þessara.

III.

Ráðherra er heimilt að selja eigur hönnunardeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

IV.

Um útgreiðslur á innstæðum á skyldusparnaðarreikningum gilda eftirfarandi reglur:

- a. Innstæður, sem eru 30.000 kr. eða lægri, skulu greiddar eigendum án umsóknar innan sex mánaða frá gildistöku laganna.
- b. Eigandi innstæðu, sem nemur hærri fjárhæð en 30.000 kr., á kost á að fá innstæðu sína greidda þegar hann hefur náð 26 ára aldri, byggt eða keypt íbúð til eigin nota eða hefur barn á framfæri. Sama á við um 75% öryrkja samkvæmt örorkumati Tryggingastofnunar ríkisins. Sá sem stundað hefur nám í sex mánuði samfellt samkvæmt vottorði skóla á rétt á endurgreiðslu skyldusparnaðar út árið 1993.

Húsnæðisstofnun skal kynna réttindi samkvæmt þessum lið sérstaklega.

- c. Aðrar innstæður en þær sem fram koma í a- og b-liðum skulu greiddar eigendum 1. janúar árið 2000.
- d. Ákvæði laga um skyldusparnað, sbr. VIII. kafla laga nr. 86/1988, með síðari breytingum, um skattalega stöðu innstæðna, vaxtaáskvarðanir, vísitöluútreikning og innheimtu skulu, eftir því sem við á, gilda til 1. janúar 2000.
- e. Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari reglur um innstæður á skyldusparnaðarreikningum.

V.

Ný húsnæðismálastjórn, sbr. 4. gr. laganna, skal kosin strax eftir gildistöku laganna og skal hún sitja til næstu alþingiskosninga.

Gjört í Reykjavík, 12. ágúst 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands féllst hinn 30. júlí s.l. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi reglugerð fyrir Háskóla Íslands:

I. KAFLI

Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. KAFLI

Stjórn háskólans.

A. Almenn ákvæði um starfssvið háskólaráðs, rektors, deildarforseta og framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviða.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og framkvæmdastjórum stjórnarsýslusviða.

Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, vinnur að þróun og eflingu þeirra og markar þeim heildarstefnu. Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans, nema annað sé ótvírætt tekið fram í lögum og reglugerðum.

Háskólaráði er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru því til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi háskólaráðs.

Rektor er yfirmaður stjórnýslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og hefur frumkvæði að því að háskólaráð marki heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

Í umboði rektors, og svo sem lög mæla, hafa framkvæmdastjórar stjórnýslusviða yfirumsjón og eftirlit með hinni almennu stjórnýslu háskólans, en deildarforsetar hafa eftirlit og yfirumsjón með starfi og stjórnýslu deilda.

Svið hinnar almennu stjórnýslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmanna-svið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið. Nánar er kveðið á um sviðin í 13. gr.

Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjórar stjórnýslusviða leysa úr þeim málum sem ekki þurfa að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

B. Um rektorskjör.

3. gr.

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjör-gengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað, og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

Nú hefur einhver þeirra, sem kosningarétt eiga, lögmæt forföll, og er honum þá heimilt að kjósa utan kjörfundar.

Rektorskjör fer fram í aprílmánuði, en rektor tekur við störfum í byrjun háskólaárs.

4. gr.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meirihluta greiddra atkvæða, sbr. 3. gr. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð hvort fallist verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýs rektorskjörs.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

5. gr.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegnir rektorsstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum.

Ef varaforseti er forfallaður, gegnir sá deildarforseti rektorsstörfum sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

6. gr.

Í janúarmánuði það ár, sem rektorskjör skal fram fara, skipar háskólaráð kjörstjórn, sem ákveða skal kjördag og annast undirbúning og framkvæmd rektorskjörs. Kjörstjórn skal skipuð sex mönnum, tveimur úr hópi stúdenta og fjórum úr hópi annarra atkvæðisbærra manna, og skal einn þeirra síðartöldu skipaður formaður kjörstjórnar. Háskólaráð ákveður þóknun kjörstjórnar. Heimilt er kjörstjórn að ráða sér aðstoðarmenn.

Kjörstjórn gerir kjörseðil og gengur frá kjörskrá. Skal kjörskrá lögð fram einum mánuði fyrir kjördag og liggja frammi í tíu daga. Kærur skulu hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi tveimur vikum fyrir kjördag, og skal úrskurður kjörstjórnar liggja fyrir eigi síðar en tíu dögum fyrir kjördag, og hefst þá kosning utan kjörfundar.

Kjörseðlar skulu gerðir í tveimur litum. Skal annar liturinn vera fyrir stúdenta, en hinn liturinn fyrir aðra, sem atkvæðisrétt eiga.

Kjördagur skal auglýstur tryggilega, og skal kjörfundur standa frá kl. 9 árdegis til kl. 18 síðdegis. Talning atkvæða hefst þegar að kjörfundi loknum.

Heimilt er kjörstjórn að efna til prófkjörs eigi síðar en mánuði fyrir kjördag.

Ákvæði greinar þessarar eiga og við um rektorskjör, sem fram fer skv. ákvæðum 5. gr., eftir því sem við getur átt.

C. Háskólaráð, skipan þess, starfsvið og starfshættir.

7. gr.

Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar, sem kosnir eru til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörmir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn á fyrsta fundi sínum.

Deildarforseta er skylt að sækja fundi háskólaráðs.

Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 25. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 5. gr.

Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefdir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess sem forfallaður er.

8. gr.

Deildarforseta er skylt að gera grein fyrir afstöðu deildar sinnar í málum, sem koma fyrir háskólaráð og deildin hefur fjallað um, en eigi er honum skylt að fara eftir samþykkt deildar, er hann neytir atkvæðisréttar í háskólaráði.

9. gr.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem ekki eiga sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Fundi skal boða bréfllega með þriggja daga fyrirvara, ef við verður komið. Dagskrá skal greind í fundarboði.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða atkvæði þess, er gegnir forsetastörfum.

Bókfæra skal gerðir háskólaráðs.

10. gr.

Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, sem leggja á fyrir Alþingi og stjórnvöld. Það lætur þessum aðilum í té allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda og varða háskólann sérstaklega.

Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

11. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósentna og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar.

Boða skal til fundar bréfllega með tveggja daga fyrirvara hið skemmsta, ef auðið er. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

D. Um starfslið við stjórnýslu háskólans.

12. gr.

Háskólaráð ræður framkvæmdastjóra stjórnýslusviða til fimm ára í senn. Verði skipaður eða fastráðinn starfsmaður háskólans ráðinn í starf framkvæmdastjóra, á hann rétt á launalausum leyfi frá starfi sínu. Verði hann endurráðinn sem framkvæmdastjóri, fellur þessi réttur niður.

Rektor ræður aðra starfsmenn almennrar stjórnýslu eftir því sem fé er veitt til.

Deildarforsetar eða formenn námsbrautarstjórna ráða starfslið einstakra deilda eða námsbrauta að höfðu samráði við rektor og eftir því sem fé er veitt til.

13. gr.

Svið hinnar almennu stjórnýslu skulu vera: Fjármálasvið, samskiptasvið, starfsmannasvið, bygginga- og tæknisvið, rannsóknasvið og kennslusvið.

Fjármálasvið nær til málefna, er lúta að sameiginlegri fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum og bókhaldi. Samskiptasvið nær til málefna, er lúta að sameiginlegri öflun og miðlun upplýsinga um háskólann, og greiðir fyrir samskiptum aðila innan hans og utan og við erlendar stofnanir í nafni háskólans. Starfsmannasvið nær til sameiginlegra starfsmannamála háskólans og eru launamál þar með talin. Bygginga- og tæknisvið nær til málefna, er lúta að byggingum háskólans og byggingartæknilegum þáttum. Rannsóknasvið nær til sameiginlegra málefna, er lúta að rannsóknum innan háskólans. Kennslusvið nær til sameiginlegra málefna, er lúta að kennslu, prófhaldi og skrásetningu stúdenta.

14. gr.

Framkvæmdastjóri hvers stjórnýslusviðs hefur í umboði rektors yfirumsjón og eftirlit með málefnum sviðsins. Hann leysir úr málum sviðsins, sem þurfa ekki að koma fyrir

háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða venju. Framkvæmdastjóri hvers stjórnsýslusviðs starfar í nánum tengslum við starfsnefndir háskólaráðs á sviðinu. Hann hefur ásamt háskólaráði, rektor og starfsnefndum háskólaráðs frumkvæði að stefnumörkun innan sviðsins, samstarfi og samræmingu verkefna við önnur svið. Hann stjórnar skrifstofu- rekstri og þjónustu sviðsins.

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs ber heitið háskólaritari. Hann hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans.

15. gr.

Rektor skipuleggur útgáfu árbókar í samráði við starfslíð stjórnsýslu, deildarforseta og forstöðumenn stofnana, eftir því sem henta þykir. Heimilt er að ráða ritstjóra til að sjá um framkvæmd verksins eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Í árbók háskólans skal vera skýrsla um starfsemi háskólans, stofnanir hans og sjóði og ráðstöfun á fé því, sem háskólinn hefur haft til umráða, svo og málefni stúdenta.

III. KAFLI

Háskólakennarar og háskóladeildir.

A. Deildir háskólans.

16. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspeki-deild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskóla-prófs, þegar svo stendur á að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeildar. Háskóla-ráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn.

Deildir háskólans og námsbrautir skulu veita kennslu í einstökum greinum í þágu annarra deilda og námsbrauta, eftir því sem við verður komið, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

B. Kennarar háskólans og veiting kennaraembætta.

17. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ.á m. erlendir lektorar, aðjúnkt-ar og stundakennarar.

Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við háskólann að aðalstarfi.

Nú hefur háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaraðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennara-stöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan háskólans, enda sé slík til-högun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum, að fylgi slíkri stöðu. Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til prófessors-embætta, sbr. þó 22. gr.

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn.

Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur fastráðinna kennara og leysir úr því, hvornig starfsskylda þeirra skuli skiptast, sbr. nánar 23. gr.

Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

Dósentar og lektorar, sem nú starfa við háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

18. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

19. gr.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentstöður og lektorstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Heimilt er að kveðja erlenda menn til starfa í dómnefnd.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum, og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum innan tveggja mánaða frá því er hún var skipuð. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentstarf við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um skipun sérfræðinga við háskólastofnanir, nema að því leyti sem á annan veg er mælt í reglugerðum einstakra stofnana. Víkja má þó frá þessari tilhögun við veitingu starfs samkvæmt tillögu hlutaðeigandi stofnunar eða deildar, eftir því sem við á.

Heimilt er að flytja kennara úr lektorstöðu í dósentstöðu. Deild eða námsbraut skal gera tillögu um slíka stöðuhækkun til háskólaráðs. Lektor, sem setið hefur í stöðu sinni í fimm ár, á rétt til þess að fjallað verði um stöðuhækkun honum til handa í háskólaráði. Háskóladeild eða námsbraut er heimilt að leggja til við háskólaráð, að kennari í fullu starfi verði fluttur úr dósentstöðu í prófessorsembætti. Með tillögu um stöðuhækkun skal fylgja skriflegur rökstuðningur deildar eða námsbrautar svo og sams konar gögn og fylgja skulu umsóknum um lausar stöður. Slíka tillögu má bera fram þegar fimm ár eru liðin frá því að dósentinn var skipaður eða settur í heila dósentstöðu, eða var fluttur úr lektorstöðu. Við mat á starfstíma er heimilt að taka tillit til samsvarandi starfa dósentins við aðra háskóla eða við rannsóknarstofnanir. Háskólaráð skal meta hvort umsókn um færslu dósentis telst uppfylla umrætt tímaákvæði.

Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd til að dæma um hæfi lektors eða dósents til að hljóta stöðuhækkun. Skal deild eða námsbraut tilnefna einn dómnefndarmanna og er hann formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra tilnefnir annan og hinn þriðja skipar háskólaráð án tilnefningar. Um hæfi dómnefndarmanna gilda sömu reglur og við dómnefndarskipun við ráðstöfun á lausum stöðum. Háskóla- og lektorsráðgjafi skal auk þess tilnefna fulltrúa sinn í hverja dómnefnd og hafi hann tillögurétt í nefndinni en standi ekki að álitum nefndarinnar. Dómnefnd skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Skal hún láta uppi rökstutt álit um hvort af störfum kennarans við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða að hann sé hæfur til að gegna umræddri stöðu.

Hafi dósent nýlega hlotið hæfnisdóm til að gegna prófessorsembætti er deild heimilt að meta hvort þörf sé nýrrar dómnefndar.

Að fengnu álitum deildar eða námsbrautar gerir háskólaráð tillögu til menntamálaráðherra um afgreiðslu málsins. Ekki er heimil færsla kennara í hærri stöðu nema dómnefnd segi berum orðum að hann sé til þess hæfur.

Háskólaráði er heimilt að leggja til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti. Skal þá farið eins að og um flutning dósents í prófessorsembætti að svo miklu leyti sem við getur átt.

Háskólaráði er heimilt að setja starfsreglur fyrir dómnefndir er fjalla um færslu lektora í dósentsstöður eða flutning dósenta og forstöðumanna í prófessorsembætti. Reglur þessar skal birta starfsmönnum háskólans.

20. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

21. gr.

Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til í fjárlögum.

22. gr.

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan háskólans, ef háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt að starfsaðstaða og starfskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður samkvæmt háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstöðu lyflæknis- og handlæknisdeildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, uns komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknastofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstöðu fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstöðu röntgendeild Landspítalans.

C. Kennsluskylda og lausn undan henni.

23. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

24. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar.

D. Háskóladeildir og störf þeirra.

25. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 7. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram eigi síðar en í aprílmánuði, en hinn kjörni deildarforseti tekur við störfum með byrjun næsta háskólaárs.

Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

26. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum, en skylt er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja þess.

Deildarforseti boðar fundi bréflaga og með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar háskóladeildir geta þó ákveðið annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisberranna manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Heimilt er deildarforseta að binda fundarmenn þagnarheiti um einstök mál.

Gerðir deildarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

27. gr.

Á deildarfundum eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 17. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Stjórn deildarfélags tilkynnir

deildarforseta val fulltrúa félagsins. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétt.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á þeim fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt.

Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

28. gr.

Hver deild og námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig, og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautmála og félagsmálum stúdenta.

Í kennsluskrá skal greina, hverjar námsgreinar séu kenndar í deild eða námsbraut, hvernig þeim sé skipt eftir kennslumisserum, hve námstíminn sé áætlaður langur í heild eða í hverjum prófhliða um sig, ef því er að skipta. Þá skal og greina námskeið og æfingar og reglur um þau. Enn fremur skal lýsa þar kennsluháttum og prófháttum, þar skal geta kennslurita og annarra rita, sem æskilegt er, að stúdent kynni sér í námi sínu og greina almennt frá náminu, eftir því sem þörf þykir.

Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafn margir kennarar og nemendur eiga sæti í. Kennarar, þar með taldir stundakennarar, og stúdentar kjósa fulltrúa hvorir í sínu lagi í upphafi hvers kennsluárs. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinarinnar. Deildir og námsbrautir ákvarði nánar um fjölda námsnefnda og hlutverk þeirra.

IV. KAFLI.

Kennsla og nemendur.

A. Háskólaár, kennsluár, misseraskipting og kennsluhlé.

29. gr.

Háskólaárið telst frá 5. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 5. september til 21. desember og vormisseri frá 7. janúar til 26. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir.

30. gr.

Á kennsluárinu eru þessi leyfi: Jólaleyfi frá 22. desember til 6. janúar og páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum. Byrjunar- og lokadagur hvors leyfis telst með. Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta, 1. maí og 1. desember.

Háskólaráð eða deildir geta gefið leyfi einstaka daga af sérstöku tilefni.

B. Kennsla.

31. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að gefa öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

Háskóladeildir og námsbrautir geta staðið fyrir framhaldsmenntun kandiðata og nám-skeiðum til endurmenntunar fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi í kennslugreinum deildar. Deildir og námsbrautir ákveða, hvernig slíkri kennslu er hagað.

32. gr.

Heimspækieg forspjallsvísindi skal kenna í öllum deildum og námsbrautum háskólans og einkunn vera veginn hluti af lokaeinkunn í samræmi við reglur hverrar deildar eða námsbrautar.

Kennarar í heimspæki við heimspækieild skipuleggja kennsluna undir verkstjórn prófessorsins í heimspæki, sem gerir tillögur um námsefni og kennara til hverrar deildar og námsbrautar. Deild eða námsbraut ákveður hvort námsgreinin sé valfrjáls eða skyldugrein.

33. gr.

Nú metur deild eða námsbraut nám til eininga, og skal þá fullt nám í eitt kennsluár metið til sem næst 30 eininga (e). Sæki deildin eða námsbrautin kennslu til annarrar deildar eða námsbrautar, sem einnig metur nám til eininga, skal mat síðari deildarinnar gilda fyrir hina fyrri. Meti síðari deildin nám ekki til eininga, skal fyrri deildin meta námið.

Sæki einstakir stúdentar námskeið í annarri deild eða námsbraut en sinni eigin, skal heimadeild hans meta námskeiðin til eininga.

34. gr.

Háskóladeildum og námsbrautum er heimilt, að höfðu samráði við námsnefndir, að setja reglur um skyldu stúdenta til þátttöku í æfingum, verklegu námi og vettvangsþjálfun svo og reglur um leiðbeiningar og umsjón með námi stúdenta að öðru leyti.

C. Nemendur.

35. gr.

Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald.

Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru námi héraendis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms með fyrrgreindum skilyrðum.

36. gr.

Skrásetning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert í tvær vikur í júní og janúar eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjóra kennslusviðs. Framkvæmdastjóra kennslusviðs er heimilt að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan,

ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki, sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu háskólaráðs. Mæla má svo fyrir, að stúdentar fylli út umsóknareyðublöð og láti í té ýmsar almennar upplýsingar, sem þörf þykir að fá. Þá skal skrásetningargjald fylgja umsókn.

Ár hvert skulu aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, láta skrásetja sig og greiða þá skrásetningargjald. Stúdentar hafa ekki rétt til þess að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skrásetningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því er samfara að vera stúdent í háskólanum, sbr. l. nr. 33/1968 um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands. Háskólaráð ákveður hvenær árleg skrásetning fer fram.

37. gr.

Ár hvert skal háskólaráð, að fengnum tillögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands og stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, ákveða hversu hátt skrásetningargjald skuli vera og hvernig það skiptist milli stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta, stúdentaskiptasjóðs og háskólans sjálfs. Menntamálaráðherra staðfestir þessa ákvörðun.

38. gr.

Rektor er heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklarannsókn samkvæmt auglýsingu.

Um stúdenta í heilbrigðisgreinum mega deildir og námsbrautir setja sérákvæði um heilbrigðiseftirlit.

39. gr.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

Aður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

Brottekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málsskoti stendur.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

40. gr.

Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra með þeim hætti, er segir í 39. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn í slíku máli stendur yfir.

41. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hættu, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstíll er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

V. KAFLI

Próf.

42. gr.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli haldin fyrir luktum dyrum.

43. gr.

Almenn próf eru haldin 10. til 21. desember, í allt að þrjár vikur á tímabilinu 29. apríl til 26. maí eftir ákvörðunum deilda og námsbrauta og fimm til sjö daga á tímabilinu 23. ágúst til 4. september eftir ákvörðunum deilda og námsbrauta. Ekki skal hafa fyrirlestra síðustu fimm til sjö daga fyrir próftímabil. Hefji deild eða námsbraut kennslu fyrir 5. september samkvæmt 29. gr., skal prófum við hana vera lokið fyrir þann tíma. Próf eða prófhlutar í einstökum greinum geta þó farið fram á öðrum tímum en segir í 1. ml. samkvæmt ákvörðun háskólaráðs að höfðu samráði við prófstjóra. Háskóladeild er heimilt að ákveða hvort hún nýti þrjú próftímabil eða tvö og hvort hún nýtir próftíma til fulls. Auglýsa skal próftöflu í kennsluskrá ef unnt er, en annars með tveggja mánaða fyrirvara. Þó er heimilt að birta próftöflu fyrir haustpróf með mánaðar fyrirvara.

44. gr.

Fyrir upphaf kennslutímabils skulu stúdentar láta skrá sig í þau námskeið, er þeir hyggjast sækja. Skrifstofa háskólans ákveður, hvenær innritun í námskeið fer fram og auglýsir skrásetningarfræst með hæfilegum fyrirvara. Innritun í námskeið gildir sem innritun í það próf, sem haldið er að námskeiðinu loknu. Þó skal stúdent heimilt að segja sig úr prófi, sbr. 45. gr.

Þegar stúdent er fyrst skrásettur í námskeið eða próf, skal hann greiða prófgjald, er rennur í Háskólasjóð. Háskólaráð ákveður prófgjaldið ár hvert.

45. gr.

Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftari undir það. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist skrifstofu háskólans eigi síðar en þremur dögum fyrir prófdag. Úrsagnarfræstur upptökuprófa að hausti skal þó vera sjö dagar. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Stúdent er heimilt að endurtaka próf, sem hann hefur staðist, ef það er gert í tæka tíð samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um tímamörk. Nú byrjar stúdent prófið, og fellur þá fyrri próf í grein eða prófhluta úr gildi. Þar sem flokki greina er skipað saman í prófhluta, verður stúdent að taka upp próf í öllum greinum prófhlutans, ef hann vill ekki una fyrri prófi.

Nú óskar kandídat að taka upp próf að nokkru eða öllu, og gilda þá einnig ákvæði 2. málsgreinar, þó svo að kandídatprófið haldi gildi sínu, ef kandídat byrjar á prófi að nýju, en lýkur því ekki.

46. gr.

Skrifstofa háskólans annast undirbúning og stjórn prófa í samráði við deildir og námsbrautir.

Stúdentum, sem í prófi eru, er óheimilt að aðstoða aðra prófmenn við prófurlausn eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum stúdent, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Prófmönnum er óheimilt að tala saman, og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau, sem deild þeirra leyfir. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum, sem háskólaráð setur, varða vísun frá prófi og eftir atvikum viðurlögum skv. 24. gr. háskólalaga.

Skriflegar prófurlausnir skulu merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum, ef deild eða námsbraut ákveður.

Nánari reglur um prófvörslu og framkvæmd prófa skal setja með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

47. gr.

Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir,

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan fimmtán daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

Sé ekki völ á prófdómara héraendis utan háskólans, er fullnægi skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

48. gr.

Prófandi og prófdómari, ef því er að skipta, ráða í sameiningu úrlausnarefni í hverri prófgrein og dæma úrlausnir. Ber að prófa sem víðast úr því efni, sem til prófs er. Prófandi og prófdómari ef tilkallaður er, dæma hvor um sig úrlausn í prófgrein hverri. Hvor um sig gefur sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnina og gilda þær jafnt í einkunnagjöf. Einkunnir skulu birtar í síðasta lagi fjórum vikum eftir hvert haustmísserispróf en í síðasta lagi þremur vikum eftir önnur próf.

49. gr.

Skrifstofa háskólans sér um færslu einkunna og varðveislu þeirra með tryggilegum hætti.

50. gr.

Einkunnir skulu gefnar í heilum, eða heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Aðaleinkunn er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Aðaleinkunn reiknast með tveimur aukastöfum, og er 9,0 — 10 ágætiseinkunn, 7,25 — 8,99 er fyrsta einkunn, 6,0 — 7,24 er önnur einkunn, og 5,0 — 5,99 er þriðja einkunn.

51. gr.

Stúdent telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5,0. Háskóladeildum er þó heimilt í reglugerð að víkja frá þessu í einstökum prófum, sem teljast til prófhluta eða prófflokks með sérstaka lágmarkseinkunn.

Háskóladeildum er á sama hátt heimilt að áskilja hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök próf, prófhluta eða prófflokka.

Sérákvæði deildar um hærri lágmarkseinkunn en 5,0 í einstökum prófgreinum, prófhlutum eða prófflokkum skulu aðeins gilda fyrir nemendur hlutaðeigandi deildar.

52. gr.

Að loknu fullnaðarprófi skal kandiðat fá prófskírteini, sem deildarforseti eða formaður námsbrautarstjórnar undirritar.

Prófskírteini kandiðats í lyfjafræði lyfsala undirritar forstöðumaður þess deildarhluta.

53. gr.

Háskólaráði er heimilt, eftir tillögum háskóladeildar, að víkja lítilsháttar frá settum reglum um kennslu og próf. Háskólaráð getur að fengnum tillögum deildar samþykkt reglur um skipulegt nám með hægari námsframvindu en áskilið er í reglugerð viðkomandi deildar.

54. gr.

Forseti háskóladeildar eða formaður námsbrautarstjórnar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis og að hverju leyti.

Sé um próf að ræða, sem tekið hefur verið við háskóla eða hliðstæða menntastofnun annars staðar á Norðurlöndum, fer um mat þess, svo sem við getur átt, eftir samnorrænum reglum um viðurkenningu hlutaprófa.

VI. KAFLI.

Doktorar og meistarar.

55. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annað hvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki þriggja fjórðu hluta allra atkvæðisbærna deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

56. gr.

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandiðatsprófi eða embættisprófi. Háskóladeild er heimilt að skipuleggja doktorsnám í einstökum kennslugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þessari um nám í viðkomandi deild. Doktorsnámi lýkur með doktorsprófi.

57. gr.

Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktorsefni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri. Til doktorsritgerðar eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og frumlegt framlag doktorsefnisins til viðkomandi vísindagreinar. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvörn.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal stíluð til viðkomandi deildar.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorspróf, fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerð-

ir þá að varða sama megin rannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar fram heildarályktanir.

Ritgerð má vera á erlendu máli, en áskilja má, að hún geymi rækilegan útdrátt á íslensku. Háskóladeild getur veitt manni leyfi til að tala erlent mál við doktorspróf.

Þeir stúdentar sem uppfylla kröfur viðkomandi deildar um aðfararnám geta sótt um aðgang að doktorsnámi. Deild er heimilt að skipuleggja hæfnispróf fyrir umsækjendur.

58. gr.

Háskóladeild skipar þriggja manna dómnefnd til að meta vísindagildi ritsmíða þeirra, er fylgja umsókn doktorsefnis. Í dómnefnd er heimilt að skipa menn utan háskólans, þ.á m. erlenda menn. Dómnefnd skilar skriflegu og rökstuddu álit til deildar. Nú er einróma álit dómnefndar, að rit, sem umsækjandi hefur lagt fram, fullnægi ekki kröfum þeim, sem gera verður til doktorsritgerða, og skal deildin þá synja umsækjanda um að ganga undir doktorspróf. Endranær metur deildin það fyrir sitt leyti að fengnu álit dómnefndar, hvort veita skuli umsækjanda kost á að þreyta prófið.

Nú telur deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar, og tilnefnir hún þá tvo andmælendur við munnlega vörn ritgerðarinnar. Umsækjandi skal þá láta prenta ritgerðina, hafi það ekki verið gert áður. Háskólinn á rétt á eitt hundrað eintökum ókeypis. Doktorsefni skal síðan verja ritgerðina í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður, en ritgerð eða ritgerðir skulu hafa birst opinberlega a.m.k. fjórum vikum áður en munnleg vörn fer fram.

Nú vill maður, sem ekki er tilnefndur andmælandi, taka til máls um verk doktorsefnis, og skal hann þá skýra deildarforseta frá því einum sólarhring áður en doktorsvörn fer fram. Þó getur deildarforseti leyft manni úr áheyrendahópi stutta athugasemd án slíks fyrirvara. Að lokinni munnlegri vörn og fyrirlestrahaldi, ef því er að skipta, ákveður deildarforseti ásamt andmælendum, hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur, skal skjóta málinu til deildarfundar.

59. gr.

Háskólaráð getur samkvæmt tillögum háskóladeildar ákveðið, að munnleg vörn við doktorspróf falli niður, ef sérstök ástæða þykir til, enda sé dómur dómnefndar lofsamlegur um rit doktorsefnis. Háskólaráð getur með sama skildaga leyst doktorsefni undan þeirri skyldu að birta ritgerð sína á prenti, en áskilja skal, að hann afhendi háskólanum nokkur eintök af ritgerð sinni eða ritgerðum, vélrituðum eða fjölrítuðum, enda skal þá eitt eintak liggja frammi í háskólabókasafni einn mánuð hið skemmsta, áður en vörn fer fram. Þegar svo stendur á, sem í þessari grein segir, skal birta rökstutt álit dómnefndar í næstu árbók háskólans.

60. gr.

Að loknu doktorsprófi fær deildarforseti doktor í hendur doktorsskjal, sem háskólarektor og deildarforseti undirrita. Nánari reglur um framkvæmd doktorsprófs skulu settar með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

61. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

62. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein að loknu embættis- eða kandiðatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Við meistarapróf gilda sömu reglur um ákvörðun prófsefnis og mat á úrlausnum sem við fullnaðarpróf. Hver háskóladeild, sem ákveður að taka upp meistarapróf, ákvarðar nánar prófkröfur með samþykki háskólaráðs.

VII. KAFLI.

Stofnanir háskólans, eigur hans og fjármál.

63. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eignum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir, ræður forstjóra þeirra og setur þeim erindisbréf, nema öðruvísi sé mælt í reglum um þau.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um. Sama gegnir um úthlutun vísindalegra verðlauna.

64. gr.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

VIII. KAFLI

Um rannsóknarstofnanir.

65. gr.

Heimilt er að efna til rannsóknarstofnana við einstakar deildir háskólans samkvæmt ákvörðun deilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir því sem fé verður veitt til þess. Skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð eða samþykktum má m.a. kveða á um starfssvið rannsóknarstofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð. Heimilt er að fela rannsóknarstofnun að annast kennslu innan fræðasviðs hennar.

IX. KAFLI.

Guðfræðideild.

66. gr.

Kennslugreinar í guðfræðideild eru þessar: Gamla testamentisfræði, nýja testamentisfræði, trúfræði, félagsleg siðfræði, kirkjusaga, almenn trúarbragðafræði og kennimannleg guðfræði.

Guðfræðideild tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

Heimilt er deildinni að setja reglur um samstarfshópa kennara til þess að velja viðfangs-efni og skipuleggja námsvinnu í hinum ýmsu greinum.

67. gr.

Nám í guðfræði til embættisprófs jafngildir 150 námseiningum og skiptist í kjarna, frjálst nám og kjörsvið samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.

Heimilt er með leyfi deildarinnar að stunda frjálst nám í öðrum deildum háskólans.

Þegar stúdent er kominn áleiðis í námi, skal hann í samráði við kennara velja sér kjörsvið á sviði einnar kennslugreinir. Heimilt er stúdent í samráði við kjörsviðskennara sinn að stunda nám á kjörsviði í öðrum deildum háskólans eða í Kennaraháskóla Íslands auk náms í guðfræðideild.

Deildinni er heimilt að hefja kennslu í einstökum námskeiðum, þótt þau falli ekki undir kennslugreinir þær sem 66. gr. tilgreinir. Deildinni er einnig heimilt að kveða á um lágmarksundirbúning til þátttöku í tilteknum námskeiðum.

68. gr.

Heimilt er deildinni að ákveða, að ritgerðir og frammistaða í æfingum séu metnar sem hluti af prófi og áskilin sé lágmarkseinkunn í hverjum hluta. Þá getur deildin ákveðið, að ritgerðir eða önnur námsvinna geti komið í stað prófa í ákveðnum námskeiðum. Lokafrestur til að skila slíkum ritgerðum er síðasta kennsluvika misseris.

Próf eru skrifleg, en þó skal prófa verklega í prédikun og barnaspurningum. Í lokaprófi á kjörsviði skal prófa munnlega og að auki skal stúdent skrifa ritgerð úr efni kjörsviðs.

69. gr.

Stúdent skal ljúka embættisprófi í guðfræði eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið samfleytt átta ár skrásettur í guðfræðideild. Deildin getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi í guðfræði, ber próftítilinn *candidatus theologiae* (cand. theol.).

70. gr.

Í guðfræðideild er heimilt að stunda B.A.-nám í guðfræði. Hafi stúdent lokið minnst 60 námseiningum í guðfræði af þeim 90 e, sem krafist er til B.A.-prófs, má brautskrá hann úr guðfræðideild.

Um fyrirkomulag B.A.-námsins fer eftir námsskrá, er deildin setur.

Stúdent skal ljúka B.A.-prófi eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skrásettur í guðfræðideild samfleytt í sex ár. Að öðru leyti gilda hér ákvæði l. mgr. 69. gr.

X. KAFLI

Læknadeild.*A. Læknisfræði.*

71. gr.

Stjórn læknadeildar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfundur skal halda minnst tvisvar á ári, einn á hvoru kennslumisseri, eða oftast ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Tillögur og greinargerðir varðandi breytingar á kennslugreinum eða prófum skal senda með fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta þrjú prófessorar, tveir dósentar og tveir læknamemar. Kjör prófessoranna og dósentanna fer fram á deildarfundum í apríl samtímis kosningu deildarforseta og gildir til tveggja ára frá upphafi næsta háskólaárs. Félag læknanema kys tvo fulltrúa í ráðið til eins árs í senn, og taka þeir þá strax til starfa. Enginn má sitja lengur sam-

fleytt í ráðinu en fjögur ár. Velja skal fulltrúa kennara í deildarráð þannig, að þeir kenni á sem flestum stigum námsins.

Fundi skal halda í deildarráði eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Varaforseti deildarinnar má sitja fundi ráðsins og hefur þar tillögurétt. Sama gildir um formann kennslunefndar og kennslustjóra. Deildarforseti boðar til funda með dagskrá. Fundur er því aðeins lögmatur, að minnst fimm af átta atkvæðisbærum deildarráðsmönnum sitji fundinn. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði deildarforseta úrslitum. Færa skal nákvæma gerðabók um fundi ráðsins. Fundargerð skal lesa upp og staðfesta með undirskriftum í lok fundar. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflökkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða minnst þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna óskar þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Stúdentar, sem sæti eiga á deildarfundum og í deildarráði, hafa ekki atkvæðisrétt, þegar fjallað er um erindi frá heilbrigðisstjórninni.

72. gr.

Kennslunefnd skipuð kennurum og stúdentum er stjórn deildarinnar til ráðuneytis um málefni er lúta að kennslu. Læknadeild setur nánari reglur um skipan og starfshætti nefndarinnar.

Læknadeild má ráða kennslustjóra til tveggja ára í senn gegn sérstakri þóknun. Kennslustjóri situr fundi kennslunefndar með fullum réttindum.

Kennslunefnd og kennslustjóri fylgjast með þróun læknakennslu hérlendis og erlendis og hafa gildandi kennsluskipan stöðugt í athugun, gera í samráði við kennara tillögur um námsefni og magn þess, kennslutíma og fyrirkomulag prófa, annast samræmingu kennslu og prófa, sjá um samningu og útgáfu kennsluskrár, veita kennurum og stúdentum leiðbeiningar og sinna öðrum verkefnum, sem deildarfundur, deildarráð eða deildarforseti kunna að fela þeim.

Kennsluskrá ásamt próftöflu skal gefa út eigi síðar en þremur mánuðum fyrir upphaf kennsluárs. Sé nauðsynlegt að breyta kennsluskrá, skal það gert með samþykki kennslunefndar og að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum áður en viðkomandi kennsla hefst.

73. gr.

Læknadeild ákvarðar kennslugreinar og skiptingu þeirra í námskeið og um vægi þeirra.

Allar breytingar á vægi námskeiða skal tilgreina í kennsluskrá eða tilkynna á annan hátt eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Kennsla í hverri grein skal við það miðuð, að stúdent fái yfirferð yfir öll aðalatriði hennar, áður en hann gengur undir próf. Kennslu skal haga þannig, að unnt sé að ljúka námi á sex árum, en heildarnámstími má ekki vera lengri en átta ár. Undanþágur má veita vegna veikinda eða annarra forfalla, lögmætra að dómi deildar.

Stúdentar, sem eru í verklegu námi á sjúkradeildum eða rannsóknarstofum, skulu sitja fræðslufundi þeirra.

Læknadeild stendur fyrir framhaldsmenntun læknakandídata, eftir því sem fjárveitingar og aðrar aðstæður leyfa. Læknadeild ákveður nánar hvernig kennslu og prófum skuli háttað.

Eftir þriggja ára nám eða síðar á námsferlinum geta stúdentar sótt um að verja einu ári til fræðilegs náms á tilgreindu sviði eða til að vinna að rannsóknarverkefni undir eftirliti tilgreinds háskólakennara. Slíku námi skal ljúka með samningu ritgerðar eða prófi og ritgerð,

sem metin er til einkunnar samkvæmt reglum sem deildin setur. Hámarks námstími stúdenta, sem verja heilu ári til fræðilegs náms eða rannsóknarstarfa, lengist upp í níu ár.

74. gr.

Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs, áður en hann hefur nám á næsta námsári.

Próf að lokinni kennslu haustmisseris fyrsta árs eru ekki endurtekin á öðrum árstímum. Þeir einir sitja áfram á vormisseri fyrsta árs, sem lokið hafa þeim prófum með gildandi lágmarkseinkunn í hverri grein.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst próf í lok haustmisseris meiri en svo, að veita megi þeim öllum framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum læknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmisseris fyrsta árs. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta einnig verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun deildarinnar.

Séu prófþættir fleiri en einn í einhverri kennslugrein eða próf haldið í sömu kennslugrein á fleiri en einu ári, þarf stúdent að fá tilskilda lágmarkseinkunn í hverjum prófþætti. Deildin ákvarðar vægi hvers prófþáttar í samráði við kennara.

Árangur stúdents í verklegu námi er metinn af þeim kennara, sem kennsluna annast. Kennari skilar skriflegum vitnisburði til skrifstofu háskólans. Gefnar eru fjórar einkunnir: ágætt, gott, sæmilegt, slæmt. Sá, sem fær einkunnina slæmt, telst ekki hafa lokið verklega náminu og getur ekki sagt sig til prófs. Einkunnir fyrir verklegt nám reiknast ekki með til lokaekunnar. Heimilt er þó með samþykki kennslunefndar að gefa verklega einkunn í tölum og reikna hana sem ákveðinn hluta af lokaekunn í hlutaðeigandi grein.

Sá, sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði, ber próftítilinn *candidate medicinae et chirurgiae* (cand. med. & chir.).

Stúdentar, sem lokið hafa eins árs fræðilegu námi eða rannsóknarverkefni á námsferli sínum, geta auk þess fengið B. S.-gráðu ef kunnátta þeirra á viðkomandi fræðasviði eða rannsóknarvinna er talin fullnægjandi að dómi umsjónarkennara og tilgreinds prófdómara.

B. Lyfjafræði lyfsala.

75. gr.

Um dagleg málefni lyfjafræði lyfsala fjallar þriggja manna stjórnarnefnd í umboði læknadeildar. Prófessorinn í lyfjafræði lyfsala skal vera formaður nefndarinnar. Auk hans sitja í nefndinni einn fulltrúi kosinn af fastráðnum lyfjafræðingum í lyfjafræði lyfsala og einn fulltrúi stúdenta, kosinn af almennum fundi í Félagi lyfjafræðinema. Kjörtími er eitt ár. Um fundarsköp fer eftir 26. gr. þessarar reglugerðar.

Stjórnarnefndin gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun deildarhlutans, fjallar um umsóknir um fastar kennarastöður og ræður stundakennara. Hún ber ábyrgð á daglegri stjórn námsins, semur kennsluskrá í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans.

76. gr.

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræði-, eðlisfræði- eða náttúrufræðideild í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Háskólaráð getur þó eftir rökstuddum tillögum stjórnarnefndarinnar takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að náminu hverju sinni.

77. gr.

Í lyfjafræði lyfsala er veitt kennsla til lyfjafræðingsprófs (cand. pharm.) og skal kennslu hagað þannig, að ljúka megi því á fimm árum. Stjórnarnefndin tekur ákvarðanir um hvaða kennslugreinar skuli kenna, um skiptingu þeirra í námskeið og á misseri, fyrirkomulag prófa og um vægi þeirra.

Stjórnarnefndin hefur heimild til að meta gilt sambærilegt nám og próf einstakra stúdenta í öðrum deildum háskólans eða annars staðar frá sem hluta af námi til lyfjafræðingsprófs.

Stjórnarnefndin skal í síðasta lagi við upphaf haustmisseris birta kennsluskrá fyrir haust- og vormisseri þess kennsluárs ásamt vægi námskeiða og vægi einstakra einkunna innan námskeiðs, ef námsmati er skipt niður á ákveðna þætti þess. Námskeið skal meta til eininga (e). Skal miðað við að vægi námskeiðs í heildareinkunn samsvari einingafjölda þess. Loka- prófi skal ljúka eigi síðar en sjö árum eftir að stúdent innritaðist í lyfjafræðinámið. Undanþágu má veita frá þessum tímamörkum vegna veikinda eða annarra svipaðra vítaleysis- ástæðna.

78. gr.

Um starfsþjálfun stúdenta eftir fyrsta, annað, þriðja og fjórða námsár fer eftir samningi milli Háskóla Íslands og Apótekarafélags Íslands eða öðrum sambærilegum samningum, er gerðir kunna að vera.

Sá, sem lokið hefur starfsþjálfun samkvæmt ofansögðu getur sótt um leyfi til að kalla sig lyfjafræðing, enda fullnægi hann kröfum 3. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

C. Námsbraut í hjúkrunarfræði.

79. gr.

Kennsla og rannsóknir í hjúkrunarfræði fara fram í námsbraut í tengslum við lækna- deild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti námsbraut- arstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknaeildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Enn fremur eiga þar sæti full- trúar stúdenta, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildar- fundum. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun námsbrautarinnar. Stjórnin fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastar kennarastöður og ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

Þegar háskólaráð eða læknaeild fjallar sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

80. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina, þar til minnst þrjú kennarar hafa verið fastráðnir eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið í samræmi við ákvarðanir námsbrautarstjórnar. Hann annast daglega stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans og hlutast til um, að stúdentar geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

81. gr.

Hjúkrunarfræði er fjögurra ára nám er lýkur með B. S.-prófi. Hámarksnámsstími er sex ár. Til þess að flytjast milli námsára má stúdent eiga eftir eitt próf hið mesta úr námsefni

næsta námsárs á undan og ekki próf frá fyrri námsárum. Námsbrautarstjórn getur veitt undanþágu frá þessum reglum ef sérstaklega stendur á.

Stjórn námsbrautarinnar ákvarðar kennslugreinar, skiptingu þeirra í námskeið og vægi þeirra og skal það tilgreint í kennsluskrá. Allar breytingar á kennsluskrá skal tilkynna eigi síðar en við upphaf kennsluárs.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg, en geta verið munnleg eða verkleg eftir ákvörðun námsbrautarstjórnar.

Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri, er stjórn námsbrautarinnar heimilt að tilöggu kennara að ákveða, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

Árangur stúdents í verklegu námi skal metinn af þeim kennara, sem kennsluna veitir. Einkunn í verklegu námi reiknast ekki til lokaeinkunnar í námskeiði. Þó er kennara það heimilt með samþykki námsbrautarstjórnar og skal slík ákvörðun þá tilgreind í kennsluskrá.

Til þess að standast próf verður stúdent að hafa hlotið eigi lægri einkunn en:

1. 4,0 í efnafræði.
2. 6,0 í hjúkrunarnámskeiðum samkvæmt nánari ákvörðun námsbrautarstjórnar.
3. 5,0 í öðrum námskeiðum.

82. gr.

Nú er fjöldi stúdenta, sem stenst próf í lok haustmíssis fyrsta námsárs meiri en svo að veita megi þeim öllum framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, og getur háskólaráð þá eftir rökstuddum tillögum námsbrautar í hjúkrunarfræði takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem prófin eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur prófa í lok haustmíssis fyrsta námsárs.

D. Námsbraut í sjúkraþjálfun.

83. gr.

Kennsla og rannsóknir í sjúkraþjálfun fara fram í námsbraut í tengslum við læknadeild.

Stjórn námsbrautarinnar er í höndum námsbrautarstjórnar. Í henni eiga sæti námsbrautarstjóri, fastráðnir kennarar námsbrautarinnar, tveir fulltrúar læknadeildar kjörnir til tveggja ára í senn og einn fulltrúi háskólaráðs kjörinn til sama tíma. Enn fremur eiga þar sæti fulltrúar stúdenta, og fer um fjölda þeirra eftir sömu reglum og gilda um setu stúdenta á deildarfundum. Stjórnin kys formann úr sínum hópi.

Námsbrautarstjórn gerir árlega áætlun um kennslu, húsnæðisþörf, rekstrarkostnað og þróun námsbrautarinnar. Stjórnin fjallar um umsóknir um starf námsbrautarstjóra og fastar kennarastöður og ræður stundakennara í samráði við námsbrautarstjóra.

Þegar háskólaráð eða læknadeild fjalla sérstaklega um málefni námsbrautarinnar, skal boða formann námsbrautarstjórnar eða þann, sem hann kveður til úr hópi stjórnarmanna, á fundinn, og hefur hann þar fullt málfrelsi og tillögurétt.

84. gr.

Námsbrautarstjóri skal starfa við námsbrautina, þar til minnst þrjú kennarar hafa verið fastráðnir eða annað verður ákveðið. Hann skipuleggur námið í samræmi við ákvarðanir námsbrautarstjórnar. Hann annast daglega stjórn námsins, semur lestrar- og kennsluáætlanir í samráði við kennara, samræmir námsefni, kennslu og próf, veitir stúdentum leiðbeiningar og ráðgjöf, skipuleggur og hefur eftirlit með prófum í samráði við kennara og skrifstofu háskólans og hlutast til um, að stúdentar geti eftir atvikum átt aðild að rannsóknarverkefnum. Námsbrautarstjórn ákveður kennsluskyldu námsbrautarstjóra.

85. gr.

Sjúkraþjálfun er fjögurra ára nám, er lýkur með B.S.-prófi. Stúdent skal hafa lokið öllum prófum hvers árs áður en hann hefur nám á næsta ári. Hámarksnámsstími er fimm ár. Námsbrautarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá báðum þessum skilyrðum, þegar sérstaklega stendur á.

Við námsbrautina skal kenna sjúkraþjálfunarfræði. Þessar námsgreinar má sækja utan námsbrautarinnar: Líffærafræði, eðlisfræði, lífeðlisfræði, sálarfræði, meinafræði, sjúkdómafræði, félagsfræði, tölfræði og stjórnun. Sé kennslan utan námsbrautarinnar ekki við hæfi stúdenta í sjúkraþjálfun, skal efna til sérstakra námskeiða eftir því sem kostur er á.

Námsbrautarstjórn tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra.

86. gr.

Námsbrautarstjórn gerir árlega rökstudda tillögu til háskólaráðs um, hve mörgum nýjum stúdentum námsbrautin veiti viðtöku. Ákvörðun háskólaráðs um innritunartakmarkanir, ef þörf krefur, skal liggja fyrir við upphaf skrásetningarfrests. Tillaga námsbrautarstjórnar skal byggð á þeirri aðstöðu sem námsbrautinni er búin. Ef nauðsynlegt reynist að takmarka aðgang, skulu eldri stúdentar, sem eigi hafa lokið prófum fyrsta árs, sækja um námsvist á fyrsta ári að nýju, og verður fjallað um umsóknir þeirra á sama hátt og nýrra stúdenta.

XI. KAFLI.

Lagadeild.

87. gr.

Nám til embættisprófs í lögfræði skiptist í fjóra hluta. Kennslu skal hagað þannig, að stúdent geti lokið hverjum af fyrstu þremur hlutum námsins á einu háskólaári, en fjórða hluta á tveimur háskólaárum. Stúdent er óheimilt að hefja nám í öðrum, þriðja eða fjórða hluta fyrr en hann hefur staðist próf í öllum greinum næsta hluta á undan

Kennslugreinar í fyrsta hluta eru þrjár: Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, samningaréttur og stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti. Kennsla í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu fer fram á haustmisseri, en í öðrum greinum hlutans á vormisseri.

Kennslugreinar í öðrum hluta eru fjórar: Eignaréttur, sifja- og erfðaréttur, skaðabótaréttur og stjórnsýsluréttur. Kennsla í þeim fer fram samfellt á haust- og vormisseri.

Kennslugreinar í þriðja hluta eru þrjár: Kröfuréttur, refsiréttur og réttarfar. Kennsla í þeim fer fram samfellt á haust- og vormisseri.

Í fjórða hluta náms skal stúdent ljúka prófi í níu kjörgreinum og semja ritgerð eða ljúka sambærilegu lokaverkefni, auk þess að ljúka æfingum í úrlausn raunhæfra verkefna með fullnægjandi árangri. Fyrir hver áramót ákveður lagadeild að minnsta kosti átján kjörgreinar til kennslu á einstökum misserum á næstu tveimur háskólaárum. Fyrir 15. mars skal stúdent, sem hyggst ljúka prófum í þriðja hluta á því vori velja níu þessara greina til náms í fjórða hluta. Kennsla í hverri kjörgrein fer fram á einu misseri. Samhliða vali á kjörgreinum skal stúdent einnig velja svið til ritgerðar eða lokaverkefnis og einn af kennum deildarinnar sem umsjónarkennara í því námi, en valið skal háð samþykki kennarans og deildarforseta. Stúdent getur ekki lokið ritgerð eða öðru lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í minnst sex kjörgreinum. Fyrir ritgerð eða annað lokaverkefni skal gefin einkunn, sem hefur tvöfalt vægi á við aðrar greinar við embættispróf, en umsjónarkennari getur ákveðið að stúdent þreyti próf úr efni ritgerðar eða verkefnis og metið árangur hans til hluta af einkunninni. Lagadeild ákveður hve mörgum æfingum í úrlausn raunhæfra verkefna stúdentar þurfa að ljúka í fjórða hluta náms, en fyrir þær verður ekki gefin einkunn til embættisprófs.

Lagadeild getur heimilað að nám stúdents við aðra háskóladeild eða annan háskóla komi að einhverju leyti eða öllu í stað kjörgreina, ritgerðar eða annars lokaverkefnis. Umsókn um þetta skal send lagadeild að jafnaði áður en slíkt nám er hafið.

Lagadeild setur nánari reglur um nám í fjórða hluta.

88. gr.

Próf skulu vera skrifleg, en lagadeild er þó heimilt að ákveða hverju sinni að próf verði munnleg í einstökum greinum í fjórða hluta náms.

Próf í þeim greinum, þar sem kennsla er lokið á einu misseri, skulu háð við lok þess. Próf í öðrum greinum fara fram við lok vormisseris. Stúdent verður að gangast undir próf í öllum greinum misseris eða eftir atvikum árs á sama próftímabili.

Til að standast próf verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 7,0 í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, en 6,0 í öðrum greinum hverri um sig.

Stúdent sem stenst ekki próf á reglulegum próftíma skv. 2. mgr. skal eiga kost á að gangast undir það á ný að hausti eða þegar reglulegt próf er haldið aftur í viðkomandi grein. Þurfi stúdent að gangast á ný undir próf í tveimur eða fleiri greinum sama námstímabils verður hann að gera það á sama próftímabili. Hann þarf ekki að gangast á ný undir próf í þeim greinum námstímabilsins, sem hann hefur staðist.

Standist stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, ekki endurtekningarpóf í annarri grein og hann endurinnritar sig til náms við lagadeild á næsta háskólaári, heldur hann einkunn sinni í þeim greinum, þar sem hann hefur hlotið 7,0 eða hærra einkunn.

89. gr.

Stúdent skal hafa lokið prófum í fyrstu þremur hlutum náms ekki síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í lagadeild. Námi í fjórða hluta skal lokið á ekki lengri tíma en þremur árum. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessum reglum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Sá sem hefur lokið embættisprófi við lagadeild ber próftítilinn *candidatus juris* (cand. jur.)

Ákvæði til bráðabirgða:

Reglum 87.-89. gr. verður beitt um stúdenta, sem innrita sig til náms við lagadeild að sumri 1993 eða síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta, sem hafa staðist próf í almennri lögfræði haustið 1993 eða fyrr, en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en nemur reglulegri framvindu náms.

Þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. getur lagadeild heimilað að stúdent, sem eldri reglur mundu annars gilda um, leggi stund á nám og gangist undir próf eftir nýjum reglum samhliða stúdentum sem þær taka til. Lagadeild getur sett nánari reglur um framkvæmd í þeim efnun, meðal annars um gildi prófa sem stúdent hefur þegar lokið eftir eldri reglum.

XII. KAFLI.

Viðskipta- og hagfræðideild.

90. gr.

Viðskipta- og hagfræðideild veitir kennslu í viðskiptafræðum til cand. oecon.-prófs og í hagfræði til B.S. (econ.)-prófs. Skipan námsins miðast við, að viðskiptafræðanám taki fjögur ár og hagfræðinám taki þrjú ár. Námið er vegið í einingum (e), og skal ársnám talið 30 e. Til cand. oecon.-prófs í viðskiptafræði er krafist 120 e, en til B.S. (econ.)-prófs í hagfræði 90 e. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til M.S (econ.)-prófs í hagfræði.

Stjórn deildarinnar er í höndum skorarfunda, skorarformanna, deildarfunda og deildarforseta. Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli viðskiptaskorar og hagfræðiskorar eftir ákvörðun deildarfundar. Hvor skor fer með málefni kennslugreina sinna í umboði deildarfundar, ákvarðar námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli kennara í skor og gerir tillögur til deildarfundar um ráðningu aðjúnkta og stundakennara. Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósentstöður eða lektorstöður, skal leita álits viðkomandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á skorafundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarfundar um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Á skorafundi eiga sæti prófessorar, dósentar og lektorar í kennslugreinum skorar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagsamtökum þeirra úr hópi stúdenta í sömu skor, og taka þeir sæti á skorafundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarfundur ákveður í hvorri skor kennari á sæti.

Hvor skor kys í apríl ár hvert formann og varaformann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Skor heldur fundi eftir þörfum. Gerðir skorafunda skulu bókfærðar.

91. gr.

Kennslugreinar eru þessar: Prófgreinar í fyrri hluta, sbr. 92. gr., prófgreinar í síðari hluta, sbr. 93. gr., og kjörgreinar samkvæmt ákvörðun deildarinnar.

92. gr.

Prófgreinar í fyrri hluta náms í viðskiptafræðum eru fornámskeið í stærðfræði (0 e), stærðfræði (3 e), bókfærsla og reikningshald (12 e), tölfræði (6 e), upplýsingatækni (3 e), íslensk haglýsing (6 e), aðferðafræði (3 e), lögfræði (6 e), þjóðhagfræði (6 e), rekstrarhagfræði (9 e), skattaréttur, skattskil (3 e) og félagsfræði (3 e), alls 60 e.

Prófgreinar í fyrri hluta náms í hagfræði eru rekstrarhagfræði (6 e), þjóðhagfræði (6 e), tölfræði (6 e), stærðfræði (6 e) og reikningshald (6 e), alls 30 e.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig, að farið sé yfir allt námsefni árlega og unnt sé að ljúka prófi í fyrri hluta á tveimur árum í viðskiptaskor og á einu ári í hagfræðiskor. Stúdent telst hafa staðist próf í prófgreinum fyrsta árs, hafi hann hlotið lágmarkseinkunnina 6,5 í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði og jafnframt 6,5 að meðaltali í öllum prófgreinum. Nám í kennslugreinum annars árs skal hefja að hausti. Stúdent í hagfræðiskor skal hafa staðist próf í öllum prófgreinum fyrsta árs, áður en hann hefur nám á öðru ári. Stúdent í viðskiptaskor skal hafa staðist próf í prófgreinum fyrsta árs, sem gilda a.m.k. 24 e, áður en hann hefur nám á öðru ári. Viðskiptaskor ákveður, í hvaða prófgreinum fyrsta árs unnt er að þreyta próf samhliða námi í annars árs greinum.

93. gr.

Til prófs í síðari hluta teljast kjarni (30 e) og kjörsvið ásamt frjálsum kjörgreinum og ritgerð (samtals 30 e). Kjarnarnir eru tveir, viðskiptakjarni í viðskiptaskor og hagfræðikjarni í hagfræðiskor.

Prófgreinar í viðskiptakjarna eru stjórnun (6 e), fjármál fyrirtækja (6 e), markaðsfræði (6 e), framleiðsla (6 e), aðgerðarannsóknir (3 e) og upplýsingatækni (3 e).

Prófgreinar í hagfræðikjarna eru rekstrarhagfræði (6 e), þjóðhagfræði (6 e), hagrannsóknir (6 e) og aðrar greinar (samtals 12 e) samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar.

Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum og kjörsviðsgreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum a.m.k. annað hvert ár. Nám í

kennslugreinum þriðja árs skal hefja að hausti og skal stúdent þá hafa staðist próf í öllum kennslugreinum annars árs í hlutaðeigandi skor.

94. gr.

Deildin setur reglur um skipan kjörgreina í kjörsvið og vægi þeirra. Eitt kjörsvið í viðskiptafræðum skal vera endurskoðunarsvið.

Stúdent velur frjálssar kjörgreinar, er teljast hvorki til kjarna né kjörsviðs hans. Heimilt er honum einnig að áskildu samþykki deildarinnar að velja frjálssar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal valið í samráði við a.m.k. einn fastan kennara deildarinnar. Ritgerð vegur 3, 6 eða 9 e, eftir vali stúdents að fengnu samþykki kennara. Stúdent á endurskoðunarsviði er þó ekki skylt að skila ritgerð. Deildin setur nánari reglur um samningu ritgerða og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

95. gr.

Heimilt er kennara með samþykki skorar að meta ritgerðir og æfingar sem hluta af prófi og áskilja lágmarkseinkunn í hverjum prófhluta greinar. Heimilt er einnig að meta vinnu stúdenta í fyrirtækjum og stofnunum og vinnu við ákveðin verkefni utan deildar til jafns við ritgerðir og æfingar í einstökum greinum.

Deildin getur haldið æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

Próf skulu vera skrifleg, nema deildin ákveði annað. Próf eru haldin í lok námskeiðs. Endurtekningspróf eru haldin að hausti.

Falli stúdent úr deildinni, skal hann fá viðurkennd þau próf, sem hann hefur lokið með lágmarkseinkunninni 6,5, enda endurinnritist hann eigi síðar en á næsta háskólaári.

Stúdent í viðskiptafræðum skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í þrjú ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en sex árum eftir skráningu. Stúdent í hagfræði skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í tvö ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en fimm árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum, ef veikindum eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt skal viðskipta- og hagfræðideild að veita stúdent, sem innritaðist á endurskoðunarsvið fyrir gildistöku reglugerðar nr. 75/1988, undanþágu frá ritgerð, sbr. 3. mgr. 94. gr.

Stúdentar, sem hafið höfðu nám í viðskiptadeild fyrir lok vormisseris 1988, eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við fyrri reglugerðarákvæði.

XIII. KAFLI Heimspékideild.

96. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Deildarfundur skal halda minnst einu sinni á hvoru kennslumisseri og annars ef tilefni er til. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til

starfa við upphaf háskólaárs. Formönnum þeirra kennslugreina sem ekki eiga fulltrúa í deildarráði hverju sinni er heimil seta á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

Deildarráð heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á kennsluárinu, en ella þegar þörf krefur. Fundi skal boða bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Fundargerðir skal senda öllum, sem sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál, er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflökkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingabeidnir, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

97. gr.

Deildin skiptist í eftirtaldir skorir: Íslenskuskor, sagnfræðiskor, heimspekiskor, bókmenntafræði- og málvísindaskor, enskuskor, skor þýsku og Norðurlandamála, skor rómanskra og slavneskra mála, skor íslensku fyrir erlenda stúdenta.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar og formenn greina hafa eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ráða stundakennara. Þeir fylgjast með starfi námsnefnda, kennsluháttum, ráðstöfun fjárveitinga og öðru sem varðar kennslu og stjórnun í skorinni.

Á skorarfundum eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar og enn fremur tveir fulltrúar stúdenta í skor þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti, er átta eða færri og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja fimm til viðbótar. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorarfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys eigi síðar en í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skoramenn eftir starfsaldri. Þar sem svo háttar til að fleiri en ein kennslugrein eru saman í skor skal hver þeirra auk þess kjósa sér formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora í greininni. Nýkjörnir skorarformenn og formenn greina taka til starfa við upphaf háskólaárs.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skytt er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skoramanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun.

Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækir eigi minna en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Gerðir skorarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Verði ágreiningur á skorarfundi getur skorarformaður eða formaður greinar skotið ágreiningsmálinu til úrskurðar deildarráðs.

98. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

- a) Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, íslenska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.
- b) Til M.Paed.-prófs: Íslenska.
- c) Til M.A.-prófs: Danska, enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði og sagnfræði.
- d) Til doktorsprófs: Íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði og sagnfræði.
- e) Til B.Ph.Isl.-prófs: Íslenska fyrir erlenda stúdenta.

Deildin tekur nánari ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið og um vægi þeirra í námseiningum, í hvaða röð námskeið skulu tekin og hver þeirra séu skyldunámskeið. Þó skulu almenn málvísindi og bókmenntafræði ætíð vera skylduþættir í tungumálum.

Ef sérstakir erfiðleikar eru á kennslu í einhverri kennslugrein, getur deildin ákveðið að hún skuli ekki kennd. Stúdentar, sem lokið hafa einu námskeiði í kennslugrein, eiga rétt á að ljúka 30 e í greininni.

Við gerð kennsluskrár skal við það miðað að stúdent þurfi ekki að sækja fleiri en tólf kennslustundir á viku þegar frá eru taldir æfingatímar, sem krefjast ekki undirbúnings.

99. gr.

Kennslu til B.A.-prófs skal haga þannig, að stúdent sé unnt að ljúka námi á þremur árum og kennslu til M.Paed.-prófs og M.A.-prófs þannig að stúdent geti lokið námi á tveimur árum að loknu B.A.-prófi. Kennslu til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta skal haga þannig að ljúka megi námi á þremur árum.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingavinnu, verkefnum eða ritgerðum. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að ákveða, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf nema hann hafi í tilteknum prófþáttum náð lágmarkseinkunn námskeiðsins í heild. Tilhögun námsmats fer að öðru leyti eftir samkomulagi kennara og nemenda og skal það liggja fyrir, áður en mánuður er liðinn af kennslu. Náist ekki samkomulag skal málinu vísað til námsnefndar og þaðan til deildarráðs ef þörf krefur.

100. gr.

Nám skal vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e. Námskeið skulu að jafnaði vera 5 e eða margfeldi af 5 e. Þó má deildarráð veita undanþágu frá þessu.

I. B.A.-próf.

Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 e að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 e). Stúdent velur sér aðalgrein úr kennslugreinum þeim, sem upp eru taldar í 99. gr., I. mgr., a-lið, og tekur í henni minnst 60 e. Einnig skal stúdent velja aukagrein úr sömu greinum og ljúka í henni 30 e. Heimspekideild getur þó heimilað 30 e viðbótarnám í aðalgrein er komi í stað aukagreinar. Stúdent er heimilt með samþykki heimspekideildar að sækja aukagrein til annarra deilda. Ákveða má, að hluti aðalgreinar eða aukagreinar sé valfrjáls námskeið. Heimilt er stúdent í samráði við greinarkennara að sækja námskeið til ann-

arra deilda. Minnst 5 e skulu felast í samningu lokaritgerðar, en deildin má þó veita undanþágu frá þeirri reglu.

II. M.Paed.-próf.

Að loknu B.A.-prófi við heimspekideild Háskóla Íslands eða jafngildu prófi við annan háskóla, sem deildin viðurkennir, er stúdent heimilt að hefja nám til M.Paed.-prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A.-prófs.

Til M.Paed.-prófs er krafist minnst 60 e og skulu þar af minnst 30 e vera úr þeim námskeiðum aðalgreinar sem sérstaklega eru ætluð verðandi kennurum eða þykja henta vel sem undirbúningur undir kennslu í framhaldsskóla. Þá skulu minnst 30 e vera úr námskeiðum í kennslufræði til kennsluréttinda, eða öðrum námskeiðum, sem félagsvísindadeild viðurkennir sem nám til kennsluréttinda.

III. M.A.-próf.

Að loknu B.A.-prófi má stúdent hefja nám til M.A.-prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A.-prófsins.

Aðgang að M.A.-námi í íslenskum bókmenntum eiga þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi í íslensku sem aðalgrein eða í almennri bókmenntafræði sem aðalgrein og íslensku sem auka- grein. Aðgang að M.A.-námi í íslenskri málfræði veitir B.A.-próf í íslensku sem aðalgrein eða í almennum málvísindum sem aðalgrein og íslensku sem aukagrein. Aðgang að M.A.-námi í íslenskum fræðum eiga þeir sem lokið hafa B.A.-prófi í íslensku sem aðalgrein.

Uppfylli stúdent ekki ofangreind skilyrði skal honum þó heimilt að hefja nám til M.A.-prófs við deildina, hafi hann áður lokið hliðstæðu háskólaprófi og uppfyllt sérstakar viðbót- arkröfur sem heimspekideild setur. Deildin getur heimilað stúdent að stunda einstök náms- keið er teljast til M.A.-náms á því misseri sem hann lýkur B.A.-námi.

Til M.A.-prófs er krafist minnst 60 e og skulu þar af minnst 30 e vera úr námskeiðum aðalgreinar, en heimilt er að velja námskeið allt að 15 e úr öðrum skyldum greinum í sam- ráði við kennara aðalgreinar. Ritgerð skal vega minnst 15 e en mest 20 e, og skal umfang hennar ákveðið áður en vinna við hana hefst. Ritgerðarefni velur stúdent einnig í samráði við kennara aðalgreinar. Nánari leiðbeiningar um vægi ritgerða og einstakra námskeiða skal setja í námsskipunarreglum sem heimspekideild samþykkir fyrir hverja námsgrein eða náms- braut.

IV. Doktorspróf.

Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi frá heimspekideild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Stúdentar í doktorsnámi skulu velja sér leið- beinanda á sérsviði sínu og sækja sérhæfð námskeið samkvæmt nánari námsskipunarreglum sem heimspekideild setur fyrir hverja grein. Enn fremur skal hann stunda a.m.k. eins árs fullt nám í aðalgrein sinni eða stuðningsgreinum hennar við erlendan háskóla, sem deildin viður- kennir. Námsáætlun skal samin í samráði við leiðbeinanda og staðfest af deildinni. Náms- árangur skal staðfestur með mati sem deildin viðurkennir, og með árangri sem hún metur fullnægjandi.

Stúdent sem hefur lokið M.A.- eða öðru samsvarandi prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Skal honum skylt að gangast undir hæfn- ispróf. Þá skal menntun hans metin með tilliti til aðalgreinar við doktorsnám og honum gerðar frekari námskröfur en þeim stúdentum sem hafa lokið M.A.-prófi frá deildinni.

Stúdent í doktorsnámi velur sér rannsóknarverkefni í samráði við leiðbeinanda sinn og gerir áætlun um hvernig að verkinu skuli staðið. Áætlunin skal lögð fyrir deildina til sam- þykktar. Staðfesti deildin áætlunina hefst rannsóknarvinna undir leiðsögn leiðbeinanda. Doktorsefnið lýkur rannsóknum sínum með því að semja eina heildstæða doktorsritgerð und-

ir leiðsögn leiðbeinanda. Leiðbeinanda er ekki heimilt að sitja í dómnefnd um ritgerðina. Ritgerðin skal dæmd og varin samkvæmt reglum háskólans um doktorsritgerðir og doktorsvarnir.

V. B.Ph.Isl.-próf.

Til prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta er krafist minnst 90 eininga og skulu 5 e þar af vera ritgerð.

Erlendir stúdentar, sem þegar hafa nokkra þekkingu á íslensku, geta uppfyllt námskröfur fyrsta árs með því að standast sérstakt stöðupróf sem haldið er við upphaf haustmíssis á hvert.

Auk kennslu til þeirra prófa sem nú hafa verið talin er heimspekideild heimilt að skipuleggja ýmsar námsleiðir að loknu B.A.-prófi innan deildarinnar eða í samvinnu við aðrar deildir.

XIV. KAFLI **Verkfræðideild** 101. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um, nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráðs. Fundi skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, einn fulltrúi aðjúnkta, kjörinn úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert sem deildarforseti gengst fyrir, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflega með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skyld er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundi. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda og nýtur til þess aðstoðar deildarfulltrúa og skrifstofu háskólans. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingabeirni, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

102. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldir skorir: Byggingarverkfræðiskor, rafmagnsverkfræðiskor og skipa- og vélaverkfræðiskor.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósents- eða

lektorstöður, skal leita álits hlutaðeigandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar hefur eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ræður stundakennara í samráði við umsjónarkennara.

Á skorarfundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorarfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kýs í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósentar og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skorarmenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skyld er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skorarmanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Gerðir skorarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er skorum að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

Heimilt er deildinni einni eða í samvinnu við aðrar deildir að stofna kennsluskrárnefnd, sem er ráðgefandi fyrir deildarráð um framboð námskeiða og gerð kennsluskrár.

103. gr.

Verkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

1. Til fullnaðarprófs í eftirtöldum greinum verkfræði: Byggingarverkfræði, rafmagnsverkfræði, skipaverkfræði og vélaverkfræði. Enn fremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki fjögur ár og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.
2. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til M.S.-prófs fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi við deildina eða samsvarandi prófi að mati deildar. Skipan námsins miðast við að það taki eitt ár og er framhaldsnámið minnst 30 námseiningar.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi námskeiða og um skiptingu þeirra á námsáfangi.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgrein- ar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

Deildin setur nánari reglur um framhaldsnám til M.S.-prófs eftir því sem þurfa þykir.

104. gr.

Verkfræðideild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Stúdent er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði án þess að hafa uppfyllt kröfur til setu á því kennsluári, sem það tilheyrir, og öðlast próftökurétt í þeim námskeiðum, sem eru tilgreind í kennsluskrá sem nauðsynlegur undanfari þess.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

105. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf í verkfræði þarf stúdent að ljúka námi með eigi lægri aðaleinkunn en 6,0.

Til þess að standast próf í námskeiði þarf stúdent að hljóta eigi lægri prófeinkunn en 4,0.

Eigi mega líða meira en fjögur ár frá því að stúdent sest á annað kennsluár þar til hann lýkur fullnaðarprófi í verkfræði.

Til þess að öðlast setu á öðru kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,5.

Til þess að öðlast setu á þriðja kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs og á tveggja ára tímabili öllum námskeiðum námsáætlunar annars kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,7.

Til þess að öðlast setu á fjórða kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs og á þriggja ára tímabili öllum námskeiðum námsáætlunar annars árs, svo og öllum námskeiðum námsáætlunar þriðja kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,9.

Allar meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf.

Deildinni er heimilt að víkja frá ákvæðum 3.-6. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta á fyrsta kennsluár og við umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina innan deildar.

106 gr.

Stúdent sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á öðru hausti. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skorir ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdenta í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Kennarar gera grein fyrir vægi hluteinkunnar í upphafi misseris og tilkynna skorarformanni. Hver skor ákveður vægi hluteinkunnar í einstökum námskeiðum og skal það tilkynnt stúdentum í upphafi misseris. Við birtingu einkunna skal prófeinkunn og hluteinkunn sýnd hver um sig.

XV. KAFLI Tannlæknadeild.

107. gr.

Til kennslu í tannlæknisfræði heyra þær greinar, er varða fræðasvið hennar á hverjum tíma. Til fræðasviðs tannlæknisfræðinnar telst allt, sem tengist gerð og starfsemi tyggingarfæra mannslíkamans.

108. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfundar, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum sem deildin er bær að taka ákvörðun um.

Deildarfundir er heimilt að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til deildarráðs og afturkalla heimildina, að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í ráðinu. Deildarfundur ákvarðar vægi námsgreina og tekur ákvarðanir um fjárbeiðnir.

Í deildarráði eiga sæti, auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, tveir aðrir kennarar deildarinnar og tveir fulltrúar stúdenta. Kennararnir skulu kjörnir á deildarfundum, samtímis kjöri deildarforseta, til tveggja ára í senn, úr hópi prófessora, dósentanna og lektora í fullu starfi. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir, til eins árs í senn, af félagssamtökum þeirra úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Ef fjalla þarf sérstaklega um málefni kennslugreinar og enginn deildarráðsmanna er kennari í þeirri grein skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund ráðsins til að ræða það málefni, en atkvæðisrétt á hann ekki. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarforseti boðar til deildarráðsfunda með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef kostur er. Fundarboð skal einnig sent þeim, til kynningar, sem sæti eiga á deildarfundum. Fundur er ályktunarfær ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði deildarforseta, enda hafi atkvæðagreiðslan ekki verið skrifleg. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar og skal lesa fundargerð og staðfesta hana áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina er sæti eiga á deildarfundum.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Þó má skjóta máli til deildarfundar ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Kennslunefnd er skipuð tveimur kennurum, er deildarfundur kýs til tveggja ára í senn, og tveimur tannlæknanemum, tilnefndum af félagi þeirra til sama tíma. Deildarfundur ákveður formann nefndarinnar. Kennslunefnd annast endurskoðun kennsluskrár deildarinnar og kennslutilhögunar, annast samræmingu námsefnis, kennslu og prófa í samráði við kennara og stúdenta deildarinnar og gerir tillögur til deildarráðs um þessi efni.

Deildinni er heimilt að ráða kennslustjóra til eins árs í senn eða skemmri tíma enda sé fjárveiting fyrir hendi. Skal hann vinna að verkefnum á starfssviði kennslunefndar.

Deildarfundum er heimilt að ákveða að dósentar og lektorar í hlutastarfi megi sitja deildarfundum, en án atkvæðisréttar.

Stúdentar, sem sæti eiga á deildarfundum og í deildarráði, hafa ekki atkvæðisrétt, þegar fjallað er um erindi frá heilbrigðisyfirvöldum.

109. gr.

Nú er fjöldi stúdenta sem stenst samkeppnispróf á fyrsta ári meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma og getur háskólaráð þá eftir rökstuddri tillögu tannlæknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem próf eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms er miðaður við árangur prófa í lok fyrsta misseris fyrsta námsárs.

Þegar tveir eða fleiri nemar hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsroðun einkunna eins og tilgreint er í kennsluskrá tannlæknadeildar ár hvert.

110. gr.

Sjúkrapróf í samkeppnisprófgrein skal halda, ef þörf krefur, eigi síðar en að fjórum vikum liðnum frá samkeppnisprófi, en fyrr, ef kostur er.

Trúnaðarlækni er tannlæknadeild heimilt að hafa. Á degi samkeppnisprófs gengur hann, ásamt deildarforseta, úr skugga um lögmati forfalla.

Verklegt nám og æfingar er heimilt að meta sem þátt af prófi, eftir nánari ákvörðun

deildarfundar. Fyrir upphaf kennsluárs skal tilkynna hlut hvers þáttar í heildareinkunn námsgreinar.

Kandídatsprófi skal stúdent ljúka eigi síðar en sex árum frá því hann hefur nám á öðru námsári. Þó getur deildin veitt undanþágu frá þessum tímamörkum ef veikindi eða aðrar gildar ástæður koma til.

Próftítilinn *candidatus odontologiae* (cand. odont.) ber sá, er lokið hefur kandídatsprófi frá tannlæknadeild.

XVI. KAFLI Félagsvísindadeild.

111. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfunda, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um. Deildarfundur skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði. Deildarfundur er heimilt að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til deildarráðs og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í ráðinu.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta varaforseti deildarinnar, fjórir aðrir kennarar deildarinnar og tveir fulltrúar stúdenta. Kennararnir skulu kjörnir á deildarfundum í apríl ár hvert úr hópi prófessora, dósentna og lektora og skal þess þá gætt, að í deildarráði sitji í mesta lagi einn kennari úr hverri kennslugrein, sbr. a)-lið 113. gr. Fulltrúar stúdenta skulu kjörnir til eins árs í senn af félagssamtökum þeirra úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Ef fjalla þarf sérstaklega um málefni kennslugreina og enginn deildarráðsmanna er kennari í þeirri grein, skal deildarforseti leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á fund ráðsins til að ræða það málefni, en atkvæðisrétt á hann ekki. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf kennsluárs.

Deildarráð heldur fundum eftir þörfum. Fundur skal boða bréflaga með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundum og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skyld er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarráðsmanna óska þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra, enda hafi atkvæðagreiðsla ekki verið skrifleg. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundur er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfunda og nýtur til þess aðstoðar skrifstofu deildarinnar. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að fara með mál sem heyrna undir deildarráð og deildarfund.

112. gr.

Kennslugreinar eru þessar:

- Aðalgreinar til B.A.-prófs: Bókasafns- og upplýsingafræði, félagsfræði, mannfræði, sálarfræði, stjórnfræði, uppeldis- og menntunarfræði, félagsráðgjöf, þjóðfræði.
- Aukagreinar til B.A.-prófs: Greinar, sem tilgreindar eru sem aðalgreinar í a-lið auk annarra greina félagsvísinda samkvæmt nánari ákvörðun deildarinnar.
- Kennslufræði.

113. gr.

Nám í félagsvísindadeild er metið í einingum (e). Til B.A.-prófs er krafist minnst 90 e og skal stúdent ljúka 60 e í aðalgrein og 30 e í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Heimilt er deildinni að gefa kost á allt að 45 e viðbótarnámi að loknu fullgildu háskóla-prófi. Einnig er deildinni heimilt að gefa kost á 60 e framhaldsnámi til M.A.-prófs.

Deildin tekur, að fengnum tillögum frá námsnefndum, greinarkennurum og stúdentum, ákvarðanir um kennslu í hverri einstakri aðalgrein og aukagrein, enn fremur um skiptingu greina í námskeið og mat þeirra til eininga svo og hver þeirra séu skyldunámskeið í aðalgrein og aukagrein. Námskeið skal að jafnaði eigi vera minna en 3 e. Heimilt er, að sama námskeið sé hluti af fleiri en einni aðalgrein eða aukagrein, en eigi má reikna það nema einu sinni í samantölum einingafjölda stúdents.

Við gerð námskrár skal stefnt að því, þegar því verður við komið, að stúdent þurfi ekki að velja aðalgrein sína á fyrstu tveimur misserum námsins.

Heimilt er stúdent að sækja nám í aukagrein til annarra deilda eða námsbrauta að fengnu samþykki félagsvísindadeildar og þeirrar deildar eða námsbrautar, sem námið er sótt til.

Deildin setur nánari reglur um samval aðalgreina og aukagreina og um stærð og mat lokaritgerða. Einnig er heimilt að gera kröfur um námsárangur milli námsára. Ef prófþættir í námskeiði eru tveir eða fleiri er deildinni heimilt, að tillögu kennara, að krefjast þess að tilskilinni lágmarkseinkunn verði náð í hvorum eða hverjum prófþætti. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

114. gr.

Kennslu til B.A.-prófs skal haga þannig, að stúdent geti lokið 90 e námi á þremur árum. Hámarksnámstími til þess að ljúka B.A.-prófi er nú kennslumisseri frá því er stúdent var skrásettur í félagsvísindadeild. Deildinni er heimilt að veita undanþágu frá þessum tíma-mörkum, þegar sérstaklega stendur á.

Námsmat felst í skriflegum og/eða munnlegum prófum, æfingum, vinnuverkefnum eða ritgerðum.

115. gr.

Deildarfundur í félagsvísindadeild gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í ákveðnum námskeiðum eða kennslugreinum.

116. gr.

Kennslufræði til kennsluréttinda.

Nám í kennslufræði til kennsluréttinda tekur til námsefnis í uppeldisfræði, uppeldislegrí sálarfræði, kennslufræði og kennslu og skal námsskrá ákveðin með tilliti til sérþarfa kennslu og uppeldisstarfa.

Nám þetta skal alls svara til 30 e. Þó er heimilt að veita stúdentum, sem hafa lokið samsvarandi námskeiðum og/eða aflað sér verulegrar reynslu af kennslustörfum, undanþágu frá tilteknum námskeiðum.

Háskólinn skal láta stúdentum, er ljúka þessu námi, í té sérstakt prófvottorð.

Heimilt er að hafa samvinnu við Kennaraháskóla Íslands um þetta nám og semja um að hann annist tiltekna þætti þess.

XVII. KAFLI

Raunvísindadeild.

117. gr.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfundar, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um,

nema að því leyti sem deildarfundur hefur afsalað sér þessu valdi í hendur deildarráði. Fundi skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, einn fulltrúi aðjúnkta, kjörinn úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert sem deildarforseti gengst fyrir og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarráð tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarráð heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflaga með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skytt er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess, fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en úrslitavald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildarráðs og deildarfundar og nýtur til þess aðstoðar deildarfulltrúa og skrifstofu háskólans. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingaþætur, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyra undir deildarráð og deildarfund.

118. gr.

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldir skorir: Stærðfræðiskor, tölvunarfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, líffræðiskor og jarð- og landfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

Áður en deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósents- eða lektorsstöður, skal leita álits hlutaðeigandi skorar, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundum þá ekki atkvæðisrétt. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar hefur eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ræður stundakennara í samráði við umsjónarkennara.

Á skorarfundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorarfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys eigi síðar en í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósenta og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns skal kveðja til skorarmenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skytt er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðj-

ungur atkvæðisbærra skorarmanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skorarmanna. Gerðir skorarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er skorum að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

Heimilt er deildinni einni eða í samvinnu við aðrar deildir að stofna kennsluskráarnefnd, sem er ráðgefandi fyrir deildarráð um framboð námskeiða og gerð kennsluskrár.

119. gr.

Raunvísindadeild veitir kennslu og þjálfun í raunvísindum sem hér segir:

1. Til B.S.-prófs í raungreinum: Stærðfræði, tölvunarfræði, eðlisfræði, jarðeðlisfræði, efnafræði, lífefnafræði, matvælafræði, líffræði, jarðfræði og landafræði. Enn fremur í öðrum greinum eftir því sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki þrjú ár, og er heildarnámið minnst 90 námseiningar.
2. Til áfangaprófa (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkerfræði. Skipan námsins miðast við, að það taki tvö ár, og er heildarnámið minnst 60 námseiningar. Deildin skal stefna að því, að prófið veiti rétt til framhaldsnáms við tiltekna erlenda tækniháskóla.
3. Til framhaldsnáms fyrir þá sem lokið hafa prófi við deildina eða samsvarandi prófi.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi þeirra og skiptingu þeirra í námsáfang.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgrein- ar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

Framhaldsnám, sem nemur 30 einingum að loknu B.S.-prófi, er viðurkennt með sérstöku prófskírteini. Um það gilda reglur er deildin setur.

Prófgráðan M.S. er veitt fyrir 60 eininga framhaldsnám að loknu B.S.-prófi.

Deildin setur nánari reglur um M.S.-nám eftir því sem þurfa þykir.

120. gr.

Raunvísindadeild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokkum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Deildinni er heimilt að ákveða, að stúdent megi ekki skrá sig í námskeið, nema hann hafi áður öðlast rétt til próftöku eða staðist próf í tilteknum námskeiðum.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

121. gr.

Stúdent skal ljúka prófi í öllum námskeiðum fyrsta kennsluárs fyrir lok annars námsárs síns og í öllum námskeiðum annars kennsluárs fyrir lok þriðja námsárs, ella glatar hann rétti til þess að halda náminu áfram.

Stúdent skal enn fremur ljúka prófi með tilskildum árangri og ávinna sér svo margar námseiningar, er hér segir:

- Þriggja ára nám: Eftir fyrsta ár 20 einingar, eftir annað ár 45 einingar, eftir þriðja ár 70 einingar, eftir fjórða ár 90 einingar.
- Tveggja ára nám: Eftir fyrsta ár 20 einingar, eftir annað ár 40 einingar, eftir þriðja ár 60 einingar.

Heimilt er deildinni að víkja frá ákvæðum 1. og 2. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á, að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í raunvísindadeild.

Til þess að standast B.S.-próf verður stúdent að hafa hlotið:

1. Eigi lægra en 4,0 í hverri prófgrein.
2. Eigi lægri meðaleinkunn en 5,5 í hverjum prófflokki (þ. e. tveimur misserisprófum sama kennsluárs).

122. gr.

Stúdent, sem hlýtur ekki tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á öðru hausti. Hið sama á við um stúdent, sem hefur sagt sig úr prófi, en fullnægir próftökuskilyrðum. Við endurtekningu skal breyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skorir ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdents í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Hver skor ákveður að tillögu kennara vægi hluteinkunnar og skal það tilgreint í kennsluskrá. Við birtingu einkunna skulu prófseinkunn og hluteinkunn einnig sýndar hvor um sig. Í prófgrein, þar sem hluteinkunn er gefin, er skor heimilt að tillögu kennara að áskilja fyrir hvora einkunnina sem er, að stúdent teljist ekki hafa staðist próf, ef hún er lægri en lágmarkseinkunn prófgreinarinnar í heild. Slík ákvörðun skal tilgreind í kennsluskrá.

123. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 78/1979, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 10. ágúst 1993.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.

LÖG

um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: að ég skv. 22. gr. laga nr. 112 29. desember 1992, um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, sbr. lög nr. 25/1986, 29/1987, 6/1988, 5/1992, 112/1992, 5/1993, og 16. gr. laga nr. 9/1989 hefi látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga, ásamt áorðnum breytingum, inn í lög nr. 46/1985 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Tilgangur laganna og orðaskýringar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er:

- a. að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,
- b. að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,
- c. að nýttir verði sölumöguleikar fyrir búvörur erlendis eftir því sem hagkvæmt er talið,
- d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,
- e. að innlend aðföng nýtist sem mest við framleiðslu búvara, bæði með hliðsjón af framleiðsluöryggi og atvinnu,
- f. að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Afurðastöð er hver sú atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklings sem tekur við búvörum úr höndum framleiðenda til vinnslu, flokkunar, þökkunar, geymslu, heildsölu og/eða dreifingar.

Búvörur teljast í lögum þessum afurðir búfjár, þar með taldar afurðir nautgripa, sauðfjár, hrossa, svína, alifugla og loðdýra, afurðir nytjajurta og afurðir hlunninda. Lög þessi taka ekki til afurða alifiska.

Efri og neðri mörk greiðslumarks eru leyfileg fráviksmörk framleiðslu á lögbýli frá greiðslumarki býlisins án þess að frávikid valdi breytingu á beinum greiðslum úr ríkissjóði nema kveðið sé á um aðrar viðmiðanir í samningum Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra skv. a-lið 1. mgr. 30. gr. eða í reglugerðum við lög þessi.

Fóður merkir í lögum þessum vöru sem notuð er til fóðrunar búfjár við búvöruframleiðslu.

Framleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með búvöruframleiðslu að gera, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Greiðslumark lögbýlis er tiltekið magn kindakjöts, mælt í kílógrömmum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli samkvæmt búvörusamningi og veitir rétt til beinnar greiðslu úr ríkissjóði.

Heildargreiðslumark er tiltekið magn kindakjöts mælt í tonnum, eða mjólkur, mælt í lítrum, sem ákveðið er samkvæmt búvörusamningi með tilliti til heildarneyslu innan lands og skiptist milli lögbýla eftir greiðslumarki þeirra.

Lögbýli eða jörð er í lögum þessum skilgreint skv. 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Sláturleyfishafi er hver sá aðili sem hefur löggildingu eða undanþáguleyfi til slátrunar búfjár samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

Verðlagsár er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir. Þó getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að verðlagsár fylgi almanaksári.

Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

II. KAFLI

Yfirstjórn og samtök framleiðenda.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

4. gr.

Stéttarsamband bænda fer með fyrirsvar framleiðenda búvara við framkvæmd laga þessara nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum þessum.

Ráðherra getur, að fengnu samþykki Stéttarsambands bænda, viðurkennt einstök landsamtök framleiðenda búvara til að fara með fyrirsvar vegna framleiðenda í viðkomandi grein við gerð samninga skv. a-lið 1. mgr. 30. gr. og aðrar ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.

Stéttarsamband bænda eða landssamtök skv. 2. mgr. skulu velja sér samninganefnd sem fer með umboð þeirra til samningsgerðar. Samtökin skulu tilkynna landbúnaðarráðherra um nöfn formanns og varaformanns samninganefndar eigi síðar en 1. júní vegna samninga fyrir næstkomandi verðlagsár.

Framleiðandi búvöru, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagsmaður í Stéttarsambandi bænda eða viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda skv. 2. mgr. þessarar greinar eftir nánari reglum í samþykktum Stéttarsambands bænda.

Samningar, sem Stéttarsamband bænda eða viðurkennd samtök skv. 2. mgr. gera skv. a-lið 1. mgr. 30. gr., skulu vera bindandi fyrir framleiðendur viðkomandi búvara hvort sem þeir eru félagar í Stéttarsambandi bænda, samtökum skv. 2. mgr. eða standa utan þessara félagssamtaka.

III. KAFLI

Um skipan og verkefni Framleiðsluráðs.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins er samstarfsvettvangur allra búvöruframleiðenda í landinu og samtaka þeirra.

Framleiðsluráð skal skipað fimmtán mönnum. Skulu tólf menn kjörnir af Stéttarsambandi bænda á fulltrúafundi þess. Af þeim skulu fimm vera fulltrúar búgreinasambanda. Þá skipar stjórn Stéttarsambands bænda tvo menn í Framleiðsluráð, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og einn samkvæmt tilnefningu Landsamtaka sláturleyfishafa í landinu. Skulu þessir tveir fulltrúar tilnefndir úr hópi starfandi búvöruframleiðenda. Þá tilnefnir landbúnaðarráðherra einn mann í Framleiðsluráð. Velja skal jafnmarga varamenn í Framleiðsluráð með sama hætti.

Framleiðsluráð skal skipað til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann og varaformann til sama tíma.

Þegar rætt er um málefni er varða aðrar búgreinar en fulltrúa eiga í Framleiðsluráði ber að gefa fulltrúum félaga þeirra, einum frá hverju, kost á að sitja fund Framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Framleiðsluráð kýs úr sínum hópi aðal- og varamenn í framkvæmdanefnd. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál sem ekki þykir fært að fresta til fundar Framleiðsluráðs. Jafnframt getur Framleiðsluráð falið framkvæmdanefnd framkvæmd einstakra mála.

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslíð eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru, auk þess sem mælt er fyrir í lögum þessum, eftirfarandi:

1. Að stuðla að því að framleiðsla og vinnsla búvara verði í samræmi við ákvæði 1. gr.
2. Að annast stjórn búvöruframleiðslunnar eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum þessum og fyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra.
3. Að annast verðskráningu búvara og auglýsa verð á þeim.
4. Að gera áætlanir um framleiðslu og sölu búvara.
5. Að vera umsagnaraðili um skipulag vinnslu búvara og hafa eftirlit með því að starfsemi afurðastöðva sé sem hagkvæmust.
6. Að halda skýrslur um framleiðslu og sölu búvara og að gefa út ársrit um þróun og hag landbúnaðarins.
7. Að annast kynningar- og fræðslustarf um landbúnaðinn og framleiðsluvörur hans.
8. Að rækja önnur verkefni sem landbúnaðarráðherra kann að fela því.

IV. KAFLI

Um verðskráningu á búvörum.

7. gr.

Verðlagsnefnd búvara, skipuð sex mönnum tilnefndum af samtökum framleiðenda og neytenda, skal ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna þrjá fulltrúa í nefndina en af hálfu neytenda hefur stjórn Alþýðusambands Íslands rétt til að tilnefna tvo fulltrúa og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja einn fulltrúa í nefndina. Tilnefningu fulltrúa í verðlagsnefnd skal lokið 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningu

ar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður Hagþjónustu landbúnaðarins skulu vera verðlagsnefnd til aðstoðar.

8. gr.

Til ákvörðunar á verði búvöru til framleiðenda skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll er sýni áætlaða vinnuþörf, fjármagnskostnað, rekstrargjöld, launakostnað og afurðir bús sem næst meðalbúi að stærð í nautgripa- og sauðfjárrækt og er rekið við eðlilegar framleiðsluáðstæður. Verðlagsnefnd skal semja um sérstakan verðlagsgrundvöll fyrir hvora þessara búgreina verði hún sammála um það eða komi ósk þess efnis frá Stéttarsambandi bænda. Á sama hátt skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll og ákveða verð á afurðum annarra búgreina enda komi fram um það óskir frá Stéttarsambandi bænda og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í viðkomandi grein skv. 2. mgr. 4. gr. Við gerð verðlagsgrundvallar skulu beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda teljast til tekna og koma til lækkunar á afurðaverði þeirra afurða sem beinar greiðslur taka til.

Nú er sauðfé slátrað utan tímabilsins 1. september til 30. nóvember og geta Stéttarsamband bænda eða samtök framleiðenda þá óskað eftir því að verðlagsnefnd ákveði sérstakt verð til framleiðenda sauðfjárafurða. Skal nefndin þá ákveða slíkt verð er gildi fram til næstu reglulegrar verðlagningar.

Nú næst ekki meiri hluti í verðlagsnefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Heimilt er þó að vísa ágreiningnum beint til yfirnefndar enda séu allir nefndarmenn sammála um þá málsmeðferð. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar er meiri hluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í verðlagsnefnd, um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu búvara. Beri sáttasemjari ekki árangur innan tíu daga skal skipa þriggja manna nefnd er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti verðlagsnefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda ef þeir nota ekki rétt sinn en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn sem eiga sæti í verðlagsnefnd.

Nú dregst verðlagning vegna starfa sáttasemjara og yfirnefndar svo að hún getur eigi tekið gildi á réttum degi og gildir þá framreikningur Hagstofunnar skv. 10. gr. þar til samkomulag næst eða úrskurður fellur.

9. gr.

Verð búvöru til framleiðenda skal miðast við það að tekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 8. gr., tilfæra ársvinnu á búi af stærð sem miðað er við hverju sinni og virða vinnutíma til samræmis við kjör þeirra sem vinna sambærileg störf og hafa svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð í starfi á almennum vinnumarkaði. Samhliða skulu ákveðnar reglur um hvernig haga skuli breytingum á launum við búvöruframleiðslu skv. 12. gr.

10. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar búvöruverðs til framleiðenda skv. 8. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert nema annað sé ákveðið með samkomulagi í verðlagsnefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar vegna fjármagns- og reksturskostnaðar svo og launabreytingar skv. ákvæðum 12. gr. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum sammingsaðila fyrir 1. júní á því ári sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir reglum sem ákveðnar hafa verið af verðlagsnefnd.

11. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. júlí ár hvert afla fullnægjandi gagna handa verðlagsnefnd um framleiðslukostnað búvara og afurðamagn, svo og tekjur annarra stétta á undan-gengnu ári, sbr. ákvæði 9. gr.

Hagþjónusta landbúnaðarins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægilega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað hinna ýmsu búvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og verðlagsnefnd. Stjórn Hagþjónustu landbúnaðarins, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar í samráði við verðlagsnefnd.

Verðlagsnefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir verðlagningu búvara. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins og aðrar opinberar stofnanir, svo og Framleiðsluráð landbúnaðarins að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfs-svið viðkomandi stofnana. Telji umræddar stofnanir sig ekki geta látið í té starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir er verðlagsnefnd hefur ákveðið að fram skuli fara er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið enda komi samþykki landbúnaðar-ráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknir framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

12. gr.

Verðlagsnefnd gerir ársfjórðungslega, 1. desember, 1. mars og 1. júní, breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda þegar breytingar verða á fjármagns- og rekstrarkostnaði við búvöruframleiðslu samkvæmt upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar og launum í samræmi við reglur lokaákvæðis 9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er verðlagsnefnd heimilt að víkja frá því að gera ársfjórðungslega breytingu á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda, að hluta eða öllu leyti. Þrátt fyrir ákvæði 8.–10. gr. er verðlagsnefnd heimilt við ákvörðun á nýjum verðlagsgrundvelli að semja um tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur á gildistíma grundvallarins. Verðlagsnefnd er heimilt við ákvörðun og breytingar á verðlagsgrundvelli og afurðaverði til framleiðenda að víkja frá ákvæðum 8.–10. gr. og 1. mgr. 12. gr. og breyta einstökum liðum og verði einstakra afurða, enda sé um það fullt samkomulag innan nefndarinnar.

13. gr.

Heildsöluverð búvara skal ákveðið af nefnd fimm manna er í eiga sæti, undir forsæti verðlagsstjóra eða fulltrúa hans, tveir fulltrúar neytenda og tveir fulltrúar afurðastöðva fyrir búvörur. Fulltrúar neytenda skulu tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna fulltrúa neytenda í Verðlagsráð. Samtök afurðastöðva skulu tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Fulltrúar afurðastöðva skulu tilnefndir af samtökum þeirra þannig að þegar fjallað er um heildsöluverð og verðmiðlunargjöld taki sæti í nefndinni fulltrúar frá þeirri vinnslugrein sem um er rætt hverju sinni.

Tilnefningu fulltrúa í fimmmannanefnd skal vera lokið fyrir 15. júní ár hvert. Nú notar einhver aðili neytenda eða afurðastöðva ekki rétt sinn til tilnefningar og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka afurðastöðva er ekki nota rétt sinn en viðskiptaráðherra á sama hátt í stað neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. júlí ár hvert.

14. gr.

Fimmmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um heildsöluverð búvara þar sem gengið er út frá því afurðaverði til framleiðenda sem ákveðið hefur verið skv. 7.–12. gr. og rökstuddum upplýsingum um kostnað við vinnslu og dreifingu búvara. Nefndin gerir jafnframt tillögu til ráðherra um verðmiðlunargjöld í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins. Nefndin getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði er máli skipta fyrir ákvörðun heildsöluverðs á búvörum með hlíðstæðum hætti og til er tekinn í 11. gr.

Skal það samkomulag um heildsöluverð, sem stutt er meiri hluta fimmmannanefndar, gilda sem heildsöluverð á viðkomandi búvöru frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

Fimmmannanefnd er, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilt í samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrir fram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva, enda sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.

15. gr.

Heimilt er fimmmannanefnd að breyta heildsöluverði á búvörum þegar breytingar verða á afurðaverði til búvöruframleiðenda, sbr. 12. gr., svo og rekstrarkostnaði og vinnulaunum við vinnslu búvara samkvæmt upplýsingum sem Hagstofa Íslands aflar.

16. gr.

Fimmmannanefnd getur að fenginni umsögn Framleiðsluráðs ákveðið að undanskilja einstakar vörutegundir verðlagningarákvæðum skv. 13.–15. gr. þegar samkeppni er að mati nefndarinnar næg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Fimmmannanefnd skal tilkynna verðlagsráði um ákvarðanir samkvæmt þessari grein og geta fimmmannanefnd og Verðlagsstofnun skyldað hlutadeigandi aðila til að tilkynna um verðhækkanir viðkomandi búvara.

Sé verð búvara til framleiðenda ekki ákveðið skv. 8. gr. skal fara um verðlagningu þeirra, þar með talið í heildsölu, samkvæmt lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

17. gr.

Um ákvörðun smásöluverðs þeirra búvara, sem verðlagðar eru í heildsölu samkvæmt lögum þessum, skal fara eftir lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum.

Ákvæði IV. til og með IX. kafla laga nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með síðari breytingum, skulu gilda um viðskipti með búvörur, að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrir-mælum settum samkvæmt þeim. Áður en verðlagsráð og Verðlagsstofnun taka ákvarðan-ir samkvæmt ákvæðum nefndra kafla laganna skal leitað umsagnar Framleiðsluráðs land-búnaðarins og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein skv. 47. gr. þeirra laga.

18. gr.

Enginn má kaupa eða selja búvöru innan lands á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Óheimilt er að bæta upp söluverð búvara á erlendum mörkuðum með því að hækka söluverð þeirra innan lands.

V. KAFLI

Um verðmiðlun.

19. gr.

Verðmiðlun á búvörum skal haga þannig að afurðastöðvum sé gert kleift að greiða framleiðendum sama verð fyrir sams konar búvörur. Í því skyni skal innheimt verðmiðl-unargjald af þeim búvörum sem fimmannanefnd ákveður heildsöluverð á og skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni en gjaldið má þó aldrei vera hærra en 5¹/₂% af heildsöluverði við-komandi búvöru. Fimmannanefnd skal um leið og heildsöluverð er ákveðið, að höfðu samráði við Framleiðsluráð, gera tillögu til ráðherra um innheimtu verðmiðlunargjalda, sbr. 14. gr., og skiptingu tekna af þeim milli framleiðsluvara og afurðastöðva. Skylt er að leggja samkomulag eða ákvörðun skv. 59. og 62. gr. til grundvallar ákvörðun verðmiðl-unargjalda samkvæmt þessari grein.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

- a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleið-endum að afurðastöð í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna,
- b. til þess að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
- c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað,
- d. til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu verðskerðingargjalds af þeim afurðum sem lög þessi ná til. Það dregst af verði til framleiðenda. Gjald þetta má að hámarki nema 5% af afurðaverði til framleiðenda og skal tekjum af því varið til markaðsaðgerða innan lands eða utan. Innheimta gjaldsins er háð því að fulltrúafundur Stéttarsambands bænda hafi óskað eftir töku þess og að tillaga um það hafi verið kynnt í fundarboði nema um sé að ræða gjaldtöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 41. eða 48. gr. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um innheimtu og ráðstöfun verðskerðingargjalds.

21. gr.

Landbúnaðarráðherra getur heimilað innheimtu allt að 5% verðskerðingargjalds af úrvinnslu- og heilðslukostnaði afurðastöðva í sama skyni og 20. gr. kveður á um, enda liggja fyrir ósk um gjalddöku frá landssamtökum viðkomandi afurðastöðva nema um sé að ræða gjalddöku til að leiðrétta birgðastöðu skv. 41. eða 48. gr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að útborgunarverð til framleiðenda skuli vera mismunandi hátt eftir árstímum. Sé útborgunarverðið ákveðið lægra en grundvallarverð skv. 8. gr. skal mismunurinn innheimtur sem verðmiðlunargjald. Skal tekjum af gjaldinu varið til að greiða framleiðendum álag á grundvallarverð á öðrum árstíma. Gjald þetta skal ekki hafa áhrif á útsöluverð mjólkurvara til neytenda. Gjald-ið má vera allt að 15% af grundvallarverði viðkomandi búvöru á hverjum tíma.

23. gr.

Verðmiðlunargjöld og framleiðslugjöld samkvæmt kafla þessum mega annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu viðkomandi búvöru eða tiltekið hlutfall af því verði vörunnar sem viðkomandi gjald er reiknað af. Þó mega gjöld aldrei vera hærri en ákveðið er skv. 19.–22. og 25. gr.

24. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast framkvæmd verðmiðlunar, þar með talið innheimtu, vörslu og reikningshald vegna verðmiðlunar og framleiðslugjalda samkvæmt kafla þessum. Reikningum hvers verðmiðlunargjalds skal haldið sérgreindum. Kostnaður af starfi Framleiðsluráðs landbúnaðarins að þessum verkefnum skal greiddur af innheimtum verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum samkvæmt kafla þessum eftir reikningi sem ráðherra staðfestir.

Gögn um innheimtu og álagningu, svo og reikningar þeirra gjalda sem innheimt eru samkvæmt kafla þessum, skulu endurskoðuð af tveim löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur af landbúnaðarráðherra en hinn af Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ársreikningar vegna þessara gjalda skulu birtir í Stjórnartíðindum.

Afurðastöðvar og heilðsluaðilar, sem versla með gjaldskyldar búvörur, skulu standa Framleiðsluráði skil á verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum svo og þeim gjöldum sem á eru lögð skv. 25. gr. Selji framleiðandi búvörur sínar beint til neytanda ber honum að standa skil á gjöldum þessum til Framleiðsluráðs.

25. gr.

Til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laga þessara, umfram þann kostnað sem það fær greiddan samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga, er landbúnaðarráðherra heimilt að fenginni tillögu Framleiðsluráðs að ákveða að innheimt skuli gjald af heilðsluverði þeirra búvara sem lög þessi taka til.

Gjald þetta má vera mishátt eftir einstökum tegundum búvara en þó aldrei herra en 0,25% af heilðsluverði þeirra.

Framleiðsluráði er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að láta hluta af gjaldi, sem innheimt er samkvæmt þessari grein, renna til samtaka framleiðenda eða afurðastöðva í viðkomandi búgrein enda annist þau samtök sambærileg verkefni og Framleiðsluráði eru ætluð í lögum þessum vegna búgreinarinnar.

26. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast öflun þeirra gagna sem þörf er á til framkvæmdar verðmiðlunar samkvæmt kafla þessum og lætur fimmmannanefnd í té slíkar upplýsingar. Fimmmannanefnd getur óskað eftir því að Framleiðsluráð afli tiltekinna gagna vegna þessa og leggi þau fyrir nefndina.

Aðilum, er annast vinnslu og sölu búvara, er skylt að veita Framleiðsluráði upplýsingar er að þessu líta og þeir geta látið í té. Neiti aðili eða sinni því ekki að láta í té umbeðin gögn er heimilt að fresta greiðslu verðmiðlunargjalda eða framleiðslugjalda samkvæmt kafla þessum til viðkomandi þar til fullnægjandi skil hafa verið gerð auk þess sem heimilt er að beita dagsektum, sbr. 70. gr.

27. gr.

Verðmiðlunargjöld, framleiðslugjöld og gjald til Framleiðsluráðs samkvæmt kafla þessum má taka lögtaki.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.

Þá setur ráðherra í reglugerð ákvæði um framkvæmd uppgjör og greiðslu tekna af verðmiðlunar- og framleiðslugjöldum samkvæmt kafla þessum til afurðastöðva og framleiðenda og um uppgjörstímabil.

VI. KAFLI

Um greiðslu afurðaverðs.

28. gr.

Afurðastöð er skylt að haga greiðslum til framleiðanda fyrir innlagðar búvörur í samræmi við ákvæði þessara laga og þeirra samninga og ákvarðana sem teknar eru með heimild í þeim.

29. gr.

Nú er ákveðið það magn búvöru sem hverjum framleiðanda eru tryggðar beinar greiðslur fyrir samkvæmt heimild í 30. gr. og verð hennar til framleiðanda er ákveðið skv. 8. gr. og er þá afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi, sbr. þó 22. gr., fyrir búvörur, aðrar en þær sauðfjárafurðir sem lagðar eru inn í haustsláturtíð, 1. september til 30. nóvember. Ber að inna greiðslu af hendi eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Fyrir sauðfjárafurðir lagðar inn í haustsláturtíð ber að greiða með eftirgreindum hætti:

1. Frumgreiðsla í síðasta lagi 25. október til þeirra sem slátra fyrir þann dag. Þeir, sem slátra síðar, hljóti greiðsluna í síðasta lagi tíu dögum eftir innleggsdag. Framleiðsluráð setur nánari reglur um greiðslurnar.
2. Fullnaðargreiðsla haustgrundvallarverðs (verð ákveðið 1. september) eigi síðar en 15. desember.

Heimilt er einstökum framleiðendum að semja um annan hátt á greiðslum en að ofan greinir.

Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu miðaðar við framleiðsluheimild hvers framleiðanda skv. 30. gr.

Um greiðsluskyldu afurðastöðva fyrir innlegg umfram greiðslumark, en innan efri marka þess, fer eftir gildandi samningum landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda skv. a-lið 1. mgr. 30. gr.

Áður en afurðastöð kaupir eða tekur til sölu meðferðar sauðfjárafurðir umfram efri mörk greiðslumarks framleiðanda skal gert sérstakt samkomulag milli afurðastöðvar og framleiðanda um slátrun, afurðaverð og greiðslu þess, eftir því sem við á. Samsvarandi magn afurða skal markaðsfært erlendis á ábyrgð viðkomandi aðila. Þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu þeirra innan lands ef framleiðsla verður minni en sala.

Taki mjólkursamlag við mjólk umfram greiðslumark framleiðanda sem verður utan heildargreiðslumarks við lokauppgjör skal samsvarandi magn mjólkurafurða markaðsfært erlendis á ábyrgð mjólkursamlags og framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins getur þó heimilað sölu þeirra innan lands ef gengið hefur á birgðir og skortur á mjólkurvörum er því fyrirsjáanlegur.

Hafi verið tekin ákvörðun um verðskerðingu skv. 20.–21. gr. er afurðastöð skylt að halda henni eftir við uppgjör og standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á hinu innheimta verðskerðingarfé.

VII. KAFLI

Um stjórn búvöruframleiðslunnar.

30. gr.

Til þess að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laga þessara er landbúnaðarráðherra:

a. rétt að leita eftir samningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða sem framleiðendum verður ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum skv. 8. gr. Samningarnir skulu gerðir fyrir 1. ágúst ár hvert og gilda næsta verðlagsár. Heimilt er að semja til lengri tíma í einu og að binda samninga við einstakar búvörur. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt í stað ofanefndra samninga að semja um beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda mjólkur- og sauðfjárafurða á lögbýlum.

b. heimilt að ákveða skiptingu framleiðslu einstakra búvara, þar með taldra þeirra sem um er samið skv. a-lið, eftir héruðum. Skal sú skipting miðuð við félagssvæði búnaðarsambandanna en ráðherra er þó heimilt að ákveða aðra svæðaskiptingu að fengnu samþykki Framleiðsluráðs landbúnaðarins og viðkomandi búnaðarsambanda.

Heimilt er að skipta framleiðslu innan hvers svæðis eða fela stjórn viðkomandi búnaðarsambands eða samtaka framleiðenda, sem viðurkennd eru skv. 2. mgr. 4. gr., að skipta framleiðslunni milli einstakra framleiðenda samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

c. heimilt að innheimta eftirtalin fóðurgjöld af innfluttu fóðri og hráefnum í það:

1. Grunnjald sem má nema allt að 50% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

2. Sérstakt fóðurgjald sem má nema allt að 150% af tollverði hinnar innfluttu vöru.

3. Sérstakt grunngjald sem má nema allt að fjórum krónum af hverju kg hinnar innfluttu vöru.

Fóðurgjöld samkvæmt þessari grein mega vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdar- einingu fóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði þess. Heimilt er að ákveða fóðurgjöld- in mishá eftir fóðurtegundum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu og er þar heimilt að undanskilja einstakar tegundir fóðurs gjaldskyldu, þar með talið fóður sem nýtt er til fóðrunar gæludýra og loðdýra. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum búvara hið sérstaka fóðurgjald eða hluta þess og skal miða endurgreiðslur við framleiðslumagn sem ákveðið er eftir þörf markaðarins fyrir viðkomandi búvöru eða ákveðið skv. b-lið þessarar greinar. Heimilt er að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast endur- greiðslur samkvæmt þessari grein í samræmi við ákvæði reglugerðar þar um og skal Ríkisendurskoðun þá endurskoða reikninga yfir endurgreiðsluféð. Kostnaður við fram- kvæmd endurgreiðslna skal greiddur af tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi.

Hið sérstaka fóðurgjald, sem kemur til endurgreiðslu samkvæmt þessari grein, skal ekki leiða til hækkunar á búvöruverði.

Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að innflytjendur fóðurs skuli fá tiltekinn gjald- frest á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds sem kann að koma til endurgreiðslu enda sé sett fullnægjandi trygging fyrir gjaldinu.

d. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unn- um úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að há- marki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:

1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal inn- flutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendra framleiðslu,
2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 32. gr. um innheimtu á jöfn- unargjaldi samkvæmt þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 34. gr. gilda ekki um ákvarðanir samkvæmt þessum staflið.

Heimilt er að beita ofangreindum heimildum samtímis.

Sérstakt grunngjald skv. 3. tölul. c-liðar 1. mgr. er grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka hið sérstaka grunngjald allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 42/1987. Grunntaxtinn er mið- aður við vísitölu 1. júlí 1987, þ.e. 100 stig.

31. gr.

Sé ákveðið að lækka fóðurgjöld sem lögð hafa verið á samkvæmt heimild í c-lið 1. mgr. 30. gr. eða fella þau niður skal endurgreiða hlutfallslega það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar lækkun eða niðurfelling er ákveðin.

Séu heimildir til álagningar fóðurgjalda samkvæmt c-lið 1. mgr. 30. gr. nýttar skal á sama hátt heimilt að láta hækkun ná til fóðurbirgða sem eru í vörslu innflutnings- og dreifingaraðila er hækkun tekur gildi. Þessir aðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu og skil gjaldanna, sbr. 32. gr.

32. gr.

Tollstjórar annast innheimtu fóðurgjalda við innflutning og skulu gera reikningsskil fyrir gjöldunum til ríkissjóðs eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum um ákvörðun tollverðs, vöruflökkun, gjalddaga, innheimtu, lögvernd gjaldsins, refsingar og aðra framkvæmd varðandi fóðurgjöld skulu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði tollalaga nr. 55 30. mars 1987.

33. gr.

Tekjur af grunngjaldi og sérstöku grunngjaldi skv. 1. og 3. tölul. c-liðar 1. mgr. 30. gr. renna í ríkissjóð.

Tekjur af hinu sérstaka fóðurgjaldi, að frádragnum þeim hluta sem varið er til endurgreiðslna skv. c-lið 1. mgr. 30. gr., skulu renna til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal ráðstafa tekjum af gjaldinu, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, sem lánnum eða framlögum til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparháttá á lögbýlum. Tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi skal haldið sérgreindum í reikningum Framleiðnisjóðs og skal Ríkisendurskoðun endurskoða þann hluta reikninga sjóðsins, auk lögboðinna endurskoðenda hans.

34. gr.

Ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skulu teknar með reglugerð. Skal réttur framleiðenda þar ákveðinn með tilliti til framleiðslu þeirra á búvöru á tilteknu tímabili. Þá er heimilt í reglugerð að ákveða að réttur framleiðenda skuli vera mismunandi eftir bústærðum, búrekstraraðstöðu, fjármagnskostnaði vegna framkvæmda á ábýlisjörð, búskapartíma vegna frumbýlinga og ættliðaskipta á jörðum og þegar framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt. Enn fremur má þar ákveða að réttur framleiðenda skuli skerðast vegna aðstoðar sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir til nýrra búgreina eða búháttabreytinga.

Áður en reglugerðir um beitingu ákvæða þessa kafla eru gefnar út skal leitað tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stéttarsambands bænda og samtaka framleiðenda í viðkomandi búgrein.

VIII. KAFLI

Um aðlögun búvöruframleiðslunnar.

35. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram fjármagn til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Fjármagni þessu skal varið til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Fjármagnið skal renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem úthlutar því samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

IX. KAFLI

Um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða 1991–1998.

36. gr.

Frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal laga fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði með því að ríkissjóði er heimilt að greiða fyrir fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða allt að 3.700 tonnum og greiða förgunarbætur vegna fækkunar áa eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Framleiðendur sauðfjárafurða á lögbýlum geta fram til 31. ágúst 1992 haft aðilaskipti að fullvirðisrétti, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Ríkissjóði er við slík aðilaskipti heimilt samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra að fella niður allt að 20% fullvirðisréttarins gegn greiðslu eftir nánari ákvörðun í reglugerð.

Eigendum lögbýla er heimilt að leggja fullvirðisrétt/greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 án þess að það veiti hlutdeild í heildargreiðslumarki á tímabilinu og greiðir ríkissjóður þá förgunarbætur vegna fækkunar áa.

Fullvirðisréttur utan lögbýla, sem ekki hefur verið boðinn ríkissjóði skv. 1. mgr. fyrir 1. september 1992, skal falla niður.

Takist ekki eftir ofangreindum leiðum að laga fullvirðisréttinn að innanlandsmarkaði skal færa fullvirðisrétt miðað við 31. ágúst 1992 niður um það sem á vantar og komi greiðsla fyrir eftir nánari ákvörðun í reglugerð. Við lok aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði skal miða við að hann verði í samræmi við heildargreiðslumark verðlagsársins 1993–1994, sbr. þó 1. mgr. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að höfðu samráði við Stéttarsamband bænda, að niðurfærsla skuli vera mismunandi eftir landsvæðum. Jafnframt er heimilt að undanþiggja einstaka framleiðendur niðurfærslu að því marki sem þegar gerðir samningar við ríkissjóð kveða á um.

Áður en greiðslur ríkissjóðs fyrir fullvirðisrétt og förgun bústofns verða inntar af hendi skal liggja fyrir staðfesting þess að ám hafi verið fargað og að ásetningur haustin 1991 og 1992 verði í samræmi við umsamda fækkun og niðurfærslu.

Greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða skulu greiddar handhafa réttar til beinna greiðslna á lögbýlinu vegna framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1993–1994 samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. janúar 1993. Þetta gildir þó ekki ef gert er samkomulag á milli ábúanda og eiganda lögbýlis, þegar ekki er um sömu aðila að ræða, um annan hátt á greiðslum, enda berist tilkynning þess efnis til landbúnaðarráðuneytisins fyrir 31. janúar 1993.

Taki leiguliði við greiðslunum getur eigandi lögbýlis óskað eftir því við ábúðarlok að tekið verði tillit til þeirra við mat skv. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, að því marki sem þær teljast bætur fyrir skerðingu á búrekstraraðstöðu eftir lok ábúðartímans.

37. gr.

Heildargreiðslumark sauðfjárafurða er tiltekið magn kindakjöts, reiknað í tonnum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið fyrir 15. september ár hvert vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 8.600 tonn verðlagsárið 1992–1993.

Við ákvörðun heildargreiðslumarks skal byggt á neyslu síðasta almanaksárs og söluþróun fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Heimilt er einnig að taka tillit til líklegrar neysluþróunar á komandi ári. Þá skal tekið tillit til birgða 1. september þannig að þær samsvari þriggja vikna sölu innan lands. Til neyslu telst öll sala kindakjöts frá afurðastöð á innlendum markaði, svo og það kindakjöt sem framleiðendur taka úr sláturhúsi.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

38. gr.

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera í hlutfalli við fullvirðisrétt þess eins og hann er að loknum 1. hluta aðlögunar fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti fram til 31. ágúst 1992. Heimilt er að binda greiðslumark verðlagsársins 1992–1993 við tiltekinn ásetning sauðfjár á hverju lögbýli.

Greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1993–1994 skal vera í hlutfalli við fullvirðisrétt þess að lokinni aðlögun að innanlandsmarkaði 31. ágúst 1992 að teknu tilliti til aðilaskipta að fullvirðisrétti.

Við ákvörðun greiðslumarks ofanefndra verðlagsára er heimilt að taka tillit til fullvirðisréttar sem bundinn er í samningum og heimtekens kjöts haustin 1990 og 1991.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki.

Fari framleiðsla á lögbýlinu umfram efri mörk greiðslumarks þess, án sérstaks samkomulags við afurðastöð, skal það sem umfram er og ekki rúmast innan heildargreiðslumarks koma til lækkunar á greiðslumarki þess á næsta verðlagsári. Þá er heimilt að skerða greiðslumarkið um allt að 0,5 kg fyrir hvert framleitt kílógramm umfram efri mörk.

Nýti réttthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda hafi viðkomandi réttthafa verið tilkynnt um það og honum gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu.

39. gr.

Frá 1. september 1992 eru heimil aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir aðilaskiptum að greiðslumarki frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið og skal það skráð sérstaklega á nafn hans. Nú vill leiguliði selja slíkt greiðslumark og skal jarðareigandi eiga forkaupsrétt að greiðslumarkinu. Tilkynna skal jarðareiganda um fyrirhugaða sölu, verð og greiðsluskilmála og hann skal hafa sagt til um það innan 30 daga frá því tilkynning barst honum hvort hann ætlar að neyta forkaupsréttar.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess. Ef hætta skapast á að tilfærsla á greiðslumarki gangi gegn æskilegum landnýtingarsjónarmiðum er landbúnaðarráðherra heimilt að takmarka eða stöðva slík aðilaskipti að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið. Sama gildir ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins um að hin fyrirhuguðu aðilaskipti fari í bága við gróðurverndarsjónarmið.

40. gr.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda sauðfjárafurða og skal svara til 50% af framleiðslukostnaði kindakjöts. Það greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Beinar greiðslur skulu greiðast mánaðarlega á tímabilinu frá mars til desember fyrir það verðlagsár sem hefst 1. september það ár, í fyrsta sinn í mars 1992. Fullnaðargreiðsla skal innt af hendi eigi síðar en 15. desember. Heimilt er að binda beinar greiðslur við tiltekinn ásetning sauðfjár á lögbýlinu.

Beinar greiðslur breytast ekki þegar framleiðsla á lögbýlinu er 80–105% af greiðslumarki þess verðlagsárið 1992–1993. Þó er heimilt að greiða beinar greiðslur út á framleiðslu allt að efri mörkum greiðslumarks við lokauppgjör enda rúmist þær greiðslur innan heildargreiðslumarks ársins. Fráviksmörk þessi, þ.e. efri og neðri mörk greiðslumarks, skulu endurskoðuð árlega með hliðsjón af markaðsaðstæðum. Nái framleiðsla ekki tilskildu hlutfalli greiðslumarks skerðast beinar greiðslur ársins hlutfallslega frá því marki sem sett er hverju sinni. Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði vegna fjárskiptasamninga á vegum sauðfjárveikivarna. Heimilt er að telja sölu líffjár til framleiðslu. Heimilt er að skerða eða fella niður beinar greiðslur ef framleiðandi hefur gerst sekur um ólöglega sölu eða dreifingu á kjöti af heimaslátruðu sauðfé.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum Framleiðsluráðs setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, viðmiðun við framleiðslukostnað og gæðaflokkun, hlutfall nýtingar til að fá fulla beina greiðslu og greiðslutilhögun.

41. gr.

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir kindakjöts í lok verðlagsárs umfram þriggja vikna sölu skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingargjalds, sbr. 20. og 21. gr., hjá framleiðendum kindakjöts og afurðastöðvum við slátrun og innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök sauðfjárframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum sem kunna að eiga umrætt kjöt skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingar.

Þá er heimilt með samkomulagi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda að ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Fjármunum, sem sparast vegna þessa, skal varið til söluátaks á birgðunum innan lands.

Ríkissjóður ábyrgist að birgðir 1. september 1992 verði ekki umfram áætlaða þriggja vikna neyslu, þ.e. 500 tonn, og mun bera kostnað af markaðsfærslu á birgðum umfram þau mörk.

42. gr.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki, rétt til beinna greiðslna og framkvæmd verðskerðingar samkvæmt þessum kafla og reglugerðum þar um er heimilt að skjóta til þriggja manna úrskurðarnefndar sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn án tilnefningar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Úrskurði nefndarinnar verður ekki skotið til ráðherra.

43. gr.

Allir þeir, sem hafa fullvirðisrétt til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu sauðfjárafurða, eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Með hugtakinu fullvirðisréttur í lögum þessum er átt við rétt í sérstakri fullvirðisréttarskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sbr. reglugerð nr. 313/1991, með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu sauðfjárafurða og störf og málsmeðferð úrskurðarnefndar skv. 42. gr.

X. KAFLI

Um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur 1992–1998.

44. gr.

Heildargreiðslumark mjólkur er tiltekið magn mjólkur, mælt í lítrum, sem beinar greiðslur ríkissjóðs miðast við. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöð undanfarandi tólf mánaða tímabil og áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir komandi ár að teknu tilliti til birgða. Heildargreiðslumark skiptist í greiðslumark lögbýla. Það skal endanlega ákveðið þremur mánuðum fyrir upphaf verðlagsárs vegna framleiðslu næsta verðlagsárs, en verður 100 milljónir lítra verðlagsárið 1992–1993, að lokinni aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur að innanlandsmarkaði. Heimilt er að færa niður heildargreiðslumark mjólkur haustið 1993 eða síðar vegna endurkomu fullvirðisréttar sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Um greiðslur fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til samræmis við úthlutað greiðslumark fer eftir samningum skv. a-lið 1. mgr. 30. gr.

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, ákveða heildargreiðslumark fyrir hvert verðlagsár og setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptingu í greiðslumark lögbýla.

45. gr.

Greiðslumark skal bundið við lögbýli. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal halda skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna samkvæmt því. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega.

Greiðslumark hvers lögbýlis fyrir verðlagsárið 1992–1993 skal vera jafnt fullvirðisrétti þess eins og hann er að lokinni aðlögun hans að innanlandsmarkaði haustið 1992.

Greiðslumark þaðan í frá breytist í hlutfalli við breytingar á heildargreiðslumarki. Greiðslumark lögbýlis breytist ekki þótt innlegg þess í afurðastöð fari umfram greiðslumarkið.

Nýti réttthafi greiðslumarks það ekki til framleiðslu að neinu leyti í full tvö ár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella það niður, enda sé viðkomandi réttthafa tilkynnt um það, gefinn kostur á að leggja greiðslumarkið inn til geymslu og hann hafi staðfest samþykki sitt við þessari ráðstöfun.

46. gr.

Heimil eru aðilaskipti greiðslumarks á milli lögbýla, enda séu uppfyllt skilyrði þau sem ráðherra setur í reglugerð. Heimilt er þar að kveða á um að sala greiðslumarks, sem framleiðandi hefur leigt Framleiðnisjóði eða öðrum framleiðanda, sé háð því að það hafi verið nýtt til innleggs á lögbýli leigusala í allt að tvö ár fyrir sölu.

Slík aðilaskipti taka ekki gildi fyrr en staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir. Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir flutningi greiðslumarks frá lögbýli.

Leiguliða er heimilt að kaupa greiðslumark á lögbýlið á sama hátt og kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr.

Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um aðilaskipti með greiðslumark og skráningu þess.

47. gr.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Hún greiðist samkvæmt greiðslumarki hvers lögbýlis.

Landbúnaðarráðherra skal að undangengnum samningum við Stéttarsamband bænda setja nánari reglur um beinar greiðslur, m.a. um framkvæmd þeirra, greiðslutilhögun, fráviksmörk og ráðstöfun beinna greiðslna vegna ónýttis greiðslumarks. Heimilt er að ákveða misháar beinar greiðslur eftir árstínum.

48. gr.

Framleiðsla innan heildargreiðslumarks skal notuð til að fullnægja þörfum innlenda markaðarins. Verði birgðir mjólkurafurða í lok verðlagsárs of miklar að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins skulu þær markaðsfærðar innan lands eða utan með markaðsstuðningi sem kostaður skal með innheimtu verðskerðingar, sbr. 20. og 21. gr., hjá mjólkurframleiðendum og mjólkursamlögum við innlegg á því verðlagsári sem birgðirnar verða markaðsfærðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður, að höfðu samráði við samtök

mjólkurframleiðenda og afurðastöðva, hvernig birgðunum skuli ráðstafað og er afurðastöðvum, framleiðendum og öðrum, sem kunna að eiga umræddar afurðir, skylt að lúta ákvörðun Framleiðsluráðs. Ákvæði 24., 26. og 27. gr. gilda um innheimtu verðskerðingargjalds.

Safnist upp birgðir vegna samdráttar í neyslu skal landbúnaðarráðherra, í samráði við Stéttarsamband bænda, ákveða sérstaka lækkun á heildargreiðslumarki næsta verðlagsárs til að koma birgðastöðu í jafnvægi á allt að tveimur árum. Heimilt er að verja fjármunum sem sparast vegna þessa til að draga úr tekjuskerðingu framleiðenda eða til söluátaks á birgðum innan lands.

49. gr.

Ákvæði 42. gr. um úrskurðarnefnd gildir einnig um ágreining vegna ákvörðunar á greiðslumarki lögbyla samkvæmt þessum kafla.

Allir þeir sem hafa fullvirðisrétt/greiðslumark til ráðstöfunar eða hagnýtingar eða hafa með höndum framleiðslu mjólkur eru háðir þeim breytingum á réttarstöðu sem lög þessi hafa í för með sér.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aðlögun og stjórn framleiðslu mjólkur.

XI. KAFLI

Um vinnslu og sölu búvara.

50. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal stuðla að fjölbreyttu framboði búvara á hverjum tíma, svo og framförum og aukinni hagkvæmni búvöruframleiðslunnar, þannig að hún verði í samræmi við þarfir markaðarins.

51. gr.

Byggingu og staðsetningu afurðastöðva skal haga á þann hátt sem hagkvæmastur er fyrir heildarskipulag viðkomandi búgreinar.

Áður en opinber lánastofnun tekur ákvörðun um veitingu lána til að reisa eða endurbyggja afurðastöð fyrir búvörur skal stofnunin leita umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um hina fyrirhuguðu framkvæmd.

Við löggildingu sláturhúsa samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, skal gætt ákvæða 1. mgr. þessarar greinar.

52. gr.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.

53. gr.

Landbúnaðarráðherra veitir leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm. Ráðherra getur, að fengnum meðmælum þeirrar nefndar sem starfar skv. 3. mgr., ákveðið að innflutningur tiltekinna vara, sem greinin tekur til, skuli tímabundið vera undanþeginn leyfisveitingu. Innflutningur þeirra vara, sem greinin tekur til, skal því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn.

Ákvæði þessarar greinar tekur þó ekki til skipa og flugvéla sem koma í landhelgi og hafa innanborðs þær vörur sem um getur í 1. mgr. ef birgðirnar eru, að álitu hlutaðeigandi tollyfirvalda, eigi meiri en svo að hæfilegur forði sé handa áhöfn og farþegum.

Áður en leyfi til innflutnings skv. 1. mgr. eru veitt skal ráðherra leita álits nefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra og tveimur fulltrúum innflytjenda þessara vörutegunda sem viðskiptaráðherra tilnefni og oddamanni tilnefndum af landbúnaðarráðherra. Skal nefndin láta ráðherra í té rökstutt álit um hvort innflutnings sé þörf og hve mikils.

Ákvæði 52. gr. taka ekki til innflutnings á þeim vörum sem grein þessi tekur til.

54. gr.

Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð ákveðið að mjólk og mjólkurvörur, egg, kartöflur, garðávextir og grænmeti, sem selja á innan lands eða flytja skal á erlendan markað, skuli metið, flokkað og merkt eftir tegundum, gæðum og uppruna enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og hollustuhætti sem settar eru á grundvelli laga nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og laga nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Til að standa straum af kostnaði við mat samkvæmt þessari grein er ráðherra heimilt að láta innheimta sérstakt matsgjald af þeirri vöru sem matið tekur til og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu eða hlutfall af verði vörunnar til framleiðanda. Matsgjaldið má þó aldrei vera hærra en sem nemur 1,5% af verði vörunnar til framleiðanda. Framleiðandi þeirrar vöru, sem tekin er til mats, er ábyrgur fyrir greiðslu matsgjalds. Gjald þetta má taka lögtaki. Heimilt er að ákveða að það skuli innheimt með búnaðarmálasjóðsgjaldi samkvæmt lögum nr. 41 15. maí 1990.

Landbúnaðarráðherra ákveður yfirstjórn mats þeirra búvara sem ákveðið er að taka til mats samkvæmt þessari grein.

Um löggildingu matsmanna fer eftir ákvæðum í reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og söluaðilar skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat samkvæmt þessari grein. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn sem hafa góða þekkingu á viðkomandi búvöru og reynslu í öllu er varðar meðferð varanna og mat á þeim.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um matsreglur, gæðaflokkun, framkvæmd mats, yfirmat og annað sem lýtur að matinu.

Afurðastöðvum og öðrum, sem annast sölu meðferð þeirra búvara sem mat samkvæmt þessari grein tekur til, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið samkvæmt nánari reglum sem settar skulu í reglugerð.

Við verðlagningu búvara skal verð þeirra ákveðið mismunandi eftir tegunda- og gæðaflokkum sem ákveðnir eru samkvæmt þessari grein, lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, lögum nr. 57 16. maí 1990, um flokkun og mat á gærum og ull, og öðrum lögum og reglum um sama efni.

55. gr.

Þeir sem versla með búvörur skulu fullnægja skilyrðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um slíka starfsemi og hafa fullnægjandi aðstöðu til meðferðar, flutnings og geymslu þeirrar vöru sem þeir taka til sölumeðferðar samkvæmt reglum heilbrigðisyfirvalda.

Nú selur framleiðandi eigin búvöruframleiðslu til smásöluverslunar eða neytenda og er honum þá skylt að fullnægja ákvæðum laga og annarra ákvarðana yfirvalda um flokkun, mat, flutning, geymslu og annað sem lýtur að meðferð vörunnar.

Skylt er seljanda og kaupanda að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins allar umbeðnar upplýsingar um söluna, þar á meðal um uppruna vörunnar, svo að ganga megi úr skugga um að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt.

56. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og samtaka afurðastöðva mjólkuriðnaðarins, að skipta landinu í mjólkursölusvæði eftir því sem best hentar framleiðslu- og markaðsaðstæðum.

Þegar ákveðin hefur verið skipting landsins í sölusvæði er afurðastöðvum á sölusvæðinu skylt að taka við mjólk frá framleiðendum innan sölusvæðisins enda fullnægi varan reglum um heilbrigði og gæði og sé innan marka heimilaðs framleiðslumagns, sbr. 30. gr.

57. gr.

Nú kemur upp deila á milli framleiðenda og afurðastöðvar innan sölusvæðis um mótöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila og er þá aðilum heimilt að leggja ágreining til úrskurðar þriggja manna nefndar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Framleiðsluráði, annar tilnefndur af samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði og oddamaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

58. gr.

Nú hefur landbúnaðarráðherra ákveðið skiptingu landsins í sölusvæði fyrir mjólk, sbr. 56. gr., og skulu þá framleiðendur mjólkur á hverju mjólkursölusvæði kjósa sér stjórn er hefur á hendi umsjón mjólkurmálanna á því svæði.

Þar sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú á sama mjólkursölusvæði sem hafa á hendi daglega sölu á mjólk og mjólkurvörum skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið sem svo kýs stjórn samsölnunnar á því svæði.

59. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins og afurðastöðvum í mjólkuriðnaði er heimilt að gera samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara fyrir innlandan og erlendan markað. Í slíku samkomulagi er heimilt að kveða á um verðtilfærslu til að jafna framlegð mismunandi framleiðslutegunda á milli mjólkurbúa. Fimmmannefnd getur gripið inn í verðtilfærslu milli afurða telji hún það nauðsynlegt. Verðtilfærsla má aldrei verða hærri fjárhæð en sem svarar hráefnisverði hvorrar afurðar. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

60. gr.

Þar sem eitt mjólkurbú er starfandi eða samsölustjórn samkvæmt ákvæðum 58. gr. innan sölusvæðis sem ákveðið er skv. 56. gr. skal það eða hún annast alla heildsöludreifingu á nýmjólk, rjóma, súrmjólk og skyri. Heildsöluaðilinn skal sjá um að ætíð sé nóg af þessum vörum á sölusvæði hans sé þess nokkur kostur.

61. gr.

Mjólkursamlögum og verslunum, er selja mjólk og mjólkurvörur, ber að hlíta opinberum verðákvörðunum og má aldrei grípa til sölustöðvunar á mjólk og skyldum vörum þótt ósamkomulag kunni að koma upp út af verðlagningu þessara vara.

62. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og sláturleyfishafar skulu gera samkomulag um verkaskiptingu á milli sláturleyfishafa vegna slátrunar og verkunar sauðfjár- og stórgripaafurða til sölu á erlenda markaði með tilliti til mismunandi heimilda þeirra til slátrunar og verkunar á þessum búvörum til útflutnings og þess að sala hvers sláturleyfishafa á innlendum markaði miðist við hlutfall heimilaðrar framleiðslu skv. 30. gr. þeirra framleiðenda sem eru í viðskiptum hjá sláturleyfishafa.

Heimilt er að gera slíkt samkomulag til tiltekins tíma og skal aðilum heimilt að óska endurskoðunar á því vegna breyttra aðstæðna, eftir því sem nánar er tekið til í samkomulaginu. Samkomulagið öðlast ekki gildi fyrr en landbúnaðarráðherra hefur staðfest það.

Nú næst ekki slíkt samkomulag sem var ræðir í 1. mgr. eða ráðherra neitar að staðfesta það og skal ráðherra þá úrskurða framangreinda verkaskiptingu. Úrskurður þessi skal vera tímabundinn og má gilda í allt að tvö ár. Aðilum er á þessu tímabili frjálst að gera með sér samkomulag skv. 1. mgr. er komi í stað úrskurðar ráðherra. Í slíkum úrskurði er heimilt að kveða á um magn og verkun þessara búvara og skiptingu þeirra til sölu innan lands og utan.

Brjótí sláturleyfishafi gegn samkomulagi eða úrskurði samkvæmt þessari grein er ráðherra heimilt að svipta viðkomandi sláturleyfi samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.

63. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hættir rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins frá og með 1. júní 1986.

Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða að breyting skv. 1. mgr. verði fyrr enda hafi þá náðst samkomulag við aðila skv. 3. mgr. um yfirtöku á rekstri fyrirtækisins, sölu og leigu á eignum þess og að hið nýja fyrirtæki gefi fastráðnu starfsfólki Grænmetisverslunar landbúnaðarins kost á sambærilegum störfum. Skulu ákvæði 14. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá ekki ná til þeirra starfsmanna Grænmetisverslunar landbúnaðarins sem njóta lögkjara samkvæmt þeim lögum.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að selja samtökum framleiðenda kartaflna og grænmetis eða hlutafélagi í eigu þessara aðila eignir Grænmetisverslunar landbúnaðarins, aðrar en fasteignir. Þá er ráðherra heimilt að leigja sömu aðilum núverandi fasteignir Græn-

metisverslunar landbúnaðarins til reksturs dreifingar- og sölufyrirtækis með kartöflur og grænmeti.

Tekjur, sem fást við sölu og leigu á eignum skv. 3. mgr., ásamt sjóðum Grænmetisverslunar landbúnaðarins við starfslok, skulu lagðar í sérstakan sjóð sem hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn skal vera í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

64. gr.

Þar sem afurðastöð búvara er í eigu aðila sem hefur með höndum annan rekstur er skylt að halda bókhaldi og fjárreiðum afurðastöðvarinnar aðgreindum frá öðrum rekstri viðkomandi aðila.

Þá getur fimmannanefnd ákveðið að afurðastöðvar skuli setja reikninga sína upp með samræmdum hætti.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

65. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim, er hafa með höndum vinnslu eða sölu búvara, að láta ráðinu í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þeir geta veitt.

66. gr.

Kostnaður við framkvæmd IV. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna í verðlagsnefnd og fimmannanefnd.

67. gr.

Slátrun alifugla skal fara fram í löggiltum sláturhúsum, sbr. lög nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

68. gr.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ákveðið að seljendur fódurs skuli ársfjórðungslega senda ráðinu skrá yfir alla sölu. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn hvers kaupanda og einingaverð.

69. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

70. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber mál. Varða brot sektum nema þyngri refsing liggvi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té má beita dagsektum frá 100–5.000 kr., eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

71. gr.

Nú er sjúkratryggðum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálpi í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálpi sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

36. gr.

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálpi sem hér segir:

- a. Almenna læknishjálpi utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Með reglugerð má ákveða gjald sem hinn sjúkratryggði greiði fyrir hvert viðtal á lækna- stofnu og hverja vitjun til sjúklings. Sjúkratryggingar hafa heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta.
- b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum eða stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Ráðherra hefur heimild til þess að ákveða að skilyrði fyrir greiðslu sjúkratrygginga skuli háð tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis. Fyrir hverja komu til sérfræðings samkvæmt tilvísun greiði sjúklingur gjald

sem ákveðið skal með reglugerð. Með reglugerð skal sömuleiðis setja nánari reglur um notkun tilvísana, þar á meðal í hvaða tilvikum og með hvaða hætti Tryggingastofnun ríkisins geti tekið þátt í greiðslu kostnaðar vegna rannsókna og aðgerða hjá sérfræðingum þótt sjúklingur hafi ekki tilvísun.

- c. Lyf sem sjúkratryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður gjald sem ákveðið skal með reglugerð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það. Eftir að lyf hefur verið skráð hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða hvort sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu viðkomandi lyfs.
- d. Röntngreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 900 kr. fyrir hverja röntngreiningu.
- e. Sjúkradagpeningar skv. 38. gr.
- f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 39. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því fæðing hefst.
- g. Tannlækningar skv. 37. gr.
- h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 100 kr. fyrir hverja ferð.
- i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahúsi innan lands að $\frac{7}{8}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 2.400 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist $\frac{7}{8}$ af fargjaldi fylgdarmanns, jafnvel þó að um áætluð ferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
- j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.
- k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur.

Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávisunum. Ráðherra er með reglugerð heimilt að ákveða að gjald skv. a-, b-, c- og d-liðum skuli vera hlutfallsgjald og tiltaka hámark þess gjalds sem sjúklingi ber að greiða. Þá er ráðherra og heimilt með reglugerð að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratryggðra fyrir sérhæfða göngudeildarþjónustu skv. b-lið.

Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 37. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

37. gr.

Fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um tannlæknaþjónustu, alla eða að hluta, aðra en tannréttingar.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir tannlækningar barna og unglunga, 15 ára og yngri, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 75%.
2. Fyrir tannlækningar 16 ára unglunga, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð, 50%.
3. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð hjá börnum og unglingum, 16 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulíð að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.
4. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta fullrar tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en 50% kostnaðar sé tekjutrygging skert, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 2. mgr. skulu börn og unglingar, 15 ára og yngri, eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

38. gr.

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður, sem orðinn er 16 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

Fullir dagpeningar skulu nema 526,20 kr. fyrir einstakling og 142,80 kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 18 ára, þar með talin börn utan heimilis sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt úrskurði stjórnvalds, staðfestu samkomulagi eða skilnaðarleyfisbréfi.

Fullra dagpeninga njóta þeir sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir sem fella niður launaða vinnu sem nemur minna en heils dags vinnu en a.m.k. hálf dags starfi. Sé felld niður launuð vinna sem nemur minna en hálf dags starfi greiðast dagpeningar er nema $\frac{3}{4}$ misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema helmingi fullra dagpeninga, að viðbættum $\frac{1}{2}$ hluta sannaðrar greiðslu fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp $\frac{1}{2}$ dag í viku, allt að fullum dag-

peningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum er tilgreini vinnutíma, greidd laun og kennitölu viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með. Umsækjandi, sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki helming dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda samkvæmt framanskráðu.

Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu skv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálf dags laun að starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfra dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í þrjá mánuði.

Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttáð síðustu tvo mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót sem fellur niður, þó aldrei hærrí greiðsla en nemur $\frac{3}{4}$ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.

39. gr.

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Náist ekki samningar skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig tilnefnir Hæstiréttur þá sem vanta kann.

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir slysa- og röntgendeildir, skulu ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að höfðu nánú samráði við viðkomandi stofnanir. Daggjöld og gjaldskrár skulu ákveðin þannig að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti.

Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða jafngildir það samningi ef hlitt er ákvörðun ráðherra um daggjöld er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu. Að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, þrátt fyrir ákvæði 34. gr., að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

40. gr.

Nú er sjúkratrygðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálp sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

Nú er sjúkratrygðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis í aðildarríki EES-samningsins og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því samkvæmt reglum EES-samningsins á sviði almannatrygginga.

41. gr.

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu sem henni ber að veita samkvæmt lögum þessum. Slíkan samning má gera í framhaldi af útboði. Í þeim tilvikum ákveður sjúkratryggingadeild hvaða tilboði skuli taka eða hvort öllum skuli hafnað. Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg getur sjúkratryggingadeild ráðstafað verkinu á grundvelli fasts samningsverðs.

C. Tekjur.

42. gr.

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði. Árleg heildarútgjöld sjúkratrygginga skulu vera í samræmi við ákvörðun Alþingis samkvæmt fjárlögum og fjáráka- lögum hvers árs.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með reglu- legum greiðslum í hverjum mánuði.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.*A. Bætur.*

43. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra sem veitt er á annan hátt.

Enginn getur samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þess- um. Saman mega þó fara:

- a. Bætur til ekkju eða ekkils skv. a-lið 30. gr. og allar aðrar bætur.
- b. Barnalífeyrir og dagpeningar.
- c. Slysadagpeningar og ellilífeyrir.
- d. Örorkulífeyrir/slysalífeyrir og bætur skv. f-lið 1. mgr. 24. gr.
- e. Aðrar bætur ef svo er fyrir mælt í lögnum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni sem ekki geta farið saman má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta sem veittar eru til langs tíma og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er sjúkratryggður, greiða sjúkra- tryggingar gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfelld á stofnun eða vistheim- ili sem er á föstum fjárlögum eða þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en fjórir mánuðir undanfarna 24 mánuði. Trygginga- ráði er þó heimilt að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri allt að því sem á vantar. Hafi hlutaðeigandi innan við 3.000 kr. í tekjur á mánuði er heimilt að greiða honum 10.170 kr. á mánuði í vasapen- inga. Tekjur umfram 3.000 kr. skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við árstekjur sem nema 223.754 kr. Ef tekjur hlutaðeig- andi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu eða föndur er heim- ilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana. Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en tvöfaldir sjúkradagpeningar hverju sinni.

44. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár. Sama rétt hafa karl og kona sem átt hafa saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sama gildir um bótarétt þess sem eftir lifir.

Slíkt sambúðarfolk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðaraðila slysabætur.

Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá.

45. gr.

Tryggingastofnunin getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur ef ástæða er til að ætla að bæturnar séu notaðar á þann hátt að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barna-verndarnefnd ef um er að ræða barnalífeyri.

46. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

47. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

Ekki verður krafist umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

Starfsfolk Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnunarinnar.

48. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur skv. II. kafla, aðrar en lífeyrir skv. III. kafla, reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir að bótaréttur er fyrir hendi og falla niður í lok þess mánaðar er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en tvö ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en tvo mánuði, en heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að lengja þetta tímabil í allt að sex mánuði í tilvikum þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

49. gr.

Bætur skal greiða þriðja virkan dag hvers mánaðar. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný ef rökstudd umsókn berst.

50. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum og á þá Tryggingastofnunin endurkröfufétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega getur Tryggingastofnunin látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

51. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun skulu falla niður allar bætur til hans meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgrein 43. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, maka hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila sem sér um að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

52. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

53. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 21/1990, og er henni þá rétt að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga. Sjúkratryggingar hafa einnig sama rétt til að höfða mál til viðurkenningar á hvar lögheimili hans skuli vera skv. 11. gr. nefndra laga.

54. gr.

Greiða skal bótaþegum, búsettum í þeim ríkjum sem ríkisstjórn gerir samninga við eða ráðherra hefur samið við með stoð í 64. gr., sömu bætur og viðkomandi hefði átt rétt á hefði hann verið búsettur hér á landi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að frá bótum, sem bótaþegi á rétt á hér á landi, dragist bætur sem hann fær samkvæmt erlendri löggjöf fyrir sama tímabil og bætur eru greiddar fyrir hér á landi.

B. Um iðgjöld, innheimtu o.fl.

55. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 98. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu ákvæði 99. gr. þeirra laga og ákvæði laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, gilda um iðgjöld eftir því sem við á.

Í reglugerð skv. 4. mgr. 31. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra er þar greinir.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

56. gr.

Iðgjöld til slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum. Ákvæði laga nr. 75/1981, þar á meðal um dráttarvexti og fjárnámsrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

57. gr.

Iðgjöld skv. 31. gr. vegna sjómanna og iðgjöld af aflvélum samkvæmt sömu grein skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

C. Önnur ákvæði.

58. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag skv. 1. mgr. 20. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi skv. 2. mgr. 31. gr. Fé, sem ekki þarf að nota til dagslegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánnum sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

59. gr.

Foreldri, sem fær úrskurð stjórnvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 15. gr. barnalaga, nr. 20/1992, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur samkvæmt úrskurði innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur um fjárhæð meðlags og aldur barna. Sama skal gilda um foreldri sem leggur fram staðfest samkomulag um meðlagsgreiðslur og aðrar greiðslur skv. III. kafla barnalaga, nr. 20/1992.

Á sama hátt skal barnsmóðir fá samkvæmt stjórnvaldsúrskurði eða staðfestu samkomulagi greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

- a. Framfærslulífeyri í allt að þrjá mánuði skv. 1. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
- b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði skv. 2. mgr. 21. gr. barnalaga, nr. 20/1992.
- c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 1. mgr. 22. gr. barnalaga, nr. 20/1992.

Þegar eftir að sýslumaður hefur veitt viðtöku ósk frá móður um að aflað verði faðernisviðurkenningar hjá lýstum barnsföður getur hún fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka er 14. gr. þessara laga setur.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar sem stjórnvaldsúrskurður, staðfestur samningur eða vottorð sýslumanns um að hann hafi veitt viðtöku ósk móður um öflun faðernisviðurkenningar berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögumætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærsluveit barnsins hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því sem við getur átt.

Með reglugerð, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, má ákveða hámarks- greiðslur sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi.

60. gr.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 59. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.–3. mgr. 59. gr. mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Um skil vegna óinnheimtra skulda fer eftir ákvæðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 59. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

61. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

62. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út váttryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

63. gr.

Ráðherra getur ákveðið að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bóta-skyldra slysa og veikinda sem þeir bera skv. 36. gr. laga nr. 35/1985, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum að þau ásamt dagpeningunum nægi fyrir útgjöldum.

64. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m.a. kveða svo á að lögheimilistímabil, atvinnutímabil eða tryggingatímabil í öðru samningsríki skuli talin jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 54. gr. og 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

65. gr.

Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 59. gr. í samræmi við það. Heimilt skal að fjárhæðir skv. 17. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. málsl. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 59. gr. Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 2. mgr. 11. gr., svo og 4. mgr. 12. gr., þó þannig að aldrei komi til skerðingar lífeyris samkvæmt þessum málsgreinum hjá þeim sem rétt eiga á tekjutryggingu, skertri eða óskertri, samkvæmt ákvæðum 17. gr.

66. gr.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stöð í lögum þessum.

67. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 67/1971, með síðari breytingum. Þó skulu ákvæði laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, um slysa-tryggingu ökumanna gilda til 31. desember 1993.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga nr. 67/1971, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. mgr.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi og skal þá einungis reikna til réttindatíma skv. 12. gr. þann tíma sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

2. Ráðherra er heimilt að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu öryrkja sem fá greiddan örorkulífeyri, örorkustyrk, endurhæfingarlífeyri eða slysaörorkubætur undir 50% og hafa vinnugetu sem ekki hefur nýst á vinnu- markaði og ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur almannatrygginga. Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.
3. Á meðan vextir, verðbætur og gengishagnaður eru frádráttarbærar tekjur við ákvörðun tekjuskattsstofns skulu þessar tekjur hvorki hafa áhrif á tekjur til skerðingar elli- og örorkulífeyris, sbr. 11. og 12. gr., né tekjutryggingar, sbr. 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar.
4. Þeir sem ákveðið hafa frestun ellilífeyris fyrir 1. janúar 1992, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, skulu halda rétti sínum. Tryggingastofnun ríkisins skal breyta fjárhæðum vegna frestunarinnar til samræmis við breytingar sem verða á fjárhæðum almannatrygginga hverju sinni. Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, fyrir 1. janúar 1992 og lætur eftir sig maka á lífi og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin lífeyri eiga rétt á þeirri hækkun sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar.
5. Hafi tannréttning sannanlega hafist fyrir 1. nóvember 1989 skal henni lokið samkvæmt ákvæðum sem giltu fyrir 1. janúar 1990, sbr. og lokamálsgrein þessa töluliðar.

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. laganna skulu þeir sem njóta áttu endurgreiðslna fyrir tannréttningar á árinu 1991 samkvæmt reglum nr. 63/1991 um endurgreiðslur sjúkra-trygginga af tannréttningakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar njóta þess réttar áfram, enda hafi þeir sent umsóknir sínar hér að lútandi fyrir 15. mars 1992 á þar til gerðum eyðublöðum Tryggingastofnunarinnar í samræmi við bráðabirgðaákvæði laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.

Greiðslum skv. 5. tölul. skal ljúka 31. desember 1993.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG

um félagslega aðstoð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bætur félagslegrar aðstoðar eru mæðra- og feðralaun, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, umönnunarbætur, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, uppætur vegna sérstakra aðstæðna, uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupa-styrkir.

Bætur félagslegrar aðstoðar greiðast eingöngu þeim sem lögheimili eiga hér á landi, sbr. 1. gr. laga um lögheimili, og að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur.

Lífeyrstryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins skal annast greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 12. gr.

Kostnaður við bætur félagslegrar aðstoðar greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga og fjárukalaga hverju sinni.

2. gr.

Mæðra- og feðralaun.

Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri og eiga lögheimili hér á landi. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um greiðslu mæðra- og feðralauna. Þar er einnig heimilt að skilyrða greiðslu mæðra- og feðralauna við að meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp eða fyrir liggja staðfest samkomulag um greiðslu framfærslueyris.

Árleg mæðra- og feðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	12.000 kr.
Með tveimur börnum	60.000 kr.
Með þremur börnum eða fleiri	129.600 kr.

Tryggingaráði er heimilt að greiða mæðra- og feðralaun til maka elli- eða örorkulífeyrisþega þegar bætur almannatrygginga falla niður vegna vistunar á stofnun. Tryggingaráði er og heimilt að greiða maka einstaklings sem sætir gæslu- eða refsivist mæðra- eða feðralaun, enda hafi vistin varað a.m.k. þrjá mánuði.

Mæðra- og feðralaun falla niður einu ári eftir að viðtakandi launanna skráir sig í þjóðskrá í óvígða sambúð með öðrum en foreldri barnsins eða barnanna, sbr. og 44. gr. laga um almannatryggingar. Nú skráir viðtakandi launanna sig í óvígða sambúð með foreldri barnsins eða barnanna, fyrrverandi sambýlisaðila eða gengur í hjúskap og falla þá launin strax niður.

3. gr.

Barnalífeyrir.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára ef annað foreldri eða báðir foreldrar eru látnir, enn fremur ef foreldrar eru ellilífeyrisþegar eða örorkulífeyrisþegar, annað

eða báðir. Samkvæmt málsgrein þessari greiðist eingöngu einfaldur barnalífeyrir. Lífeyrisdeild metur sönnun um skólavist og starfsþjálfun. Skilyrði er að námið og þjálfunin taki a.m.k. sex mánuði hvert ár. Ef um er að ræða óreglulegt nám eða námskeið skal námstími reiknaður í kennslustundafjölda á almanaksárinu og telst þá sex mánaða nám samsvara 624 kennslustundum. Brot úr mánuði telst heill mánuður. Ungmennið sjálf sækir um barnalífeyri samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur frestað afgreiðslu barnalífeyris þar til sex mánaða námstíma er náð. Nú verður úrskurði skv. 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, eigi við komið vegna efnaleysis foreldris eða ekki tekst að hafa uppi á því og er þá tryggingaráði heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám samkvæmt þessari málsgrein. Lífeyrisdeild getur krafist framlagningar skattframtala með umsókn um barnalífeyri. Tryggingaráði er og heimilt að úrskurða barnalífeyri með ungmenni er stundar sannanlegt nám ef ljóst er að ungmenninu er ókleift að innheimta greiðslur samkvæmt úrskurði á grundvelli 1. mgr. 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992. Ef efnahagur er sérstaklega góður, umsækjandi hefur t.d. tekið arf, getur lífeyrisdeild hafnað umsókn en skjóta skal slíkum málum til tryggingaráðs sem úrskurðar í málinu.

4. gr.

Umönnunargreiðslur.

Heimilt er að greiða framfærendum fatlaðra og sjúkra barna, sem dveljast í heimahúsi, eða á sjúkrahúsi um stundarsakir, styrk, allt að 9.247 kr., eða umönnunarbætur, allt að 47.912 kr., á mánuði ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða sérstaka umönnun eða gæslu. Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar og annast greiðslu styrks og umönnunarbóta að fengnum tillögum svæðisstjórna samkvæmt lögum um málefni fatlaðra ef um fatlað barn er að ræða. Greiðsla styrks skal miðuð við 10–40 klst. þjónustu á mánuði en greiðsla umönnunarbóta 40–175 klst. þjónustu á mánuði sem tryggingaráði er heimilt að hækka í allt að 200 klst. mæli sérstakar ástæður með því að mati svæðisstjórna. Dagleg þjónusta við barn utan heimilis skerðir umönnunarbætur. Um framkvæmd greinarinnar fer eftir reglugerð sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í samráði við félagsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaráðs.

5. gr.

Makabætur.

Heimilt er, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

6. gr.

Dánarbætur.

Heimilt er að greiða hverjum þeim, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekill innan 67 ára aldurs, bætur í sex mánuði eftir lát maka, 15.448 kr. á mánuði.

Ef hlutaðeigandi er með barn yngra en 18 ára á framfæri er heimilt að greiða bætur í 12 mánuði til viðbótar, 11.583 kr. á mánuði.

7. gr.

Ekkjulífeyrir.

Heimilt er að greiða konu, sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða hinn látni hafi átt hér lögheimili a.m.k. þrjú síðustu árin áður en hann lést.

Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar þegar lífeyrisréttur stofnaðist og lögheimilistíma þess hjónanna sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a.m.k. 40 ár og aldur konunnar a.m.k. 60 ár greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar í 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár greiðist hlutfallslega lægri ekkjulífeyrir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður ef þær eru orðnar 50 ára þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

Heimilt er að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri þótt hún hafi verið yngri er maður hennar lést, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 20 ár.

Ekkjulífeyrir fellur niður ef ekkja gengur í hjónaband eða tekur upp óvígða sambúð.

Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera 147.948 kr.

8. gr.

Endurhæfingarlífeyrir.

Heimilt er þegar ekki verður séð hver örorka einstaklings verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að viðkomandi gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og grunnlífeyrir örorkulífeyris ásamt tekjutryggingu. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótagreiðslur.

9. gr.

Heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót.

Heimilt er að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót, 7.711 kr. á mánuði. Eigi viðkomandi rétt á skertri tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar skal lækka heimilisuppbótina eftir sömu reglum.

Ef einhleypingur hefur eingöngu tekjur úr lífeyristryggingum almannatrygginga skal hann til viðbótar við heimilisuppbót eiga rétt á sérstakri heimilisuppbót, 5.304 kr. á mánuði.

10. gr.

Frekari uppbætur.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess.

11. gr.

Bifreiðakostnaður.

Heimilt er að greiða til elli- og örorkulífeyrisþega, örorkustyrkþega og umönnunarbótaþega uppbót vegna kaupa á bifreið sem bótaþega er nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af án uppbótarinnar.

Sama gildir um rekstur bifreiðar eigi í hlut elli- eða örorkulífeyrisþegi og örorkustyrkþegar.

12. gr.

Endurgreiðsla umtalsverðs kostnaðar við læknishjálpar og lyf.

Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða að fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur.

Sjúkratryggingadeild annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Ákvæði laga um almannatryggingar gilda um bætur félagslegrar aðstoðar eftir því sem við á, m.a. um kærurétt til tryggingaráðs og um hækkun bóta.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um greiðslu félagslegrar aðstoðar samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG

**um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins
til að veða á móti skerðingu þorskveiðheimilda.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs vegna fiskveiðiársins 1. september 1993 til 31. ágúst 1994 skv. 5. gr. laga nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, sem óráðstafað er við gildistöku laga þessara, skal úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir meira en 9,8% skerðingu aflamarks í þorskígildum talið á milli fiskveiðiaranna, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við samsetningu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og úthlutað þannig til einstakra skipa.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir

fiskveiðiárið er hófst 1. september 1992 og hins vegar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 7. desember 1993. Skal miðað við úthlut- að heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan hvors fiskveiðiárs. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 112/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 274/1993. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „15.970“ í 1. gr. laganna kemur: 20.250.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað „1.300“ kemur: 1.420.

b. Við bætist nýr töluliður svohljóðandi: Spölur hf., allt að 50 m.kr.

3. gr.

Lántökur samkvæmt lögum þessum skulu fara fram innan lands eða utan.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG**um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu
erlendra aðila í atvinnurekstri.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlægum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

2. gr.

Við a-lið 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo:

Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

3. gr.

Við c-lið 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo:

Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

4. gr.

Í stað lokamálsliðar 8. gr. laganna komi tveir nýir málslíðir er orðast svo:

Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

LÖG

um breytingar í skattamálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Samlagsfélög með ótakmarkaðri ábyrgð minnst eins félagsaðila geta ekki verið sjálfstæðir skattaðilar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

- a. 6. tölul. fellur brott.
- b. Á eftir orðinu „barnabætur“ í 7. tölul. koma orðin: barnabótaauki, vaxtabætur.

3. gr.

Við 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna:

- a. 3. mgr. 1. tölul. fellur brott.
- b. 2. tölul. orðast svo: Einstakar gjafir og framlög til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa, þó ekki yfir 0,5% af tekjum skv. B-lið 7. gr. á því ári sem gjöf er afhent. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.
- c. 3. tölul. orðast svo: Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum, sem beint tengjast atvinnurekstrinum, á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.

Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar, sbr. 1. mgr., í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

- d. Við 4. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sannanlega tapað hlutafé sem verðbréfasjóðir, skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og fjárfestingarfélag skv. 23. gr. laga nr. 9/1984 hafa fjárfest í á því tekjuári er hlutafé tapast.

5. gr.

Í stað orðsins „tvö“ í 3. mgr. 63. gr. laganna kemur: eitt.

6. gr.

Í stað hlutfallstölunnar „34,3“ í 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna kemur: 33,15.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 69. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Frá tekjuskattsstofni í þessu sambandi er eigi heimilt að draga tekjur skv. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr.
- b. Á eftir orðinu „uppfyllir“ í 2. másl. 6. mgr. koma orðin: í lok tekjuársins.
- c. Við 7. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Þannig skal fjárhæð barnabótaauka skv. 2. mgr. og skerðingarmörk vegna tekna, sbr. 3. mgr., ákvarðast í hlutfalli við dvalartímann.
- d. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 8. mgr. sem orðast svo:
Fjárhæð barnabótaauka hjá þeim sem fá barnbætur eða aðrar sambærilegar bætur erlendis frá skal skert sem nemur þeim bótum að því marki sem þær eru umfram barnabætur skv. A-lið þessarar greinar.

8. gr.

Í stað tölunnar „80%“ í 3. og 4. másl. 2. mgr. C-liðar 69. gr. laganna kemur: 60%.

9. gr.

C-liður 69. gr. laganna og fyrirsögn orðast svo:

Vaxtabætur.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánnum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, á rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánnum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Vaxtagjöld, sem mynda rétt til vaxtabóta, eru vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Sama á við þegar um er að ræða lán frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar. Vaxtagjöld teljast í þessu sambandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti.
2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánnum.

Til vaxtagjalda teljast ekki uppsafnaðar áfallnar verðbætur af lánnum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs. Til vaxtagjalda hjá þeim sem kaupa eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993 teljast eingöngu vaxtagjöld af lánnum sem þeir hafa tekið sjálfir vegna kaupa á eignarhlutanum.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta skv. 4. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 2. mgr., hjá hverjum framteljanda að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 8. gr.,

en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eins og þær eru í árslok. Hjá þeim sem skattskyldir eru hluta úr ári vegna brottflutnings á tekjuárinu skal miða við skuldastöðu eins og hún var fyrir brottflutning. Vaxtagjöld samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 395.698 kr. hjá einstaklingi, 519.467 kr. hjá einstæðu foreldri og 643.235 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjum skv. II. kafla laganna að teknu tilliti til frádráttar skv. 1. og 3. tölul. A-liðar, 1. tölul. B-liðar og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. í lok tekjuárs, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr., að fráregnum skuldum skv. 1. mgr. 78. gr., fram úr 2.976.267 kr. hjá einstaklingi og 4.933.677 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 60% hærri fjárhæð. Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur geta aldrei verið hærri en 135.035 kr. fyrir hvern mann, 173.664 kr. fyrir einstætt foreldri og 223.310 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr., í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Rétturinn stofnast þegar íbúðarhúsnæði til eigin nota er keypt eða bygging þess hefst. Jafnframt getur stofnast réttur til vaxtabóta vegna lána frá Byggingarsjóði ríkisins sem tekin eru vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota.

Skrásetningargjöld í sérgreinadeildum skólans skulu háð árlegu samþykki skólanefndar og menntamálaráðherra. Skólanefnd ákveður upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi í undirbúningsdeild og raungreinadeild skólans (frumgreina-deild), svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld.

Um breytingu á lögum nr. 55/1978, um búnaðarfræðslu.

5. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og skólastjórar skólanna ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 91/1936, um garðyrkjuskóla ríkisins.

6. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Skólanefnd og forstöðumaður ákveða upphæð gjalda er nemendum er gert að greiða við innritun í námsáfangi, svo sem innritunargjöld, efnisgjöld, pappírsgjöld og nemendasjóðsgjöld. Upphæð gjalda er háð samþykki ráðherra.

Um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof.

7. gr.

11. gr. laganna, sbr. 91. gr. laga nr. 92/1991, orðast svo:

Standi launagreiðandi ekki í skilum með útborgun orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. vegna greiðsluerfiðleika án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta getur launþegi eða hlutaðeigandi verkalýðsfélag í umboði hans snúið sér til ábyrgðasjóðs launa, sbr. lög nr. 53/1993, með orlofslaunakröfuna studda gögnum um fjárhæð hennar, svo sem launa-seðlum, vottorði viðkomandi launagreiðanda eða löggilts endurskoðanda hans.

Ábyrgðasjóðurinn skal þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna, en beri það ekki árangur skal ábyrgðasjóðurinn innleysa kröfuna frá launþeganum. Skal það gert innan þriggja vikna frá því að krafa launþegans á hendur ábyrgðasjóðnum var sett fram.

Á innleysta orlofskröfu ábyrgðasjóðsins falla 7,5% viðurlög við innlausnina. Á kröfuna reiknast síðan mánaðarlegir dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987, fyrst 15 dögum eftir innlausn.

Kröfur ábyrgðasjóðsins vegna innlestrar orlofslaunakröfu eru aðfararhæfar samkvæmt lögum nr. 90/1989. Krafan nýtur sama réttar og krafa launþegans hefði notið í þrotabúi vinnuveitandans.

Ábyrgð á vangreiddu orlofi samkvæmt grein þessari, svo og kostnað af rekstri mála-flokksins, skal fjármagna með ábyrgðargjaldi því sem innheimt er skv. 3. gr. laga nr. 53/1993, um ábyrgðasjód launa vegna gjaldþrota.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, er á árinu 1994 heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til eftirfarandi verkefna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra:

- a. liðveislu skv. 25. gr.,
- b. félagslegrar hæfingar og endurhæfingar skv. 27. gr.,
- c. kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr.

Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra skal gera tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjár skv. a-lið þessarar greinar.

Um breytingu á lögum nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar.

9. gr.

Í stað orðanna „þrefalt hærri fjárhæð en“ í 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sömu fjárhæð og.

10. gr.

Við 7. tölul. 21. gr. laganna bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.

11. gr.

3. mgr. 22. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysisbætur skulu greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili sem skal vera 260 dagar eða samtals 52 vikur.

12. gr.

Við lokamálsgrein 23. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðast svo:

Nú fær bótaþegi ekki fullar atvinnuleysisbætur og skal þá eingöngu skerða bæturnar hlutfallslega.

13. gr.

5. mgr. 24. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélög viðkomandi. Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta fyrir þau félög, sem starfsmenn eru félagar í, sem síðan úrskurða um bótarétt. Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður til samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda.
- b. Í stað orðanna „Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs“ í 2. mgr. kemur: Ráðherra.

15. gr.

1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema ráðherra ákveði annað.

16. gr.

34. gr. laganna fellur brott.

17. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Á árinu 1994 skulu sveitarfélög greiða 600 m.kr. til Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa, en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.387 kr. á hvern íbúa. Miða skal við íbúafjölda 1. desember 1993. Um innheimtu gjaldsins skal fjármálaráðherra setja reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. skal stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs heimilt á árinu 1994 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni sem sveitarfélögin greiða til

sjóðsins, auk allt að 600 m.kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

- b. Í stað „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. og 4. málsl. 2. mgr. kemur: ráðherra.

II. KAFLI

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 3. gr. laga nr. 71/1990, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs eigi vera hærra en 12 m.kr. á árinu 1994.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1994 vegna aðflutningsgjalda af innfluttum hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í Húsafriðunarsjóð eigi nema hærra fjárhæð en 10,5 m.kr. á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði 49. gr. sömu laga skal kostnaður við húsafriðunarnefnd greiddur úr Húsafriðunarsjóði.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, falla þær greiðslur niður á árinu 1994.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 84/1989, um búfjárrækt, skal framlag ríkissjóðs til launa og vegna ræktunarstöðva eigi vera hærra en 34,8 m.kr. á árinu 1994.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1979, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta eigi vera hærra en 40,1 m.kr. á árinu 1994.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og 7. gr. laga nr. 57/1990, um flokkun og mat á gærum og ull, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liða 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðisjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 21/1981, um Kirkjubýggingasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 1 m.kr. á árinu 1994.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1994. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. sömu laga skal innheimta 0,3% af söluvörum landbúnaðarins á árinu 1994 í stað 0,6%.

28. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal framlag ríkissjóðs til gæsluvistarsjóðs falla niður á árinu 1994.

29. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 42. gr. laga nr. 108/1984, lyfjalaga, skal framlag ríkissjóðs til Lyfsölu-sjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 0,9 m.kr. á árinu 1994.

30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 90 m.kr. á árinu 1994.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. og 24. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1988, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamála-ráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum ekki nema hærri fjárhæð en 68 m.kr. á árinu 1994.

32. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. 67. gr. laga nr. 111/1992 og 30. gr. laga nr. 29/1993, skulu 370 m.kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt lögum renna í ríkissjóð á árinu 1994.

33. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1964, skipulagslaga, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1974, skal mótfamlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 31,5 m.kr. á árinu 1994.

34. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4., 5. og 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, sbr. 33. gr. laga nr. 1/1992, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 m.kr. á árinu 1994. Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1994 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000, miðað við íbúafjölda 1. desember 1993. Umhverfissráðherra er heimilt, að fengnum tillögum veiðistjóra, að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhverfissráðuneyti skal auglýsa fyrir 1. maí 1994 til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur og hver séu mörk þeirra. Sveitarstjórnnum og stjórnnum upprekstrarfélaga er heimilt á árinu 1994 að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum þar sem ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við veiðarnar og umhverfissráðuneyti auglýsir skv. 4. másl. þessarar greinar. Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.

35. gr.

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbóklöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1994 heimilt að ráðstafa allt að 20 m.kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Þjóðskjalasafn.

36. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 99,4 m.kr. á árinu 1994.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 110/1992, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. laganna:

a. Í stað ártalsins „1993“ í a-lið kemur: 1994.

b. Í stað orðanna „1. janúar 1994“ í b-lið kemur: 1. janúar 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Árni Stefánsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu,
verðlagningu og sölu á búvörum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að innheimta verðmiðlunargjald af afurðum nautgripa og sauðfjár. Skal gjald þetta teljast til heildsölu- og dreifingarkostnaðar sé hann ákveðinn af fimmmannanefnd. Landbúnaðarráðherra ákveður upphæð gjaldsins hverju sinni og má það aldrei vera hærra en 3,5% af heildsöluverði viðkomandi búvöru.

Tekjum af verðmiðlunargjaldi skal m.a. varið þannig:

- a. til verðmiðlunar á milli afurðastöðva til þess að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum í þeim tilgangi að auðvelda hagkvæman rekstur stöðvanna og til þess að greiða nauðsynlega flutninga á milli svæða þar sem vöntun kann að vera á einstökum afurðum, sbr. 60. gr.,
- b. til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva,
- c. til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Við ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjaldi er heimilt að taka tillit til stærðar og staðsetningar afurðastöðva svo að unnt sé að styrkja sérstaklega rekstur þeirra þar sem það þykir hagkvæmur kostur vegna landfræðilegrar einangrunar.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun tekna af verðmiðlunargjöldum skal leita tilgagna frá Framleiðsluráði landbúnaðarins og samtaka þeirra afurðastöðva sem um ræðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adelaide Maria Pedro Runólfsdóttir, nemi í Grundarfirði, f. 20. apríl 1979 á Græn-
höfðaeyjum.

2. Alfreðsson, Cathleen Josephine, verkakona á Þórshöfn, f. 21. október 1960 á Írlandi.
3. Anat Egilsson, verkakona í Reykjavík, f. 20. mars 1959 í Ísrael.
4. Andersen, Björgvin Richard, nemi í Reykjavík, f. 8. apríl 1959 í Reykjavík.
5. Ankry, Aliza Haya, húsmóðir í Reykjavík, f. 12. júlí 1947 í Túnis.
6. Benoto, Rebekka Kristín, verkakona á Hellissandi, f. 6. ágúst 1969 í Bandaríkjunum.
7. Berner, Loryane Daria, nemi á Selfossi, f. 8. ágúst 1962 í Sviss.
8. Biard, Jean-Pierre Robert, kortagerðarmaður í Reykjavík, f. 17. desember 1946 í Frakklandi.
9. Buenaventura, Estelita Perez, húsmóðir í Reykjavík, f. 28. janúar 1959 á Filippseyjum.
10. Carmen Jósefsdóttir, nemi í Reykjavík, f. 7. nóvember 1978 í Reykjavík.
11. Davis, Barbara Guðrún, fóstura á Akranesi, f. 21. febrúar 1964 á Akranesi.
12. Do Amaral Barbosa, Sandra Carla, verkakona á Dalvík, f. 17. mars 1963 í Mósambík.
13. Ellenberger, Íris, nemi í Reykjavík, f. 16. desember 1977 í Reykjavík.
14. Ellingsen, Marianne, húsmóðir á Akranesi, f. 4. september 1952 í Noregi.
15. Elliot, Tracee Lea, fulltrúi í Reykjavík, f. 7. maí 1962 í Bandaríkjunum.
16. Everett, Helen Rosemary, kennari í Reykjavík, f. 22. júní 1961 í Englandi.
17. Goethe, Friðrik Þór, vélstjóri í Reykjavík, f. 6. desember 1965 í Reykjavík.
18. Goethe, Ragnhildur Mosel, búfræðingur í Reykjavík, f. 3. desember 1961 í Reykjavík.
19. Goto, Julio Eduardo Soares, vélstjóri á Akureyri, f. 14. september 1959 á Grænhöfðaejum.
20. Guerro Sanchez, Rosenda, starfsstúlka í Reykjavík, f. 17. október 1954 í Kólumbíu.
21. Halliwell, Clive Barrie, hjúkrunarfræðingur á Akranesi, f. 17. júní 1946 í Englandi.
22. Hansen, Knud Óskar, forstjóri í Reykjavík, f. 20. apríl 1939 í Reykjavík.
23. Harimache, Abdenbi, verkamaður í Reykjavík, f. 5. janúar 1961 í Marokkó.
24. Hartranft, Lísanna, læknafróðingur í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 í Bandaríkjunum.
25. Hearn, Jo Ann, þroskaþjálfari í Kópavogi, f. 25. september 1953 í Bandaríkjunum.
26. Kambseinni, Marnhild, dagmóðir í Mosfellsbæ, f. 2. júní 1956 í Færeyjum.
27. Kolbrún Magnhildur Gunnlaugsdóttir, verkakona á Eskifirði, f. 14. nóvember 1949 í Innri-Njarðvík.
28. Lima, Carlos Silva Sousa, verkamaður í Reykjavík, f. 11. júlí 1963 á Grænhöfðaejum.
29. Lutley, Erik Davíð, nemi í Vestmannaeyjum, f. 4. mars 1974 í Reykjavík.
30. Lynch, David Dominic, myndlistarmaður í Reykjavík, f. 30. september 1960 í Bretlandi.
31. Marianna Barbara Kristjánsson, húsmóðir á Ísafirði, f. 7. október 1960 í Póllandi.
32. Matthews, Lísanna Bryndís, lagermaður í Reykjavík, f. 10. október 1971 í Englandi.
33. McEvoy, Bridget, hjúkrunarfræðingur í Hveragerði, f. 28. september 1953 á Írlandi.
34. McKee, David Thomas, afgreiðslustjóri í Reykjavík, f. 10. febrúar 1950 á Nýja-Sjálandi.
35. McManus, Sonja Ellen, nemi í Reykjavík, f. 12. nóvember 1975 í Reykjavík.
36. Molitor, Margareta Gertrud, hjúkrunarfræðingur í Garðabæ, f. 19. júlí 1944 í Þýskalandi.
37. Old, Janette Sue, verkakona í Grýtbakkahreppi, f. 28. ágúst 1965 á Nýja-Sjálandi.
38. Phermwilai, Surairat, verkakona í Hafnarfirði, f. 3. september 1962 í Tælandi.
39. Pollock, Michael, verkamaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
40. Roa, Maria Helena Sarabia, nemi í Reykjavík, f. 1. september 1966 í Kólumbíu.
41. Rodrigues, Viktor Pétur, nemi í Borgarnesi, f. 8. október 1979 á Akranesi.
42. Rosento, Violeta Chaves, verkakona í Reykjavík, f. 26. febrúar 1949 á Filippseyjum.
43. Rosio, Bertha Calvi Lozano, þjónn í Mosfellsbæ, f. 20. júlí 1967 í Bólívíu.

44. Schmidhauser, Anton Örn, nemi í Reykjavík, f. 6. ágúst 1969 í Reykjavík.
45. Schmidhauser, Guðrún Þórunn, meinataeknir í Reykjavík, f. 16. júní 1968 í Reykjavík.
46. Shackelford, Debbie, verkakona í Keflavík, f. 15. janúar 1976 í Keflavík.
47. Shwaiki, Faraj, verkamaður í Reykjavík, f. 20. maí 1967 í Ísrael.
48. Sicut Schade, Marisa, húsmóðir í Grindavík, f. 7. maí 1958 á Filippseyjum.
49. Soffía Kristín Sigurðardóttir, þroskapjálfi í Reykjavík, f. 14. nóvember 1958 í Reykjavík.
50. Soon, Nilma, verkakona á Flateyri, f. 17. febrúar 1962 á Filippseyjum.
51. Stephenson, Beverly Louise, verkakona á Ísafirði, f. 17. maí 1960 á Jamaíka.
52. Strizova, Eva, verkakona í Hafnarfirði, f. 9. desember 1957 í Slóvakíu.
53. Sun, Bo Liang, veitingamaður í Reykjavík, f. 1. júní 1955 í Kína.
54. Tangolamos Cavan, Lorenza, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. febrúar 1960 á Filippseyjum.
55. Thompson, Kristófer, nemi í Reykjavík, f. 20. nóvember 1981 í Reykjavík.
56. Thompson, Tómas Júlíus, nemi í Reykjavík, f. 15. október 1977 í Reykjavík.
57. Torres, Violeta Tolo, verkakona í Kópavogi, f. 30. apríl 1967 á Filippseyjum.
58. Tómasína Einarsdóttir, ritari í Reykjavík, f. 12. febrúar 1948 í Garði, Gullbringusýslu.
59. Tuankrathok, Ruam, húsmóðir í Kópavogi, f. 13. nóvember 1955 í Tælandi.
60. Turchi, Paolo Maria, rithöfundur í Reykjavík, f. 9. desember 1964 á Ítalíu.
61. Unnar Miguel Jósefsson, nemi í Reykjavík, f. 15. desember 1975 í Hafnarfirði.
62. Valladolid Chaves, Doralisa, húsmóðir í Reykjavík, f. 17. júní 1950 í Perú.
63. Vestergaard, Elínborg María Elisabeth, verkakona í Keflavík, f. 30. júlí 1949 í Færeyjum.
64. Walker, Kristján Michael, nemi í Sandgerði, f. 16. júní 1981 í Keflavík.
65. Wechner, Maria Elisabeth, húsmóðir á Akranesi, f. 25. desember 1951 í Sviss.
66. Wheeler, Adam David, nemi í Reykjavík, f. 23. janúar 1980 í Englandi.
67. Wootita, Nongkran, verkakona í Reykjavík, f. 1. janúar 1961 í Tælandi.
68. Woube, Zewdu, verkamaður í Reykjavík, f. 22. júlí 1962 í Eþíópíu.
69. Zogaj, Gani, atvinnulaus í Reykjavík, f. 15. apríl 1960 í Júgóslavíu.
70. Zogaj, Melihate, húsmóðir í Reykjavík, f. 25. febrúar 1964 í Júgóslavíu.
71. Zogu, Halima, húsmóðir í Reykjavík, f. 18. nóvember 1970 í Júgóslavíu.
72. Zogu, Idriz, vélamaður í Reykjavík, f. 2. ágúst 1967 í Júgóslavíu.
73. Þorvarður Davíð Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.
74. Þórður Daníel Ólafsson, nemi í Reykjavík, f. 30. apríl 1979 í Reykjavík.

2. gr.

Þeir sem heita nöfnum sem ekki fullnægja reglum laga um mannanöfn, nr. 37 27. mars 1991, skulu ekki öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum þessum fyrr en fullnægt er ákvæðum 15. gr. laga um mannanöfn. Sama gildir um börn þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

A 39

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987,
með síðari breytingum.

1. gr.

Tollur í dálki A á eftirfarandi tollskrárnúmerum skal vera 7,5%:

3701.2000	8302.4901	8516.4009	8527.2900
3702.2000	8418.1001	8516.7909	8527.3101
3702.3100	8418.2100	8516.8001	8527.3102
3702.3200	8418.2200	8518.2109	8527.3109
3702.3909	8418.2900	8518.2209	8527.3200
3702.4402	8418.3001	8518.2900	8527.3900
3702.5100	8418.4001	8518.3000	8527.9009
3702.5200	8418.6101	8518.4009	8528.1003
3702.5300	8418.6901	8518.5009	8528.1009
3702.5400	8421.1201	8518.9000	8528.2003
3702.5500	8421.3901	8519.1000	8528.2009
3702.5600	8422.1100	8519.2100	8529.1009
3702.9100	8433.1100	8519.2900	8529.9009
3702.9200	8433.1900	8519.3100	8539.1000
3702.9300	8450.1100	8519.3900	8539.2100
3702.9400	8450.1200	8519.4000	8539.2200
3702.9500	8450.1900	8519.9100	8539.2900
3926.3001	8450.2000	8519.9901	8539.3100
4016.9925	8450.9000	8519.9902	8539.3900
6702.1000	8451.1009	8519.9909	8539.4000
6702.9000	8451.2100	8520.1000	8539.9000
7014.0001	8451.2900	8520.2000	8540.1100
7320.1000	8451.3001	8520.3100	8540.1200
7320.2001	8476.1100	8520.3900	8540.2000
7320.9001	8476.1900	8520.9001	8540.3000
7321.1100	8476.9000	8520.9009	8540.4100
7321.1200	8479.8901	8521.1021	8540.4200
7321.1300	8509.2000	8521.1029	8540.4900
7321.8100	8509.3000	8521.9021	8540.8100
7321.8200	8509.8009	8521.9029	8540.8900
7321.8300	8509.9000	8522.1000	8540.9100
7321.9000	8511.1000	8522.9000	8540.9900
7417.0000	8511.2000	8527.1101	8543.8001
8301.1000	8511.3000	8527.1102	8543.9001
8301.2000	8511.4000	8527.1109	8708.1000
8301.4001	8511.5000	8527.1900	8708.2900
8301.5000	8511.8000	8527.2101	8708.3100
8302.1001	8511.9000	8527.2102	8708.3900
8302.3000	8516.3300	8527.2109	8708.4000

8708.5000	9303.2000	9307.0000	9609.9000
8708.6000	9303.3000	9608.1000	9613.1000
8708.7000	9303.9009	9608.2000	9613.2000
8708.8000	9304.0000	9608.3100	9613.3000
8708.9300	9305.1000	9608.3900	9613.8000
8708.9400	9305.2100	9608.4000	9613.9000
8708.9900	9305.2900	9608.5000	9614.1000
8716.8001	9305.9000	9608.6000	9614.2000
8716.8009	9306.1000	9608.9100	9614.9000
9301.0000	9306.2900	9608.9900	
9302.0000	9306.3009	9609.1000	
9303.1000	9306.9009	9609.2000	

2. gr.

Tollur í dálki A á eftirfarandi tollskrárnúmerum skal vera 10%:

4011.1000	4011.5000	4012.1000	4013.1000
4011.2000	4011.9100	4012.2000	4013.2000
4011.4000	4011.9900	4012.9000	4013.9000

3. gr.

Tollur í dálki A á eftirfarandi tollskrárnúmerum skal vera 15%:

4016.9922	7315.8201	7315.9001	9306.2100
7315.8101	7315.8901	8708.9200	

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1987 sbr. lög nr. 18/1993 um breyting á þeim lögum og tekur gildi 1. janúar 1994. Ákvæði auglýsingarinnar taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið 28. desember 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 5. kafla:

- a. Tollskrárnúmerið 0511.9122 falli niður jafnframt því sem tollskrárnúmerið 0511.9123 verði 0511.9122.

Tolltaxti %	
A	E

- b. Undirliður nr. 0511.99 skiptist og orðist svo:

	– – Annars:	
0511.9901	– – – Dýrablód	0
0511.9909	– – – Annað	0

2. Á 8. kafla:

Undirliðir nr. 0813.40 og nr. 0813.50 skiptast og orðist svo:

	– Aðrir ávextir:	
0813.4001	– – Til lögunar á seyði.....	0
0813.4009	– – Annað	0
	– Blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum í þessum kafla:	
0813.5001	– – Til lögunar á seyði	0
0813.5009	– – Annað	0

3. Á 9. kafla:

a. Undirliður nr. 0909.10 skiptist og orðist svo:

	– Anís- eða badianfræ:	
0909.1001	– – Til lögunar á seyði	0
0909.1009	– – Annað	0

b. Undirliður nr. 0909.50 skiptist og orðist svo:

	– Finkulfræ; einiber:	
0909.5001	– – Til lögunar á seyði	0
0909.5009	– – Annað	0

4. Á 12. kafla:

a. Undirliður nr. 1211.90 skiptist og orðist svo:

	– Annað:	
1211.9001	– – Til lögunar á seyði	0
1211.9002	– – Basilíku, borasurt, allar tegundir myntu, rósmarín, rúturunni, salvía og malurt	0
1211.9009	– – Annað	0

b. Tollskrárnúmerið 1212.2001 orðist svo:

1212.2001	– – Einkum til nota í ilmvörur, drykkjarvörur, lyf eða til varnar gegn eða til útrýmingar á skordýrum,
-----------	--

sveppum eða þess háttar, nýtt eða þurrkað, einnig sneytt, mulið eða sem duft 0

5. Á 15. kafla:

a. Vöruliður 1501 orðist svo:

1501 Hreinsuð svínafeiti (Lard); önnur svína- og alifuglafeiti, brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:

– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti :

1501.0011 – – Til matvælaframleiðslu 0

1501.0019 – – Annars 0

– Önnur:

1501.0021 – – Til matvælaframleiðslu 0

1501.0029 – – Annars 0

b. Vöruliður 1502 orðist svo:

1502 Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, hrá eða brædd, einnig pressuð eða vökvaúrdregin:

– Beinafeiti og úrgangsefnafeiti :

1502.0011 – – Til matvælaframleiðslu 0

1502.0019 – – Annars 0

– Annað:

1502.0021 – – Til matvælaframleiðslu 0

1502.0029 – – Annars 0

c. Vöruliður 1503 orðist svo:

1503 Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleólía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt:

1503.0001 – Til matvælaframleiðslu 0

1503.0009 – Annars 0

d. Vöruliður 1507 orðist svo:

1507 Sojabaunaolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:

– Hrá olía, einnig aflímuð:

1507.1001 – – Til matvælaframleiðslu 0

1507.1009 – – Annars 0

– Annað:

1507.9001 – – Til matvælaframleiðslu 0

1507.9009 – – Annars 0

e. Vöruliður 1508 orðist svo:

1508 Jarðhnetuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:

– Hrá olía:

1508.1001 – – Til matvælaframleiðslu 0

1508.1009 – – Annars 0

– Annað:

1508.9001 – – Til matvælaframleiðslu 0

1508.9009 – – Annars 0

f. Vöruliður 1509 orðist svo:

1509	Ólívuolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:	
	– Hrá olía:	
1509.1001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1509.1009	– – Annars	0
	– Annað:	
1509.9001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1509.9009	– – Annars	0

g. Vöruliður 1510 orðist svo:

1510	Aðrar olíur og þættir þeirra, unnið eingöngu úr, ólívum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt, þar með taldar blöndur þessara olía eða þátta og olía og þátta úr nr. 1509:	
1510.0001	– Til matvælaframleiðslu	0
1510.0009	– Annars	0

h. Vöruliður 1511 orðist svo:

1511	Pálmaolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:	
	– Hrá olía:	
1511.1001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1511.1009	– – Annars	0
	– Annað:	
1511.9001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1511.9009	– – Annars	0

i. Vöruliður 1512 orðist svo:

1512	Olía úr fræi sólblóma, körfublóma eða baðmullar og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:	
	– Olía úr fræi sólblóma eða körfublóma og þættir hennar:	
	– – Hrá olía:	
1512.1101	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1512.1109	– – – Annars	0
	– – Annað:	
1512.1901	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1512.1909	– – – Annars	0
	– Olía úr fræi baðmullar og þættir hennar:	
	– – Hrá olía, einnig án gossypóls:	
1512.2101	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1512.2109	– – – Annars	0
	– – Annað:	
1512.2901	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1512.2909	– – – Annars	0

j. Vöruliður 1513 orðist svo:

1513	Kókosnetu-, pálmakjarna- eða babassúolía og
-------------	--

þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:

	– Kókoshnetuolía og þættir hennar:	
	– – Hrá olía:	
1513.1101	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1513.1109	– – – Annars	0
	– – Annað:	
1513.1901	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1513.1909	– – – Annars	0
	– Pálmakjarna- eða babassúolía og þættir hennar:	
	– – Hrá olía:	
1513.2101	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1513.2109	– – – Annars	0
	– – Annað:	
1513.2901	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1513.2909	– – – Annars	0

k. Vöruliður 1514 orðist svo:

1514 Repju-, kolsa- eða mustarðsolía og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:

	– Hrá olía:	
1514.1001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1514.1009	– – Annars	0
	– Annað:	
1514.9001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1514.9009	– – Annars	0

l. Vöruliður 1515 orðist svo:

1515 Önnur órokgjörn jurtafeiti og -olía (þar með talin jójóbaolía) og þættir hennar, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:

	– Línolía og þættir hennar:	
1515.1100	– – Hrá olía	0
1515.1900	– – Annað	0
	– Maísolía og þættir hennar:	
	– – Hrá olía:	
1515.2101	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1515.2109	– – – Annars	0
	– – Annað:	
1515.2901	– – – Til matvælaframleiðslu	0
1515.2909	– – – Annars	0
1515.3000	– – Laxerolía og þættir hennar	0
1515.4000	– – Tungolía og þættir hennar	0
	– Sesamolía og þættir hennar:	
1515.5001	– – Til matvælaframleiðslu	0
1515.5009	– – Annars	0
1515.6000	– Jójóbaolía og þættir hennar	0
	– Annað :	
1515.9001	– – Til matvælaframleiðslu	0

1515.909 – – Annars	0	
6. Á 17. kafla:		
Undirliður nr. 1704.90 skiptist upp og orðist svo:		
– Annað:		
1704.9001 – – Möndlumassi, blandaður sykri, og persipan (eftirlíking af möndlumassa), í 5 kg einingum eða þyngri	0	
1704.9002 – – Möndlumassi, blandaður sykri, og persipan (eftirlíking af möndlumassa), í einingum sem eru innan við 5 kg	20	0
1704.9003 – – Steyptur skrautsykur	20	0
1704.9004 – – Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	20	0
1704.9005 – – Brjóstsykur, sælgætistöflur (pastillur) ót.a.	20	0
1704.9006 – – Karamellur	20	0
1704.9007 – – Vörur úr akasíulími (gum Arabic)	20	0
1704.9009 – – Annars	20	0
7. Á 18. kafla:		
a. Tollskránumérið 1806.9001 orðist svo:		
1806.9001 – – Búðingsduft, búðingur; súpur	20	0
b. Tollskránumérið 1806.9008 bætist við undirlið nr. 1806.90 og orðist svo:		
1806.9008 – – Morgunverðarkorn	20	0
8. Á 19. kafla:		
a. Undirliður nr. 1901.20 skiptist upp og orðist svo:		
– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905:		
– – Sem innihalda samanlagt 3% eða meira af nýmjólkurdufti, undanrennudufti, eggjum, mjólkurfitu (s.s. smjör), osti eða kjöti:		
1901.2011 – – – Til framleiðslu á hrökkbrauði í tnr. 1905.1000	0	
1901.2012 – – – Til framleiðslu á hunangskökum og þess háttar í nr. 1905.2000	0	
1901.2013 – – – Til framleiðslu á sætakexi í nr. 1905.3011 og 1905.3029, þ.m.t. smákökur.....	0	
1901.2014 – – – Til framleiðslu á piparkökum í nr. 1905.3021	0	
1901.2015 – – – Til framleiðslu á vöflum og kexpynnum í nr. 1905.3030	0	
1901.2016 – – – Til framleiðslu á tvíbökum, ristudu brauði og áþekktum ristudum vörum í nr. 1905.4000	0	
1901.2017 – – – Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9011, með fyllingu sem að meginhluta er úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum	0	
1901.2018 – – – Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9019	0	
1901.2019 – – – Til framleiðslu á ósætu kexi í nr. 1905.9020	0	
1901.2021 – – – Til framleiðslu á saltkexi og kryddkexi í		

	nr. 1905.9030	0
1901.2022	– – – Til framleiðslu á kökum og konditorstykki í nr. 1905.9040	0
1901.2023	– – – Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítur (pizza), í nr. 1905.9051	0
1901.2024	– – – Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítur (pizza) í nr. 1905.9059	0
1901.2025	– – – Til framleiðslu á nasli, svo sem skífum, skrúfum, hringjum, keilum, stöngum o.þ.h.	0
1901.2029	– – – Til framleiðslu á vörum í nr. 1905.9090	0
	– – Annars:	
1901.2031	– – – Til framleiðslu á hrökkbrauði í nr. 1905.1000	0
1901.2032	– – – Til framleiðslu á hunangskökum og þess háttar í nr. 1905.2000	0
1901.2033	– – – Til framleiðslu á sætakexi í nr. 1905.3011 og nr. 1905.3029, þ.m.t. smákökur	0
1901.2034	– – – Til framleiðslu á piparkökum í nr. 1905.3021	0
1901.2035	– – – Til framleiðslu á vöflum og kexþynnum í nr. 1905.3030	0
1901.2036	– – – Til framleiðslu á tvíbökum, ristudu brauði og áþekktum ristudum vörum í nr. 1905.4000	0
1901.2037	– – – Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9011, með fyllingu sem að meginhluta er úr smjöri eða öðrum mjólkurafurðum	0
1901.2038	– – – Til framleiðslu á brauði í nr. 1905.9019	0
1901.2039	– – – Til framleiðslu á ósætu kexi í nr. 1905.9020	0
1901.2041	– – – Til framleiðslu á saltkexi og kryddkexi í nr. 1905.9030	0
1901.2042	– – – Til framleiðslu á kökum og konditorstykki í nr. 1905.9040	0
1901.2043	– – – Blöndur og deig, með kjötinnihaldi til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítur, í nr. 1905.9051	0
1901.2044	– – – Blöndur og deig, með öðru innihaldi en kjöti, til framleiðslu á bökum, þ.m.t. pítur í nr. 1905.9059	0
1905.2045	– – – Til framleiðslu á nasli, svo sem skífum, skrúfum, hringjum, keilum, stöngum o.þ.h.	0
1901.2049	– – – Til framleiðslu á vörum í nr. 1905.9090	0

b. Tollskrárnúmerið 1904.1000 skiptist og orðist svo:

	– Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum:	
1904.1001	– – Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h.	20

1904.1002 -- Morgunverðarkorn	20	
1904.1009 -- Annað	20	

c. Í undirlið nr. 1905.90 bætist nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

1905.9060 -- Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h.	20	0
--	----	---

9. Á 20. kafla:

Í undirlið nr. 2005.20 bætist nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:

2005.2002 -- Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h.		0
--	--	---

10. Á 21. kafla.

Undirliður 2106.90 skiptist upp og orðist svo:

– Önnur:

– – Ávaxtasafi tilreiddur og blandaður umfram það
sem tilgreint er í nr. 2009:

2106.9011 -- -- -- Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri	0	
2106.9019 -- -- -- Í öðrum umbúðum	20	0
– – Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:		
2106.9021 -- -- -- Áfengislaus efni (vatnssneyddir kjarnar)	0	
2106.9022 -- -- -- Síróp með bragðefnum eða litarefnum	20	0
2106.9023 -- -- -- Blöndur jurta eða jurtahluta, einnig blandaðar jurtakjörnum, til lögunar á jurtaseyði.....	0	
2106.9024 -- -- -- Sérstaklega tilreitt fyrir ungbörn og sjúka	0	
2106.9029 -- -- -- Önnur	20	0
– – Búðingsduft:		
2106.9031 -- -- -- Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0	
2106.9039 -- -- -- Annað	0	
2106.9041 -- -- Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakaríni og laktósa notaðar sem sætiefni	0	
2106.9049 -- -- Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfítu miðað við þyngd	0	
2106.9051 -- -- Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakaó	20	0
2106.9052 -- -- Ávaxtasúpur og -grautar	0	
2106.9053 -- -- Bragðbætt eða lítað sykursíróp	0	
2106.9059 -- -- Annað	0	

11. Á 22. kafla:

a. Undirliður 2201.90 skiptist upp og orðist svo:

– Annað:

2201.9001 -- -- Drykkjarvatn, umbúið til notkunar í björgunarbátum	0	
2201.9002 -- -- Annað drykkjarvatn	0	
2201.9009 -- -- Annars	0	

b. Vöruliðir 2204 - 2206 orðist svo:

2204 Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009:

	– Freyðvín:	
2204.1001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20 0
2204.1009	– – Annað	0
	– Annað vín; þrúguþykkni sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð í með íblöndun alkóhóls:	
	– – Í tveggja lítra umbúðum eða minni:	
	– – – Vínandabætt þrúguþykkni:	
2204.2111	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20 0
2204.2119	– – – – Annars	0
	– – – Hvítvín, annað en rínarvín:	
2204.2121	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2129	– – – – Annars	0
	– – – Rauðvín:	
2204.2131	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2139	– – – – Annars	0
	– – – Rínarvín:	
2204.2141	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2149	– – – – Annars	0
	– – – Sherry:	
2204.2151	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2159	– – – – Annars	0
	– – – Annað:	
2204.2161	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2169	– – – – Annars	0
	– – Annars:	
	– – – Vínandabætt þrúguþykkni:	
2204.2911	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20 0
2204.2919	– – – – Annars	0
	– – – Hvítvín, annað en rínarvín:	
2204.2921	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2929	– – – – Annars	0
	– – – Rauðvín:	
2204.2931	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0
2204.2939	– – – – Annars	0
	– – – Rínarvín:	
2204.2941	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25%	

	vínanda að rúmmáli	0	
2204.2949	– – – – Annars	0	
	– – – Sherry:		
2204.2951	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2959	– – – – Annars	0	
	– – – Annað:		
2204.2961	– – – – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2204.2969	– – – – Annars	0	
	– Annað þrúguþykkni:		
2204.3001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	20	0
2204.3009	– – Annað	0	
2205	Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum:		
	– Í tveggja lítra umbúðum eða minni:		
2205.1001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2205.1009	– – Annað	0	
	– Annars:		
2205.9001	– – Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2205.9009	– – Annað	0	
2206	Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður); blöndur gerjaðra drykkjarvara svo og blöndur gerjaðra drykkjarvara og óáfengra drykkjarvara, ót.a:		
2206.9001	– Með meira en 0,5% til og með 2,25% vínanda að rúmmáli	0	
2206.9009	– Annað	0	
12. Á 28. kafla:			
a. Tollskrárnúmerið 2836.1000 skiptist og orðist svo:			
	– Ammóníumkarbónat sem verslunarvara og önnur ammóníumkarbónöt:		
2836.1001	– – Ammóníumkarbónat (hjartarsalt), í smásölu- umbúðum 1 kg eða minna	0	
2836.1009	– – Annars	0	

b. Tollskrárnúmerið 2836.3000 skiptist og orðist svo:

– Natriumvetniskarbónat (natriumbíkarbónat (natrón)):	
2836.3001 – – Í smásöluumbúðum 1 kg eða minna	0
2836.3009 – – Annars	0

c. Tollskrárnúmerið 2836.4000 skiptist og orðist svo:

– Kalíumkarbónöt:	
2836.4001 – – Í smásöluumbúðum 1 kg eða minna	0
2836.4009 – – Annars	0

d. Tollskrárnúmerið 2836.9900 skiptist og orðist svo:

– Annað:	
2836.9901 – – Í smásöluumbúðum 1 kg eða minna	0
2836.9909 – – Annars	0

13. Á 29. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 2922.4200 skiptist og orðist svo:

– – Glútamínsýra og sölt hennar:	
2922.4201 – – – Til matvælaframleiðslu í smásöluumbúðum kg eða minna	0
2922.4209 – – – Annað	0

b. Tollskrárnúmerið 2925.1100 skiptist og orðist svo:

– – Sakkarín og sölt þess:	
2925.1101 – – – Í smásöluumbúðum 1 kg eða minna	0
2925.1109 – – – Annars	0

14. Á 32. kafla:

Tollskrárnúmerið 3203.0000 orðist svo:

3203	Litunarefni úr jurta- eða dýraríkinu (þar með taldir litunarkjarnar, þó ekki dýrasverta), einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litunarefni úr jurta- eða dýraríkinu:		
3203.0001	– Matarlitur	0	
3203.0009	– Annað	0	

15. Á 33. kafla:

Tollskrárnúmerið 3306.9000 skiptist og orðist svo:

	– Aðrar:		
	– – Munnskolvatn:		
3306.9011	– – – Sem inniheldur meira en 2,25% af vínanda miðað við rúmmál	10	0
3306.9019	– – – Annars	10	0
3306.9020	– – Annað	10	0

16. Á 35. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 3501.9000 skiptist og orðist svo:

	– Annað:		
3501.9001	– – Til matvælaframleiðslu	0	
3501.9009	– – Annars	0	

b. Tollskrárnúmerin 3502.1000 og 3502.9000 skiptast og orðist svo:

	– Eggjaalbúmín:		
3502.1001	– – Til matvælaframleiðslu	0	
3502.1009	– – Annars	0	
	– Annað:		
3502.9001	– – Til matvælaframleiðslu	0	
3502.9009	– – Annars	0	

c. Tollskránnúmerin 3503.0001 og 3503.0009 skiptast upp og orðist svo:

– Gelatín:		
3503.0011	– – Til matvælaframleiðslu	0
3503.0019	– – Annað	0
– Annað:		
3503.0021	– – Til matvælaframleiðslu	5 0
3503.0029	– – Annars	5 0

17. Á 38. kafla:

Tollskránnúmerið 3823.9027 bætist við undirlið nr. 3823.90 og orðist svo:

3823.9027	– – – Blanda úr sakkaríni eða söltum þess og kemískum efnum, svo sem natríumbíkarbónati og vínsýru, í smásöluumbúðum 1 kg eða minna	10 0
-----------	---	------

18. Á 95. kafla:

a. Tollskránnúmerið 9503.4900 skiptist og orðist svo:

– – Önnur:		
9503.4901	– – – Úr blýi	10 0
9503.4909	– – – Annars	10 0

b. Tollskránnúmerið 9503.7000 skiptist og orðist svo:

– – Önnur leikföng í settum eða búningum:		
9503.7001	– – – Úr blýi	10 0
9503.7009	– – – Annars	10 0

c. Tollskránnúmerið 9503.4900 skiptist og orðist svo:

– – Annað:		
9503.9001	– – – Úr blýi	10 0
9503.9009	– – – Annars	10 0

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1993.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Snorri Olsen.

LÖG

um breyting á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, nr. 74 11. júní 1938.

1. gr.

Á 1. mgr. 2. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. tölul. verður svohljóðandi: Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal hafa lögheimili hér á landi, vera lögráða og fullra 25 ára og hafa forræði á búi sínu.
2. Við 2. tölul. bætist eftirfarandi: eða sambærilegt próf við annan háskóla.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Ákvæði 2., 3. og 4. tölul. 1. mgr. gilda ekki um mann sem hefur fengið löggildingu eða aðra opinbera heimild til að annast niðurjöfnun sjóttjóns í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

II. KAFLI

Almenn hegningarlög, nr. 19 12. febrúar 1940.

3. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verður 8. tölul., svohljóðandi:

8. Fyrir rangan eidfestan framburð fyrir EFTA-dómstólnum, enda krefjist dómstóllinn saksóknar.

III. KAFLI

Lög um málflytjendur, nr. 61 4. júlí 1942.

4. gr.

Á 3. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Á eftir orðinu „lögum“ í 1. másl. bætast við orðin: við Háskóla Íslands.
2. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Í stað embættisprófs skv. 1. mgr. getur komið sambærilegt próf við annan háskóla, enda hafi hlutaðeigandi næga þekkingu á íslenskum lögum. Dómsmálaráðherra leggur mat á hvort því skilyrði sé fullnægt. Dómstóli verður ekki tilkynnt um töku fulltrúa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi vottorð ráðherra um þetta skilyrði.

5. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr., svohljóðandi:

Við dómstóla, þar sem einkaréttur til málflutnings gildir, getur aðili falið manni, sem hefur hlotið heimild til að flytja mál við sambærilega dómstóla í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, að flytja mál sitt, enda starfi hann að málinu með héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slík störf erlendra málflytjenda hér á landi.

6. gr.

Á 9. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. fellur niður.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenskum lögum“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.
3. Á eftir orðinu „vottorð“ í 7. tölul. 1. mgr. bætist við orðið: dómsmálaráðherra.
4. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki.

7. gr.

Á 14. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 4. tölul. 1. mgr. fellur niður.
2. Í 5. tölul. 1. mgr. falla niður orðin „jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt íslenskum lögum“, en í stað þeirra kemur: sambærilegu prófi við annan háskóla og hafi næga þekkingu á íslenskum lögum.
3. Við greinina bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., svohljóðandi:
Dómsmálaráðherra getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki.

IV. KAFLI

Lög um prentrétt, nr. 57 10. apríl 1956.

8. gr.

Á 10. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. mgr. verður svohljóðandi:
Útgefandi blaðs eða tímarits, sem er gefið út hér á landi, skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu eða félag eða annar lögaðili sem á heimili hér á landi.
2. 2. mgr. verður svohljóðandi:
Ritstjóri blaðs eða tímarits skal vera lögráða og hafa lögheimili hér á landi og forræði á búi sínu.

9. gr.

Í 11. gr. laganna falla niður orðin „íslenskum ríkisborgara eða ópersónulegum aðilja“, en í stað þeirra kemur: manni eða ópersónulegum aðila, sem á heimili hér á landi.

V. KAFLI

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965.

10. gr.

Í 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitsins.

11. gr.

4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útlendingaæftirlitið veitir þau leyfi sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögum þessum.

Dómsmálaráðherra getur veitt lögreglustjórum heimild til útgáfu slíkra leyfa, svo og sendiherrum og ræðismönnum Íslands erlendis.

12. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. mega útlendingar, sem falla undir reglur sammings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, sbr. 2. mgr., koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast hér í allt að þrjá mánuði frá því þeir komu til landsins. Ákvæðum 10.–13. gr. skal því aðeins beita gagnvart slíkum útlendingum að það samrýmist þeim reglum.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd reglna sammings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga sem varða undanþágu frá vegabréfsáritun og takmörkunum á heimild til komu til landsins og dvöl.

13. gr.

Á 10. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Í 2. másl. 4. mgr. fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaæftirlitið.
2. Í 1. másl. 5. mgr. fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaæftirlitsins.
3. Í 2. másl. 5. mgr. fellur niður orðið „ráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaæftirlitsins.

14. gr.

Á 11. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. Í upphafi 1. mgr. fellur niður orðið „Dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: Útlendingaæftirlitinu.
2. 2. mgr. verður svohljóðandi:

Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi og getur þá útlendingaæftirlitið, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan tiltekins frests, enda sjái lögreglan um að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

15. gr.

Í 3. mgr. 12. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaæftirlitsins.

16. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein sem verður 12. gr. a, svohljóðandi:

Útlendingur má kæra til dómsmálaráðherra:

1. Ákvörðun um að synja honum um dvalarleyfi.
2. Ákvörðun um brottfall eða afturköllun dvalarleyfis.
3. Ákvörðun eða úrskurð um að vísa honum úr landi.
4. Úrskurð skv. 4. mgr. 10. gr.

Útlendingi skal leiðbeint um kærueimild skv. 1. mgr. þegar honum er kynnt ákvörðun eða úrskurður.

Nú vill útlendingur nýta heimild til kæru og skal hann þá lýsa kæru yfir innan 15 daga frá því honum var kynnt ákvörðun eða úrskurður fyrir þeim sem það gerir. Ef kæru er lýst yfir áður en ákvörðun eða úrskurði er framfylgt með brottvikningu úr landi frestast framkvæmd þeirrar aðgerðar þar til úrskurður ráðherra er fenginn.

17. gr.

Í 2. mgr. 14. gr. laganna fellur niður orðið „dómsmálaráðherra“, en í stað þess kemur: útlendingaeftirlitinu.

18. gr.

Í 2. mgr. 15. gr. laganna fellur niður orðið „ráðherra“, en í stað þess kemur: útlendinga-
eftirlitinu.

19. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna verður svohljóðandi:

Útlendingaeftirlitið er sérstök stofnun sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu.

VI. KAFLI

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966.

20. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra veitir leyfi til að víkja frá skilyrðum 1. mgr.:

1. Samkvæmt umsókn frá þeim sem hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni eða til að halda þar heimili.
2. Ef annars þykir ástæða til.

21. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Leggja skal fyrir ráðherra samninga, afsöl eða önnur heimildarskjöl vegna eignar- og afnotaréttinda sem eru háð leyfi skv. 2. mgr. og öðlast gerningurinn ekki gildi fyrir en ráðherra hefur staðfest hann með áritun sinni. Í reglugerð má kveða nánar á um form og efni umsóknar um þetta.

22. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. mgr. þarf ekki að afla leyfis ráðherra:

1. Þegar um er að ræða leigu á fasteign eða réttindi yfir henni og leigutími eða annar réttindatími er þrjú ár eða skemmri eða uppsögn áskilin með ekki lengri en árs fyrirvara.
2. Þegar sá sem í hlut á nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samnings um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi. Ráðherra setur nánari reglur um til hvaða fasteigna þessi réttur tekur og framkvæmd réttarins að öðru leyti.

23. gr.

3. gr. laganna verður svohljóðandi:

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali sem kveður á um réttindi sem leyfi þarf til skv. 1. gr. eða eru undanþegin leyfi skv. 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. og skal þá synjað þinglýsingar uns sannað er að leyfis sé aflað eða skilyrði séu fyrir undanþágu.

VII. KAFLI

Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34 5. maí 1986.

24. gr.

Á 1. mgr. 2. gr. laganna verða svofelldar breytingar:

1. 1. tölul. fellur niður.
2. Í 4. tölul. fellur niður orðið „dómsmálaráðuneytið“, en í stað þess kemur: dómsmálaráðherra.

25. gr.

Í 2. gr. laganna kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

